

Veröld sem var
stríðsárin 34

Leikmyndin er áfall
leikhús 32





Munaðarlausir risar
dýralíf 40

spottið 16




# FRÉTTABLAÐIÐ

Helgarblað
12. nóvember 2011
265. tölublað 11. árgangur
Sími: 512 5000

10 ÁRA 2001 - 2011

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup apríl - júní 2011




**Grét yfir sögulokum**
*Steinunn Sigurðardóttir rithöfundur lagði líf og sál í skrif bókarinnar Jójó.*
**bækur 26**

**Dauðarefsingar á undanhaldi**
*Löndum fækkar sem leyfa dauðarefsingar.*
**stjórnmál 28**

3 SÉRBLÖÐ í Fréttablaðinu
Fjölskyldan | Allt | Allt atvinna




Góð ráð fyrir græn jól




Fylgir Fréttablaðinu í dag




**SÍFELLT AÐ BÆTA SIG** Íþróttamaðurinn Kristján Magnús Karlsson æfir alla daga vikunnar nema sunnudaga enda er aðaláhugmálið hans að bæta sig, jafnt í íþróttunum sem í öðru sem hann tekur sér fyrir hendur. Foreldrar Kristjáns töldu að þroskahömlun hans myndi standa í vegi fyrir að hann gæti stundað íþróttir en Kristján er ekki maður sem gefst upp. **Sjá síðu 36 og 38.** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Móðirin vöruð við níðingnum

**Lögregla varaði árið 2002 móður ungs drengs við að láta hann í hendur manns sem síðan braut gróflega gegn honum. Barnaverndaryfirvöld ekki látin vita. Gefur tilefni til að fara yfir verklag að mati lögreglu.**

**DÓMSMÁL** Móðir drengs, sem þurfti að þola gróft kynferðisofbeldi í áraraðir, var vöruð sterklega við að láta drenginn í hendur brotamannsins fyrir níu árum. Við húsleit hjá manninum, sem var dæmdur barnaníðingur, fundust þá kynferðislegar myndir af börnum og jafnframt myndir af drengnum í fangi hans.

Þetta kemur fram í dómnum yfir manninum, sem dæmdur var í sex og hálfs árs fangelsi á fimmtudag. Þar var hann fundinn sekur um að hafa misnotað drenginn gróflega frá því að hann var tíu ára til fjórtán ára aldurs. Brotin stóðu allt þar til á þessu ári.

Maðurinn hefur hlotið nokkra dóma fyrir kynferðisbrot. Hann gekkst fyrst undir sektargreiðslu fyrir vörslu kynferðislegra mynda af börnum 1998, hlaut eins árs fangelsisdóm í Hæstarétti 2001 fyrir að misnota tvo drengi, tólf og þrettán ára, og hlaut á árunum 2002 og 2007 dóma fyrir að hafa kynferðislegt myndefni af börnum í sinni vörslu.

Vegna málsins sem kom upp 2002 var gerð húsleit hjá manninum og fundust þá myndir af honum með drenginn í fanginu. Sá var frændi sambýlismanns hans. Þetta varð lögreglu tilefni til að vara móðurina við því „að láta hann aldrei í hendurnar á þessum mönnum eftirlitslausan“, að því er segir í dómnum.

Móðirin hélt hins vegar áfram að senda drenginn reglulega á heimili mannanna og eftirfylgni af hálfu yfirvalda var engin.

Björgvin Björgvinsson, yfirmaður kynferðisbrotadeildar lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu, segir að lögreglumanninn sem rannsakaði málið reki ekki minni til að málið hafi verið tilkynnt barnaverndaryfirvöldum. Líklega hafi svo ekki verið. „Í þessu tilviki var líklega látið duga að upplýsa móður drengsins um áhyggjur lögreglu, enda drengurinn ekki inni í rannsókn málsins að neinu leyti,“ segir Björgvin.

Með hliðsjón af því sem síðar kom í ljós segir Björgvin þó að hugsanlega hefði mátt setja barnaverndaryfirvöld inn í málið, og það kunni að gefa tilefni til að fara yfir verklag í málum sem þessum. **- sh**


New Store Opening



OPNUM Í DAG, KLUKKAN 11:00 Í SMÁRALIND!

LINDEX

SPURNING DAGSINS



*Jens, er hann Randver ekki við hestaheilsu?*

„Jú, en maður er alltaf að leita hófanna eftir fleiri gæðingum.“

Hestabóndinn Jens Pétur Högnason frestaði því að lóga hrossinu Randveri eftir að hann fékk hlutverk í þáttunum Game of Thrones.

Hagstofa Íslands hefur þurft að draga úr upplýsingaöflun vegna niðurskurðar:

# Áfengisneysla ekki lengur skráð

**STJÓRNSÝSLA** Hagstofa Íslands hætti nýlega að halda saman upplýsingum um sölu og neyslu áfengis með jafn ítarlegum hætti og hefur verið undanfarin ár. Ástæðan er niðurskurður hjá hinu opinbera.

Ólafur Hjálmarsson hagstofustjóri segir að Hagstofan hafi að undanförnu þurft að draga verulega úr útgjöldum. „Einhvers staðar verður að gefa eftir, eins og hjá öðrum stofnunum, og þá kemur það fyrst til greina sem ekki er lögbundið,“ segir Ólafur. Starfsmönnum Hagstofunnar hefur fækkað um tólf prósent en útgjöld hafa verið skorin niður um rúmlega 20 prósent frá hruni.

Siv Friðleifsdóttir alþingismaður lagði fram fyrirspurn til Guðbjarts Hannessonar velferðarráðherra um málið í vikunni. Vill hún fá svör ráðherra við því hvort honum þyki það mikilvægt að hið opinbera fylgist með þróun á sölu og neyslu áfengis. Eins hvort hann telji að slíkar upplýsingar séu mikilvægar í tilliti til forvarna.

Tölur um áfengisneyslu eru til frá árinu 1881. Fram til 1935 styðjast áætlanir við innflutningsskýrslur, en frá 1935 til 1995 er byggt á sölutölum Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins. Eftir það er byggt á upplýsingum frá leyfishöfum um innflutning, heildsölu eða framleiðslu á áfengi, svo og sölutölum ÁTVR. **- shá**



**GOTT ÚRVAL** Vegna fjárskorts er ekki lengur hægt að halda saman nákvæmum upplýsingum um sölu og neyslu áfengis.

Bankasýsla ríkisins:

## Auglýst eftir nýjum forstjóra

**STJÓRNSÝSLA** Bankasýsla ríkisins auglýsir eftir nýjum forstjóra í Fréttablaðinu í dag.

Páll Magnússon var ráðinn forstjóri stofnunarinnar í lok september en hætti við að taka við starfinu hinn 25. október, degi eftir að stjórn stofnunarinnar hafði beðist lausnar vegna gagnrýni á ráðningu hans.

Elín Jónsdóttir hefur gegnt starfi forstjóra frá því að bankasýslan hóf störf í ársbyrjun 2010. Umsóknarfrestur er til og með 27. nóvember. **- þeb**

Ráðherraskipti í Noregi:

## Dómsmálaráðherra hættir

**NOREGUR Norðmenn fengu nýjan dómsmálaráðherra í gær þegar Grete Faremo varnarmálaráðherra tók við embætti Knuts Storberget sem sagði af sér. Faremo hefur áður verið dómsmálaráðherra, árin 1992 til 1996.**

**Storberget hefur sætt gagnrýni undanfarið, meðal annars vegna viðbragða við hryðjuverkunum í júlí síðastliðnum og hrinu nauðgana sem gengið hefur yfir í Ósló.**

**Jens Stoltenberg forsætisráðherra segir Storberget hafa beðið um að fá að hætta fyrir mörgum mánuðum.** **-ibs**



KNUT STORBERGET

Segir hreindýr skaðvalda:

## Hreindýr valda milljónatjóni

**LANDBÚNAÐUR** Tjón á girðingum og ræktarlandi af völdum hreindýra hjá bændum í Flatey á Mýrum á þessu ári nemur um 8,5 milljónum króna. Frá því er greint í Bændablaðinu að hreindýr hafi valdið miklu tjóni hjá bændum á Mýrum í Hornafirði undanfarin ár.

Grétar Már Þorkelsson, ráðunautur hjá Búnaðarsambandi Suðurlands, segir í blaðinu að sú umræða að hreindýr hafi flækst í girðingum og það sé bændum að kenna sé einhliða og bændum sé að ósekju kennt um.

Grétar tók sjálfur út tjón af völdum dýranna og samkvæmt úttektinni ollu þau tjóni upp á hálfa milljón á girðingum en afgangurinn var á kornrækt, hveitirækt og túnum. **- sv**

# Deila í Kópavogi um styrk til Ólympíufara

**Tillaga sjálfstæðismanna um einnar milljónar króna styrk til maraþonhlaupara á leið á Ólympíuleikana var felld í bæjarstjórn Kópavogs. Formaður bæjarráðs segir að styrkveitingar eigi ekki að vera geðþóttaákvörðun stjórnmálamanna.**

**STJÓRNMÁL** Bæjarstjórn Kópavogs felldi á þriðjudag tillögu um að veita Kára Steini Karlssyni maraþonhlaupara eina milljón króna í styrk til að undirbúa sig fyrir Ólympíuleikana í London á næsta ári.

Það var hvorki Kári Steinn sjálfur né félag hans Breiðablik sem sóttu um styrkinn heldur lögðu fjórir bæjarfulltrúar Sjálfstæðisflokks fram tillögu um styrkveitinguna. Þeir fjórir greiddu atkvæði með styrknum en fimm voru á móti. Ólafur Þór Gunnarsson úr VG vék af fundi vegna fjölskyldutengsla við íþróttamanninn og Ómar Stefánsson úr Framsóknarflokki sat hjá.

Guðríður Arnardóttir, oddviti Samfylkingarinnar og formaður bæjarráðs, segist harma að sjálfstæðismenn reyni að slá sér upp á afreksmanninum Kára Steini. Styrkveitingar eigi ekki að vera geðþóttaákvörðun stjórnmálamanna, jafnvel þótt þeim gangi gott eitt til.



GUÐRÍÐUR ARNARDÓTTIR

„Það er fordæmalaust að stjórnmálaflokkur eða einstaka bæjarfulltrúar leggi fram tillögu um að styrkja einstaklinga. Styrkbeiðnir koma annað hvort frá félagasamtökum eða einstaklingum og eru teknar til málefnalegrar umfjöllunar af viðkomandi embættismanni sem færir fyrir því rök hvort viðkomandi er styrktur eða ekki og bæjarráð og bæjarstjórn taka afstöðu út frá því,“ segir Guðríður.





**KÁRI STEINN KARLSSON** Langhlauparinn úr Breiðabliki ætlar að verða fyrstur Íslendinga til að keppa í maraþonhlaupi á Ólympíuleikum. Sótt var um fjárstyrk Kára Steini til handa úr bæjarsjóði Kópavogs án hans vitneskju.

> „Ég hef ekkert heyrt af þessu, sem er kannski hálf furðulegt.
>
> **KÁRI STEINN KARLSSON** MARAÞONHLAUPARI Í BREIÐABLIKI

Ármann Kr. Ólafsson, oddviti sjálfstæðismanna, bendir á það fordæmi að Rúnar Alexandersson úr Gerplu og Jón Arnar Magnússon úr Breiðabliki hafi báðir fengið styrk frá bænum til að undirbúa sig fyrir Ólympíuleika.

„Íþróttamenn sem taka þátt í Ólympíuleikunum fyrir hönd Íslands eru mjög góðar fyrirmyndir. Því viljum við stuðla að því að þeir nái sem bestum árangri því það mun skila sér margfalt inn í forvarna- og íþróttastarf bæjarins,“ segir Ármann, sem gefur lítið fyrir fullyrðingar um að sjálfstæðismenn noti málið í pólitískum tilgangi. „Öll erum við hér í pólitík og þarna meðal annars má sjá pólitískar áherslur Sjálfstæðisflokksins.“



ÁRMANN KR. ÓLAFSSON

Kári Steinn kveðst aldrei hafa heyrt af áðurnefndri tillögu. „Ég hef ekkert heyrt af þessu, sem er kannski hálf furðulegt,“ segir hann. Aðspurður segir Kári Steinn fjármögnun undirbúningsins að öðru leyti ganga vel. Verið sé að leggja lokahönd á styrktarsamninga við tvö stórfyrirtæki.

**gar@frettabladid.is**

Tryggði sér alþjóðlegan titil:

## Náði tvöföldum áfanga á EM

**ÍÞRÓTTIR** Hjörvar Steinn Grétarsson náði tvöföldum stórmeistaraáfanga í gær þegar Evrópumóti landsliða í skák lauk í Grikklandi.

Hjörvar þarf því aðeins einn stórmeistaraáfanga til viðbótar til að verða stórmeistari. Hann tryggði sér alþjóðlegan meistaratitil með árangri sínum.

Ísland lenti í 26. sæti á mótinu, af 38 liðum. Helgi Ólafsson, liðsstjóri og varamaður sveitar Íslands, náði hæstu vinningshlutfalli allra keppenda á mótinu, en hann fékk 4,5 vinninga úr fimm skákum. Þýskaland varð Evrópumeistari á mótinu. **- þeb**

Faðirinn fékk peninga í þrjú ár:

## Smábarn á launum hjá ríki

**NÍGERÍA, AP Nýfæddu barni í Nígeríu var bætt á launaskrá ríkisins og hefur fengið 150 dollara á mánuði síðustu þrjú árin. Saksóknari hefur greint frá þessu.**

**Launþeginn er skráður sem mánaðargamalt barn, en saksóknari segir að faðir barnsins hafi byrjað að innheimta laun þess frá því áður en það fæddist. Barnið er eitt af mörgum svokölluðum draugastarfsmönnum í kerfinu, sem fá laun án þess að vinna. Opinberir starfsmenn skálda störf fyrir fjölskyldumeðlimi til að drýgja eigin tekjur.**

**Saksóknari segir að ríkið sé að reyna að snúa þessari þróun við.** **- þeb**

LÖGREGLUFRÉTTIR

### Fullur á hjóli

Karlmaður á þrítugsaldri féll af reiðhjóli í Hafnarfirði um helgina. Hann fékk skurð á höfuðið og var fluttur á slysadeild til aðhlynningar. Óhappið má skrifa á ástand mannsins, en hann var ölvaður. Hjólið reyndist vera stolið og var það flutt á lögreglustöð.







Leitin að Svíanum sem talinn er vera á Sólheimajökli stóð fram á nótt í gær:

# Björgunarsveitir halda ótrauðar áfram

**LÖGREGLUMÁL** Leitin að Svíanum sem talinn er týndur á Sólheimajökli hafði enn engan árangur borið þegar Fréttablaðið fór í prentun í gærkvöld. Þá voru liðnir réttir tveir sólarhringar frá því Daniel Hoij hringdi eftir hjálp. Síðan hefur ekkert í honum heyrst.

Nærri tvö hundruð björgunarsveitarmenn fínkembdu leitarsvæðið á Sólheimajökli fram á nótt í gær. Leitað var úr lofti og með aðstoð hunda. Spor fundust sem talin voru geta verið eftir Hoij og sömuleiðis hanski sem hann kann að eiga. Fækka átti leitarmönnum í nótt til að hvíla mannskapinn en halda svo áfram af fullum krafti í dag.

Bróðir Hoijs kom hingað til lands í gær og kom við í Samhæfingarmiðstöðinni í Skógarhlíð áður en hann var fluttur að Sólheimajökli til að vera við leitina.

Þótt vonin til þess að finna Svíann á lífi minnki vissulega eftir því sem tíminn líður rifja menn upp söguna af Þjóðverjanum sem villtist við Eyjafjallajökul í janúar. Hann hringdi einnig á hjálp og fannst eftir tveggja sólarhringa leit þar sem hann hafði leitað skjóls í sprungu.

Búist var við strekkingsvindi á leitarsvæðinu á gærkvöld en hægari í dag og fram á kvöld. **- gar**



**LEITARMENN** Tæplega tvö hundruð björgunarsveitarmenn leituðu í gær að hinum 25 ára gamla Daniel Hoij á Sólheimajökli.

MYND/SLYSAVARNAFÉLAGIÐ LANDSBJÖRG

www.husa.is

# Allt fínt fyrir jólin

# SERÍUHELGI
## nú er rétti tíminn




verð frá **299**

LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR

**Gæðin eru í græna-kassanum**

**Jólablaðið** er komið út



## Starlight
100% vatnsheld

### Kynning og ráðgjöf í dag

Frábær kynning á Starlight hágæða seríum í Skútuvogi kl. 14:00-16:00.
EKKI MISSA AF ÞESSU!



**2.690**
**Jólastjarna**
Falleg í glugga, 30cm.
2702165

**4.490**
**Jólahringur**
100 ljósa, listra
5899250

**1.490**
LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR
**Frostrós í glugga**
10232826

## Jólahlaðborð Húsasmiðjunnar Skútuvogi
**opið alla daga kl. 18 - 20**

**Aðeins 1.290kr**





**1.199**
LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR
**40 ljósa útisería m/straumbreyti**

**699**
LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR
**Grenilengja**
20 x 2,74 mtr
2718500

**Jólakort 24 stk.**
kort og gullituð umslög
Aðeins **390**



**Pylsa eða pizza og kók 199 kr.**
til kl. 17 um helgar í Skútuvogi.

HÚSASMIÐJAN

## GENGIÐ 11.11.2011

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
| --- | --- | --- |
| Bandaríkjadalur | 116,33 | 116,89 |
| Sterlingspund | 185,01 | 185,91 |
| Evra | 158,40 | 159,28 |
| Dönsk króna | 21,281 | 21,405 |
| Norsk króna | 20,451 | 20,571 |
| Sænsk króna | 17,420 | 17,522 |
| Japanskt jen | 1,5024 | 1,5112 |
| SDR | 182,43 | 183,51 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

214,4918

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Formannsframbjóðendur Sjálfstæðisflokksins sammæltust um að svara ekki Fréttablaðinu:

# Bjarni og Hanna Birna vilja ekki svara

**STJÓRNMÁL** Bjarni Benediktsson og Hanna Birna Kristjánsdóttir, formannsframbjóðendur Sjálfstæðisflokksins, hafna því að svara spurningalista sem Fréttablaðið sendi þeim. Aðstoðarfólk þeirra hafði samráð sín á milli um að svara ekki spurningunum. Hér á eftir fara spurningarnar sem frambjóðendurnir svöruðu ekki:

*1. Er krónan nothæfur gjaldmiðill eða er rétt að stefna að upptöku annars gjaldmiðils? Hver eru rökin fyrir því?*

*2. Hver er afstaða þín til kaupbeiðni kínverska fjárfestisins Nubos á Grímsstöðum á Fjöllum?*

*3. Styður þú hugmyndir um Vaðlaheiðargöng og þá fjármögnunarleið sem þar á að fara?*

*4. Er þörf á að breyta fiskveiðistjórnunarkerfinu og þá hvernig?*

*5. Hefur verið of langt gengið í niðurskurði heilbrigðiskerfisins? Hefði verið hægt að standa öðruvísi að málum?*

*6. Fjölmörg fyrirtæki eru í fangi bankanna. Er nægilega vel unnið úr þeim málum og hvernig vildir þú hátta þeim?*

*7. Á að ganga lengra í að koma til móts við skuldug heimili og fyrirtæki og þá hvernig?*

*8. Er þörf á breytingum á stjórnarskrá Íslands? Ef svo, hvaða breytingar eru brýnastar?*

*9. Með hvaða flokki/flokkum vilt þú að Sjálfstæðisflokkurinn starfi eftir kosningar? Eru einhverjir flokkar sem Sjálfstæðisflokkurinn á ekki að vinna með? Vinsamlegast nefnið ákveðna flokka.*

*10. Gerði Sjálfstæðisflokkurinn einhver mistök í landsstjórninni sem leiddu til hrunsins og þá hver?*

*11. Hyggst þú breyta innra starfi og starfsháttum flokksins?* **- kóp**



BJARNI BENEDIKTSSON



HANNA BIRNA KRISTJÁNSDÓTTIR

Kæra vegna Dirty Night:

## Kópavogsbær kærir Óla Geir

**KÓPAVOGUR** Jafnréttis- og mannréttindaráð Kópavogsbæjar hefur falið jafnréttisráðgjafa bæjarins að leggja fram kæru á hendur Ólafi Geir Jónssyni, skemmtistaðnum Players í Kópavogi og umboðsskrifstofunni Agent.is. Tilefni kærunnar er viðburðurinn „Dirty Night“ og er talið að með því að auglýsa og halda viðburðinn brjóti aðilarnir gegn jafnréttislögum.



ÓLAFUR GEIR JÓNSSON

Í kærunni sem send hefur verið lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu segir að myndband sem auglýsa eigi viðburðinn sé til þess fallið að vera bæði konum og körlum til minnkunar. Það stríði gegn jafnréttislögum. **- sv**

Morðingi Heidi dæmdur:

## Fékk fimmtán ár í fangelsi

**NOREGUR** **Morðingi Heidi Thisland-Jensen var dæmdur til fimmtán ára fangelsisvistar í Mandal í Noregi í gær.**

**Maðurinn, sem er fyrrverandi kærasti Heidi, stakk hana til bana í mars síðastliðnum og hefur játað á sig brotið. Auk fangelsisvistar er manninum gert að greiða syni hennar, Leif Magnúsi Grétarssyni, hálfa milljón norskra króna. Leif Magnús, sem er átta ára gamall, fluttist til föðurfjölskyldu sinnar í Vestmannaeyjum þegar móðir hans lést.** **- sv**

### LEIÐRÉTT

Andrew Helgason, sonur Deboruh Leah Bergsson, var rangnefndur í Alltblaðinu í gær.

# Hafnarfjörður hefur stefnt ríkinu vegna skattamála

**Fjármagnstekjuskattur var innheimtur vegna sölu sveitarfélaga á HS orku en ekki í öðrum tilfellum. Hafnarfjarðarbær hefur stefnt ríkinu fyrir dóm. Kaupverð af sölu auðlinda Reykjanesbæjar fer í skattaskuld.**

**STJÓRNSÝSLA** Hafnarfjarðarbær hefur stefnt ríkinu fyrir dóm vegna skattainnheimtu. Bæjarfélagið er í viðræðum við ríkið um greiðslu 800 milljóna fjármagnstekjuskatts sem til er kominn vegna sölu á Hitaveitu Suðurnesja. Fyrirvari er gerður um niðurstöðu dómsmálsins.

Gerður Guðjónsdóttir, fjármálastjóri Hafnarfjarðarbæjar, segir að það fari eftir félagaformi hvort lagður sé á fjármagnstekjuskattur. Af því að Hitaveitan var hlutafélag þurfti að greiða skattinn. „Hefði þetta verið sameignafélag eða rekið af bænum, eins og fráveitan, hefðum við ekki borgað krónu.“

Árni Sigfússon, bæjarstjóri Reykjanesbæjar, tekur undir þessa gagnrýni. Reykjanesbær seldi í gær jarðirnar Kalmanstjörn og Junkaragerði og fór stærstur hluti kaupverðsins upp í skattaskuld.



ÁRNI SIGFÚSSON

Hún er til komin vegna sölu sveitarfélagsins á hlut sínum í Hitaveitu Suðurnesja. Árni veltir því upp hvort ekki sé verið að brjóta jafnræðisreglu með skattlagningunni. Önnur sveitarfélög sem hafi selt hluti í orkufyrirtækjum, svo sem Landsvirkjun eða Norðurorku, hafi ekki þurft að greiða þennan skatt.

„Þess er bara krafist hjá sveitarfélögum sem áttu í Hitaveitu Suðurnesja. Skýringin er að aftan við heiti hennar var „hf.“ og þá hefur ríkið heimild til að búa til fjármagnstekjuskatt, jafnvel þó þetta hafi aðeins verið sveitarfélög sem seldu.“

Árni segir athyglisvert að tvö stjórnsýslustig eigi í hlut í þessu máli og annað stjórnsýslustigið sé að greiða fjármagnstekjuskatt til hins. Salan á hitaveitunni var tilkomin vegna lagabreytingar sem gerði mönnum skylt að skilja á milli orkuframleiðslu og dreifingar.

Árni segir sölu jarðanna hentuga leið fyrir bæjarfélagið til að borga fjármagnstekjuskattinn. Reykjanesbær keypti jarðirnar af HS Orku fyrir tveimur og hálfu ári og segir Árni það hafa verið gert til þess að auðlindir á þeim færu ekki í einkaeigu. Ákveðið hafi verið að setja jarðirnar upp í skattaskuldina núna og kæmust auðlindirnar þá í þjóðareigu.

Hann bendir á að Hafnarfjörður sé í viðræðum við ríkisvaldið um greiðslu skuldarinnar á fimm árum. Reykjanesbær hefði væntanlega getað fengið sambærilegan samning, en valið að fara þessa leið.

Gengið var frá kaupum ríkisins á jörðunum í gær. Kaupverðið er 1.230 milljarðar króna og fara 900 milljónir upp í skuldina. Eftir standa þá 854 milljónir, en skattaskuldin var 1.753 milljónir króna, að því er fram kemur í ársreikningi sveitarfélagsins. **kolbeinn@frettabladid.is**



**HS ORKA** Skattaskuld Reykjanesbæjar er tilkomin vegna sölu á hlut í Hitaveitu Suðurnesja við skiptingu fyrirtækisins í HS orku og HS veitur. Ríkið keypti auðlindir af Reykjanesbæ í gær og kemur hluti kaupverðs upp í skuldina. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

### Semja um styttri leigutíma

Með jarðakaupunum í gær er ríkið eini eigandi þeirra auðlinda sem HS orka nýtir í Reykjanesvirkjun. Katrín Júlíusdóttir iðnaðarráðherra segir að kaupin skapi færi á því að semja við Magma Energy, eiganda HS orku, um styttri leigutíma á auðlindum. Fyrirtækið er með 65 ára nýtingartíma samkvæmt samningum og möguleika á að framlengja nýtingarréttinn um önnur 65 ár.

Katrín hefur gagnrýnt þessa tímalengd og hún segir kaupin skapa góða stöðu til að taka upp samninginn. Þá segir hún jákvætt að ríkið haldi utan um auðlindir í landinu. „Nú setjum við þá vinnu aftur á fulla ferð að semja um styttri nýtingartíma.“



KATRÍN JÚLÍUSDÓTTIR






## VEÐURSPÁ



Ingibjörg Karlsdóttir veðurfréttamaður

**MILDIR DAGAR**
eru fram undan og jafnframt skiptast á skin og skúrir eða dálítil rigning nú um helgina. Vindur verður fremur hægur víða í dag og á morgun en á mánudag má búast við vaxandi vindi og úrkomu sunnan og vestan til.




**Á MORGUN**
Fremur hægur vindur víða um land.

**MÁNUDAGUR**
Vaxandi vindur S- og V-lands.

**HEIMURINN**

| | |
| --- | --- |
| Alicante | 22° |
| Basel | 11° |
| Berlín | 6° |
| Billund | 6° |
| Frankfurt | 8° |
| Friedrichshafen | 12° |
| Gautaborg | 6° |
| Kaupmannahöfn | 6° |
| Las Palmas | 24° |
| London | 16° |
| Mallorca | 22° |
| New York | 12° |
| Orlando | 22° |
| Ósló | 3° |
| París | 16° |
| San Francisco | 17° |
| Stokkhólmur | 4° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Einar Davíðsson *einar.davidsson@365.is*, Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Hlynur Steingrímsson *hlynurs@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **ALLT SÍMI 512-5402:** Jóna Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Brynja Gunnarsdóttir *brynjag@365.is*, Snorri Snorrason *snorris@365.is* **SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016:** Benedikt Jónsson *benediktj@365.is*, Sigríður Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is*, Ívar Hansen *ivarorn@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Sigurlaug Aðalsteinsdóttir *sigurlaug@365.is*, Arna Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Guðný Gunnlaugsdóttir *gunny@365.is*, Sigrún Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is* **KYNNINGARSTJÓRI:** Einar Skúlason einar.skulason@365.is


Kringlan
AF HVERJU AÐ BÍÐA?
Byrjaðu jólastússið snemma og hafðu það huggulegt í desember. Svona eins og þig hefur alltaf langað.
# 1
Setja moppuna fram. Kannski kemur einhver og þrífur.
# 2
Kaupa nýtt skraut á jólatréð. Eitt nýtt á hverju ári. Bestu hlutirnir gerast hægt.
# 3
Taka fjölskyldumynd fyrir jólakortin og sleppa við að fótósjoppa myndina frá 2008.
Opið 10–18 í dag
Mán - mið 10-18:30, fim 10-21, fös 10-19, lau 10-18, sun 13-18 | Sími 517 9000
JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is

**KJÖRKASSINN**



*Ertu fylgjandi því að lokið verði við endurgerð Þorláksbúðar við Skálholtskirkju?*

| | |
|---|---|
| Já | 55,1% |
| Nei | 44,9% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG**

*Notar þú nagladekk?*

Segðu þína skoðun á vísir.is. vísir

Fylgismenn aðildar að ESB með málamiðlun á landsfundi Sjálfstæðisflokksins:

# Formenn stýri viðræðunum við ESB

**STJÓRNMÁL** Sjálfstæðir Evrópumenn ætla að leggja fram málamiðlunartillögu um aðildarviðræður við ESB á landsfundi Sjálfstæðisflokksins um næstu helgi.

„Við erum að leggja til að menn hætti að þrefa um málið efnislega heldur komi sér saman um málsmeðferð án þess að þurfa að vera sammála um niðurstöðuna,“ segir Benedikt Jóhannesson, formaður Sjálfstæðra Evrópumanna, sem samþykktu tvær tillögur um þetta efni á miðvikudag. „Seinni tillagan fjallar um það flokkurinn stúderi þetta mál og aðra kosti sem þjóðinni kynnu að bjóðast og geri um það skýrslu.“



BENEDIKT JÓHANNESSON

Meðal þess sem lagt er til er að nefnd formanna stjórnmálaflokkanna á Alþingi ásamt utanríkisráðherra taki við yfirumsjón með viðræðunum og fari með það hlutverk sem sérstök ráðherranefnd hefur haft. Lagt verði til við Evrópusambandið að formlegar samningaviðræður um sjávarútvegsmál, landbúnaðar- og dreifbýlismál og gjaldmiðlasamstarf hefjist ekki fyrr en síðari hluta árs 2013. Viðræðum um aðra kafla verði þó framhaldið með eðlilegum hraða.

Benedikt segist hafa komið tillögunum til forystumanna í flokknum en ekki enn fengið viðbrögð. „Ég held svo sem að mikill hluti flokksmanna vilji taka þessar deilur svolítið út fyrir sviga og einbeita sér að því sem mestu máli skiptir fyrir flokkinn núna; að berjast fyrir því að hér verði tekið upp vitræant stjórnarfar aftur.“ - gar

Alþjóðleg bjórkeppni:

# Kusu Gull besta bjórinn

**FÓLK** Bjórinn Egils Gull frá Ölgerðinni vann til verðlauna í samkeppninni World Beer Awards á dögunum. Bjórinn var valinn besti „standard lagerbjórinn“. Fjöldi dómara alls staðar að úr heiminum blindsmakkaði um fimm hundruð bjórtegundir.



Andri Þór Guðmundsson, forstjóri Ölgerðarinnar, segir að verðlaunin séu staðfesting á góðu þróunarstarfi sem fari fram hjá Ölgerðinni. - þeb

HJÁLP Í NEYÐ Á HEIMASLÓÐUM
Símasöfnun Fjölskylduhjálpar Íslands hafin. 2500 börn búa hjá foreldrum sem neyðast reglulega til að sækja sér mataraðstoð hjá Fjölskylduhjálp Íslands sem leitar nú eftir stuðningi landsmanna.
Við hringjum fljótlega í þig.
Söfnunarreikningur 546-26-6609, kt 660903-2590.
Fjölskylduhjálp Íslands

FAAS
FAAS, félag áhugafólks og aðstandenda Alzheimerssjúklinga og annarra skyldra sjúkdóma heldur fræðslufund fimmtudaginn 17. nóvember nk.
Fundurinn sem hefst kl. 20.00 verður haldinn í húsnæði Vitatorgs, dagþjálfunar Lindargötu 59, Reykjavík. Gengið er inn frá Vitastíg
Dagskrá:
• Fréttir af starfi FAAS: Fanney Proppé Eiríksdóttir, formaður.
• Kynning á dagþjálfuninni Vitatorgi: Ágústa Helgadóttir, forstöðumaður.
• Kynning á samskiptaforritinu Memaxi: Ingunn Ingimars, framkvæmdastjóri. Memaxi er kerfi sem hjálpar einstaklingum sem eiga erfitt með að halda utan um daglegt líf og atburði. Kerfið sem einnig er dagatal, veitir öldruðum aðstoð við að búa á eigin heimili.
• Fyrirspurnir og umræður
• Seld verða jólakort til styrktar starfi FAAS
Félagsmenn og aðrir velunnarar félagsins eru hvattir til að mæta. Kaffiveitingar verða í boði Vitatorgs.
Bestu kveðjur. Stjórn FAAS

GÆÐA MÁLNING
Deka Meistaralakk 70 Akryllakk. hvitt. 1 liter 1.595
DekaCryl 7 Innimálning. 10 lítrar 5.490
Hágæða sænsk málning 10% gljástig, verð 10L 4.590 allir ljósir litir
Aqua 25 innimálning á boð 4 lítrar 3.995
Deka Gólfmálning grá 3 lítrar 3.795
Bakki, grind og 2 stk 12cm málningarrúllur 395
Mako pensill 50mm 205
Deka Spartl LH. 3litrar 1.595
Meiri gæði – Lægra verð
Klettháls Rvk Akureyri Reykjanesbæ Húsavík Vestmannaeyjum
MÚRBÚÐIN – Afslátt eða gott verð?
Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is

FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN
MEIRA SJÓNVARP
Meira sjónvarp, meira útvarp, meiri fréttir, meiri upplýsingar, meiri umræða, meira líf, meiri íþróttir, meiri virkni, meira úrval. Þú færð meira af öllu á Vísi.
vísir

# Magma-menn vilja kaupa eigið bréf

**Alterra, áður Magma Energy, hefur undirritað viljayfirlýsingu um að kaupa eigið skuldabréf af Reykjanesbæ. Hafa fram í miðjan febrúar til að fjármagna kaupin. Bærinn eignaðist bréfið þegar hann seldi Geysi Green hlut í HS Orku.**

**VIÐSKIPTI** Alterra Power, sem áður hét Magma Energy, vill kaupa skuldabréf af Reykjanesbæ sem fyrirtækið gaf sjálft út. Viljayfirlýsing þess efnis var undirrituð 8. september síðastliðinn eftir að bæjarráð Reykjanesbæjar samþykkti drög að sölusamningnum. Alterra hefur nú 160 daga til að finna fjármagn til að ganga frá kaupunum.

Reykjanesbær eignaðist skuldabréfið þegar hann seldi Geysi Green Energy hlut sinn í HS Orku sumarið 2009. Sá hlutur rann síðan síðan inn í Alterra þegar fyrirtækið eignaðist hlut Geysis. Stofnvirði bréfsins er 8,3 milljarðra króna en bókfært virði þess í efnahagsreikningi Reykjanesbæjar er 5,8 milljarðar króna. Það er meðal annars tengt álverði og fer uppgreiðsluupphæð bréfsins eftir þróun þess. Skuldabréfið er til uppgreiðslu 2016.

**5,8** milljarðar er lágmarks kaupverð skuldabréfanna sem Alterra hyggist kaupa af Reykjanesbæ.



ALTERRA, ÁÐUR MAGMA, UNDIRRITAR VILJAYFIRLÝSINGU Ásgeir Margeirsson, einn aðstoðarforstjóra Alterra, segir unnið að fjármögnun kaupanna. Hann kveðst ekki geta tjáð sig um á hvaða kjörum Alterra bjóðist til að kaupa skuldabréfið.

Árni Sigfússon, bæjarstjóri Reykjanesbæjar, segir kaupverðið ekki verða undir því virði sem skuldabréfið er bókfært á, eða 5,8 milljarðar króna. Alterra hafi fengið upphaflega 80 daga til að ganga frá kaupunum. Samkvæmt viljayfirlýsingunni er þó hægt að lengja þann frest tvívegis um 40 daga. „Þetta eru því 160 dagar í heildina frá undirritun sem þeir hafa til að ganga frá þessu verkefni.“

Ásgeir Margeirsson, einn aðstoðarforstjóra Alterra, segist ekki geta tjáð sig um á hvaða kjörum Alterra býðst að kaupa skuldabréfið. Verið sé að vinna að fjármögnun kaupanna.

Alterra Power á 75 prósenta hlut í HS Orku í gegnum sænskt dótturfélag, Magma Energy Sweden A.B. Fyrirtækið seldi félagi í eigu 14 íslenskra lífeyrissjóða 25 prósenta hlut í HS Orku í sumar á 8,1 milljarð króna. Til viðbótar eiga sjóðirnir forkaupsrétt á 8,4 prósenta hlut til viðbótar fyrir 4,7 milljarða króna.

thordur@frettabladid.is

Fíkniefnin sem lögregla og tollgæsla tóku úr skipi í Straumsvík mjög sterk:

# Rótsterk eiturlyfin talin vera 300 milljóna króna virði

**LÖGREGLUMÁL** Mikið magn fíkniefna, sem fannst 10. október síðastliðinn við leit lögreglu og tollgæslu í gámi í Straumsvík, var falið innan um matvæli og krydd. Efnin reyndust svo sterk að hefðu þau verið seld beint á götuna hefði verðmæti þeirra numið hundrað milljónum króna. Hefðu þau verið seld á götustyrkleika, það er eftir íblöndun hefði verðmæti þeirra þrefaldast og numið 300 milljónum króna.

Þetta kom fram á blaðamannafundi sem yfirmenn fíkniefnadeildar og tollgæslu, Karl Steinar Valsson og Kári Gunnlaugsson, efndu til í gær.

Efnin, sem reynt var að smygla með hollenska gámaskipinu Franciscu frá Rotterdam í Hollandi til landsins, voru um tíu kíló af amfetamíni, rúm 200 grömm af kókaíni, rúmlega 8000 e-töflur, nokkur grömm af e-töfludufti, 8.800 steratöflur, 1.800 testósterón-töflur og mikið magn stungulyfja.

Að því er fram kom í máli Karls Steinars hófst rannsókn þessa máls snemma á þessu ári. Þrír rannsóknarlögreglumenn unnu sleitulaust að því þar til að efnin voru komin í hendur lögreglu og tveir menn höfðu verið handteknir. Þeir sitja báðir í gæsluvarðhaldi. Framlengt var á annan þeirra til 9. desember í héraðsdómi í gær og kærði hann úrskurðinn til Hæstaréttar, sem í fyrradag staðfesti gæsluvarðhaldsúrskurð yfir hinum til 6. desember.

Kári sagði að gámurinn sem geymdi fíkniefnin hefði verið stöðvaður um leið og hann kom upp úr skipinu.

Undirstrikað var að fyrirtæki sem efnin voru stíluð á hefði ekkert verið viðriðið málið. Starfsmaður þess, sem nú situr í gæslu, hefði hins vegar nýtt sér með ólög-



STRAUMSVÍKUREFNIN Þetta magn rótsterkra fíkniefna, sem Karl Steinar Valsson og Kári Gunnlaugsson sýndu fjölmiðlum, komst aldrei lengra en á borð lögreglunnar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

mætum hætti þá löglegu starfsemi sem fyrirtækið hefði með höndum. - jss

# NÝJAR MYNDIR

## TRYGGÐU ÞÉR EINTAK!




24 Hagkaup

**OPIÐ**
allan sólarhringinn
Garðabær, Skeifan
& Eiðistorg

Gildir til 17. nóvember á meðan birgðir endast.

**HAGKAUP**
*Ein ferð betra verð*

**VEISTU SVARIÐ?**



1. Hver er forsætisráðherra nýrrar þjóðstjórnar í Grikklandi?
2. Hvað heitir ný bók um Icesave-samningana?
3. Hvað heitir ný unglingasaga Arndísar Þórarinsdóttur?

**SVÖR**

1. Lúkas Papademos. 2. Afleikur aldarinnar? 3. Játningar mjólkurfernuskálds.

Forstjóri Haga segir markvisst hafa verið dregið úr svínakjötsframleiðslu:

# Kjötskortur hækkar lán heimila

**NEYTENDUR** Finnur Árnason, forstjóri Haga, segir kjötskort hafa hækkað lán heimilanna um 7,6 milljarða króna. Framleiðendur hafi hækkað verð á allri kjötvöru langt umfram verðlagsþróun. Það hafi áhrif á vísitöluna.



FINNUR ÁRNASON

Finnur hélt erindi á opnum fundi Samtaka atvinnulífsins á fimmtudag. Hann sagði frá því hvernig umkvörtun hans í sumar um kjötskort hefði verið gagnrýnd.

Þingmenn og hagsmunaaðilar hefðu sagt vera nóg af kjöti í landinu. Það breytti þó ekki þeirri staðreynd að erfiðlega hefði gengið með að fá kjöt til sölu í Bónusbúðunum.

„Fimm af sex afurðastöðvum landsins gátu ekki selt kjötvinnslu okkar lambakjöt vegna skorts á þessum tíma. Ein var tilbúin til að selja okkur takmarkað magn á verulega hærra verði en vikuna áður en hinn meinti kjötskortur átti sér stað og þeim kaupum fylgdu skilyrði.“

Á þeim tíma hafi verið skortur á lamba- og nautakjöti auk þess sem sýkingar í kjúklingaframleiðslu gerðu það að verkum að ítrekað vantaði kjúklingakjöt. „Markvisst hafði verið dregið úr svínakjötsframleiðslu og verð hækkað.“

Kjöt vegur um 2,62 prósent af vísitölugrunninum og Finnur segir verðhækkun hafa haft 0,7 prósent vísitöluáhrif. Skuldir heimilanna hafi í júní verið 1.300 milljarðar króna. „Viðbótarhækkun vísitölunnar vegna kjötskorts um 0,57 prósent hækkar þessi lán heimilanna um 7,6 milljarða króna.“ - kóp

Bæjarstarfsmenn í Grindavík:

# Eyði jólagjöf í heimabænum

**VERSLUN** Jólagjöf starfsmanna Grindavíkurbæjar á þessu ári verður gjafabréf sem virkar sem greiðsla upp í kaup á vöru og þjónustu í Grindavík.

Að því er segir á heimasíðu Grindavíkurbæjar er stefnt að því að starfsmennirnir fái gjafabréfin í lok nóvember svo þeir geti nýtt þau fyrir jólin. „Viðkomandi fyrirtæki fá síðan upphæðina greidda á skrifstofu Grindavíkurbæjar gegn framvísun gjafabréfsins,“ segir á vef sveitarfélagsins - gar


# Umhverfisstyrkir Landsbankans

Samfélagssjóður Landsbankans veitir fimm milljónir króna í umhverfisstyrki. Markmiðið með veitingu umhverfisstyrkja er að styðja umhverfis- og náttúruvernd. Umsóknarfrestur er til 21. nóvember 2011.

**Verkefni sem einkum koma til greina:**

» Verkefni á sviði náttúruverndar, t.a.m. skógrækt, landgræðsla og hreinsun landsvæða.
» Verkefni er tengjast rannsóknum á náttúrugæðum.
» Verkefni er styðja betra aðgengi fólks að náttúru landsins.
» Verkefni er nýtast til verndar landsvæðum, t.d. vegna ágangs búfénaðar eða ferðamanna.
» Verkefni er auka þekkingu og vitund almennings á umhverfismálum.
» Verkefni er hvetja til umhverfisvæns hátternis.

**Umsóknarfrestur**

Umsóknarfrestur vegna umhverfisstyrkja er til og með 21. nóvember 2011 (póststimpill gildir). Dómnefnd verður skipuð sérfræðingum á sviði náttúru- og umhverfisverndar. Sækja þarf um styrkina sérstaklega og senda umsókn merkta: Umhverfisstyrkir, Landsbankinn, Austurstræti 11, 155 Reykjavík.

Samfélagssjóður Landsbankans hefur það hlutverk að veita styrki til verðugra verkefna. Árlega eru veittir ferns konar styrkir: Námsstyrkir, samfélagsstyrkir, nýsköpunarstyrkir og umhverfisstyrkir.

Nánari upplýsingar á landsbankinn.is

JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA

**Landsbankinn** landsbankinn.is 410 4000




**KRAFTAVERKI LÍKAST** Bati Minhaj litla hefur verið með ólíkindum síðustu þrjá mánuði. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Ótrúlegur bati Minhaj

**Tíu mánaða gamall sómalískur drengur var við dauðans dyr vegna vannæringar fyrir þremur mánuðum. Hann hefur nú náð sér að fullu og braggast vel.**

**SÓMALÍA, AP** Hinn tíu mánaða gamli Minhaj Gedi Farah var lítið annað en skinn og bein þegar hann kom til Dadaab-flóttamannabúðanna í Kenía fyrir þremur mánuðum.

Innsognar kinnar hans, uppglennt augu og örmjóir handleggir birtust í fjölmiðlum um allan heim og áttu þátt í að opna augu heimsbyggðarinnar fyrir neyðarástandinu og hungursneyðinni sem hafði gerjast um mánaðaskeið í Austur-Afríku.

Móðir Minhaj hugði honum vart líf þar sem hann lá á sjúkrabeði sínum, en eftir meðferð hjá hjálparsamtökum hefur drengurinn litli náð sér að fullu.

Hann er nú með þrýstnar bollukinnar og vegur átta kíló, sem er nærri meðalþyngd tíu mánaða gamalla barna.

Lykillinn að þessum árangri er aðstoð hjáparsamtaka sem hafa alið Minhaj á næringarbættu jarðhnetumauki, Plumpynut að nafni.

Þrátt fyrir að mataraðstoð berist nú rúmlega tveimur milljónum nauðstaddra á svæðinu, eru enn 1,8 milljónir hjálpar þurfi.

Flóttamannastraumurinn hefur minnkað nokkuð, en þó eru um 168.000 börn undir fimm ára aldri í bráðri hættu nema þau fái hjálp.

Alþjóðasamfélagið hefur lagt til 779 milljónir dala af þeim 1.000 milljónum sem Sameinuðu þjóðirnar óskuðu eftir.

„Hungursneyðin er ekki að baki, börn eru að deyja hvern dag,“ segir Hannan Sulieman hjá UNICEF

„Vannæring er enn langt yfir neyðarmörkum líkt og verið hefur síðasta áratuginn.“

UNICEF hyggst viðhalda núverandi starfsemi til hjálpar nauðstöddum fram á næsta haust, og er vonast til þess að þá hafi landbúnaður á svæðinu tekið við sér.

thorgils@frettabladid.is



Íslendingar gefa tugi milljóna í neyðarhjálp

**Í FRÉTTUM** Myndin af Minhaj fór í fjölmiðla um allan heim á sínum tíma, þar á meðal Fréttablaðið.




BYLGJAN 25 ÁRA 989

Heimir & Kolla vakna með þér í bítið

Fréttir, fróðleikur og frábær tónlist alla virka morgna kl. 6.50 – 9.00

Þráinn á tökkunum og Gissur með fréttirnar


Kostnaður við gerð Héðinsfjarðarganga:

# Aðeins 17 prósent yfir kostnaðaráætlun

**SAMGÖNGUR** Kostnaður vegna Héðinsfjarðarganga reyndist 17,2 prósentum meiri en áætlanir gerðu ráð fyrir, aðallega vegna vatnsaga.

Þetta kemur fram á vef Vegagerðarinnar, en þar er tekið fram að rangar tölur þar um hafi verið í gangi. Á fundi umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis hafi til dæmis „ranglega verið haldið fram að umframkostnaður við þessi göng hlaupi á jafnvel 80 til 90 prósentum. Því fer fjarri,“ segir á vef Vegagerðarinnar. Þar segir jafnframt að misskilninginn megi rekja til þess að fólki hafi láðst að umreikna upphæðir með tilliti til verðlagsþróunar. - þj




# NÝ KYNSLÓÐ AF SAMTENGJANLEGUM LED ÚTISERÍUM

**20%** afsláttur af öllum útiseríum













20% afsláttur



## Fallegustu kertin á markaðnum?

Ótrúlegt úrval
allir verðflokkar!

Taktu eftir kertum sem merkt eru sjálfslökkvandi

## Brúðkaupssýning Grand Hótel og Garðheimar




Sunnudaginn
13. nóvember 2011
frá 13.00 til 17.00
á Grand Hótel Reykjavík

## Kaffi og smákökur fyrir 2





Kaffi og smákökur fyrir 2 í boði
Spírunnar þegar þú verslar
jólavörur fyrir 10.000 eða meira

*gildir út nóvember*

## Spennandi námskeið



Aðventukransa
námskeið




Konfektgerðar
námskeið



Grillnámskeið

*nánar á gardheimar.is*

GARÐHEIMAR
FJÖLSKYLDUFYRIRTÆKI
Í 20ÁR



**Á STULTUM Í BANGKOK** Þessi maður komst þurrum fótum leiðar sinnar í höfuðborg Taílands, þar sem flóðavatnið gerir fólki enn lífið leitt. NORDICPHOTOS/AFP

Eldgos á hafsbotni við eina af eyjunum í Kanaríeyjaklasanum:

# Gosið er enn í fullum gangi

**SPÁNN** Gosið á hafsbotni við Kanaríeyjar er enn í fullum gangi, andstætt því sem kom fram í frétt blaðsins í gær.

Páll Einarsson, jarðeðlisfræðingur hjá Jarðvísindastofnun Háskóla Íslands, segir að gosið sé nokkuð merkilegt.

„Það er nokkuð breytilegt frá degi til dags hversu mikið sést til gossins. Um daginn var nokkuð um að sprengingar rufu hafflötinn og hentu upp gosefnum nokkra metra. Annars kemur þetta mest fram sem dökkur blettur og loftbólur.“

Nokkuð var um vangaveltur þess efnis að ný eyja gæti risið þar úr sæ, en Páll efast um það.

„Eldstöðin er á talsverðu dýpi, um 400 metrum upphaflega, og í talsverðum bratta. Það er aðdjúpt þarna og því ekki víst að eyja yrði langlíf á þessum stað, þó hún næði að myndast.“

Páll bætir því við að nokkur kurr sé meðal íbúa sem séu ekki vanir slíku, en helst sé óttast að gas geti valdið usla. Því hafi verið gripið til talsverðra varúðarráðstafana.

„Það er bær á ströndinni og hafa íbúar þar verið fluttir á brott nokkrum sinnum, einkum ef óvissa hefur skapast um atburðarásina,“ segir Páll að lokum. - þj



**ÍBÚAR SKELKAÐIR** Páll segir að íbúar á eyjunni El Hierro séu óvanir gosum, enda hefur ekki gosið á þessu svæði síðan 1971. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Ók undir áhrifum vímuefna:

# Hótaði að slasa og lífláta tvo

**DÓMSMÁL** Ríkissaksóknari hefur ákært tæplega þrítugan karlmann fyrir vímuefnaakstur og hótanir.

Manninum er gefið að sök að hafa í september á síðasta ári ekið undir áhrifum fíkniefna og áfengis um bifreiðastæði við Hátún.

Þegar tveir lögreglumenn höfðu afskipti af honum vegna athæfis hans á bifreiðastæðinu hótaði hann þeim og fjölskyldum þeirra lífláti og líkamsmeiðingum. - jss



**LÍKNARDEILD LANDSPÍTALANS Í KÓPAVOGI** Oddfellow-menn munu á næstu vikum og mánuðum taka til óspilltra málanna og fullbúa á eigin reikning þriðju deildina við líknardeild Landspítalans í Kópavogi. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

# Oddfellowar gefa fullbúna líknardeild

**Landspítalinn sameinar líknardeild á Landakoti við líknardeild í Kópavogi. Þar mun Oddfellow-reglan sem fyrr taka að sér að innrétta húsnæðið og búa tækjum. Framlagið er metið á áttatíu milljónir.**

**HEILBRIGÐISMÁL** Oddfellow-reglan mun annast innréttingar og tækjabúnað í nýrri álmu við líknardeild Landspítalans í Kópavogi.

Björn Zoëga, forstjóri Landspítalans, segir Oddfellow áður hafa skilað sams konar verki þegar líknardeildin í Kópavogi var stofnuð 1998 og síðan aftur um miðjan síðasta áratug þegar bætt var við dagdeild og fimm daga deild. Segja megi að Oddfellow hafi verið með deildina í Kópavogi í fóstri.

„Það má segja að þetta sé síðasti þriðjungurinn,“ segir Björn um verkefnið sem nú liggur fyrir hjá Oddfellow-mönnum.

Loka á líknardeild Landspítalans á Landakoti með níu plássum og koma fimm plássum fyrir í staðinn í álmu sem nú stendur tóm í Kópavogi. Sjúkrarúmunum í heild fækkar því um fjögur og verða alls þrettán.

Björn segir Oddfellow innrétta tómu álmuna og búa hana tækjum. „Þeir brjóta niður veggi og setja upp aðra, annast iðnaðarstörf og kaupa tæki og gefa fé. Þetta er eins og þeir hafa áður gert; að sjá alveg um að taka fokhelt húsnæði og skila því fullbúnu,“ segir hann.

Björn vonast til að framkvæmdir hefjist fljótlega og að hægt verði að opna nýju álmuna í febrúar. Gróflega megi meta framlag Oddfellow-reglunnar að þessu sinni til um áttatíu milljóna króna. „Það er frábært sem Oddfellow-menn hafa gert. Þeir hafa bara ekki talað um það; það er þannig sem þeir vinna,“ segir Björn um velgjörðarmenn líknardeildarinnar í Kópavogi. gar@frettabladid.is

Annar jarðskjálftinn á stuttum tíma í Tyrklandi:

# 22 látnir eftir skjálfta

**TYRKLAND, AP** Að minnsta kosti 22 eru látnir eftir jarðskjálfta í Tyrklandi seint á miðvikudag. Jarðskjálftinn varð í borginni Van og var annar mannskæði skjálftinn á svæðinu á rúmum tveimur vikum.

Tvö hótel hrundu til grunna í skjálftanum á miðvikudag, en hann mældist 5,7 á Richter. Meðal þeirra sem létust eru björgunarmenn og blaðamenn sem komu til borgarinnar Van eftir fyrri skjálftann hinn 23. október. Þá hafa fundist lík átta manna sem unnu að byggingu bráðabirgðahúsnæðis fyrir þá sem misstu húsnæði sitt þá.

Íbúar í Van mótmæltu í borginni í gær. Þeir segja yfirvöld ekki hafa rannsakað skemmdir á byggingum nægilega vel eftir skjálftann í október. Því hafi hótelin tvö hrunið nú. Lögreglan leysti upp mótmælin með piparúða. Ríkisstjórn landsins segist vera að rannsaka hvort embættismenn hafi sýnt af sér vanrækslu með því að leyfa hótelunum að starfa áfram.

Enn eru einhverjir fastir í rústum húsanna tveggja og fara vonir dvínandi um að fleiri finnist á lífi. - þeb



Til leigu!
Glæsileg skrifstofurými í Krossmóa 4a, í nýjum miðbæ Reykjanesbæjar

Nánari upplýsingar í síma 421 5460, skuli@urtusteinn.is, urtusteinn.is

URTUSTEINN
fasteignafélag



2 FJÖLVARP
Discovery CHANNEL
MYTHBUSTERS
Alla virka daga kl. 18.00
Discovery Channel er fáanleg í 2 FJÖLVARP ALLT 2 FJÖLVARP FRÆÐSLA 2 FJÖLVARP TOPPUR 2 FJÖLVARP LANDSBYGGÐ




arionbanki.is – 444 7000

Arion banki



**TIL NOTKUNAR Í KJARNORKUVERI** Þessi japanski vélbúningur, sem ætlaður var fötluðum, verður með tilheyrandi geislavörn notaður í neyðartilvikum í kjarnorkuverum. NORDICPHOTOS/AFP

Flugslysaæfing verður í vor:

## Fresta æfingu vegna leitar

**ÖRYGGISMÁL Umfangsmikil leit að týndum ferðamanni við Sólheimajökul sem staðið hefur yfir undanfarna daga veldur því að fresta þarf flugslysaæfingu á Keflavíkurflugvelli sem átti að fara fram í dag.**

**Eins og kunnugt er hefur leitin útheimt mikinn mannafla við leitarstörf og við skipulag. Æfingin sem verður haldin í vor er viðmikil, þar sem æfa á nýja flugslysaáætlun fyrir flugvöllinn. - shá**

10.918 án vinnu í október:

## Atvinnuleysið eykst lítillega

**VINNUMARKAÐUR** Skráð atvinnuleysi í október 2011 var 6,8 prósent en að meðaltali voru 10.918 atvinnulausir og fjölgaði um 0,2 prósentustig milli mánaða.

Atvinnuleysið var 7,7 prósent á höfuðborgarsvæðinu en 5,2 prósent á landsbyggðinni. Mest var það á Suðurnesjum, 11,5 prósent, en minnst á Norðurlandi vestra, 2,2 prósent. Atvinnuleysið var 6,5 prósent meðal karla og 7,2 prósent meðal kvenna.

Fjöldi þeirra sem hafa verið atvinnulausir lengur en sex mánuði er nú 6.666 og fækkar um 176. Þeir sem verið hafa atvinnulausir í meira en eitt ár voru 4.491 í lok október. - shá

**FRÉTTASKÝRING: Frumvarp um aðhaldsaðgerðir á Ítalíu**

# Hraða brottför Berlusconis

**Efri deild ítalska þingsins samþykkti í gær nýjar aðhaldsaðgerðir, sem vonast er til að geti komið ríkisfjármálum á réttan kjöl. Berlusconi getur sagt af sér þegar neðri deildin hefur samþykkt sömu lög.**

Fastlega er reiknað með því að neðri deild ítalska þingsins samþykki nú um helgina frumvarp um víðtækar aðhaldsaðgerðir, sem efri deild þingsins samþykkti í gær.

Silvio Berlusconi forsætisráðherra lýsti því yfir í síðustu viku, eftir mikinn þrýsting, að hann muni segja af sér þegar þingið hefur afgreitt þetta frumvarp.

Helst er talið að arftaki Berlusconis verði Mario Monti, ítalskur hagfræðingur sem sat í framkvæmdastjórn Evrópusambandsins frá 1994 til 2004.

Á miðvikudaginn var Monti gerður að öldungadeildarþingmanni til æviloka, en það er heiðursembætti sem fyrrverandi forsetar Ítalíu njóta ásamt fáeinum öðrum einstaklingum, sem þykja hafa skarað fram úr á sviði félagsmála, vísinda, lista eða bókmennta.

Þar með er Monti kominn með þingsæti og honum því ekkert að vanbúnaði að taka við forsætisráðherraembættinu. Honum var vel fagnað með miklu lófataki þegar hann mætti í þingið í fyrsta sinn í gær, stuttu áður en greidd voru atkvæði um aðhaldsfrumvarpið.

Aðhaldsaðgerðirnar, sem ítalska þingið hefur nú hraðað afgreiðslu á, fela í sér niðurskurð á ríkisútgjöldum og skattahækkanir, sem eiga samtals að spara ríkinu 59,8 milljónir evra eða 3,4 prósent af þjóðarframleiðslu landsins.

Meðal annars verður eftirlaunaaldur hækkaður í 65 ár og rúmlega það á næstu árum, laun opinberra starfsmanna fryst til ársins 2014, virðisaukaskattur hækkaður úr 20 í 21 prósent, fjármagnseignaskattur hækkaður í 20 prósent og nýr hátekjuskattur upp á þrjú prósent lagður á tekjur, sem eru yfir 300 þúsund evrum á ári, en það samsvarar nærri 48 milljónum króna.

Vonast er til að með þessu takist að koma í veg fyrir að Ítalía þurfi á neyðaraðstoð að halda úr sjóðum Evrópusambandsins og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, eins og



**MARIO MONTI** Var nefndur „Super-Mario“ meðan hann sat í framkvæmdastjórn ESB. NORDICPHOTOS/AFP

Grikkir, Írar og Spánverjar hafa nú þegar fengið.

Miklu ræður þar hvernig viðbrögð verða á verðbréfamörkuðum. Skuldatryggingarálag Ítalíu fór upp fyrir sjö prósent nú í vikunni, þegar óvissan var hvað mest um það hvort Silvio Berlusconi myndi segja af sér. Í gær lækkaði það niður fyrir 6,5 prósent, sem er merki um að markaðir hafi róast eitthvað nú þegar allt bendir til að frumvarpið verði samþykkt og Berlusconi segi af sér.

Nokkur óvissa er um hvort flokksfélagar Berlusconis munu allir veita Monti stuðning í embætti. Sumir þeirra sögðust frekar vilja að boðað verði til kosninga sem fyrst frekar en að mynduð verði ný ríkisstjórn undir forystu Montis.

„Ég er ekki á því að markaðirnir eigi að ráða hvaða stjórn er við völd,“ sagði Alfredo Matteoli samgönguráðherra í viðtali við ítölsku sjónvarpsstöðina Sky TG24. „Þegar erfiðleikar steðja að eiga kjósendur að taka ákvarðanir um vandamál þjóðarinnar.“

Aðrir ráðherrar hafa hins vegar lýst yfir stuðningi við Monti og Norðurbandalagið, samstarfsflokkur í stjórn Berlusconis, virðist hafa sæst á að Monti taki við.

Gríðarlegur þrýstingur hefur verið á Ítalíu að sýna fram á að þær umbætur og aðhaldsgerðir, sem gripið verður til, dugi til að skuldavandinn verði viðráðanlegur.

Dugi þessar ráðstafanir ekki þarf Ítalía væntanlega á fjárhagsaðstoð að halda frá Evrópusambandinu og Alþjóðagjaldeyrissjóðnum.

Fari allt á versta veg er þó ekki einu sinni víst að sú aðstoð dugi, en leiðtogar Evrópusambandsríkjanna hafa ekki efni á því að láta Ítalíu lenda í svo miklum vanda.



**Guðsteinn Bjarnason**
gudsteinn@frettabladid.is

## Möguleikar á björgun

Ítalía þarf á næsta ári að endurfjármagna 260 milljarða evra, þar af 45 prósent í febrúar og apríl, af þeirri heildarskuld sem á landinu hvílir. Heildarskuldin nemur 1.900 milljörðum evra, sem þýðir að Fjármálastöðugleikasjóður Evrópusambandsins, svonefndur neyðarsjóður eða björgunarsjóður, myndi ekki ráða við hana alla.




**1. Núverandi áætlun:** Greiða niður skuldir og efla hagvöxt. ESB og AGS vilja láta selja ríkiseignir og hækka eftirlaunaaldur. **Frumvarp væntanlega afgreitt á þingi nú um helgina.**

**2. Bráðabirgðalán:** Stöðugleikasjóður ESB og/eða AGS útvega Ítalíu 80 milljarða evra til að geta fengið lán á lægri vöxtum en þeim 7,5 prósentum sem nú bjóðast. **Berlusconi hafnaði þessu tilboði á leiðtogafundi G20-ríkjanna í síðustu viku.**

**3. Full björgun:** Veita Ítalíu vernd gegn verðbréfamörkuðum með því að greiða allar afborganir af skuldum næstu þrjú árin. **Þetta myndi kosta að minnsta kosti 518 milljarða evra, meira en heildarinneign björgunarsjóðs ESB, nema sjóðurinn fái meira fé að láni.**

**4. Altrygging:** Seðlabanki Evrópusambandsins prentar peninga til að tryggja alla 1.900 milljarðana sem Ítalía skuldar. **Sarkozy Frakklandsforseti styður þetta, en Merkel Þýskalandskanslari er algerlega andvíg þessu.**

HEIMILD: GRAPHIC NEWS





Til leigu!
Glæsileg verslunarrými í verslunarmiðstöðinni Krossmóa 4, í nýjum miðbæ Reykjanesbæjar

Stærðir: **73 fm** og **69 fm**, má samnýta í eitt öflugt **142 fm** rými.
Nánari upplýsingar í síma 421 5460, skuli@urtusteinn.is, urtusteinn.is

URTUSTEINN
fasteignafélag

# 30% AFSLÁTTUR AF GJAFAVÖRUM OG HÚSGÖGNUM. AÐEINS ÞESSA HELGI!




## LANGAR ÞIG Í EITTHVAÐ FALLEGT FYRIR JÓLIN?

SÓFAR SÓFABORÐ STÓLAR SPEGLAR RAMMAR RÚM KERTI BORÐSTOFUBORÐ LUGTIR MOTTUR DÝNUR VÆRÐARVOÐIR ILMKERTI DISKAR BAKKAR BORÐAR KÖNNUR GLÖS KERTASTJAKAR KOMMÓÐUR SÁPUR GANGABORÐ SKENKAR LJÓS SNAGAR BÓKASKÁPAR HILLUR KARÖFLUR JÓLAVARA KÖKUDISKAR VASAR MATARSTELL KRUKKUR SKEMLAR SÆNGURFÖT BOX STYTTUR PÚÐAR KÖRFUR SKÁLAR BLAÐAGRINDUR OG SVO MARGT ANNAÐ........

**Opið alla sunnudaga til jóla frá 13 til 17**

Síðumúla 30 - 108 Reykjavík - Sími 568 4242 - www.heimahusid.is

# HEIMA HÚSIÐ

**Opið virka daga 10-18**
**laugardaga 11-16**

Ondrogi mood lifum

GALLERY GÓLF
PARKET • FLÍSAR




**Skemmtigarðurinn opnar!**
Skemmtigarðurinn opnar um helgina á tveimur hæðum með yfir 100 leiktækjum. Taktu þátt í ævintýrinu.

**Lindex opnar!**
Biðin er á enda! Lindex er komin til Íslands. Komdu á opnunar-helgina og kauptu glæsilegan tískufatnað á frábæru verði.







smaralind.is **Opnunartímar:** Virka daga 11-19 Fimmtudaga 11-21 Laugardaga 11-18 Sunnudagur 13-18

# Helgin full af hamingju



**Komdu í Smáralind um helgina. Verslaðu í góðu næði, gerðu frábær kaup og njóttu þín með þeim sem þér þykir vænt um.**

Verslanir og veitingastaðir Smáralindar taka vel á móti þér alla helgina. Komdu fagnandi.

Við hlökkum til að sjá þig!

Smáralind

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Stuðningur stjórnar SA við aðildarviðræður við Evrópusambandið sætir tíðindum.

## Atvinnulífið vill klára málið

Samþykkt stjórnar Samtaka atvinnulífsins, þar sem hvatt er til að aðildarviðræðum við Evrópusambandið verði lokið og aðildarsamningur borinn undir þjóðaratkvæði, sætir nokkrum tíðindum.

Til þessa hafa Samtök atvinnulífsins sem slík ekki beitt sér fyrir aðildarumsókninni þótt meirihluti aðildarsamtakanna hafi lýst stuðningi við hana. Það er ólíkt því sem gerzt hefur í nánast öllum öðrum Evrópulöndum sem sótt hafa um aðild að ESB. Þar hafa heildarsamtök atvinnulífsins verið einn helzti bakhjarl aðildarumsóknar og talað fyrir henni á opinberum vettvangi.

SKOÐUN



Ólafur Þ. Stephensen
olafur@frettabladid.is

Þegar SA hafði uppi tilburði í sömu átt í árslok 2008 hótaði Landssamband íslenzkra útvegsmanna að segja sig úr samtökunum og í nafni samstöðu ákvað meirihluti aðildarsamtaka SA, sem var fylgjandi því að sækja um aðild að ESB, að láta kyrrt liggja.

Síðan hefur það gerzt að Alþingi ákvað að sækja um aðild að Evrópusambandinu og aðildarviðræðurnar eru komnar á rekspöl. Undanfarið hafa háværar raddir talað fyrir því að viðræðunum verði hætt og aðildarumsóknin dregin til baka. Meirihlutinn í stjórn Samtaka atvinnulífsins, fulltrúar fyrirtækja í iðnaði, ferðaþjónustu, fjármálastarfsemi, verzlun og þjónustu, telur nú greinilega tímabært að samtökin láti í sér heyra til að svara þeim röddum. Nú liggur fyrir að stærstu heildarsamtök launafólks í landinu, Alþýðusambandið, og heildarsamtök atvinnurekenda tala bæði fyrir því að aðildarviðræðurnar verði til lykta leiddar.

Á átakafundi í stjórn SA, þar sem ályktunin var samþykkt, var þeim möguleika meðal annars velt upp að bíða með hana þar til eftir landsfund Sjálfstæðisflokksins. Um þær hugmyndir sagði Margrét Kristmannsdóttir, formaður Samtaka verzlunar og þjónustu, í Fréttablaðinu í gær: „Samtök atvinnulífsins eiga ekki að hafa skoðun eða álykta með og á móti eftir því hvenær stjórnmálaöfl í landinu halda landsfundi. Við erum ekki deild í einum flokki, við erum bara að vinna að hagsmunum atvinnulífsins.“

Þetta er rétt hjá Margréti en þó dyljast engum tengslin á milli forystu Samtaka atvinnulífsins og Sjálfstæðisflokksins. Sjálfstæðisflokkurinn gefur sig enda út fyrir að vera flokkur sem vill búa öflugu atvinnulífi samkeppnishæf rekstrarskilyrði og hefur lengst af staðið undir nafni sem slíkur.

Ekki er líklegt að ályktun stjórnar SA hafi mikil áhrif á afstöðu landsfundar Sjálfstæðisflokksins til aðildarumsóknarinnar. Þó blasir við, þegar hún liggur fyrir, að sá frambjóðandi sem vinnur formannsslaginn á landsfundinum mun þurfa að leggja talsvert á sig til að sannfæra forystufólk í atvinnulífinu um að sú stefna að draga aðildarumsóknina til baka sé rétt. Þessi stefna er eitt af því fjölmarga sem Bjarni Benediktsson og Hanna Birna Kristjánsdóttir eru sammála um – en um leið blasir við að stór hluti atvinnulífsins og þar með baklands flokksins er þeim ósammála.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871

TIL LEIGU

HÁRGREIÐSLUSTOFA

MEÐ BÚNAÐI, MIÐSVÆÐIS Í REYKJAVÍK.
MJÖG HAGSTÆÐ KJÖR FYRIR RÉTTA AÐILA.
GOTT TÆKIFÆRI FYRIR FAGFÓLK AÐ TAKA SAMAN HÖNDUM OG HEFJA EIGIN REKSTUR.

**OPIÐ HÚS KL. 16-17 SUNNUDAGINN 13. NÓVEMBER**



Vinsamlega sendið fyrirspurnir á netfangið
furugerdi3@gmail.com eða í síma 693-8310




AF KÖGUNARHÓLI ÞORSTEINS PÁLSSONAR

## Boðskapur erkibiskups

*Í ljósi breytinga á markmiði um nafnvöxt útgjalda gætu endanleg fjárlög falið í sér meiri útgjöld en felast í frumvarpinu eða að verr muni ganga að ná markmiði frumvarpsins um aðhald í rekstri. Hver endanleg afkoma verður og hvaða áhrif hún mun hafa á skuldsetningu hins opinbera er því háð töluverðri óvissu. Verði slakinn í ríkisfjármálum meiri en felst í grunnspánni gæti innlend eftirspurn orðið eitthvað sterkari til skemmri tíma en nú er spáð. Á móti er hætt við að aukinn halli geti þrýst upp innlendu vaxtastigi og þannig rutt í burtu fjárfestingaráformum einkaaðila. Fjármögnunarkostnaður hins opinbera yrði jafnframt meiri, sérstaklega ef áhættuálag á skuldbindingar ríkissjóðs færi að hækka á ný. Þrýstingur á gengi krónunnar gæti því aukist og þar með hætta á meiri verðbólgu sem myndi að öðru óbreyttu kalla á meira peningalegt aðhald. Efnahagsbatinn gæti því orðið hægari sem að öðru óbreyttu myndi grafa undan forsendunni fyrir sjálfbærni opinberra skulda.“*



ÞORSTEINN PÁLSSON

Þetta er ekki tilvitnun í oddvita stjórnarandstöðunnar í fjárlaganefnd. Kaflinn er heldur ekki úr ræðu forseta ASÍ eða textum talsmanna Samtaka atvinnulífsins. Hér er á ferðinni rúmlega vikugömul aðvörun bankastjóra Seðlabankans í ritinu Peningamálum. Hennar hefur að litlu verið getið þó að efni hafi staðið til annars.

Þegar Jóhannes Nordal lét álit sitt í ljós á viðsjárverðum tímum var því bæði í kerski og alvöru jafnað við erkibiskups boðskap. Engum gat þá dulist að bregðast þurfti við. Á stuttum ferli hefur núverandi seðlabankastjóri skiljanlega ekki náð viðlíka áhrifum. En ríkisstjórnin hefur þó ekki ástæðu til að ætla að hann mæli af óheilindum í hennar garð.

## Fjármálareglan sprungin

Seðlabankinn rifjar upp að á síðasta ári setti ríkisstjórnin sérstaka fjármálareglu. Tilgangur hennar var að setja þak á nafnvöxt ríkisútgjalda. Þetta var merkileg og ábyrg ákvörðun. En nú aðeins ári síðar er ríkisstjórnin sprungin á ætlunarverkinu. Seðlabankastjóra hefur því þótt rétt að senda út sterka viðvörun.

Aðvörunin er að sönnu ekki spá. En af henni verður þó ekki dregin önnur ályktun en að hætta sé á að illa geti farið að öllu óbreyttu. Vænleg framtíð þjóðarinnar byggist hins vegar á því að menn hugsi sinn gang og velji nýja leið framhjá hættusvæðinu.

Boðskapurinn úr Seðlabankanum segir að þjóðarbúskapurinn sé nærri því að sogast inn í gamalkunnan vítahring. Hringrásin er þessi: Veruleg hætta er á of miklum halla á ríkissjóði. Það kallar á hækkun vaxta. Fari svo minnka möguleikar atvinnufyrirtækjanna til að auka fjárfestingu. Lántökukostnaður ríkisins vex. Gengi krónunnar lætur undan síga þrátt fyrir höftin.

Sú hlið sem snýr að almenningi er þessi: Nýju atvinnutækifærin koma ekki. Velferðin skerðist. Verðbólgan étur upp launin. Húsnæðislánavandinn vex. Með öðrum orðum: Efnahagsbatinn verður hægari en vera þyrfti. Það grefur undan möguleikum Íslands til að standa undir erlendum skuldum.

## Sjálfumgleði

Það merkilega er að þessi hvassa aðvörun hefur engin áhrif haft á stjórnmálaumræðuna sem í vaxandi mæli einkennist af ótrúlegri sjálfumgleði. Annars vegar láta menn eins og Ísland hafi gert allt rétt meðan aðrir gerðu allt vitlaust. Hins vegar hlakkar í mönnum vegna skuldavanda nokkurra ríkja sem nú skekur efnahagslíf Evrópu. Myndin sem dregin er upp sýnir Ísland í skjóli meðan önnur ríki Evrópu brenna. Það er falsmynd.

Veruleikinn er sá að hér voru gerð alvarleg mistök, sérstaklega í stjórn peningamála, rétt eins og í Grikklandi, á Írlandi og Ítalíu. Verðbólgan á Íslandi frá 2006 er áttföld á við Írland. Mánuðina fyrir hrun komu seðlabankamenn bónleiðir og ráðalausir til búðar eftir fundi austan hafs og vestan. Þeim tókst ekki að bjarga krónunni. Eftir hrunið fékkst aðstoð nokkurra Evrópusambandsríkja á vegum AGS með ströngum skilyrðum um aðhald í ríkisfjármálum og peningamálum.

Við höfum því hvorki efni á að hneykslast á þeim ríkjum sem biðja um hjálp né hinum sem aðstoð veita og binda hana skilyrðum.

Neyðarlögin og samstarfið við AGS voru rétt viðbrögð sem skiluðu árangri, en þó ekki þeim sem að var stefnt af því að þeim var ekki nægjanlega vel fylgt eftir. Það eru því hrapalleg mistök að gefa tauminn lausan á ný. Þeir sem það gera loka augunum fyrir því hvar Ísland er statt. Hinir sem fyllast sjálfumgleði og vandlætingu gagnvart samstarfi þeirra þjóða sem nú glíma við sama vanda eru líka meðvitundarlausir um stöðu Íslands.

Skuldakreppan í heiminum verður aðeins leyst með alþjóðlegu samstarfi.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is* **HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is* **ÍÞRÓTTIR:** Sigurður Elvar Þórólfsson *seth@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*


GALLERY GÓLF
PARKET & FLÍSAR
FAGLEG OG PERSÓNULEG ÞJÓNUSTA
TILBOÐSDÖGUM LÝKUR UM HELGINA
25 - 50% AFSLÁTTUR AF FLÍSUM
25% AFSLÁTTUR AF PARKETI
HEIMA HÚSIÐ
Opið virka daga 10-18
laugardaga 11-16
mood lifum
GALLERY GÓLF
PARKET & FLÍSAR
Síðumúla 30 - 108 Reykjavík - Sími 562 4242 www.heimahusid.is

# Skuldastaða Reykjanesbæjar

Sveitarstjórnarmál

Guðbrandur Einarsson
íbúi í Reykjanesbæ



Að undanförnu hafa verið að birtast greinar um slæma skuldastöðu Reykjanesbæjar. Ný sveitarstjórnarlög sem samþykkt voru á síðasta þingi heimila ekki skuldsetningu sveitarfélaga umfram 150% af tekjum þeirra. Verður sveitarfélögum veittur frestur til þess að laga sig að þessum veruleika. Þetta mun gera nokkrum sveitarfélögum erfitt fyrir, þar sem skuldsetning þeirra er langt umfram þessi mörk og því mun vafalaust þurfa að grípa til sársaukafulls niðurskurðar til þess að laga sig að þessum skilyrðum.

**Staða Reykjanesbæjar**

Reykjanesbær hefur oft verið nefndur í fyrirsögnum sem eitt þessara sveitarfélaga sem hvað verst eru stödd og hefur oft verið verið flokkaður með Álftanesi þegar kemur að umræðu um stöðu sveitarfélaga. Bæjarstjórinn í Reykjanesbæ hefur brugðist við þessu og haldið á lofti annarri hlið á málinu sem illa hefur komist til skila. Bæjarstjórinn hefur m.a bent á að til séu eignir sem munu innan ekki mjög langs tíma laga þessa skuldastöðu til muna.

**Raunveruleg staða**

Skv. síðasta ársreikningi skuldar Reykjanesbær 395% af tekjum sínum þ.e 28.561.984.000.- (skuldir og skuldbindingar) / 7.229.424.000.- (tekjur A hluta) = 395%.

Ef eignarhluti efnahagsreiknings er skoðaður koma í ljós eignir sem mun vera hægt að koma í verð á skömmum tíma. Helst ber að nefna skuldabréf vegna sölunnar á HS Orku sem bókað er á 5.891.000.000.- í ársreikningi. Það skuldabréf er væntanlega á gjalddaga 2013.

Að auki má nefna inneign í Landsbanka (gamla Sparisjóðnum) kr. 2.489.000.000.- sem stofnuð var með útgáfu skuldabréfs á sínum tíma þegar reynt var að koma Sparisjóðnum til bjargar. Samtals eru þessar eignir að upphæð krónur 8.380.000.000.- og ef þessi upphæð verður öll nýtt til uppgreiðslu skulda verður staðan önnur, eða 28.561.984.000.- – 8.380.000.000.- eða rúmir tuttugu milljarðar sem væri þá u.þ.b 285% af tekjum. Sala á landi til ríkisins getur síðan lagað þessa stöðu enn frekar en slíkt mun vera á döfinni.

> Skuldastaða Reykjanesbæjar gæti hugsanlega orðið sú að sveitarfélagið skuldaði 270% af tekjum sínum …

**Er þá allt í lagi?**

Staða Reykjanesbæjar gæti hugsanlega orðið sú að sveitarfélagið skuldaði 270% af tekjum sínum ef rétt verður að málum staðið og þeir fjármunir sem hægt verður að losa á næstu árum verða nýttir til uppgreiðslu skulda. Hvað þýðir það fyrir okkur? Raunverulegar skuldir okkar væru þá u.þ.b. tuttugu milljarðar og við þyftum þá að minnka þá skuld niður í um 11 milljarða. Það þýðir að spara þarf níu milljarða á komandi árum til þess að uppfylla skilyrði laganna.

Það verður hlutverk sitjandi bæjarfulltrúa að finna leiðir til þess. Vonandi taka þeir þetta hlutverk sitt alvarlega.

# Engin þöggun á leikskólum í Reykjavík

Menntamál

Jón Gnarr
borgarstjóri



Engin óvissa ríkir um leikskólana í Reykjavík. Þeir eru vel reknir og þar starfar frábært fagfólk sem hefur náð miklum árangri í starfi og veitir mjög góða þjónustu. Þessi misserin er stórátak í gangi í leikskólastarfi í Reykjavík.

Í dag njóta um 7.000 börn umönnunar og kennslu á leikskólum borgarinnar. Þau hafa aldrei verið fleiri. Á þessu ári hefur Reykjavíkurborg unnið markvisst að því að taka inn í leikskólana stærsta árgang sem fæðst hefur á Íslandi en það eru börn sem fæddust á árinu 2009. Tekist hefur ljómandi vel að koma öllum þessum börnum fyrir en þau eru 1.725 talsins. Til þess að mæta þessari barnasprengju, sem allir Íslendingar hljóta að fagna, voru settar yfir 500 milljónir aukalega í málefni leikskólanna enda er það markmið okkar að barnafjölskyldum líði vel í Reykjavík

Við höfum gefið fyrirheit um að öll börn fædd árið 2010 fái leikskólapláss á árinu 2012. Við það verður staðið. Börnin verða tekin inn í leikskólana í áföngum og verða öll komin með pláss í síðasta lagi haustið 2012, árið sem þau verða tveggja ára. Mér sýnist að staðan hjá mörgum stærri sveitarfélögum landsins sé mjög svipuð.

Þegar þessi stóri árgangur verður allur kominn inn í leikskóla næsta haust munu 7.100 börn verða við leik og nám í leikskólum í Reykjavík. Leikskólagjöld í Reykjavík eru enn þá með þeim lægstu á landinu. Ég tel því að við getum verið stolt af leikskólunum okkar, því öfluga starfi sem þar er unnið og því sem við höfum þegar áorkað í þágu barnafjölskyldna í borginni.

Nú á haustmánuðum er eins og reynt hafi verið að skapa ástæðulausa óvissu og tortryggni meðal foreldra og aðstandenda um að þjónusta leikskólanna í Reykjavík sé ekki nógu góð eða víðtæk, starfsemin sé á milli steins og sleggju. Því hefur jafnvel verið haldið fram að þjónusta við barnafólk sé verri en verið hefur og

> Að lokum vil ég segja þetta. Leikskólarnir í Reykjavík eru reknir með miklum myndarskap og aðbúnaðurinn hefur aldrei verið betri. Hér er eitt besta leikskólakerfi í heimi.

Allir hljóta að skilja að fjármagnið til þessa mikilvæga verkefnis var ekki auðfundið í tekjusamdrætti síðustu ára.

Hvert leikskólapláss kostar að meðaltali 2 milljónir króna á ári. Það liggja því miklir fjármunir bundnir í rekstri leikskólanna. Frá árinu 2008 hafa útgjöld til leikskólamála aukist um rúman milljarð í Reykjavík. Rekstur leikskólanna kostar nú um 10 milljarða á ári. Það eru miklir peningar. Börnum í leikskólum í Reykjavík er að fjölga um 600 á nokkrum árum. Þessi fjölgun barna í leikskólunum er svipuð því og sex nýir leikskólar hafi bæst við en að meðaltali eru um 100 börn í leikskólum í Reykjavík.

Á næsta ári stendur Reykjavíkurborg frammi fyrir því að innrita svipaðan fjölda barna á leikskóla í Reykjavík. Börn fædd árið 2010 í Reykjavík eru 1.787 samkvæmt nýjustu tölum. Sem betur fer hefur verið búið vel í haginn fyrir þennan stóra og fjöruga hóp. Húsnæðið er þegar til staðar en færanlegum stofum hefur verið bætt við leikskóla í hverfum þar sem þörfin er mest. Þetta þýðir að rýmin í fermetrum talið eru þegar til en fjármagn vantar á þessu ári til að innrita fleiri börn en þau 70 af 2010 árganginum sem þegar hafa verið innrituð, enda var ekki gert ráð fyrir að innrita 2010 árganginn fyrr en á árinu 2012.

aðstæður á leikskólunum jafnvel stórhættulegar. Sagt er að á leikskólunum standi fólk verkefnalítið og í óvissu um framhaldið. Jafnframt hefur verið hamrað á því að starfsfólki leikskólanna sé bannað að tjá sig um hitt og þetta og orðið þöggun notað í því samhengi.

Þetta er allt víðs fjarri sannleikanum. Ekki stendur til að segja neinum upp á leikskólum í Reykjavík. Engum hefur heldur verið bannað að tjá sig. Leikskólastjórar fengu á dögunum senda vinsamlega ábendingu í tölvupósti frá fagstjóra skóla- og frístundasviðs um að beina fyrirspurnum frá fjölmiðlum til upplýsingadeildar til að fyrirbyggja misskilning og tryggja samræmd og örugg svör frá borginni. Það eru aðeins fagleg vinnubrögð því Reykjavíkurborg vill veita skýr svör við sem flestu eins skjótt og auðið er.

Að lokum vil ég segja þetta. Leikskólarnir í Reykjavík eru reknir með miklum myndarskap og aðbúnaðurinn hefur aldrei verið betri. Hér er eitt besta leikskólakerfi í heimi.

Þennan mikla árangur ber fyrst og fremst að þakka því góða og faglega fólki sem vinnur á leikskólunum. Og þessu fólki, jafnt sem öðrum starfsmönnum Reykjavíkurborgar, er að sjálfsögðu frjálst að tjá sig opinberlega um hvaðeina sem því dettur í hug.



Kees Visser fyrirlestur og opnun sýningar

Velkomin á opnun **sýningar og fyrirlestur** myndlistarmannsins Kees Visser í dag kl. 13.30. Fyrirlesturinn sem ber heitið **Talk is cheap** fer fram í ráðstefnusal Arion banka, Borgartúni 19.

Kees Visser er af hollensku bergi brotinn en fluttist til Íslands 1976. Hann tengdist landinu strax sterkum böndum og var einn af stofnendum Nýlistasafnsins.

**Allir velkomnir**

arionbanki.is — 444 7000

Arion banki

AF NETINU

### Áform Huangs Nubo

Það er eins og Magnús Orri, Árni Páll efnahags- og viðskiptaráðherra, og margir aðrir ráðamenn, hafi verið á fjöllum síðustu tíu árin, og hafi aldrei heyrt um auðjöfra sem lofa gulli og grænum skógum, en sem reynast síðan aðeins hafa áhuga á því sem þeir sannanlega hafa haft mestan áhuga á, nefnilega að græða sem mesta peninga, sama hvernig að því er farið. Ekki vill maður frýja þessum stjórnmálamönnum vits. Hvað er það sem drífur þá áfram í þessu máli?

http://blog.eyjan.is/einar/

Einar Steingrímsson

# Jól í BYKO Breidd!



BYKO

## Full verslun af jólaljósum og jólaskrauti



## Komdu og upplifðu jólaþorpið

Bættu við í safnið!

LEMAX

### Glæsilegt jólaþorp!

Komdu í BYKO Breidd og upplifðu jólaþorpið frá Lemax.

Vinsælu Lemax jólavörurnar samanstanda af ótrúlega breiðu úrvali af húsum landslagi og fallegum styttum.
Hægt er að bæta við og byggja upp jólaþorpin ár frá ári.

## Jólahlaðborð í BYKO Breidd!



Jólahlaðborð
**1.290kr.**
börn 12 ára og yngri 800 kr

Um helgin verður glæsilegt jólahlaðborð í BYKO Breidd, laugardag og sunnudag kl. 11:30 - 14:00



## Fáðu ráðgjöf í jólaskreytingum!

Sérfræðingur í jólaskreytingum verður með ráðgjöf á uppsetningu á jólaljósum og skrauti í BYKO Breidd í dag, laugardag.

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/ eða myndabrengl. EXPO · www.expo.is


OPIÐ ALLA DAGA
FRÁ KL. 13.00-23.00
KOMDU AÐ LEIKA!
Við opnum í dag kl. 13
POOL
LEIKJA GOLF
LASERTAG
SPORTBAR
LASERTAG
TAKTU ÞÁTT Í ÆVINTÝRINU
KLESSUBÍLAR
100 SKEMMTILEG LEIKTÆKI
Skemmtigarðurinn Smáralind býður upp á frábæra skemmtun fyrir alla aldurshópa á tveimur hæðum á alls 2.000 fermetrum.
Allir geta fundið eitthvað við sitt hæfi í 100 leiktækjum af ýmsum stærðum og gerðum.



7D BÍÓ
SLEGGJAN
7D BÍÓ
KEILA
KLESSUBÍLAR
TÍVOLÍLEIKIR
Fallturninn
TÍVOLÍ VINNINGAR
SLEGGJAN
Skemmtigarðurinn
SMÁRALIND
www.skemmtigardur.is

# Fiskistofnar og virkjanir

Orkumál



Hörður Arnarson
forstjóri Landsvirkjunar

Um árabil hefur verið unnið að rannsóknum á lífríki Þjórsár en ítarlegar rannsóknir hafa átt sér stað á fiskistofnum í ánni allt frá árinu 1973, bæði á vegum Landsvirkjunar og Veiðimálastofnunar. Rannsóknir á lífríki árinnar eru mikilvægar af mörgum ástæðum, meðal annars til þess að geta sem best sagt fyrir um áhrif nýrra virkjana á viðkvæma og dýrmæta fiskistofna í ánni.

Landsvirkjun leitast við að hámarka afrakstur af þeim orkulindum sem fyrirtækinu er trúað fyrir með sjálfbæra nýtingu, verðmætasköpun og hagkvæmni að leiðarljósi. Það er fyrirtækinu því mikilvægt að lágmarka, eins og mögulegt er, áhrif virkjana á fiskistofna sem og annað lífríki og umhverfi í nágrenni þeirra. Verði ákveðið að reisa fyrirhugaðar virkjanir í neðanverðri Þjórsá leggur Landsvirkjun áherslu á að ráðist verði í umfangsmiklar mótvægisaðgerðir sem byggðar eru á niðurstöðum áðurnefndra rannsókna.

### Breytt hönnun virkjana

Við mat á umhverfisáhrifum fyrir Urriðafossvirkjun sem fram fór árið 2003 komu fram áhyggjuraddir vegna laxastofnsins í Þjórsá. Landsvirkjun voru sett margvísleg skilyrði sem uppfylla þyrfti ef ráðist yrði í byggingu virkjananna. Í kjölfarið ákvað Landsvirkjun að ráðast í frekari breytingar, umfram það sem kveðið var á um í skilyrðum Skipulagsstofnunar. Markmið þeirra breytinga og mótvægisaðgerða er að lágmarka neikvæð áhrif þeirra þriggja virkjana í neðanverðri Þjórsá sem til umfjöllunar eru í Rammaáætlun um nýtingu vatnsafls- og jarðvarma: Holta-, Hvamms- og Urriðafossvirkjun.

Fyrirhugaðar mótvægisaðgerðir eru byggðar á niðurstöðum rannsókna og tillögum Veiðimálastofnunnar. Þær munu tryggja lágmarksrennsli sem nemur 10-15 m3/s neðan lóna svo árfarvegir þorni aldrei upp. Lónhæðir við Urriðafossvirkjun og Holtavirkjun hafa verið lækkaðar um einn metra frá því mat á umhverfisáhrifum fór fram en við það eykst rennslishraði um lónin sem hefur jákvæð áhrif á göngur og lífsskilyrði laxa og niðurgöngu seiða. Í þessum virkjunum verða auk þess sérstakir Kaplan hverflar sem auka lífsmöguleika seiða fremur en aðrar gerðir.

Fiskistigar verða gerðir við stíflur Urriðafossvirkjunar og Hvammsvirkjunar. Reynsla frá fiskistiga við Búðafoss sem settur var upp árið 1991 er góð og eftir gerð hans hefur lax numið land fyrir ofan fyrirhugaða Holtavirkjun. Líta má á gerð fiskistigans sem einskonar snemmbúna mótvægisaðgerð. Við Urriðafossvirkjun er gert ráð fyrir sérhannaðri seiðafleytu en og við þá virkjun er fallhæð mest, eða 41 metri.

Í Þjórsá fara 98% af veiði fram með netum neðarlega í ánni. Landsvirkjun stefnir að því að kaupa upp stóran hlut þessara veiðiréttinda svo draga muni verulega úr veiði í ánni. Meðal tillagna Veiðimálastofnunar er að búa í haginn fyrir stangveiði með ýmsum aðgerðum í farvegum milli virkjana. Meðal annarra mótvægisaðgerða er að nýta góð uppeldissvæði ofan gönguhindrana í þverám ofan Hvammsvirkjunar. Munu slíkar aðgerðir vega að hluta til upp á móti neikvæðum áhrifum sökum fyrirhugaðra virkjana.

### Opin umræða mikilvæg

Verði það niðurstaðan að Alþingi ákveði að samþykkja Rammaáætlun um nýtingu vatnsafls- og jarðvarma með virkjanir í neðanverðri Þjórsá í nýtingarflokki, er það hlutverk Landsvirkjunar að leggja ríka áherslu á að lágmarka neikvæð umhverfisáhrif af þeim virkjunum. Landsvirkjun bindur vonir við að þær mótvægisaðgerðir sem lagðar eru til byggðar á rannsóknum á fiskistofnum í Þjórsá muni skila þeim árangri að áhrif virkjananna á stærð laxastofnsins verði óveruleg. Rannsóknir munu halda áfram og fyrirtækið mun leggja sig fram við að taka tillit til nýrra og áður óþekktra rannsóknarniðurstaðna, og reyna eftir bestu getu að koma til móts við áhyggjuraddir vegna lífríkisins með mótvægisaðgerðum studdum traustum rannsóknarniðurstöðum.

Hvað starfsemi Landsvirkjunar varðar þá er það okkar stefna að starfa á opinn og gagnsæjan hátt. Við teljum mikilvægt að kynna bæði stefnu okkar og niðurstöður rannsókna opinberlega og heiðarlega. Nánar er hægt að kynna sér rannsóknir á fiskistofnum í Þjórsá á heimasíðu Landsvirkjunar undir umhverfismál, rannsóknir og áhrif virkjana á fiskistofna í Þjórsá.

# Skemmtilegri leikskólar?

Menntamál



Líf Magneudóttir
fulltrúi VG í skóla- og frístundaráði

Í hádegisfréttum RÚV 8. nóvember tjáði borgarfulltrúi meirihlutans í Reykjavík sig um þá stöðu sem blasir við í málefnum leikskóla borgarinnar. Fyrr um daginn birtist fréttatilkynning frá Reykjavíkurborg um að verið væri að kanna hvort fjárhagur borgarinnar leyfði inntöku barna sem fædd voru 2010 í áföngum. Í kvöldfréttum sjónvarps 9. nóvember heyrðist loks í borgarstjóra og varaformanni skóla- og frístundaráðs. Allt var þetta vel æft, samhæfð viðbrögð og endurómun fréttatilkynningarinnar sem birtist á vef Reykjavíkurborgar. Sem sagt, eitthvað af tölum og útreikningum og fyrirslátturinn að verið sé að taka við stærsta árgangi Íslandssögunnar og ekki sé til nægilegt fjármagn til að setja í leikskólana. Ekkert þeirra (og fréttatilkynningin ekki heldur) gat hins vegar svarað spurningunni sem brennur á fólki með sannfærandi hætti. Af hverju má ekki bjóða börnum þau leikskólapláss sem þó eru laus?

Það er ljóst að stóran hluta lausra plássa má nýta án þess að ráða starfsfólk. Til þess að fylla öll pláss og jafnvel bæta við plássum þarf hins vegar að ráða starfsfólk. Ef leikskólarnir eru nú þegar byggðir og þegar mannaðir nógu mörgum þá er erfitt að finna rökin gegn því að hleypa inn nokkrum börnum til viðbótar. Meirihlutinn hefur haldið því fram að meðalkostnaður við hvert barn sem sækir leikskóla í Reykjavík sé tvær milljónir á ári. Það má vel vera rétt. En þegar við erum að hugsa um að taka inn fleiri börn er það ekki meðalkostnaðurinn sem skiptir máli heldur viðbótarkostnaðurinn við að taka inn hvert barn. Og hann er örugglega mun nær því að vera núll en tvær milljónir.

Um þetta vill meirihlutinn ekki ræða. Yfirlýsingar hans fjalla um eitthvað allt annað. Í viðtölum talar hann um eitthvað allt annað. Til þess að tryggja stjórn sína á umræðunni á öll upplýsingamiðlun að fara í gegnum upplýsingafulltrúa. Þessi vinnubrögð meirihlutans eru forkastanleg. Upplýsingarnar lágu fyrir í lok sumars en málið hefur aldrei verið rætt á vettvangi skóla- og frístundaráðs. Engin umræða hefur farið þar fram og ekkert hefur verið ákveðið á þeim vettvangi um málið. Sama á við um borgarráð. Það er ótækt að ákvarðanir sem þessar séu teknar af aðilum sem enginn þekkir á stöðum sem enginn veit um. Það eru verstu ákvarðanirnar – þær sem enginn tekur – því enginn ber þá ábyrgð á þeim.

Nú heldur meirihlutinn því fram að borgin haldi 40 plássum auðum svona upp á að hlaupa. Þetta er ekki rétt. Þetta er pólitísk ákvörðun hverju sinni. Engar verklagsreglur segja til um þetta. Borgarstjóri sagði í viðtali við RÚV 9. nóvember að plássunum væri haldið til vara – svona til neyðar – „ef að við skyldum einhverra ástæðna vegna þurfa nauðsynlega á þeim að halda“. Heldur hann því þá fram að börnin sem nú bíða eftir plássum þurfi ekki á þeim að halda? Það geta því ekki talist góð vinnubrögð að halda 40 plássum auðum.

Það er alveg ljóst af yfirlýsingum meirihlutans að þau vilja ekki byrja að innrita börn fædd 2010 strax. Verður helst ráðið að þau vilji ekki innrita börn fædd 2010 í leikskóla fyrr en haustið 2012. En þá verður bróðurpartur barnanna orðinn tveggja ára. Fram að þeim tíma lætur meirihlutinn í Reykjavík sér það hins vegar í léttu rúmi liggja þó að laus pláss séu á leikskólum borgarinnar. Þetta er að mínu mati stöðnun. Áðurnefndur borgarfulltrúi hélt því fullum fetum fram í útvarpsviðtali að Reykjavíkurborg væri á góðum stað – að leikskólamálin væru á góðum stað í dag. Það get ég ekki tekið undir og allra síst nú eftir seinkun innritunar barna, sameiningar leikskóla, fækkun stjórnendastaða, minni undirbúningstíma starfsmanna og almennan niðurskurð í leikskólum.

Þetta er nefnilega ekki spurning um fjármagn heldur forgangsröðun og það er sorglegt að sjá kjörna fulltrúa skýla sér á bak við „bága fjárhagsstöðu borgarinnar“ þegar þeir þurfa að svara fyrir afturför í málefnum barna í leikskólum. Stefna meirihlutans í borginni ber vott um fádæma skilningsleysi á grunnstoðum og innviðum samfélagsins. Reykvíkingar hafa fengið að finna tilfinnanlega fyrir því á eigin skinni og ekki er útséð með áhrifin af vondum ákvarðanatökum. Hann er því holur hljómurinn í kosningaloforði Besta flokksins um skemmtilegri leikskóla og mér er það til efs að menntamál borgarinnar eigi sér skjól í faðmi Samfylkingarinnar.


# GILDI HÁSKÓLAMENNTUNAR

## SAMEINING HÁSKÓLANNA, KOSTIR OG GALLAR

## 15. NÓVEMBER Á GRAND HÓTEL REYKJAVÍK, KL. 13-16 Í GULLTEIG B



**Stéttarfélagið Fræðagarður** stendur að ráðstefnu um Gildi háskólamenntunar með áherslu á kosti og galla við sameiningu háskólanna í landinu

**Helga B. Kolbeinsdóttir**, formaður Fræðslu- og ráðstefnusjóðs Fræðagarðs setur ráðstefnuna.

**Jón Atli Benediktsson**, aðstoðarrektor vísinda og kennslu við Háskóla íslands: „Háskóli Íslands er í senn virtur rannsóknaháskóli og öflug menntastofnun sem hefur þjónað íslensku þjóðinni í 100 ár“.

**Stefán B.Sigurðsson**, rektor Háskólans á Akureyri: „Mikilvægi háskólamenntunar á landsbyggðinni og samstarf háskólastofnana“.

**Dr. Ari Kristinn Jónsson**, rektor Háskólans í Reykjavík: „Mikilvægi óháðs gæðamats í háskólastarfi. Gæði og ávinningur grundvöllur skipulags háskóla“.

**Guðrún Högnadóttir**, framkvæmdastjóri Opna háskólans: "Lífstíðarlærdómur - þekking í þágu þjóðar".

**Katrín Jakobsdóttir**, menntamálaráðherra: „Inntak háskólastarfsemi og fjöldi stofnana“.

Fundarstjóri er **Sr. Bragi Skúlason**, formaður Fræðagarðs.

**Allir eru velkomnir á ráðstefnuna, aðgangur er ókeypis og hægt er að skrá þátttöku á netfanginu:** www.bhm.is/fraedagardur/fraedsla

FRÆÐAGARÐUR


# Vaðlaheiðargöng og pólitískt þrek

Samgöngumál



Gunnlaugur Fr. Jóhannsson
rafvirkjameistari

Það þurfti pólitískan kjark til þess að rífa Ísland upp úr fátæktinni og byggja nútímaþjóðfélag. Engir arðsemisútreikningar hefðu getað réttlætt heilbrigðisþjónustuna – þar sem ég starfaði lengstum – skólakerfið eða samgöngubæturnar. Allt var þetta byggt á eldmóði og hugsjón, með áræði og bjartsýni. Úrtölumenn voru nægir þá sem nú.

Vaðlaheiðargöngin mælast varla sem stórvirki á skala íslenskrar uppbyggingar en gætu vissulega bætt lífskjör okkar hér á Norður- og Austurlandi. Göngin leysa af hólmi hættulegan veg. Fyrst er vegurinn krókóttur, hæðóttur og með fjölmörgum tengingum svo minnir á húsagötu. Sjálft fjallaskarðið lokast síðan auðveldlega á vetrum, sem er meirihluti ársins ef mér leyfist að minna á þá augljósu staðreynd. Þetta er lífshættulegur vegur samkvæmt umferðartölfræðinni. Auk þessa sparast tími, leiðir styttast, ferðamennska fær ný tækifæri og fólk getur farið lengri veg í vinnu.

Við Akureyringar höfum borgað vegatoll í mörg ár og ekki kvartað. Nú erum við tilbúin að bæta samgöngur á eigin reikning. Reykjavíkurhælbítarnir leggjast gegn vegtollum, enda óvanir slíku. Vilja þá ekki á sitt svæði. Borgarfulltrúar, þingmenn, ritstjórar og stöku ráðherra reyna að koma í veg fyrir Vaðlaheiðargöng. Nú ríður á að þeir sem til einhvers duga láti verkin tala.

HINN EINI SANNI

# RISA

## ÚTIVISTAR- SKÓ OG TÍSKU

# MARKAÐUR




## AÐ MIÐHRAUNI 2, GARÐABÆ

**Risamarkaðurinn í fullum gangi**




## Opið alla helgina

**Föstudag frá 12:00 til 18:00**
**Laugardag frá 12:00 til 18:00**
**Sunnudag frá 12:00 til 18:00**

**Virka daga frá 12:00 til 18:00**

**Útsöluvörur frá**

STEINAR WAAGE — Kaupfélagið — skór.is

ecco — NIKE — adidas — PUMA — hummel

Reebok — BLEND — ORGINAL — SKECHERS

# Hvort sprettur valdið frá þjóð eða þingi?

Ný stjórnarskrá
Ölvir Karlsson
laganemi



Nú liggur fyrir frumvarp stjórnlagaráðs til stjórnarskipunarlaga og felur það í sér töluverðar breytingar á stjórnskipun Íslands. Margar af tillögum stjórnlagaráðs fela í sér umbætur sem eiga rétt á sér og fela meðal annars í sér að stjórnarskráin verður auðskiljanlegri. Frumvarpið inniheldur einnig mörg góð nýmæli, eins og ákvæði um náttúruauðlindir, og eftirlitshlutverk þingsins með framkvæmdarvaldinu er betur skilgreint. Þrátt fyrir að það sé vissulega margt gott að finna í frumvarpi stjórnlagaráðs er ekki þar með sagt að frumvarpið þarfnist ekki frekari skoðunar.

Nokkur ákvæði í frumvarpi stjórnlagaráðs hafa ef til vill ekki verið hugsuð til enda og má þá helst nefna 113. gr. sem fjallar um breytingar á stjórnarskrá. Samkvæmt fyrri málsgrein 113. gr. skal frumvarp til breytinga á stjórnskipunarlögum, sem samþykkt hefur verið af Alþingi, borið undir atkvæði allra kosningabærra manna. Þetta ákvæði felur í sér mikla aðkomu almennings af stjórnarskrárbreytingum og er til mikilla bóta frá því sem nú er.

Hinsvegar sígur á ógæfuhliðina í síðari málsgreininni. Samkvæmt 2. mgr. 113. gr. getur Alþingi fellt niður þjóðaratkvæðagreiðslu vegna stjórnskipunarlaga með samþykki 5/6 hluta alþingismanna. Þetta ákvæði felur þar af leiðandi í sér að Alþingi geti í krafti aukins meirihluta breytt stjórnarskránni án aðkomu þjóðarinnar. Vissulega er hér um að ræða stóran hluta alþingismanna, en þegar fyrri breytingar á núgildandi stjórnarskrá eru skoðaðar er ljóst að slíkur meirihluti þarf ekki að vera fyrirstaða. Mikil hefð er fyrir þverpólitískri samstöðu á Alþingi þegar stjórnlagabreytingar eiga í hlut og eru slík frumvörp gjarnan flutt sameiginlega af formönnum allra þingflokka. Frumvörp um breytingar á stjórnarskrá hafa jafnvel farið í gegnum Alþingi án þess að nokkur þingmaður greiði atkvæði gegn því, sbr. lög nr. 97/1995.

Í skýringum stjórnlagaráðs við 113. gr. frumvarpsins segir að tilgangur 5/6 reglunar sé, ef „gera [þurfi] smávægilegar breytingar á stjórnarskrá, t.d. vegna minni háttar þjóðréttarsamninga“. Tvennt þarf að hafa í huga þegar að skýringin við 113 gr. er lesin. Í fyrsta lagi þarf að íhuga hvað Alþingi myndi telja „smávægilegar breytingar … vegna minni háttar þjóðréttarsamninga“. Það er nánast ómögulegt að svara þeirri spurningu öðruvísi en það færi eftir pólitísku mati Alþingis. Þá má spyrja hvort þjóðréttarsamningar sem krefjast breytinga á stjórnarskrá geti í raun talist vera „minniháttar“? Ef til vill væri réttara að telja alla þá þjóðréttarsamninga meiriháttar sem fela í sér þörf fyrir slíkar breytingar.

Í öðru lagi þarf að hafa í huga að þessa ábendingu er aðeins að finna í skýringum við ákvæðið, ekki er lagt til að þetta komi fram í stjórnarskrárákvæðinu sjálfu. Skýringar hafa ekki lagagildi og því getur þessi texti aðeins haft leiðbeiningar gildi fyrir Alþingi en bindur ekki hendur þess ólíkt sjálfum texta stjórnarskrárinnar. Í áliti forsætisráðuneytisins 18. júlí 2011 kemur fram „að [stjórnarskrárbreytingar] þurfi að samþykkja í þjóðaratkvæðagreiðslu nema 5/6 þingmanna hafi greitt þeim atkvæði sitt“. Hér virðist ráðuneytið leggja þann skilning í ákvæðið að spurningin sé einfaldlega hvort nægur meirihluti náist og er í raun ekkert því til fyrirstöðu.

Samkvæmt núgildandi stjórnarskrá þarf að rjúfa þing og boða til kosninga ef Alþingi samþykkir breytingu á stjórnarskrá og þarf hið nýkjörna þing að samþykkja breytingarnar óbreyttar. Vissulega er hægt að deila um hvort þessar alþingiskosningar snúist í raun um stjórnarskrárbreytingarnar líkt og stjórnlagaráð bendir réttilega á. Aftur á móti er ekki hægt að deila um að þjóðin fái að minnsta kosti tækifæri til að segja sitt álit á öllum stjórnlagabreytingum með núgildandi fyrirkomulagi, ólíkt því sem 2. mgr. 113. gr. frumvarps stjórnlagaráðs gerir ráð fyrir.

Nú liggur fyrir tillaga til þingsályktunar um meðferð frumvarps stjórnlagaráðs á Alþingi. Samkvæmt tillögunni er því haldið opnu að breyta megi frumvarpi stjórnlagaráðs ef ástæða þykir til, en stjórnlagaráð verði þó haft með í ráðum. Í raun væri ekki verið að grípa fram fyrir hendur stjórnlagaráðs ef ráðist væri í breytinga á frumvarpinu, vegna þess að hlutverk stjórnlagaráðs var að gera tillögur um breytingar á stjórnarskrá í frumvarpsformi. Jafnvel þótt einhverjar breytingar verði gerðar á frumvarpinu er ekki þar með sagt að stjórnlagaráð hafi ekki lagt mikið af mörkum, með þeim grunni sem frumvarpið felur í sér.

> Nokkur ákvæði í frumvarpi stjórnlagaráðs hafa ef til vill ekki verið hugsuð til enda ...

Þessi pistill er ekki skrifaður með það í huga að verja núgildandi stjórnarskrá. Ég vil aðeins benda á að frumvarp stjórnlagaráðs í núverandi mynd er ef til vill ekki besti kosturinn fyrir framtíðar stjórnskipan landsins. Þarf þá sérstaklega að skoða síðari málsgrein 113. greinar frumvarpsins. Með ákvæði sem gefur Alþingi vald til að breyta stjórnarskránni án aðkomu þjóðarinnar, er að mínu mati vegið að sjálfsákvörðunarrétti þjóðarinnar og skiptir þá engu hvort Alþingi þurfi til þess aukinn meirihluta. Ef Alþingi verður gefið þetta vald og þar af leiðandi forráð á stjórnarskránni, getum við ekki lengur sagt að valdið spretti frá þjóðinni.

# Framtak til fyrirmyndar

Menntamál
Ingólfur Sverrisson
forstöðumaður málm- og véltæknisviðs Samtaka iðnaðarins



Sól skein skært við Skagfirðingum og gestum þeirra þegar Fjölbrautaskólinn á Sauðárkróki tók í notkun nýtt Hátæknimenntasetur á dögunum. Þar með var staðfest merkilegt samstarf iðnfyrirtækja á svæðinu, sveitarstjórna, skólans og HAAS Automation í Belgíu en það opinberast í nýjum og tæknilega fullkomnum CNC stýrðum vélum sem kennt verður á í framtíðinni í skólanum. Hér er um mikla fjárfestingu að ræða sem ber vott um stórhug skólans og atvinnulífsins í Skagafirði.

Framtakið lýsir jafnframt sannfæringu fyrir því að með því að bjóða slíkt nám innan málm- og véltæknigreinarinnar gefast ný og áður óþekkt tækifæri í héraðinu til að efla tæknigrein sem aðrar þjóðir hafa byggt velferð sína á. Undirstaða alls þessa er þó að skólinn geti kennt verðandi iðnaðarmönnum hina nýju og heillandi tækni. Til þess þarf réttu tækin og kunnáttu kennara. Síðan er það fyrirtækjanna að nýta þá þekkingu til að færa út starfsemi sína með hönnun og framleiðslu verðmætra og eftirsóttra vara eða íhluta í stærri heildir.

**Fordæmi Finna**

Það, sem gerir þessa atburðarás athyglisverða, er hið uppbyggilega samstarf sem tekist hefur milli skóla og atvinnulífsins á Sauðárkróki og hefur víða boðað nýja tíma eins og best sést í Finnlandi. Eftir hrunið þar upp úr 1990 varð Finnum ljóst að beina þurfti sjónum strax að skólakerfinu og stuðla að víðtækri samvinnu þess við atvinnulífið og sveitar- og svæðisstjórnir um allt land. Á hverju svæði var mótuð stefna um hvaða atvinnugreinar skyldi efla sérstaklega. Lykillinn var skýr framtíðarsýn í verk- og tæknimenntun og samvinna atvinnulífs, skóla og svæðisstjórna. Í kjölfarið voru styrktir einskonar fjöltækniskólar sem síðan hafa veitt hagnýta menntun og starfsþjálfun í samræmi við markaða atvinnustefnu á svæðinu. Afrakstur þessarar aðferðar Finna er verulegur og ekki þarf að efast um að þetta framtak Skagfirðinga mun á sama hátt færa þeim farsæld í framtíðinni.

**Að bíða eftir öðrum**

Ekki er vitað til að í aðdraganda þessa merka framtaks á Sauðárkróki hafi verið leitað „suður“ til að koma setrinu á fót. Hve oft er sá steinn klappaður að ekki sé nægur skilningur hjá þeim „fyrir sunnan“ á því að koma nauðsynlegum framfaramálum í framkvæmd? Einlægt er beðið eftir að þingmenn, ráðherrar eða eitthvert annað galdrafólk komi færandi hendi og bregði töfrasprota sínum á loft til að efla atvinnulífið. Þegar slík undur gerast ekki þá kvarta menn gjarnan sáran um skilningsleysi og jafnvel andúð fyrrnefndra á viðkomandi byggðarlagi. Verða af þessu öllu oft hin mestu leiðindi.

En Skagfirðingar létu ekki deigan síga í þessum efnum frekar en öðrum. Þess í stað tóku fyrirtæki á svæðinu, skólinn og sveitarfélagið saman höndum og leituðu út í hinn víða heim með góðra manna hjálp og úr varð tæknivætt hámenntasetur sem á eftir að lyfta verkmenntun í héraðinu á hærra stig.

**Málinu fylgt eftir**

Til að leggja áherslu á vilja sinn og staðfestu afhentu samtök stuðningsaðila, sem kalla sig Sáttmála til sóknar, skólanum eina milljón króna við vígsluathöfnina til að markaðssetja hann. Það er vissulega gott fordæmi og til marks um að full alvara fylgir því að efla veg og virðingu málm- og véltæknigreinarinnar. Sú viðleitni verður áreiðanlega mikið gæfuspor fyrir þróun atvinnulífs í Skagafirði, hefur víðtæk áhrif og verður öðrum gott fordæmi. Ekki er vanþörf á þegar leitað er logandi ljósi um allt land að arðbærum og áhugaverðum störfum.

Uppskeruhátíð

Samtök iðnaðarins bjóða félagsmönnum sínum, starfsfólki þeirra og samstarfsaðilum til Uppskeruhátíðar á Ári nýsköpunar.

Staður: Listasafn Reykjavíkur, Hafnarhúsinu við Tryggvagötu
Stund: Miðvikudagur 16. nóvember, kl. 17.00 – 19.30

Dagskrá:

Orri Hauksson, framkvæmdastjóri SI
Ár nýsköpunar - við erum rétt að byrja ...

Sigurjón Sighvatsson, kvikmyndaframleiðandi
Sköpun, nýsköpun, innblástur og eftirfylgni

Léttar veitingar

Allir velkomnir

ÁR NÝSKÖPUNAR
SAMTÖK IÐNAÐARINS

# Til varnar mannorði Ólafs frænda míns Skúlasonar

Minningar



Sigrún Sævarsdóttir Griffiths
deildarstjóri í Guildhall School of Music and Drama í London

Ég tel sjálfa mig vera einstaklega lánsama manneskju. Ég fæddist inn í yndislega fjölskyldu, á yndislegan mann og börn, ég fékk tækifæri til þess að nema það sem ég þráði og hef í námi og starfi fengið ógrynni tækifæra sem ég hef nýtt eftir bestu getu. En lífsins námi lýkur ekki við útskrift úr háskóla. Námsmenn og -konur hafa takmarkað vald til þess að stýra þeim fögum sem á lífsins vegi þeirra verða, heldur þurfa að taka því sem gefst og reyna eftir fremsta megni að draga lærdóm af óútreiknanlegum atburðarásum og mis-hnitmiðuðum „kennurum“.

Á undanförnum misserum hef ég orðið fyrir því láni í óláni að læra margt af skelfilegum aðstæðum sem ég og fjölskylda mín höfum neyðst til þess að takast á við. Málið er í alla staði sérstakt, bæði efnislega, sem og hvernig meðhöndlun og umtal það hefur fengið. Málið snýst um frænda, sem ég get ekki annað en lýst sem elskulegum frænda. Nafn hans þekkir þjóðin öll, en nafn hans tengist ekki lengur þeirri manneskju sem hann var, heldur einhverskonar ofbeldisfullu skrímsli sem ég kannast ekki við. Ég hef aldrei hitt þetta skrímsli og myndi með engu móti kannast við lýsingu af því, ef ekki bæri það sama nafn og elskulegur frændi minn. Ólafur Skúlason var mér meira sem afi heldur en móðurbróðir. Hann fylgdist ávallt vel með mér og bræðrum mínum í gegnum uppvöxt okkar og var honum mikið í mun að við myndum ná okkar markmiðum og vegna vel í lífinu. Ólafur var hlýr og glettinn og það var stutt í stríðnisglampann í augum hans. Hann hikaði ekki við að segja manni til, en þrúgandi og ofbeldisfullur ógnvaldur var hann ekki. Ég bjó á heimili Ólafs og Ebbu þegar ég var á fyrsta ári við nám í Tónlistarskólanum í Reykjavík 1994-1995 og var heimagangur á heimili þeirra síðari námsárin tvö. Ég eyddi fjölda kvöldstunda ein heima með Ólafi þegar Ebba var á Oddfellow fundum, í dönskutímum, leikfimi eða að passa barnabörnin og leið aldrei nokkurn tímann að neinu leyti óþægilega í návist hans. Þessar kvöldstundir voru að engu leyti öðruvísi en þær sem ég eyddi með mínum eigin föður. Myndin sem dregin hefur verið upp af Ólafi á undanförnum misserum er mjög skýr.

Hann á að hafa verið ógnvaldur inni á heimili sínu, þar sem hann beitti heimilisfólkið líkamlegu, andlegu og kynferðislegu ofbeldi sem hluta af daglegu lífi. Þessi mynd er fullkomlega óskyld þeirri mynd sem ég upplifði sjálf sem ungt barn er ég var í pössun hjá Ólafi og Ebbu á meðan foreldrar mínir voru erlendis, sem stálpað barn sem fékk að dvelja hjá frænda um helgar og fylgdi honum í sunnudagaskólann og síðast sem ungri konu sem fékk að búa inni á heimili hans á meðan ég var í námi. Ebba var ekki kúguð af Ólafi og var andrúmsloftið á heimilinu notalegt í alla staði. Ólafur Skúlason var aldrei ákærður né sakfelldur um glæp í lifanda lífi. Á Íslandi eiga að heita lög sem segja til um sakleysi uns sekt sé sönnuð, en þessu hefur engan veginn verið fylgt í meðferð þessa sérstaka máls. Framið hefur verið mannorðsmorð. Miklir annmarkar eru hins vegar á ásökunum Guðrúnar Ebbu. Enginn getur litið framhjá því hversu mjög saga hennar líkist sambærilegum frásögnum erlendis sem reyndust byggja á fölskum minningum. Eftir situr fjölskylda Ólafs Skúlasonar og hefur reynt eftir fremsta megni að lifa lífi sínu á eðlilegan hátt, en ekki hefur það verið auðvelt. Það er sárt að fylgjast með barnabörnum Ólafs sem elskuðu hann og dáðu, mæta hæðnisröddum vegna þess sem um afa þeirra hefur verið sagt. Ég hef dáðst að æðruleysi og innri styrk barnanna hans og ekkju, hvernig þau hafa haldið ró sinni og rætt þessa hörmulegu atburðarás af yfirvegun, hvað sem á hefur dunað. Ýtt hefur verið að fjölskyldumeðlimum mínum að allt yrði gott og þjáningum myndi linna ef við gengjum í lið með fjöldanum sem ákveðið hefur að Ólafur hafi verið sekur af öllu því sem hann er sakaður um.

> Á Íslandi eiga að heita lög sem segja til um sakleysi uns sekt sé sönnuð, en þessu hefur engan veginn verið fylgt í meðferð þessa sérstaka máls.

Gott og vel. En samviskan myndi aldrei leyfa slíkt því sannleikurinn á ekkert skylt með þeim sögum sem í dag fara af heimilislífi og persónuleika Ólafs Skúlasonar. Í ferli undanfarinna missera hef ég af eigin reynslu lært að í málefnalegri umfjöllun verða að koma fram allar hliðar á málum. Varast ber að láta lýðskrum stjórna för, þar sem afleiðingar þess eru ótti við að mæla gegn almenningsáliti, nokkuð sem ávallt ætti að forðast í lýðræðisþjóðfélagi. Ég horfi á heiminn með gagnrýnni augum og varast að gleypa við fyrirsögnum sem fullkomnum sannleika, því að baki hverri fyrirsögn er ósögð saga sem í fæstum tilfellum fær að líta dagsins ljós. Við berum öll ábyrgð á eigin samfélagi og verðum að taka hana alvarlega. Ólafur Skúlason reyndist mér og fjölskyldu minni ávallt vel. Hann var okkur mikil stoð og stytta þegar á móti blés og átti ávallt hlutverk á stærstu stundum lífs okkar. Síðustu ár hafa verið fjölskyldu minni ólýsanlega erfiður tími, en mín heitasta ósk er sú að mannorð míns elskulega frænda fáist endurreist.



# Grét yfir bókarskrifunum

**Steinunn Sigurðardóttir** hélt að hún gæti aldrei skrifað bók um kynferðisbrot. Svo kom söguefnið í bókinni Jójó til hennar og þá varð ekki aftur snúið. Sögurnar koma til mín á leyndardómsfullan hátt sagði Steinunn við ***Sigríði Björgu Tómasdóttur*** þegar þær hittust í vikunni yfir kaffibolla. Listina að gera langa sögu stutta og nauðsyn þess að búa utan Íslands bar einnig á góma.



**BÝR Í BERLÍN** Steinunn gæti ekki hugsað sér að búa á Íslandi. „Ef ég ætti nógan pening myndi ég vilja vera átta mánuði í útlöndum á ári og fjóra á Íslandi," segir hún. MYND/DAVID IGNASEWSKI

Steinunn Sigurðardóttir er í heimsókn á Íslandi. Hún býr í Berlín, kemur nokkrum sinnum á ári til Íslands en staldrar yfirleitt stutt við. Eftir margra ára búsetu erlendis hefur það loks gerst að Ísland kemur hvergi við sögu í nýjustu sögu hennar. Í Jójó eru Þjóðverji og Frakki í aðalhlutverkum en Íslendingar koma hvergi við sögu.

„Það ætti kannski frekar að vera spurning af hverju ég hef alltaf haldið áfram að láta sögurnar mínar gerast á Íslandi þrátt fyrir að hafa búið í fjölda ára erlendis. Málið er að mér finnst ég alltaf vera að byrja upp á nýtt í hverri sögu. Með hverju nýju söguefni vil ég helst búa til nýtt form. Hér var ég með söguefni sem mér fannst ég alls ekki geta látið gerast á Íslandi. Og það er líka praktísk ástæða fyrir því að láta söguna ekki gerast á Íslandi. Ég losna til dæmis við allar spekúlasjónir um það hvort bókin sé byggð á raunverulegum persónum. Fólk er mjög slæmt með þetta að sjá sig í sögupersónunum, ef ég nefni götu þá fer það að hugsa um íbúa hennar. En yfirleitt kemur þetta ekki að sök. Nema þegar umfjöllunarefnið er viðkvæmt eins og í þessari bók."

### Leyndardómsfullt upphaf

Jójó segir frá þýska lækninum Martin og franska rónanum Martin. Sögusviðið er Berlín á vordegi þar sem gróðurinn er að springa út, degi þar sem læknirinn Martin fær sjúkling í viðtal sem kveikir óþægilegar minningar hjá honum. „Ég fjarlægði mig frá söguefninu með því að skrifa frá sjónarhóli karls. Mér fannst ég verða að gera það," segir Steinunn sem fjallar um kynferðisbrot gegn börnum í Jójó, umfjöllunarefni sem hún hélt að hún myndi aldrei geta skrifað um.

„Yfirleitt koma sögurnar mínar til mín á leyndardómsfullan hátt. Og ég get ekki vitað hvernig það gerist. Veit bara að þetta er bókin og hana ætli ég að skrifa. Fyrir 20 árum hélt ég að það væri ekki hægt að skrifa skáldsögu um kynferðisbrot. Svo las ég Toni Morrison, The Bluest Eye sem segir frá sifjaspelli, og sá að hún gat þetta. Ég las bók Gerðar Kristnýjar, Myndin af pabba, og er á því að hún hafi unnið afrek með þeirri sögu. Hún sagði okkur nákvæmlega hvað gekk á hjá Thelmu Ásdísardóttur án þess að fara yfir strikið. Og smám saman vissi ég að það væri hægt að skrifa svona sögu. Enn einn þráðurinn í aðdraganda þessarar sögu er þegar Steingrímur St. Th. Sigurðsson myndlistarmaður stoppaði mig úti á götu þegar ég var kornung, horfði á mig sínum kolmögnuðu augum og sagði: „Skrifaðu ísköld um það versta sem þú veist," rifjar Steinunn upp. „Og kynferðisbrot gegn börnum eru það versta sem ég veit. Maður heyrir sögur og fer að blöskra vanhæfni fullorðinna til þess að hjálpa börnum í nauðum. Glæpir sem eru framdir gegn börnum eru eðlisólíkir glæpum gegn fullorðnum. Börn eru svo varnarlaus. Þannig að ég gat ekki annað en skrifað þessa sögu," segir Steinunn.

### Lengd á bók er krítískur hlutur

Skriftirnar tóku á og ein óvenjulegasta reynsla Steinunnar við skriftir átti sér stað fyrir nokkrum árum þegar vinnan við bókina var komin á veg. „Ég og Þorsteinn [Hauksson] maðurinn minn vorum á Madeira, en þangað förum við reglulega. Við ætluðum að fara út í eyju í grennd sem heitir Porto Santo og er einn af mínum eftirlætisstöðum í heiminum. Ég hafði verið að fresta ferðinni en svo var komið að því og við tókum okkur til. En ég komst ekki af stað. Settist niður við skriftir og skrifaði lokakafla bókarinnar með blýanti. Svo byrjaði ég að gráta og grét og grét. Þorsteinn gætti þess að trufla mig ekki, en svona var þetta. Ég tók mig svo saman í andlitinu. Og tek það fram að þetta er í eina skiptið sem hann hefur setið uppi með mig svona. En þarna skrifaði ég endalok bókarinnar og endinum varð ekki haggað, þó að bókin sjálf yrði ekki tilbúin fyrr en löngu síðar," segir Steinunn.

Bókin lætur ekki mikið yfir sér, er stutt en segir mikla sögu. „Ég ætlaði ekki að hafa bókina langa. Lengd á bók er krítískur hlutur. Það er alltaf verið að segja þetta um bækurnar mínar að þær séu miklar sögur á stuttu formi. Mér hefur satt að segja verið hrósað fyrir þetta þó að ég segi sjálf frá. En ég vinn mjög mikið með aðferðum ljóðskáldsins, sem er mjög sársaukafullt í prósa, ef maður ætlar að hafa stjórn á hverju einasta orði og setningu. Ég prenta út, stytti, leiðrétti en svo verður maður alltaf að vara sig á því að textinn líti ekki út fyrir að vera of fínpússaður. Hann verður að vera ferskur. Mig langar að setja mikið efni á fáar blaðsíður, ég óttast orðavaðal. Of mörg orð, mér finnst það vúlgar," segir Steinunn.

### Upplestrar um allt Þýskaland

Og vel hefur tekist til. Bókin fékk fullt hús í DV og gagnrýnandi Fréttablaðsins gaf Jójó einnig fimm stjörnur. „Þetta er algjör óskadómur. Skrifaður frá hjartanu og höfðinu og maður finnur að dómarinn dregur ekkert af sér. Ég er algjörlega uppi í skýjunum satt best að segja," segir Steinunn.

Undanfarnir mánuðir hafa verið mjög annasamir hjá Steinunni sem hefur lesið upp víða í Þýskalandi, til að mynda í tengslum við bókamessuna í Frankfurt. „Eitt kvöldið í Frankfurt fór ég á milli þriggja upplestra, las meðal annars fyrir 400 manns í beinni útsendingu í útvarpssal og kynnirinn byrjaði á því að stríða mér. Mér tókst að taka við boltanum og salurinn lá í kasti," segir Steinunn sem talar þýsku og segir það ganga vel. „Ég þekki mín takmörk en ég er búin að flengjast út um allt Þýskaland, lesa upp og hitta mikið af fólki og satt best að segja hefur mér verið tekið með kostum og kynjum."

Hún er þakklát dyggum lesendum erlendis sem hérlendis. „Ég kemst hreinlega við þegar fólk segir mér að það hafi lesið allar bækurnar mínar. Ég á nokkuð harðsnúinn lesendahóp í Þýskalandi, sem vílar ekki fyrir sér að keyra langar leiðir til að koma á upplestra, en það er reyndar sérþýskt hvað fólk er duglegt að mæta á upplestra," segir Steinunn, sem býr eins og áður sagði í Berlín. „Berlín er ævintýraleg borg, þar er mikið að gerast og gott að vera. Hún er ódýrari og að mörgu leyti er auðveldara að búa þar en í París, þar sem ég bjó í sjö ár áður en við fluttum til Berlínar. Þessar borgir eru reyndar eins ólíkar og borgir verða. Sjarminn í París og fegurðin eru auðvitað óviðjafnanleg. En það er óhugsandi að búa þar því það er svo dýrt. En sem betur fer hef ég farið þangað til að lesa og kynna bækur mínar og það er Frakklandsferð á döfinni í nóvember."

> Mig langar að setja mikið efni á fáar blaðsíður, ég óttast orðavaðal. Of mörg orð, mér finnst það vúlgar.

### Þrúgandi og þröngt á Íslandi

Steinunn er mikill Evrópubúi og hefur búið víða í álfunni. Hún nýtur þess að búa utan landsteinanna. „Ég sagði víst í þýska sjónvarpinu að ég yrði heiladauð ef ég byggi á Íslandi. En ég meina það, ég gæti ekki búið hér. Það er þrúgandi og þröngt og mig myndi vanta innblástur og inspirasjón. Það er frelsi að vera á hlutlausu svæði og Ísland er það alls ekki. Umræðan hér er erfið. Það má aldrei gagnrýna neitt, sama hversu kurteislega það er gert, þá er því alltaf tekið persónulega. Svo finnst mér margt að hér. Að fólk standi í röðum eftir mat er til dæmis skandall og að Íslendingar séu að verða feitasta þjóð heims er hrikalegt. Hér er margt sem þarf að laga, ég hef svo sem engar lausnir en það þarf að finna þær. Það má kalla þetta sjálfskipaða útlegð og það eru margir rithöfundar sem gera þetta, flytja frá heimalandi sínu til að öðlast nauðsynlega fjarlægð. En auðvitað sakna ég Íslands stundum. Hér á ég fjölskyldu og alveg ofboðslega góða vini. Ef ég ætti nógan pening myndi ég vilja vera átta mánuði í útlöndum á ári og fjóra á Íslandi. En þetta er flókin útgerð og dýr, yfirleitt stoppa ég ekki lengur en tíu daga á landinu í einu."

### Skrifar á morgnana

Steinunn var ung þegar þetta ástarsamband við meginlandið hófst. Fimmtán ára fór hún á sumarskóla í Sviss og segir það hafa verið mikla upplifun. „Zürich var þannig fyrsta stórborg sem ég kom í. Á þessum árum var fólk ekki mikið að ferðast svo þetta var stórkostlegt ævintýri. Við lásum bókmenntir á þýsku og ég kynntist alls konar stúlkum. Það var mamma sem var svona framsýn að senda mig til útlanda á þessum tíma og fyrir það er ég óendanlega þakklát." Tengslin við Sviss hafa haldist, umboðsskrifstofa Steinunnar er í Sviss. „Það eru flottar konur sem reka hana sem ég hitti öðru hvoru," segir Steinunn, sem hefur notið góðs af elju þeirra. Bækur hennar hafa komið út í Þýskalandi, Frakkland á Norðurlöndum og víðar. „Góði elskhuginn er nýkomin út á þýsku og það er skemmtilegt að segja frá því að forleggjarinn minn, Rowohlt, keypti líka bókarkápuna sem er afar sjaldgæft í Þýskalandi. Það sýnir bara hvað það er unnið gott starf hér á landi. Ég verð að koma að hrósi um forleggjarann hér. Fólkið þar kann þá list að spara ekki á vitlausum stöðum. Svo verð ég að nefna fallega útgáfu í Þýskalandi, þar var að koma út ljóðabók eftir mig skreytt myndum Georgs Guðna heitins, en þessi verk voru eitt af því síðasta sem hann gerði áður en hann féll frá."

Steinunn heldur aftur til Berlínar eftir helgi. Hún hefur í nógu að snúast næstu mánuði, ýmsir upplestrar og kynningar eru á dagskránni. Þar fyrir utan er hún komin á kaf í næsta verk. „Ég vinn alltaf á morgnana. Fæ mér kaffibolla og sest við skriftir. Það tók mig mörg ár að finna þetta tempó og það er mjög dýrmætt. Það er aldrei spurning um að fara út í búð eða hringja símtal áður en hafist er handa, þá gerist ekki neitt."

# HELGARTILBOÐ

## OPIÐ LAUGARDAG 11-16 OG SUNNUDAG 13-17




**Panasonic TXP42S30Y**
- 42" Full HD Plasma sjónvarp
- 600Hz Sub Field Drive
- Vreal Live Engine
- Skerpa 2.000.000:1
- Viera Connect Nettenging

**TILBOÐ 149.995**
FULLT VERÐ 199.995




**Panasonic TXL42E30Y**
- 42" Full HD örþunnt LED Sjónvarp
- IPS Alpha hágæða LED skjár
- Vreal Live Engine
- 200Hz Intelligent Frame Creation Pro
- Viera Connect Nettenging

**TILBOÐ 179.995**
FULLT VERÐ 249.995




**Panasonic TXP50UT30 3D**
- 50" Full HD 3D Plasma sjónvarp
- 3D Converter (Breytir 2D í 3D)
- 600Hz Sub Field Drive
- Skerpa 2.000.000:1
- Viera Connect nettenging

**TILBOÐ 249.995**
FULLT VERÐ 349.995

## BRAUÐRISTAR, KATLAR, SAMLOKUGRILL OG BLANDARAR – 20% AFSLÁTTUR



PHILIPS KENWOOD exido Ariete MELISSA aida daily design



## 15% AFSLÁTTUR AF HLJÓMTÆKJUM OG HÁTÖLURUM

DALI NAD DENON PSB PHILIPS

KENWOOD

**Kenwood FP210**
Einföld og góð 500w matvinnsluvél.

**TILBOÐ 7.995**
FULLT VERÐ 10.995





Fissler

**Fissler Alux Comfort**
28sm panna.

**TILBOÐ 7.995**
FULLT VERÐ 11.995

KENWOOD

**Kenwood KMM760**
Vönduð 1200w Major Premier stál HRÆRIVÉL með 6,7 lítra skál, sjálfvirktum eletrónískum hraðastilli með púls möguleika. Heldur sama styrk þó meira bætist í skálina. Þeytari, hnoðari og hrærari fylgja.

**TILBOÐ 49.995**
FULLT VERÐ 89.995






Heimilistæki ht.is

SUÐURLANDSBRAUT 26 **REYKJAVÍK** S: 569 1500

AFTÖKUR ÁRIÐ 2010




# Dauðarefsingar á undanhaldi

Hundruð manna eru tekin af lífi í nafni laga og réttar ár hvert um heim allan. Baráttan gegn **dauðarefsingum** hefur þó skilað sér í fækkun landa sem beita slíkum refsingum. *Þorgils Jónsson* kynnti sér stöðu mála og baráttuna gegn dauðarefsingum.

Dauðarefsingu yfir Hank Skinner var frestað á miðvikudaginn þar sem áfrýjunardómstóll í Texas í Bandaríkjunum tekur nú afstöðu til þess hvort framkvæma eigi frekari DNA-rannsókn á sönnunargögnum í máli hans.

Skinner var sakfelldur fyrir morð á sambýliskonu sinni og tveimur uppkomnum sonum hennar árið 1995. Hann hefur alla tíð neitað sök og beðið um að blóð á sönnunargögnum verði rannsakað frekar. Skinner fékk fullnustu dómsins einnig frestað í fyrra, 35 mínútum áður en aftakan átti að fara fram.

Mál sem þessi eru í forgrunni baráttunnar fyrir afnámi dauðarefsinga, en mörg hundruð manns um allan heim eru tekin af lífi á hverju ári. Helstu rökin fyrir afnámi dauðarefsinga eru einmitt þau að sönnunargögn sem koma fram eftir að dómur er kveðinn upp geta sannað sakleysi viðkomandi og þar af leiðandi snúið við dómi. Alls hefur dauðadómi yfir 138 föngum í Bandaríkjunum verið hnekkt í ljósi nýrra upplýsinga. Slík sakaruppgjöf gagnast þó lítið þeim sem þegar hefur verið tekinn af lífi.

### Fjögur fjölmennustu ríkin beita dauðarefsingum

Í umræðu um dauðarefsingar beinist kastljósið yfirleitt fyrst og fremst að Bandaríkjunum, enda eru þau eina vestræna lýðræðisríkið þar sem slíkt tíðkast. Dauðarefsingar eru bannaðar í öllum aðildarríkjum Evrópuráðsins og í raun er aðeins eitt ríki í Evrópu sem tekur dæmda sakamenn af lífi, Hvíta-Rússland. Dauðarefsingar hafa ekki enn verið formlega afnumdar í Lettlandi, þar sem enn má dæma til dauða fyrir stríðsglæpi, og í Rússlandi. Þar voru dauðadómar bannaðir tímabundið árið 1996 og hafa ekki verið kveðnir upp síðan.

Merkilegt er til þess að líta að fjögur fjölmennustu ríki veraldar, Kína, Indland, Bandaríkin og Indónesía, leyfa öll dauðarefsingar, en Indland og Indónesía hafa að vísu ekki stundað aftökur síðustu ár. Fjögur ríki í svokölluðum G20 hópi helstu efnahagsvelda heimsins framkvæmdu aftökur á síðasta ári, Japan og Sádi-Arabía auk Kína og Bandaríkjanna.

Síðasta aftakan á Íslandi fór fram árið 1830, þegar Agnes og Friðrik voru hálshöggvin eins og frægt er orðið. Það var hins vegar ekki fyrr en tæpri öld síðar, eða árið 1928, sem dauðarefsing var afnumin að fullu með lögum.

### 1.273 aftökur á 35 árum

Dauðarefsingar voru afnumdar í Bandaríkjunum árið 1972 en svo leyfðar aftur fjórum árum síðar og er það nú hvers ríkis að ákveða hvort þær eru leyfðar. Eins og sakir standa eru dauðarefsingar leyfðar í 34 af 50 ríkjum, en síðustu ár hafa fjögur ríki afnumið dauðarefsingar, síðast Illinois í júlí í ár.

Frá 1976 hafa 1.273 verið teknir af lífi í Bandaríkjunum, þar af 1.130 frá árinu 1991. Síðustu tuttugu ár hafa yfirleitt um 50 aftökur verið framkvæmdar á ári.

Dauðadómar í Bandaríkjunum einskorðast við morðmál, en síðasti maðurinn sem var tekinn af lífi fyrir annars konar mál var James Coburn sem var líflátinn árið 1964 fyrir rán. Enn eru til lagaákvæði í einstökum ríkjum þar sem leyft er að dæma til dauða fyrir brot eins og endurtekið barnaníð. Þó ber að geta þess að samkvæmt alríkislögum liggur dauðarefsing við föðurlandssvikum.

### Enginn fælingarmáttur

Það sem helst hefur verið gagnrýnt varðandi dauðarefsingar (fyrir utan þá meginspurningu hvort ríkið sé þess frekar umkomið að svipta menn lífi) er hvort þær hafi í raun þann fælingarmátt sem margir trúa.

Samkvæmt könnun meðal bandarískra afbrotafræðinga sem félagasamtökin Death Penalty Information Center vísa í, eru aðeins 5% þeirra á þeirri skoðun að dauðarefsing sé virk leið til þess að fækka morðum. Um leið efast 60% almennings þar í landi um að dauðarefsingar hafi nokkurn fælingarmátt gegn morðum.

Annað sem styður þær efasemdir er sú staðreynd að morðtíðni miðað við mannfjölda er nokkru yfir landsmeðaltali í Suðurríkjunum, þar sem rúm 80% allra aftaka hafa átt sér stað frá árinu 1976 (5,6 morð á hverja 100.000 íbúa miðað við 4,8 á landsvísu).

Loks má nefna hróplegt ósamræmi í kynþáttahlutfalli þar sem rúmlega helmingur fanga á dauðadeildum Bandaríkjanna er annaðhvort blökkumenn eða af rómansk-amerískum uppruna og kannanir sýna að þrisvar sinnum meiri líkur eru á því að dauðadómur verði kveðinn upp ef fórnarlömb eru hvít á hörund.

### Kína tekur flesta af lífi

Þrátt fyrir áhersluna á Bandaríkin eru mörg önnur lönd stórtækari hvað varðar aftökur í nafni laga. 23 lönd fullnægðu dauðadómum á síðasta ári og 527 manns hið minnsta voru tekin af lífi, að því er kemur fram í tölum Amnesty International, sem hafa lengi barist gegn dauðarefsingum.

Kína tók flesta af lífi árið 2010, en þó að engar opinberar tölur liggi fyrir er fastlega gert ráð fyrir að fjöldi aftaka hlaupi á hundruðum eða þúsundum. Íran kom þar á eftir með 252 aftökur hið minnsta, Norður-Kórea var með 60 aftökur hið minnsta og Jemen var með að minnsta kosti 53 aftökur. Bandaríkin voru svo í fimmta sæti með 46 aftökur, en það sem af er ári hafa 39 verið teknir af lífi í Bandaríkjunum.

**138**

**dauðadæmdir fangar í Bandaríkjunum hafa fengið sakaruppgjöf í ljósi nýrra sönnunargagna á síðustu árum.**

### Baráttan skilar árangri

Síðustu ár og áratugi hefur þróunin að mestu verið á einn veg. Á hverju ári fjölgar þeim ríkjum sem banna dauðarefsingar alfarið og auk þess láta mörg þeirra ríkja sem þó halda í löggjöf sína, í ljós minni vilja til að framfylgja dauðadómum.

Samkvæmt Amnesty International höfðu aðeins 16 ríki bannað dauðarefsingar árið 1977 en þeim fjölgaði ört í kjölfar lýðræðisvæðingar í Mið- og Suður-Ameríku og Austur-Evrópu eftir lok kalda stríðsins.

Undir lok síðasta árs höfðu 139 ríki annaðhvort afnumið dauðarefsingar eða hætt að beita þeim í áratug eða lengur. Þá hafa mörg önnur ríki fækkað brotum sem dauðarefsing liggur við, án þess að afnema dauðarefsingar með öllu.

Alþjóðlegar kröfur um að ríki virði mannréttindi þegna sinna, þar á meðal með samþykktum og ályktunum Sameinuðu þjóðanna (SÞ), hafa einnig orðið háværari, sem hefur leitt til þess að mörg ríki hafa endurskoðað afstöðu sína til dauðarefsinga. Síðasta ályktun allsherjarþings SÞ frá síðasta ári um að aðildarríki láti tímabundið af dauðadómum fékk mun meiri stuðning en sams konar ályktun árið 2008. Þar bættust fimm ríki frá Afríku og Asíu við hóp þeirra sem studdu ályktunina og fimm önnur fóru úr andstöðu yfir í að sitja hjá.

*Heimildir: Vísindavefurinn, Amnesty International, Death Penalty Information Center, Guardian.*

BARÁTTA AMNESTY INTERNATIONAL

## „Heimur án dauðarefsinga er lokatakmarkið“

**Jóhanna K. Eyjólfsdóttir, framkvæmdastjóri Íslandsdeildar Amnesty International**



Amnesty International hefur barist gegn dauðarefsingum um allan heim um áraraðir og að sögn Jóhönnu K. Eyjólfsdóttur, framkvæmdastjóra Íslandsdeildar Amnesty International, hefur baráttan skilað árangri.

„Dauðarefsing er skelfilegasta refsing sem mannskepnan hefur fundið upp á. Hún er óafturkræf og aldrei á að líðast,“ segir Jóhanna. Hún bætir því við að dauðarefsingar séu greinilega á undanhaldi um allan heim.

„Hins vegar eru nokkur stór og öflug ríki sem enn beita dauðarefsingum. Þar á meðal er Kína, en það er samt eitthvað að hreyfast í rétta átt þar. Svo eru það Bandaríkin, þar sem mörg ríki hafa afnumið dauðarefsingu að undanförnu.“

Jóhanna segir þó að vá sé fyrir dyrum í löndum eins og Íran, Írak og Sádi-Arabíu þar sem enn eru tugir dæmdir til dauða ár hvert.

„Í heildina séð erum við bjartsýn varðandi baráttuna gegn dauðarefsingum því að hún hefur skilað miklum árangri og heimur án dauðarefsinga er lokatakmarkið.“

Amnesty International beitir meðal annars bréfaskriftum í baráttu sinni. Í tengslum við alþjóðlega mannréttindadaginn 10. desember stendur Amnesty fyrir sínu árlega bréfamaraþoni þar sem fólk, þar á meðal Íslendingar, kemur saman og sendir bréf og kort til varnar þolendum mannréttindabrota. Í ár er mál Fatimu Hussein Badi frá Jemen meðal þeirra sem tekin eru upp, en hún hlaut dauðadóm í heimalandi sínu fyrir tíu árum, fyrir meinta aðild að morðinu á eiginmanni hennar.

TEKINN AF LÍFI ÞRÁTT FYRIR VAFA UM SEKT

## Vitni hafa dregið framburð til baka

**Troy Davis var tekinn af lífi í Georgíuríki í september.**



Aftaka Troy Davis vakti heimsathygli, enda lék talsverður vafi á sekt hans. Davis var dæmdur til dauða fyrir að myrða lögreglumann árið 1989. Engin áþreifanleg sönnunargögn lágu fyrir en dómurinn byggði á framburði níu vitna.

Síðan þá hafa sjö vitnanna dregið framburð sinn til baka, sumir hafa sakað lögreglu um að hafa beitt þá þrýstingi. Annar af hinum tveimur hefur ekki viljað tjá sig að nokkru leyti frá því að dómurinn var kveðinn upp og síðasta vitnið er einmitt sá maður sem flest bönd beinast að í ljósi nýrra upplýsinga um morðið.

Þrátt fyrir háværar og fjölmenn mótmæli sem breiddust út um allan heim hlaut Davis ekki náð fyrir augum áfrýjunardómstóla í Georgíu og var tekinn af lífi 21. september með banvænni sprautu.



Skoðið teikningar á bygg.is

BÚUM BETUR

BYGG

bygg.is

Sala er hafin á íbúðum í glæsilegum álklæddum fjölbýlishúsum í Lundi 86-92 í Kópavogi. Íbúðirnar eru frá 100-195 fm. Stæði í bílageymslu fylgja öllum íbúðum.

Lundur er án vafa ein glæsilegasta staðsetning íbúðabyggðar á höfuðborgarsvæðinu enda skapa Fossvogurinn, Öskjuhlíðin og rómaðar gönguleiðir gott jafnvægi milli byggðar og náttúru. Hverfið er skipulagt með sex kjörnum og milli þeirra verða stór græn svæði. Stutt er í margvíslega þjónustu, afþreyingu og menningu, s.s. Smáralind, Kringluna, Salinn og Gerðarsafn.

# Lundur 86-92

## Fossvogsdalnum í Kópavogi









ENNEMM / SIA / NM48703

**REYNSLA • FAGMENNSKA • METNAÐUR**

FJÁRFESTING
FASTEIGNASALA EHF
Sími 562 4250
www.fjarfesting.is
BORGARTÚNI 31

FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf
Óðinsgötu 4 • S. 570 4500
Jón Guðmundsson, lögg. fasteignasali

FASTEIGNASALAN TORG
KRAFTUR – TRAUST – ÁRANGUR
Garðatorgi 5 – 210 Garðabæ
Sími 520 9595 – Fax: 520 9599

**Byggingafélag Gylfa og Gunnars byggir á 27 ára reynslu á íslenskum byggingamarkaði.**

# RÚMFATA LAGERINN

HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ

www.rumfatalagerinn.is

TILBOÐIN GILDA 12.11-13.11



25% AFSLÁTTUR

FULLT VERÐ: 1.995

1.495

**AKSEL skóhilla**
Skóhilla úr áli.
Stærð: B93 x H38 x D35 sm.



47% AFSLÁTTUR

FULLT VERÐ: 16.950

8.950

**JACK skrifborðsstóll**
Flottur skrifborðsstóll með stillanlegu baki og setu. Frábært verð!



SPARIÐ 4.000

FULLT VERÐ: 16.950

12.950

**JANUS sjónvarpsskápur**
Flottur sjónvarpsskápur úr MDF með hvítum háglans.
Með hillum og skúffu. Stærð: B120 x H37 x D45 sm.



2 stk.

695

**Viðarskálar**
2 stk. saman í pakka.
Stærð: Ø20 sm. Hæð: 2,5 sm.



25% AFSLÁTTUR

FULLT VERÐ: 3.995

2.995

**Myndarammi**
Sniðugur myndarammi fyrir 9 myndir.
Stærð 61 x 61 sm.



23% AFSLÁTTUR

FULLT VERÐ: 1.295

995

**Glös**
Góð glerglös á frábæru verði!
6 stk. saman í pakka!



SPARIÐ 500

VERÐ ÁÐUR: 2.480

1.980

**MATCH LINE kaffivél**
Stílhrein og góð kaffivél á frábæru verði!
Fáanleg í hvítum og svörtum lit.



ALLAR PARKETMOTTUR 30% AFSLÁTTUR




50% AFSLÁTTUR

FRÁBÆRT VERÐ!

FULLT VERÐ: 14.950

7.475

**SLEEP-ON DUOPILLOW koddi**
Frábær koddi með 150 gr. af gæsadúni og gæsafiðri. Koddinn er með LATEX kjarna.
Þessi samsetning á koddanum gerir hann mjúkan og góðan fyrir svefninn.
Stærð: 50 x 63 sm. Áklæðið á koddanum má taka af og þvo.



43% AFSLÁTTUR

FULLT VERÐ: 6.995

3.995

**ANETA bókahilla**
Falleg bókahilla í beykilit.
Stærð H:175 x B:60 x D:24 sm.



30% AFSLÁTTUR

VERÐ ÁÐUR: 995

695

**CECILIA flísteppi**
Mjúk og góð flísteppi á frábæru verði! Stærð: 130 x 180 sm.



BARNASTÆRÐ:

2.695

**Náttbuxur**
Ný sending af náttbuxum á alla fjölskylduna.
Barnastærðir: 4-14 ára **2.695**
Fullorðinsstærðir: M-XXL **3.695**



995

**Lúffur / hanskar**
Góðir vettlingar fyrir börnin. Fást sem lúffur eða hanskar. Stærðir: 1-10 ára.



5 PÖR

595

**Herra- og dömusokkar**
Fást bæði í herra- og dömustærðum.
5 pör **595** 10 pör **995**

# GÓÐ KAUP FYRIR JÓLIN!




**JERSEY svefnsófi**
Flottur svefnsófi á frábæru verði! Fáanlegur í tveimur flottum litum: Gráum og brúnum. Stærð: B189 x H79 x D91 sm. Stærð í svefnstöðu: 189 x 110 sm.




**Hárblásari**
Nettur og góður 2000W hárblásari með 3 hraðastillingum. Frábært verð!




**Barnastígvél**
Fott stígvéli barnastærðum. Fást í svörtu, rauðu og röndóttu. Stærðir: 22-35. Verð áður: **2.995** Nú: **1.995**




**DISNEY bakpokar**
Flottir DISNEY bakpokar á frábæru verði!




**Dúkkur**
Flottar dúkkur á góðu verði! 8 mismunandi gerðir fáanlegar. Hæð: 30 sm.




**CHICAGO hægindastóll**
Glæsilegur hægindastóll með tauáklæði.
Innbyggður fótskemill.
Hægt að rugga og snúa stólnum. Litur: Dökkgrár.




**ANTONIO skrifborð**
Hvítt, stílhreint skrifborð með 4 skúffum. Stærð: B110 x H74 x D60 sm.




**ESCAPE kommóður**
Stærð: B60 x D30 xH70 sm. Áður: **6.995** Nú: **4.995**
Stærð: B74 x D40 xH70 sm. Áður: **9.995** Nú: **6.995**
Stærð: B74 x D40 xH98 sm. Áður: **12.995** Nú: **9.995**




**Dömusokkar**
Góðir dömusokkar. Fást í hvítu og svörtu.
10 pör saman í pakka. Stærðir: 36 - 41.




**Sokkabuxur fyrir stráka og stelpur**
Nokkrar flottar gerðir. 2 pör saman í pakka.



**Stór kirkjukerti**
Falleg, hvít kirkjukerti í 3 stærðum:
20 x 7,5 sm. 795
25 x 7,5 sm. 995
29 x 10 sm. 1.695

VERÐ FRÁ:
795



**HREINSUN** Verkið gerist á tveimur tímabilum, í kringum 1950 og svo um 1990. „Leikmyndin endurspeglar ekki hefðbundin híbýli og því þurfti að sníða hana að fólkinu sem býr í henni, leikurunum, til dæmis með því að opna hana svo fólk kæmist inn og út,“ segir Ilmur Stefánsdóttir. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



**LÝSING** Leikmyndin gjörbreytist þegar lýst er aftan á hana. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



**TÍÐARANDI** Töluverð vinna fór í að finna blöndu af gömlum hlutum frá löndum Austur-Evrópu, til dæmis verkfæri, umbúðir af jógúrt og þvottaefni frá Finnlandi og margt fleira. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Unnið með lýsingu og léttleika

Leikmyndir í verkunum Hreinsun og Kirsuberjagarðinum, sem nú eru sýnd á stóru sviðum leikhúsa borgarinnar, hafa vakið verðskuldaða athygli. *Kjartan Guðmundsson* ræddi við myndlistarkonurnar **Ilmi Stefánsdóttir** og **Höllu Gunnarsdóttur** sem báðar hafa fengið mikið lof fyrir þá heillandi heima sem þær hafa skapað á sviðinu.

## MARGAR MISMUNANDI VÍSANIR



Þegar ég las verkið vissi ég strax að þörf væri á að hanna leikmynd sem gæti undirstrikað hverfult umhverfi sem líktist einhvers konar áfalli. Þessi leikmynd er í raun áfall,“ segir Ilmur Stefánsdóttir myndlistarkona, sem gerir leikmyndina fyrir Hreinsun eftir Sofi Oksanen sem sýnt er á stóra sviði Þjóðleikhússins.

Ilmur segir ýmsar áskoranir fólgnar í því að hanna leikmynd fyrir þetta ákveðna verk. „Mig langaði til að vinna með þrívíddina, að búa til hreyfingu í nokkuð sem stendur kyrrt. Þannig breytist leikmyndin eftir því hvort lýst er framan á hana eða aftan á. Það var mikil áskorun að vinna með þessi efni sem hleypa í gegnum sig ljósi, sem eru grisja og dúkur, og hin sem hleypa ekki í gegnum sig ljósi, álgrind og timbur. Þá þurfti líka að vera auðvelt að taka leikmyndina í sundur og púsla henni saman aftur, en það er alvanalegt með leikmyndir á stórum sviðum. Mikilvægast er þó að leikmyndin sprettur úr kvöl kvenna, sem er umfjöllunarefni verksins. Leikmyndin hefur margar mismunandi vísanir og áhorfendur geta lesið hana á alla vegu,“ segir Ilmur.

## LAGÐI UPP MEÐ DRAUMKENNDAN VERULEIKA



Halla Gunnarsdóttir myndlistarmaður, sem gerði leikmyndina fyrir Kirsuberjagarðinn eftir Anton Tsjekhov, sem sýnt er á stóra sviði Borgarleikhússins, segist frá upphafi hafa lagt upp með að leita eftir draumkenndum veruleika í hönnun sinni.

„Við vildum nýta þetta stóra svið, en vildum ekki hafa leikmynd sem virkaði of þung á sviðinu,“ segir Halla. „Til að gera hana draumkennda vildi ég hafa hana gagnsæja í raun, þannig að lýsingin næði í gegnum alla leikmyndina. Til að ná því var byggður ljósabúnaður inn í alla veggina í leikmyndinni, sem er óvenjulegt. Efnið sem ég nýtti er gegnsætt, til dæmis fóður og plexígler með úrskornum myndum á filmu.“

Halla segir einnig hafa verið mikilvægt að áhorfendur finndu fyrir sjálfum Kirsuberjagarðinum, dýrmætasta djásni persónanna í verkinu. „Ég vildi ekki nota myndir af hefðbundnum kirsuberjatrjám heldur er garðurinn túlkaður með skeljaklösum sem hanga aftast á sviðinu, sem búa þannig til enn meiri dýpt. Lillableiki liturinn er ríkur á sviðinu, sem er óræður en vísar í þessi bleiku kirsuberjablóm.“



**HEITT OG KALT** Lýsingin er köld fyrir hlé og heit eftir hlé. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



**FEGURÐ** „Ég vildi ekki halda mig við rússnesk undirstöðuatriði heldur skapa léttleika og fegurð,“ segir Halla. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



**KIRSUBERJAGARÐURINN** Halla Gunnarsdóttir og leikstjórinn Hilmir Snær Guðnason lögðu upp með að skapa draumkenndan veruleika með leikmyndinni. „Dálítið eins og í skáldsögum suður-amerískra höfunda á borð við Isabel Allende og Gabriel García Márquez, þar sem raunveruleikinn er ekki alveg jarðbundinn,“ segir Halla. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Það er

# SPORT AÐ SPARA





14.990

**FIREFLY FREEDOM PARKA**
Þykk og hlý vetrarúlpa með loðkraga á hettu. Litir: Svört, blá, rauð. Stærðir: 140 - 170.



990

**FIREFLY MARTEN BEANIE**
Barnahúfa. Litir: Blá, bleik, græn.



1.990

**ETIREL SKI BASIC GLOVE**
Hlýir vetrarhanskar með styrkingu í lófum. Litir: Svartir, bleikir. Stærðir: 5 - 12 ára.



9.990

**ADIDAS RABANATOR**
Götuskór með þykkum og slitsterkum sóla. AdiPRENE-dempun í hæl. Stærðir: 36 - 38 2/3.



4.990

**MCKINLEY TRIXA JR LAYER ONE**
Nærfatasett. Síðar nærbuxur og bolur með góðri öndun. Litir: Bleikt, blátt, svart. Stærðir: 120 - 160.



4.490

**FIREFLY JUNIOR SWEAT PANTS**
Bómullarbuxur með stroffi neðst á skálmum. 80% bómull og 20% polyester. Stærðir: 120 - 150.



3.990

**PUMA BIC CAT HOODED SWEATER**
Hettupeysa úr 80% bómull og 20% polyester. Stærðir: 128 - 164.

INTERSPORT

LINDUM / BÍLDSHÖFÐA / AKUREYRI / SELFOSSI / www.intersport.is / GILDISTÍMI: 12. – 18. NÓVEMBER

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillu og/eða myndabrengl.

EXPO • www.expo.is







**ÁHYGGJULAUS ÆSKA** Systurnar á Gunnarshólma skemmtu sér oft við stífluna í Hólmsá, þar sem myndin er tekin, stungu sér í hylinn og ærsluðust. Lengst til vinstri á myndinni, með klút á höfði, stendur Sigríður. Við hlið hennar er Sigríður Bjarnadóttir kaupakona og þá Guðríður. Fyrir framan þær situr sögukonan Auður á hækjum sér. Minni myndirnar tvær sýna systurnar þá og nú. Á nýrri myndinni eru systurnar í þessari röð: Guðríður, Gyða, Sigríður, Auður og Edda. Á þeirri eldri raðast þær svona: Guðríður, Sigríður, Gyða, Auður, kaupakonan Sigríður og loks litla systirin Edda. MYND/EMIL EDGREN

# Hlýjar minningar frá hernámi

Systurnar fimm, sem ólust upp á Gunnarshólma á 4. og 5. áratug síðustu aldar, voru ærslafullar og uppátækjasamar. Þær prýða forsíðu bókarinnar Dagbók frá veröld sem var, sem sýnir myndir herljósmyndarans Emils Edgren frá Íslandi stríðsáranna. ***Hólmfríður Helga Sigurðardóttir*** tók hús á næstyngstu systurinni, **Auði Gunnarsdóttur**.

Einu sinni, þegar Ísland var hernumið land, bjuggu fimm systur á bænum Gunnarshólma í Kópavogi. Systurnar, sem voru hver annarri kátari og uppátækjasamari, bjuggu við áhyggjulaust og frjálslegt líf í íslenskri sveit. Á sama tíma bjuggu jafnaldrar þeirra í Evrópu við stríð.

Systurnar léku sér oft að því að synda og ærslast við stíflu sem faðir þeirra hafði byggt í Hólmsá. Bandaríski herljósmyndarinn Emil Edgren frétti af sundferðunum og fékk leyfi til að mynda systurnar við leikinn. Nú, tæpum sjötíu árum síðar, prýðir ein af þessum myndum forsíðu nýútkominnar bókar með ljósmyndum Edgrens frá Íslandi. Myndirnar sýna fólk við hversdagslega iðju á Íslandi. Þær skapa ótrúlega andstæðu við ljósmyndir frá stríðshrjáðri Evrópu á sama tíma.

### Hermenn á hverju strái

Bærinn Gunnarshólmi blasir við ferðalöngum á leiðinni austur fyrir fjall. Þetta stóra og fallega býli byggðu foreldrar systranna, hjónin Gunnar Sigurðsson, frá Fossi á Skaga, og Margrét Gunnarsdóttir, sem var ættuð úr Langadal, árið 1928. Þar bjó fjölskyldan, auk einnar ömmu, Guðríðar Einarsdóttur. Þar var jafnan líka nokkur fjöldi vinnufólks, en í heildina bjuggu á bilinu 20 og 25 manns á Gunnarshólma, þegar mest var að gera á sumrin.

Á stríðsárunum byggðust upp braggahverfi, svokallaðir kampar, allt í kringum Gunnarshólma. Þeir voru meðal annars uppi á Lögbergi, á Geithálsi og á Baldurshaga niðri við Rauðavatn. Systurnar ólust því upp við að sjá hermenn á hverju strái, í orðsins fyllstu merkingu.

### Kátar og áhyggjulausar stelpur

Í dag eru systurnar fimm á áttræðis- og níræðisaldri og allar enn þá „kátar og ágætar“ eins og Auður, sú næstyngsta í hópnum, segir. Sjálf fæddist hún árið 1931 og var því níu ára þegar Ísland var hernumið af Bretum. Þrjár systranna voru eldri, þær Gyða, Guðríður og Sigríður, og ein yngri, Edda.

„Við fengum að vera fimm kátar og áhyggjulausar stelpur á Gunnarshólma,“ rifjar Auður upp með blik í auga. Það er greinilegt að henni þykir ljúft að rifja upp æskuárin, enda ólust þær systur upp við mikið frelsi og traust foreldra sinna. „Ég vissi ekki fyrr en á fullorðinsárum hvaða silfurskeið ég hafði fæðst með í munni og fylltist þá þakklæti yfir því,“ segir Auður.

Stelpurnar þvældust um landið þegar þær áttu lausar stundir, sem voru fleiri heldur en vinnustundirnar. Þær fóru oft að stíflunni, stungu sér í hylinn og hlupu yfir stífluna. „Hólmsáin var bæði notuð til leikja og baða. Ég man sérstaklega eftir því að þegar kom hressileg rigning fórum við beint í sundfötin og hlupum út. Í dag er Hólmsáin aftur notuð til leikja, en sonur okkar býr á bænum með sinni fjölskyldu,“ segir Auður og brosir. Henni þykir vænt um að hafa æskuheimilið áfram í fjölskyldunni.

> Hún hefði verið kölluð kvenremba ef við höfðum átt það orð til þá.

### Sterk fyrirmynd

Auður á ekki annað en hlýjar minningar um hernámið. „Þetta er fallegt minning í mínum huga. Hermennirnir voru allt í kringum okkur og voru afar kurteisir menn. Það gætu sjálfsagt komið fimm mismunandi útgáfur af þessari sögu, en barnsminni mitt er í það minnsta mjög jákvætt.“

Hún segir að Gunnarshólmi hafi haft mikið aðdráttarafl, enda hafi þar jafnan verið fjöldi fólks og mikil kátína í loftinu. „Mamma var létt í skapi, en á sama tíma stjórnaði hún öllu og var mikill hershöfðingi. Hún var á undan sinni samtíð. Pabbi fór í bæinn í sína búð snemma á morgnana, svo það var mamma sem stjórnaði. Veðurfréttir voru bannaðar á stríðsárunum, en mamma þurfti ekki annað en að líta til himins til að vita hvernig veðrið yrði. Út frá því gaf hún fyrirmæli um hvort ætti að slá, heyja eða eitthvað annað þann daginn. Hún hefði verið kölluð kvenremba ef við höfðum átt það orð til þá.“

Margir Reykvíkingar af eldri kynslóðinni muna eftir föður þeirra systra, Gunnari, sem rak kjötbúð í húsinu Von á Laugaveginum. Þar bjó fjölskyldan öll á veturna, þegar stelpurnar gengu í skóla. Eftir stríð réðust eldri systurnar, þær Gyða og Guðríður, líka í verslunarrekstur á neðri hæðinni, og stofnuðu Dömu- og herrabúðina sem margir muna eftir.

### Heimsveldið stöðvað

Það varð fljótt hversdagslegur þáttur í lífi fólksins á Gunnarshólma að sjá hermönnum bregða fyrir. Á haustin fylltust móarnir af hermönnum í berjamó og stundum komu þeir að bænum til að biðja um sveitamjólk að drekka, enda margir hverjir sveitastrákar sjálfir. Heimilisfólkið fylgdist líka stundum með hermönnunum við æfingar úti á túni, þar sem þeir marseruðu í hópum eins og hermanna er von.

Það var á einni slíkri æfingu sem heimilisfaðirinn bauð breska heimsveldinu birginn. Það var snemma morguns, þegar fjölskyldan var að vakna til lífsins, að hópur hermanna kom marserandi inn túnið og gerði sig líklegan til að vaða yfir stóran kartöflugarð sem var nýbúið að setja niður í. Þetta lét bóndinn ekki yfir sig ganga og hræddist ekki hermennina með sína brugðnu byssustingi. Hann æddi út, á föðurlandinu einum fata, og stöðvaði hersinguna. Við þetta varð mikið uppistand hjá konunum í húsinu, sem bæði skömmuðust sín og voru um leið dauðhræddar. Hermennirnir hörfuðu og síðan hefur verið haft fyrir satt að þarna hafi íslenski bóndinn, sem var að verja heimili sitt, börn og bú, stöðvað framgang breska heimsveldisins á einu augabragði.


**Menntaskólinn við Hamrahlíð**
www.mh.is

MENNTASKÓLINN VIÐ HAMRAHLÍÐ STOFNAÐUR 1966

## STÖÐUPRÓF HAUSTIÐ 2011

Stöðupróf á vegum mennta- og menningarmálaráðuneytisins verða haldin í Menntaskólanum við Hamrahlíð sem hér segir:

| | | | |
|---|---|---|---|
| Danska (6 einingar*), | mán. | 28. nóvember | kl. 16.00. |
| Enska (9 einingar*), | mið. | 30. nóvember | kl. 16.00. |
| Franska (12 einingar*), | þri. | 29. nóvember | kl. 16.00. |
| Ítalska (12 einingar*), | þri. | 29. nóvember | kl. 16.00. |
| Mathematics,103, 203 og 263, | fim. | 01. desember | kl. 16.00. |
| Norska (6 einingar*), | lau. | 03. desember | kl. 10.00. |
| Spænska (12 einingar*), | þri. | 29. nóvember | kl. 16.00. |
| Stærðfræði 103, 203 og 263, | fim. | 01. desember | kl. 16.00. |
| Sænska (6 einingar*), | lau. | 03. desember | kl. 10.00. |
| Þýska (12 einingar*), | þri. | 29. nóvember | kl. 16.00. |

***hámarks einingafjöldi sem hægt er að ná, frá og með fyrsta áfanga á framhaldsskólastigi.**

Rafræn skráning í stöðupróf fer fram á heimasíðu skólans http://www.mh.is. Frekari upplýsingar á skrifstofu skólans í síma 595-5200 eftir 9. nóvember. Sýna þarf persónuskilríki með mynd í prófinu.

Prófgjald, kr. 6000 fyrir hvert próf, ber að greiða inn á reikning Menntaskólans við Hamrahlíð í banka 323 hb 26 nr 106, kt. 460269-3509. Greiðslufrestur er til hádegis á prófdegi en vegna norsku og sænsku á hádegi föstudaginn 2. des. Nauðsynlegt er að við greiðslu komi fram nafn og kennitala próftaka. Réttur til próftöku byggist á að prófgjald hafi verið greitt.

***Rektor.***




# 20% AFSLÁTTUR

## af allri íslenskri tónlist




2.799
~~3.499~~




2.719
~~3.399~~




2.159
~~2.699~~




2.159
~~2.699~~




2.159
~~2.699~~

INGÓ ÁRITAR
SUNNUDAG
Smáralind kl. 15



2.159
~~2.699~~



2.159
~~2.699~~




2.159
~~2.699~~



2.159
~~2.699~~




2.159
~~2.699~~

24 Hagkaup
**OPIÐ**
allan sólarhringinn
Garðabær, Skeifan
& Eiðistorg

Gildir til 18. nóvember á meðan birgðir endast.

**HAGKAUP**
Ein ferð betra verð




**Á ÆFINGU** Kristján bjó á Blönduósi fyrstu þrjú ár ævinnar, en þá fluttist fjölskyldan til Danmerkur og dvaldi þar í fjögur ár. Í Danmörku var hann fyrst í sérskóla fyrir fötluð börn og svo í almennum leikskóla og var orðinn altalandi á dönsku eftir fyrsta mánuðinn í almenna leikskólanum. Þegar heim kom gekk Kristján svo í Öskjuhlíðarskóla þar til hann hóf störf hjá Vífilfelli fyrir fimmtán árum.



**ÁTÖK** „Ég verð stundum þreyttur eftir átökin í æfingunum. Lykillinn er þó að fara snemma að sofa, um níuleytið á kvöldin, og þá líður mér ágætlega daginn eftir,“ segir Kristján.



**UPPÁHALDIÐ** Á ennisbandi Kristjáns sést vel hver eftirlætisíþróttamaður hans er, sjálf körfuknattleiksgoðsögnin Michael Jordan. „Það verður aldrei neinn betri en Jordan. Taktarnir hans voru rosalegir,“ segir Kristján, sem hætti nánast að fylgjast með NBA-deildinni í körfubolta þegar Jordan lagði skóna á hilluna.

# Bæti mig sífellt

**Kristján Magnús Karlsson,** þroskahamlaður íþróttamaður og starfsmaður Vífilfells, æfir íþróttir af kappi alla daga vikunnar nema sunnudaga. *Vilhelm Gunnarsson* ljósmyndari og *Kjartan Guðmundsson* fylgdust með Kristjáni í leik og starfi.

Aðaláhugamálið mitt er að bæta mig sífellt, jafnt í íþróttunum sem og öllu öðru sem ég geri,“ segir Kristján Davíð Karlsson, 31 árs íþróttamaður og starfsmaður Vífilfells. Kristján, sem er þroskahamlaður, æfir lyftingar, fótbolta, boccia og frjálsar íþróttir með Íþróttafélaginu Ösp.

Annir Kristjáns við æfingarnar eru svo miklar að foreldrum hans, þeim Margréti Kristjánsdóttur og Karli Þorsteinssyni, finnst á köflum nóg um. „Hann æfir alla daga nema sunnudaga, en þá fer hann heldur ekki á fætur fyrr en eftir hádegi,“ segir Margrét og hlær. „Á virkum dögum fer hann á fætur klukkan sjö, vinnur allan daginn og rýkur svo beint á æfingu. Tímaskorturinn gerir það að verkum að Kristján þarf oft að skipta um föt í bílnum á leiðinni á æfingar. Oftast er hann ekki kominn heim til sín fyrr en átta eða níu á kvöldin, dauðþreyttur. Það vantar aðeins upp á jafnvægið hjá honum svo hann þarf að hafa meira fyrir íþróttunum en margir aðrir,“ segir Margrét og bætir við að þegar Kristján fæddist hafi foreldrar hans haldið að hann gæti aldrei stundað íþróttir af neinu tagi. „En íþróttirnar hafa hjálpað honum afskaplega mikið. Kristján er virkilega duglegur og fylginn sér. Ef hann ætlar sér eitthvað þá gefst hann ekki upp fyrr en það tekst,“ segir Margrét.

FRAMHALD Á SÍÐU 38

VÍSIR Fleiri myndir má sjá á visir.is

markhonnun.is

# netto
Kræsingar & kostakjör



## DVD ferðaspilari 7"

**14.998KR**



## DVD ferðaspilari 9"

**19.998KR**

Fjölkerfa DviX DVD Spilari - Svartur
9" LCD sskjár. Hristivörn. USB tengi
Spilar DVD, DVD+R/RW, DVD-R/RW, (S)VCD, MPEG4 og DivX
Spilar CD, CD-R/RW, MP3 og JPEG

AV og 1 x Heyrnartólstengi
Spennir fyrir 110-240V
og 12v tengi í bíl fylgir
Fjarstýring og taska fylgja
Stræð í cm (BxHxD): 24,8x40x18,5

## DVD SPILARI

DVD spilari
DVD Spilari með USB tengi
Spilar DivX, MP3, WMA og JPEG ljósmyndir
Spilar CD, CD-R/CD-RW, Video CD/SVCD, DVD, DivX, DVD+R/+RW, DVD-R/-RW, DVD-Video
USB 2.0 afspilun á tónlist, videó og ljósmyndum
Hægt að festa á vegg, festingar fylgja.
Fjarstýring



**12.995KR**

## Sjónvarp 32"

**89.998KR**



32" HD ready 16:9 LCD Sjónvarp
Upplausn 1366x768 punktar
Skerpa: 1000:1
Svartími: 8,5ms
Sjónsvið (H/V): 176°/176°
Stafrænn móttakari DVB-T+C (MPEG4)
Nicam Stereo Hljóðkerfi

1x Scart (með RGB), 2x HDMI, PC tengi, Heyrnartólstengi og CVBS tengi
Multimedia USB tengi - Spilar : DivX, MKV, MP3 og JPEG
Fjarstýring
Stærð í cm (BxHxD): 76,8x49x3,8
Þyngd: 12kg

## Sjónvarp 24"

**59.998KR**



24" 16:9 LCD Sjónvarp
Upplausn 1920x1080 punktar
Skerpa: 1000:1
Svartími: 5ms
Sjónsvið (H/V): 170°/170°
Stafrænn móttakari DVB-T+C (MPEG4)

Nicam Stereo Hljóðkerfi
1x Scart (með RGB), 1x HDMI, Ci, S-video, PC tengi, Heyrnartólstengi og USB
Fjarstýring. Stærð í cm (BxHxD): 58,6x42,5x2,5
Þyngd: 12kg

**INNBYGGÐUR DVD SPILARI**

**HD READY**

**MPEG -2 DVB-T TUNER**



## Sjónvarp 26"

**69.998KR**

26" LCD LED
Innbyggður CD/DVD spilari
Upplausn: 1366x768p
Skerpa: 1000:1
Svartími: 8,5 ms
Sjónarhorn: 176°
Stafrænn móttakari (DVB-T)
USB tengi sem styður JPEG, MP3/4, AVI, MPEG1/4, Xvid, H.264, MKV o.s.frv.
2x HDMI, Scart, Component, Composite VGA & heyrnartólstengi
Mál í mm (BxHxD): 54,5x45,8x1,8
Þyngd: 7.7 kg

BIRT MEÐ FYRIRVARA UM PRENTVILLUR OG MYNDAVÍXL

Skráðu þig á póstlistann á **www.netto.is**



ALDREI AÐ HÆTTA Yfirleitt gegnir Kristján stöðu markvarðar í fótboltanum, en segist þó vera svo almennilegur við þjálfarann að geta brugðið sér í vörnina þegar þess er þörf. „Það er gott að vera fjölhæfur. Ég pæli mikið í þjálfunaraðferðum, til dæmis því sem Arsene Wenger gerir hjá Arsenal, og gæti alveg hugsað mér að gerast spilandi aðstoðarþjálfari í framtíðinni," segir Kristján.

FRAMHALD AF SÍÐU 36



Í VINNUNNI Kristján starfar í safadeild Vífilfells, þar sem hann gengur úr skugga um að allt fari rétt fram. „Kristján hefur unnið hér í fimmtán ár og er yndislegur maður, ábyggilegur, umhyggjusamur og þægilegur í umgengni," segir Anna María Pétursdóttir, starfsmannastjóri fyrirtækisins, og bætir við að Kristján sé líka glöggur og taki oft eftir hlutum sem mættu betur fara, sem aðrir taki ekki eftir.




BLÓÐRAUÐUR Eins og sést á herbergi Kristjáns á heimili fjölskyldunnar við Básenda er hann eitilharður Valsari í gegn og Arsenal-maður fram í fingurgóma. Hann hefur einnig áhuga á tónlist og er Sálin hans Jóns míns í mestu uppáhaldi. „Eitt sinn var Kristján plötusnúður á böllum fyrir fatlaða í Árseli, en hætti því fljótlega því þá gat hann ekki dansað á meðan," segir Margrét móðir Kristjáns.




ÁLAG Foreldrar Kristjáns skutla honum í og úr vinnu og á æfingar, sem tekur sinn tíma. „Núna dreymir mig um að taka bílpróf. Það myndi létta örlítið álaginu af mömmu og pabba," segir Kristján.



VINSÆLL „Kristján er sterkur félagslega og þykir mjög skemmtilegur og kammó," segir Margrét um son sinn. „Hann tekur hlutunum með jafnaðargeði og er mjög ljúfur."



Jólastjörnur
stórar

1299 kr.

Jólastjörnur
minni

499 kr.

Jólavörurnar frá RAZ eru komnar ásamt miklu úrvali af annarri vöru.

Skreytingaefni í miklu úrvali!

# Ilmandi JÓLASTEMMNING Í BLÓMAVALI



Feðradagurinn er á morgun!

Úrval gjafapakkninga og blómvendir fyrir alla feður

## HEIMSÆKIÐ JÓLALANDIÐ OKKAR!



KL. 14.00
laugardag

**SKOPPA OG SKRÍTLA KOMA Í HEIMSÓKN OG KOMA ÖLLUM Í JÓLASKAP MEÐ SÖNG OG GLEÐI**



kl.14-16
laugardag

**ALLIR KRAKKAR FÁ AÐ KLAPPA KANÍNUM**

## JÓLASKREYTINGAKVÖLD

í Skútuvogi

**Miðvikudag 16. nóv.**
**fimmtudag 17. nóv.**
**kl. 20-22**

**Skráning er hafin í síma 5 800 500 og á blomaval.is**
**Takmarkaður sætafjöldi**
**Ókeypis aðgangur!**



blómaval
heillandi heimur

Skútuvogur - Grafarholt - Akureyri - Egilsstaðir
Akranes - Ísafjörður - Selfoss - Reykjanesbær - Dalvík



**NÁIÐ SAMBAND** Fílskálfarnir mynda náið samband við fílahirðana, sem sinna skjólstæðingum sínum allan sólarhringinn. Hver kálfur sefur með einum fílahirði á hverri nóttu, og deginum eyða þeir á rölti um þjóðgarðinn með þessum mannlegu fjölskyldumeðlimum sínum. FRÉTTABLAÐIÐ/BRJÁNN

# Nýtt líf fyrir munaðarlausa risa

Yfir 100 fílar eiga sérstöku munaðarleysingjahæli, sem starfrækt er í Kenía, líf sitt að launa. Yngstu kálfarnir komu þangað nýfæddir og margir sem þangað koma hafa misst foreldra sína á sviplegan hátt. *Brjánn Jónasson* heimsótti þessa stærstu munaðarleysingja í heimi og fræddist um hvernig þeim er hjálpað til að verða óháðir mönnum og finna sér sína eigin fílahjörð.

Margir af fílskálfunum sem koma á munaðarleysingjahælið í Naíróbí í Kenía eiga það sameiginlegt að hafa horft á veiðiþjófa murka lífið úr mæðrum sínum. Eftirspurnin eftir fílabeini er mikil þrátt fyrir að alþjóðlegt bann á verslun með fílabein hafi verið sett á fyrir ríflega aldarfjórðungi.

Heppnustu kálfarnir finnast á lífi, og eru fluttir á munaðarleysingjahæli í útjaðri þjóðgarðsins í Naíróbí, höfuðborg Kenía. Munaðarleysingjahælið er starfrækt af David Sheldrick-dýraverndunarsjóðnum, og hefur á þremur áratugum alið upp ríflega 100 kálfa og hjálpað þeim að finna heppilega fílahjörð til að eyða ævinni með í risavöxnum þjóðgörðum Kenía.

Í dag eru fjórtán fílar undir þriggja ára aldri á munaðarleysingjahælinu í Naíróbí. Þar búa þeir með átján fílahirðum, sem ganga þeim í móðurstað. Fílahirðarnir búa og starfa með fílunum, og sinna þeim allan sólarhringinn. Helmingurinn sefur með fílunum á nóttunni, og hinn helmingurinn sinnir þeim á daginn.

Fílahirðarnir verða fjölskylda kálfanna. Í náttúrunni er það samvinnuverkefni allrar fílahjarðarinnar að ala upp ungviðið, og fílahirðarnir verða að ganga í stórf allra fullorðnu fílanna ef kálfarnir eiga að braggast. Það er nefnilega síst mikilvægara fyrir kálfana að finna fyrir ást og hlýju frá þessum mannlegu foreldrum sínum en að fá nóg að bíta og brenna.

Þrettán af fjórtán kálfum virðast lífsglaðir og ánægðir þegar blaðamaður lítur í heimsókn, en einn sker sig úr. Kihari heldur sig í ákveðinni fjarlægð frá hinum fílunum og tekur ekki þátt í leiknum. Fílahirðarnir útskýra að stutt sé síðan Kihari kom á munaðarleysingjahælið, og hún sé enn afar stressuð. Mögulega er hún ein af óheppnu kálfunum sem horfðu á veiðiþjófa drepa móður sína.

Fílar fá ekki skögultennurnar eftirsóttu fyrr en um eins árs aldurinn, og því drepa veiðiþjófar yfirleitt ekki kálfana. Tveir af munaðarleysingjunum bera þó ör eftir vopn veiðiþjófa. Annar fékk ör í hálsinn, og hinn var stunginn með spjóti í höfuðið.

### Drekka 50 lítra af mjólk á dag

Fílar undir þriggja ára aldri eru enn algerlega háðir móðurmjólkinni, þótt þeir fari smátt og smátt að narta í laufblöð og gras eins og eldri fílarnir. Hver kálfur þarf að drekka á þriggja tíma fresti allan sólarhringinn. Þeir elstu drekka sex lítra í hvert skipti, eða tæplega 50 lítra af mjólk á dag úr risavöxnum mjólkurpelum.

Stjórnendur munaðarleysingjahælisins reyna eins og hægt er að halda þessum stóru en barnungu skjólstæðingum sínum frá almenningi. Þeir gera þó undantekningu í klukkutíma í hádeginu á hverjum degi, þar sem forvitnir gestir fá að fylgjast með þegar hungraðir kálfarnir fá mjólkursopann sinn.

Ásóknin í að fylgjast með þessum ferfættu trúðum er skiljanlega mikil, og skila heimsóknirnar mikilvægum tekjum. Fílarnir fara enda á kostum fyrir gestina. Auk þess að þamba úr mjólkurpelunum sínum á mettíma fá þeir sér oft drullubað, sulla í vatni og leika sér jafnvel í fótbolta þegar vel liggur á þeim. Þeir frökkustu virðast jafnvel forvitnari um gestina en þeir eru um fílana.

Stærstum hluta dagsins eyða fílarnir í skógi vöxnum þjóðgarðinum ásamt fílahirðunum. Þar rölta þeir um, éta lauf og gras og leika sér.

Þegar kálfarnir ná þriggja ára aldri eru þeir fluttir í Tsavo-þjóðgarðinn í Suður-Kenía. Þar fær almenningur ekki lengur að heimsækja fílana, heldur fá þeir aðeins að umgangast fílahirðana.

Í Tsavo hitta þeir svo í fyrsta skipti villta fíla. Ólíkt mörgum öðrum dýrategundum eru fílar forvitnir um fíla sem ekki eru í þeirra hópi, og í mörgum tilvikum eru þeir meira en tilbúnir að vingast við nýja fíla og taka við þeim í sinn hóp.

### Eignast vini og taka stökkið

Hjá fílunum munaðarlausu tekur nú við margra ára ferli þar sem þeir aðlagast lífinu í þjóðgarðinum á daginn, en sofa í skýlum á næturnar. Smátt og smátt fara þeir að gista úti á næturnar, og eignast vini í fílahjörðunum í nágrenninu.

Á endanum ákveða fílarnir svo að taka stökkið og ganga til liðs við ákjósanlega fílahjörð, oft í kringum tíu ára aldurinn, þótt það sé afar misjafnt eftir einstaklingum.

Yfir 100 fílar hafa fengið nýtt líf með þessum hætti á þeim tæplega þremur áratugum sem munaðarleysingjahælið hefur verið starfrækt. Starfsfólkið er sérlega stolt af þeim kúm sem hafa þegar eignast afkvæmi í þjóðgarðinum, og sérstaklega þó þeim sem leiða í dag sína eigin fílahjörð.

Fílarnir gleyma samt engu, og flestir þeirra sem ólust upp meðal mannfólksins líta í heimsókn á nokkurra ára fresti til að kanna hvernig fílahirðarnir sem gengu þeim í móðurstað hafa það.

## ■ HÆGT AÐ FÓSTRA FÍL

Dýraverndunarsjóðurinn sem rekur munaðarleysingjahælið fyrir fílsungana í Kenía býður þeim sem vilja styrkja starfsemina að fóstra fíl. Lágmarksstuðningur er 50 Bandaríkjadalir á ári. Nánari upplýsingar má finna á vef samtakanna, sheldrickwildlifetrust.org.



**LEIKGLEÐI** Kálfarnir kæla sig niður í drullubaði eftir mjólkursopann. Þeir nota auðvitað tækifærið til að leika sér, enda fátt skemmtilegra en að sulla í drullu. Leirinn er fílunum nauðsynlegur, þar sem hann ver húð þeirra fyrir sólbruna og skordýrum.



## FÍLABEINIÐ EFTIRSÓTT Á SVÖRTUM MARKAÐI

Þrátt fyrir að bann með verslun á fílabeini hafi verið við lýði frá árinu 1990 drepa veiðiþjófar árlega fjölda fíla til þess eins að skera úr þeim tennurnar. Eftirspurnin eftir fílabeini á svörtum markaði er ótrúlega mikil á heimsvísu, þótt hún sé langsamlega mest í Kína og Japan.

Augljóst er að veiðar á fílum gengu mjög nærri stofninum áður en veiðibanninu var komið á. Engar áreiðanlegar tölur eru til yfir fjölda fíla í Afríku allri, en stofninn hefur heldur verið að braggast á síðustu áratugum.

Veiðiþjófar á höttunum eftir fílabeini eru ekki þeir einu sem vilja fíla feiga. Bændur í Kenía, eins og víðar í Afríku, eiga það einnig til að drepa fíla sem fara yfir á land þeirra. Fullorðinn fíll étur um 300 kíló af gróðri á dag, og því vægast sagt óheppilegt fyrir lítið bændasamfélag að fá fílahjörð í heimsókn.

Þegar fullorðnir fílar eru drepnir eiga kálfar þeirra undir tveggja ára aldri enga möguleika á að lifa af í náttúrunni. Ef óstálpaður kálfur fær ekki mjólk getur hann dáið á einum sólarhring. Því þurfa dýraverndunarsinnar að hafa hraðar hendur þegar fréttist af foreldralausum fílum einhvers staðar í Kenía.

Þó að mörgum munaðarlausum fílum sé bjargað með þessum hætti er aldrei hægt að bjarga þeim öllum. Sumir neita að drekka mjólk úr pela meðan aðrir virðast nærast, en eru í svo miklu uppnámi eftir móðurmissinn að þeir drepast fljótlega eftir komuna á munaðarleysingjahælið.

# fjölskyldan

[ SÉRBLAÐ FRÉTTABLAÐSINS UM FJÖLSKYLDUNA ]

nóvember 2011

## Feðradagurinn á morgun

**Feðginin Gísli Hrafn Atlason og Þorbjörg Anna Gísladóttir eru bestu vinir og verja mörgum stundum saman.**

SÍÐA 2





## Fjörug stelpa

**Kristjana Friðbjörnsdóttir gaf nýverið út aðra bók sína um ævintýri hinnar uppátækjasömu Ólafíu Arndísar.** SÍÐA 6






# Lumbrar á tengdasyninum

Tengdamæðginin Sigrún María Guðmundsdóttir sjúkraliði og Halldór Pálsson vélaverkfræðingur eiga í góðu sambandi. Enda ekki vanþörf á þar sem þau hittast tvisvar í viku og kljást á karateæfingum.

Ég byrjaði að æfa karate árið 2000, þá að verða fimmtug,“ segir Sigrún María en báðar dætur hennar auk tveggja barnabarna fóru að æfa karate á sama tíma. „Þetta atvikaðist þannig að dóttir mín og maður hennar fluttu heim frá útlöndum og þá bauð ég drengnum þeirra að fara að æfa karate. Svo einhvern veginn ákváðum við bara öll að slá til og fara með honum,“ útskýrir hún.

En hvað með Halldór tengdasoninn? „Hann kom tveimur árum seinna en hann hefur aldrei verið nein íþróttatýpa,“ segir Sigrún glettin og Halldór samsinnir því. „Ég hafði

FRAMHALD Á SÍÐU 4





Ragnheiður Tryggvadóttir
skrifar

# Dómur hinna útsofnu

Ég hafði ekki gert mér grein fyrir hve góður nætursvefn er mikils virði fyrr en ég eignaðist börn. Hvernig svefn er undirstaða þess að bæði líkami og hugur starfi og hvernig skortur á honum brýtur niður allt mótstöðuafl, bæði líkamlegt og andlegt. Fram að því var ég ein af þessum óþolandi barnlausu, sem hneykslaðist á undanlátssemi foreldranna í kringum mig. Hafði engan skilning á buguðum foreldrum í Bónus sem tíndu í innkaupakörfuna allt sem kolóður krakkinn fór fram á. Ég átti það jafnvel til að koma með athugasemdir um uppeldi í yfirlætislegum tón við hvern sem heyra vildi!

Eitt af því sem ég hafði lítinn skilning á var að foreldrar gætu fórnað sínu eigin rúmi undir börnin. Átti ekki til orð yfir þeim aumingjaskap að sofa upp á rönd eða jafnvel til fóta meðan krakkinn velti sér á miðjunni. Við þessar aðstæður ætti að sýna festu og koma börnunum strax í skilning um að þeirra staður væri í þeirra eigin rúmi. Sama hversu margar nætur það tæki ætti að bera þau aftur í sitt eigið rúm, þar til þeim yrði þetta ljóst. Foreldrar yrðu bara að harka af sér það tímabundna rask sem þessar aðgerðir hefðu á þeirra eigin svefn. Þetta borgaði sig þegar upp væri staðið. Ekki kæmi til greina að kaupa stærra rúm, það væri uppgjöf!



Tveimur börnum síðar er búið að lækka í mér rostann. Við fyrsta barn reyndi ég að halda til streitu þeim hugmyndum um barnauppeldi, sem ég hafði áður svo ófeimin látið í ljós. Mér varð þó fljótlega ljóst að hlutirnir eru ekki eins einfaldir þegar á hólminn er komið og þegar barn númer tvö bættist við hrundu þessar hugmyndir mínar ein af annarri. Sú hugmynd mín um að halda rúminu út af fyrir okkur hjónin, hrundi nú fyrir skömmu. Drengurinn okkar litli fór að venja komur sínar þangað og grét sárt þegar ég flutti hann til baka. Ég var merkilega fljót að leyfa honum bara að lúra á milli og við tóku nætur þar sem ég svaf upp á rönd og jafnvel til fóta.

Rót komst á nætursvefninn við þetta brölt og eftir nokkrar vikur tíndi ég svefnvana og buguð tóma vitleysu ofan í innkaupakörfuna, allt eftir kröfum þess stutta. Augnagotur þeirra útsofnu stungu í bakið. Fleiri svefnlausar vikur bættust við áður en ég játaði mig sigraða á sál og líkama. Ég keypti stærra rúm.

Fyrstu nóttina í nýja rúminu lét sá litli reyndar ekki sjá sig. Ekki þá næstu heldur, né þarnæstu. Ég bylti mér í víðáttunni en kom ekki blundur á brá. Kvíðandi augnaráði hinna útsofnu.

**Fjölskyldan** kemur út mánaðarlega með helgarblaði Fréttablaðsins. Ritstjórn: Sólveig Gísladóttir Hönnun: Silja Ástþórsdóttir Forsíðumynd: Vilhelm Gunnarsson Pennar: Gunnþóra Gunnarsdóttir Júlía Margrét Alexandersdóttir Ragnheiður Tryggvadóttir Roald Viðar Eyvindsson Sigríður Björg Tómasdóttir Ljósmyndir: Fréttablaðið Auglýsingar: *Ívar Örn Hansen ivarorn@365.is*






**Samrýmd feðgin** Það reyndi á vináttu þeirra Þorbjargar Önnu og Gísla Hrafns í sumar þegar þau löbbuðu Laugaveginn. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Tengsl og traust skapast með samveru

Feðginin **Gísli Hrafn Atlason og Þorbjörg Anna Gísladóttir** eru bestu vinir og verja mörgum stundum saman. Þau geta samt ekki verið saman á morgun, á feðradaginn, vegna vinnuferðar sem Gísli er að fara í, en bæta sér það örugglega upp síðar.

Þorbjörg Anna er í heimsókn á vinnustað pabba síns, leikskólanum Mýrinni í litla Skerjó. Þangað skýst hún stundum þegar hún er búin í skólanum, enda er hún svo heppin að frekar stutt er á milli. Hún er á tíunda ári og gengur í Melaskóla. Þennan daginn lenti hún samt í hellidembu. Smá hik kemur á hana þegar hún er spurð hvort hún hjálpi pabba sínum að passa börnin í leikskólanum. „Oft finn ég mér bara einhverja bók og les hana inni á kaffistofu," segir hún og lítur á pabba sinn. „Já, og stundum lestu líka fyrir börnin. Það er hjálp í því," segir hann hlýlega.

Það leynir sér ekki að þau feðgin eru miklir vinir. „Það reyndi nú á vináttuna í sumar þegar við löbbuðum Laugaveginn," segir Gísli Hrafn kankvís og bætir við. „Ég geng dálítið mikið og dótturina hefur langað að labba Laugaveginn síðustu þrjú ár, við létum verða af því í sumar, töldum að hún væri tilbúin." „En svo ældi ég nokkrum sinnum fyrsta daginn," rifjar hún upp og bætir við: „Samt var þetta ótrúlega skemmtilegt." „Já, hún kláraði þetta með stæl," segir pabbinn stoltur. Þau segjast labba frekar mikið dags daglega, að minnsta kosti allar styttri vegalengdir, fyrst í leikskólann, svo hún í skólann og hann í vinnuna. „Svo löbbum við oft í sund í Vesturbæjarlaug," segir Þorbjörg Anna.

Gísli Hrafn og Þorbjörg Anna búa á Hjarðarhaganum, ásamt mömmu Þorbjargar Önnu, Ingibjörgu Stefánsdóttur. Þar býr líka Nína, hálfsystir Þorbjargar Önnu. Hún er 22 ára og á þriðja ári í lögfræði. „Ég kynntist Nínu þegar hún var sjö ára og hugsaði með mér, ef ég hef ekki tíma fyrir hana núna þá hef ég hann aldrei. Þeirri skoðun hef ég haldið og við í fjölskyldunni höfum gefið okkur þann tíma sem þarf til að vera saman. Tengsl og traust skapast með samveru og samveran tekur tíma," segir Gísli Hrafn. „Þegar ég hef mikið að gera og dóttirin er meira með mömmu sinni þá snýr hún sér líka meira til hennar þó að ég sé heima. Nákvæmlega það sama gerist ef tímabil koma sem mamma hennar er mikið upptekin. Þá sækir hún til mín. En ég held að við höfum haft sæmilegt jafnvægi í þessu, þannig að hún sé jafn hænd að okkur báðum."

Gísli Hrafn, Ingibjörg og Nína bjuggu í Danmörku um tíma og þar fæddist Þorbjörg Anna fyrir níu árum. Hún man samt ekkert eftir sér þar. „En í fyrrahaust var mamma þar í nokkra mánuði í skóla og þá fórum við pabbi þangað í heimsókn. Þá fórum við út í skóg og skoðuðum leynistaðinn okkar gamla sem ég mundi samt ekkert eftir," segir Þorbjörg Anna brosandi.

Gísli Hrafn segir Nínu gott dæmi um að skilnaðarbörn séu engin vandamál ef rétt sé staðið að hlutum enda séu tengslin líka góð við pabba hennar. „Í kringum Nínu er dæmi um flókna fjölskyldu og einu sinni fórum við að teikna hana upp, það voru foreldrar, kærasta pabbans og kærasti mömmunnar, margar ömmur og afar og annað eftir því. Þegar hún leit yfir blaðið sagði hún með fögnuði: „Vá hvað ég á marga sem þykir vænt um mig!" Börn eru svo snjöll."

Nú má Þorbjörg Anna ekki vera að þessu rabbi lengur því hún er að drífa sig í sellótíma vestur í Frostaskjól. Hún fer á hjóli og ætlar að reyna að komast á milli regnskúranna.

*- gun*

## BÓKIN

**Lengi býr að fyrstu gerð** Hvað kostar að vera til? Hver er munurinn á peningum og verðmætum? Hvernig á að lesa launaseðilinn sinn? Hvers vegna borgar sig að spara? Þessu öllu og fleiru er velt upp í bókinni Hvað kosta ég? eftir Daða Rafnsson, en henni er ætlað að auka fjármálalæsi ungs fólks.

Foreldrar og börn gætu haft gagn og gaman af því að lesa bókina saman en hún hentar einnig til kennslu í lífsleikni í grunn- og framhaldsskólum.

Samhliða útgáfu bókarinnar hefur verið opnuð vefsíðan fjarmalaskolinn.is sem styður við efni hennar. Þar er að finna ítarlegar skýringar á hugtökum, reiknivélar, formúlur og fleira. Á vefsíðunni er líka hægt að skrá sig á námskeið sem Fjármálaskólinn heldur.



Síðasti dagur pantana til afhendingar fyrir jól er **15. nóvember**.



M-SÓFINN íslensk framleiðsla sniðin að þínum þörfum.



PIPAR/TBWA • SÍA • 102927

Bjóðum það besta í evrópskri húsgagnahönnun og glæsilegt úrval gjafavöru.

MÓDERN

Hlíðasmára 1 / 201 Kópavogur / 534 7777 / www.modern.is

Opið alla virka daga frá 11–18 og laugardaga 11–16.



# Ertu þreytt(ur) á því að vera þreytt(ur)?

PRENTUN.IS

**Énaxin Total** orkugefandi fjölvítamíntöflur eru snilldar lausn við orkuleysi og sleni. 1 tafla á dag inniheldur dagskammt af vítamínum og steinefnum auk orkugefandi jurta.




**Einfalt og áhrifaríkt fyrir alla, konur og kalla!**

Fæst í apótekum, heilsubúðum og heilsuhillum stórmarkaðanna.

Innflutningsaðili: Gengur vel ehf

ÈNAXIN
ORKA & KRAFTUR ÚR NÁTTÚRUNNI

Vímulaus æska
Foreldrahús

25 ára
1986-2011

# Afmæliskaffi í dag !

Vímulaus æska-Foreldrahús efnir til afmælisfagnaðar í dag í tilefni 25 ára afmælis samtakanna.

Afmælisfagnaðurinn verður að Borgartúni 6, II. hæð. Dagskrá hefst klukkan 14 og stendur til klukkan 17.

Tónlist og leiklist fyrir unga jafnt sem aldna.

Léttar veitingar í boði

Allir hjartanlega velkomnir.

Vimulaus æska - Foreldrahús - www.vimulaus.is

# Nýtt teppi á stigaganginn – nú er tækifærið !!!!

## Eitt verð - niðurkomið kr. 6.390 m²

**Verðdæmi:**
70 fermetra stigahús með 8 íbúðum
Heildarverð kr. 447.300
Endurgr. VSK og meðal skattaafsl (70.995)
Raunverð kr. 376.305
pr. íbúð aðeins 47.038

ALLIR VINNA

Komum á staðinn með prufur og mælum, ykkur að kostnaðar lausu

ÁLFABORG
Skútuvogi 6 - Sími 568 6755

# íþróttir
hreyfum okkur...



**Í KARATEFÉLAGINU** Þórshamri eru iðkendur allt frá sex ára aldri og upp úr.



**Á æfingu** Sigrún María og Halldór eigast við á æfingu.



**Með tengdamömmu í lás** Tengdamæðginunum finnst skemmtilegt á æfingu. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**Takast á** Sigrún María hefur hér náð góðu taki á tengdasyninum.

FRAMHALD AF FORSÍÐU

aldrei stundað neinar íþróttir, var í raun antisportisti, þar til ég byrjaði í karate rúmlega þrítugur árið 2002.“ Hann segir tvennt hafa komið til. „Í fyrsta lagi var öll fjölskyldan komin í þetta og í öðru lagi hafði einn besti vinur minn stundað karate í nokkur ár og við ákváðum að hann tæki mig í nokkra tíma,“ segir Halldór, sem þannig byrjaði sinn karateferil í einkatímum.

Um tíma voru því fimm fjölskyldumeðlimir að æfa karate í einu. Fljótlega heltust þó kona Halldórs og mágkona úr lestinni og börnin tvö urðu unglingar og tóku pásu. „Yngri dætur okkar tvær hafa reyndar verið í karate af og til en eru ekki núna,“ segir Halldór, sem nú er kominn með brúna beltið en Sigrún María er komin með það svarta. Sigrún María segist þó samt ekki eiga í tengdasoninn þrátt fyrir að vera komin lengra í íþróttinni. „Hann er bæði stærri og sterkari,“ segir hún glaðlega en viðurkennir að vissulega þurfi þau stundum að kljást enda sæki þau sömu tímana.

En er ekkert skrítið að þurfa að lumbra á tengdamömmu? „Nei í raun ekki. Hún er bara ein úr hópnum eins og ég og við gerum æfingarnar eins og aðrir þegar við lendum á móti hvort öðru. En maður tekur vissulega tillit til þess hver andstæðingurinn er, til dæmis ef hann er fjörutíu kílóum léttari og töluvert eldri en maður sjálfur,“ segir Halldór og Sigrún María er sammála. „Ég horfi á hann eins og alla hina.“

Innt eftir því hvort þau freistist ekki til að gera upp fjölskyldudeilur á æfingum neita þau því bæði hlæjandi. „Nei, við náum nú frekar góðu sambandi svo það er sjaldan neitt illt á milli okkar,“ segir Sigrún brosandi. Þau segjast ekki heldur fá neinar athugasemdir frá öðrum. „Fólk veit almennt af þessu og þetta þykir ekkert skrítið enda ekki óvanalegt að fjölskyldumeðlimir æfi saman. Með okkur eru til dæmis hjón á æfingum,“ segir Halldór og útskýrir að mjög margir fullorðnir byrji að æfa karate eftir að hafa fylgst með börnum sínum á æfingum.

Þau segjast bæði fá heilmikið út úr því að æfa karate. „Þetta gerir mér mjög gott, ég fæ til dæmis aukinn liðleika, úthald og styrk. Ég veit bara ekki hvernig ég væri ef ég væri ekki í þessu,“ segir Sigrún María sem fer í karate tvisvar í viku og hleypur einu sinni í viku. Halldór lítur sömuleiðis á karate fyrst og fremst sem líkamsrækt. „Þegar ég byrjaði var kominn tími til að ég hreyfði mig eitthvað enda ekki gott fyrir skrokkinn að gera ekki neitt,“ segir hann og finnst hann græða mikið á íþróttinni. „Ég held mér í formi, fæ aukið sjálfsöryggi og svo er bónus að geta varið sig,“ segir hann en bætir glettin við að þó hafi aldrei komið til þess. „Svo eru ýmis hliðaráhrif eins og það að ég er ekki eins lofthræddur og áður, líklega vegna betra jafnvægis.“

Halldór og Sigrún María segjast bæði ætla að halda ótrauð áfram. „Karate er sport fyrir fólk á öllum aldri og við höfum í okkar hópi afar góða fyrirmynd í manni sem kominn er yfir sjötugt, svo það er engin ástæða fyrir okkur að slaka á.“

- sg, ve

# Föndrað í Iðnó



Bókamessa í Bókmenntaborg fer fram um helgina og mikið um spennandi viðburði sem börn og foreldrar geta tekið þátt í. Má þar nefna föndursmiðju sem komið verður á fót á 2. hæð í Iðnó á morgun en myndlistarkonan og rithöfundurinn Kristín Arngrímsdóttir mun frá klukkan 14-15 aðstoða börn og foreldra við að föndra þekktar sögupersónur úr barnabókum. Efniviður er ókeypis á staðnum. Að föndri loknu mun Ævar vísindamaður úr Stundinni okkar kynna glósubók sína og framkvæma spennandi tilraunir.



**Alls kyns spennandi viðburðir** verða á dagskrá í menningarhúsinu Hofi á Akureyri um helgina. Karlakórinn Hekla heldur tónleika í dag klukkan 15 þar sem meginþemað er rússnesk karlakóratónlist. Þá verður barnamenningarhátíð, Börn fyrir börn, haldin á morgun klukkan 14. Sjá menningarhus.is

;ALLT

FRÉTTABLAÐIÐ **Sölufulltrúar:** **Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Brynja Dan Gunnarsdóttir** brynjadan@365.is 512 5465 **Snorri Snorrason** snorris@365.is 512 5457

**NÁMSAÐSTOÐ**

**Vantar þig aðstoð í einhverri námsgrein?**

**íslenska - stærðfræði - enska - danska - efnafræði - lestur eðlisfræði - þýska - franska – spænska – stafsetning o.fl.**

**Öll skólastig - Réttindakennarar**

*Nemendaþjónustan sf* **www.namsadstod.is s. 557 9233**







**Ívar Hauksson PGA-golfkennari hættir ekki fyrr en hann skarar fram úr í einu og öllu sem hann gerir.**



# Bestur í öllu

Líf mitt á Spáni er draumur í dós. Það eru forréttindi að geta unnið við það sem manni þykir skemmtilegast," segir Ívar, sem er mörgum ógleymanlegur fyrir að hafa unnið allt sem hann unnið gat á sviði íþrótta, karlmennsku og fegurðar hér áður.

Ívar hefur verið búsettur á Spáni síðastliðin fimmtán ár.

„Það kom af sjálfu sér að ég flytti utan. Ég hafði lagt það í vana minn að lengja golftímabilið heima með því að fara á spænska golfvelli um vor og haust, en þegar að heimferð kom langaði mig aldrei til baka. Þegar ég velti þessum örlögum fyrir mér rifjast upp sumarfrí fjölskyldunnar á Benidorm þegar ég var ellefu ára og tilkynnti mömmu á svölum hótelsins að hér ætlaði ég að búa í framtíðinni. Þá sagði amma mér að aftur í ættum rynni spænskt blóð, sem kemur heim og saman við suðrænt útlit okkar margra og þrá mína eftir Spáni."

Ívar er PGA-golfkennari við fimm stjörnu golfparadísina Fairplay Golf Hotel & Spa á Costa de la Luz í Andalúsíu. Staðurinn hefur margoft hlotið viðurkenninguna World Leading Golf Resort.

„Þetta er ævintýraheimur og dálítið mikið öðruvísi en Íslendingar eiga að venjast. Hingað kemur fólk í þyrlum til að spila golf og mikið um fræga stjórnmálamenn og stórstjörnur á borð við Shakiru og fleiri," segir Ívar, sem býr í lúxusvillu við golfvöllinn og er á góðum stað í lífinu.

;FRAMHALD | 2



**Ef hláturinn** lengir lífið ættu þeir sem vilja lifa vel og lengi að láta sjá sig í Tjarnarbíói í dag klukkan 13.30. Þar stendur Hitt húsið fyrir keppninni Leiktu betur þar sem átta lið úr átta framhaldsskólum taka þátt í svokölluðu leikhússporti. Aðgangur er ókeypis.



Framhald af forsíðu

„Ég eignaðist hjarta spænskrar senjórítu fyrir tólf árum en hef ekki enn kvænst henni. Ég hef séð of mörg hjónabönd fara í vaskinn til að trúa á hjónabandið og held að ástin haldi fólki saman frekar en hjúskaparsáttmáli og gullhringar. Ég er heldur ekki tilbúinn að skrifa undir samning um að ég ætli að vera með sömu konunni það sem eftir er ævinnar,“ segir Ívar stríðnislega, en með Önu konu sinni á hann dæturnar Raquel, 8 ára, og Melanie, 3ja ára.

„Á Íslandi á ég líka dæturnar Írisi Tönju og Ornellu, og afastrákinn Aron Þór. Ég sakna ekki íslensks þjóðfélags, en ég sakna fjölskyldu minnar og vina. Hins vegar á ég í miklu nánara sambandi við ástvini mína eigandi heima á Spáni en á Íslandi. Þeir koma oft til mín og vitaskuld er miklu meira ævintýri fyrir þá að koma hingað en fyrir mig að fara heim.“

## Versnar með aldrinum

Ívar opnaði nýlega Ping-„fitting center“ þar sem hann smíðar golfkylfur sem sniðnar eru að persónulegum þörfum. Það hefur vakið mikla athygli og þykir það fullkomnasta á Spáni.

„Ég hef alltaf verið yfirmáta kappsamur, metnaðarfullur og með óstöðvandi fullkomnunaráráttu, sem versnar bara með aldrinum. Ég þarf alltaf að gera allt best,“ segir hann hlæjandi og víst er að störf Ívars eru upp á tíu því golfrisinn Ping verðlaunaði hann með því að gefa honum fokdýran útbúnaðinn.

„Það lá alltaf fyrir að ég endaði í golfi. Ég hef spilað golf í 42 ár, eða síðan ég fékk fyrstu golfkylfuna í hausinn hjá ömmu og afa í Smálöndum þriggja ára. Þá var ég nánast stimplaður með golfkylfu númer 5 og fljótlega sagaði afi kylfu númer 9 í mína hæð og slípaði fyrir mig grjót í golfbolta. Eftir það stóð ég klukkustundum saman ofan á hitaveitustokk við hús þeirra og barði grjótið miskunnarlaust þar til ég náði að slá það yfir nærliggjandi veg,“ segir Ívar, sem eldri varð oftsinnis Reykjavíkurmeistari, stigameistari Íslands, Íslandsmeistari og keppti með landsliðinu í golfi.

„Ég hef verið íþróttamaður alla ævi, lyfti enn lóðum til að halda mér í formi og er þess utan með einkaþjálfun fyrir hótelgesti. Þá keppi ég á spænskum golfmótum og hefur gengið vel hingað til, en mikill munur er á mótunum hér og heima. Því er óraunhæft að stefna á Spánarmeistaratitil eins og er, enda mikil atvinnumennska sem fylgir slíku. Mér finnst mikilvægt að viðhalda ánægjunni við að spila, en kannski reyni ég seinna við þann titil í eldri flokkum,“ segir Ívar og telur sig trúlega orðinn meiri Spánverja en Íslending.

## Besti vinur í heimi

„Ég hef aðlagast glaðsinna og afslöppuðu andrúmslofti spænsks samfélags. Lífsviðhorf Spánverja er svo ólíkt því íslenska. Sé skólafrí á fimmtudegi er hiklaust gefið frí á föstudegi líka, enda sagði skólastjóri við mig: „Ég get lofað þér Ívar, að það verður enginn fábjáni af því að taka sér frídag.“ Umhverfið er áreitislaust og Spánverjum slétt sama um hluti sem eru Íslendingum hjartans mál. Þeir vilja frekar góða tónlist yfir sælkeramat á trékolli en sötra úr kristalsglasi í leðurstól. Ég hef því lært mikið af þeim og Íslendingar mættu taka þá sér til fyrirmyndar,“ segir Ívar, sem mörgum hraus hugur við að mæta í myrkri á árum áður.

„Ég hef alltaf verið skapmikill en það er gott að hafa skap ef maður kann að stjórna því. Þeir sem þekkja mig hafa aldrei skilið hvernig fólk gat verið hrætt við mig, en vitaskuld var ljóst að ég var enginn ballettdansari þegar það mætti mér með kolsvart hár og 120 kíló af vöðvum í hlýrabol. Ég hef sjálfsöruggt fas sem hefur ekkert breyst, en undir vöðvunum er ég ljúfur sem lamb og drep aldrei flugur,“ segir Ívar hlæjandi og Jóhannes Ármannsson, vinur Ívars úr Borgarnesi, tekur við símtólinu á Spáni:

„Betri vin en Ívar Hauksson er ekki hægt að eiga. Hann er hlýr, góður og traustari en allt; lifandi, skemmtilegur og umtalaður á Spáni fyrir fagmennsku og ljúfan karakter.“

*thordis@frettabladid.is*




Glæsilegar yfirhafnir, kvenna á öllum aldri.



GÓÐAR VÖRUR Á TILBOÐI
TOPPVÖRUR • TOPPÞJÓNUSTA
TOPPHÚSIÐ
Mörkinni 6 - Sími 588 5518
Opið mán - fös 10-18, laugardaga 10-16
www.topphusid.is
NÆG BÍLASTÆÐI



Fallega Jólaskeiðin frá Ernu
Verð 16.500,-
ERNA
Skipholti 3, s.552 0775, erna.is

FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN
vísir
Meiri Vísir.

Hómopatanám

Kynning:
Námsflokkur í Mjódd
Nóv 19, Föstud. kl.19.00

á vegum College of Practical Homeopathy á Íslandi. Fjögurra ára nám, mæting 10 helgar á ári. Námið mun gefa þér djúpa fræðilega og hagnýta þekkingu á efninu.

Uppl: Martin í 897 8190 martink@hive.is
www.homeopathytraining.co.uk

The College of Practical Homoeopathy

HJÓLBARÐAÞJÓNUSTA

HEILSÁRS- OG VETRARDEKK

UMHVERFISVÆNNI KOSTUR FYRIR FÓLKSBÍLA OG JEPPA



INTERSTATE TIRES

DÆMI UM FRÁBÆR TILBOÐ Á INTERSTATE HEILSÁRS- OG VETRARDEKKJUM

VERÐIN ERU FYRIR FJÖGUR DEKK ÁSAMT UMFELGUN

| | | | |
|---|---|---|---|
| 175/65 R14 | 45.900 kr. | 195/65 R15 | 55.900 kr. |
| 185/65 R14 | 49.900 kr. | 205/55 R16 | 63.900 kr. |
| 185/70 R14 | 49.900 kr. | 245/75 R16 | 99.800 kr. |
| 185/65 R15 | 51.900 kr. | 225/45 R17 | 73.900 kr. |

VAXTALAUS GREIÐSLUDREIFING MASTERCARD VISA

VIÐ EIGUM FLESTAR STÆRÐIR DEKKJA Á HAGSTÆÐU VERÐI.
HAFÐU SAMBAND TIL AÐ FÁ VERÐ Í DEKK FYRIR BÍLINN ÞINN.

Interstate heilsárs- og vetrardekkin eru umhverfisvænni kostur. Munstrið inniheldur minna magn af mengandi olíum og uppfyllir evrópska staðla um efnisinnihald hágæða hjólbarða.

568 2020 SÍMI | RAUÐHELLU 11 HFJ | HJALLAHRAUNI 4 HFJ
DUGGUVOGI 10 RVK | AUSTURVEGI 52 SELFOSS | PITSTOP.IS WWW
pitstop

HOLLUR BITAFISKUR
+80% prótín
Fiskneysla er góð fyrir heilabúið



GULLFISKUR
Fæst í Bónus og Inspired, Keflavíkurflugvelli

## Rauðarárstígur 1
101 Reykjavík
Björt og opin íbúð!

**Stærð: 74,6 fm**
**Fjöldi herbergja: 3**
**Byggingarár: 1943**
**Fasteignamat: 14.600.000**

RE/MAX Senter




**Sunnudaginn kl. 16.00-16.30**

**Verð: 20.900.000**

RE/MAX Senter kynnir bjarta og fallega íbúð á annarri hæð í miðbæ Reykjvíkur.
Nánari lýsing; Opið eldhús með eyju/bekk tengist stofu/borðstofu á skemmtilegan hátt. Tvö rúmgóð svefnherbergi, fataherbergi/geymsla er í íbúðinni sjálfri. Baðherbergi er flísalagt með baðkari, þvottavél og þurrkara er haganlega fyrirkomið í skáp. Gólfefni, parket nema í baðherbergi, þar eru flísar.
Allar frekari upplýsingar veitir Þóra í s. 777-2882 eða thora@remax.is eða Ástþór Reynir í s. 414-4700.



Þóra Birgisdóttir
Sölufulltrúi
**7772882**
thora@remax.is

Ástþór Reynir
Lögg. fasteignasali
**4144700**
arg@remax.is

**RE/MAX Senter - Skútuvogur 11a - 101 Reykjavík - Sími: 4144700 - www.remax.is**

## Borgartún 24
105 Reykjavík
Gott skrifstofuhúsnæði til leigu!

**Stærð: 804 fm**
**Fjöldi herbergja: 20-2**
**Byggingarár: 1983**
**Fasteignamat: 110.500.000**

RE/MAX Senter



**Bókið skoðun hjá Þóru**

**Verð: 0**

Vandað skrifstofuhúsnæði á annarri og þriðju hæð til leigu.
Húsnæðið er full innréttað á smekklegan hátt með skrifstofum, opnum rýmum, móttöku á 3ju hæð, fundarherbergjum, tölvuherbergi með kælikerfi, prentaraherbergi, geymslum, eldhúsi og matar/kaffi aðstöðu fyrir starfsfólk. Gengið inn úr stiga- lyftugangi í miðju húsinu á hvorri hæð. Húsnæðið er hentugt fyrir ýmiskonar starfsemi.
Allar frekari upplýsingar veitir Þóra í s. 777-2882 eða thora@remax.is eða Ástþór Reynir í s. 414-4700



Þóra Birgisdóttir
Sölufulltrúi
**7772882**
thora@remax.is

Ástþór Reynir
Lögg. fasteignasali
**4144700**
arg@remax.is

**RE/MAX Senter - Skútuvogur 11a - 101 Reykjavík - Sími: 4144700 - www.remax.is**

## Brekkuás 27
221 Hafnarfjörður
Einbýli í vinsælu hverfi!!

**Stærð: 350,6 fm**
**Fjöldi herbergja: 8**
**Byggingarár: 2008**
**Fasteignamat: 38.200.000**
**Bílskúr: Já**

RE/MAX Senter




**Opið hús á sunnudaginn kl 17.00 - 17.30**

**Verð: 33.900.000**



RÚMGOTT OG VEL SKIPULAGT TVÍLYFT EINBÝLI Á GLÆSILEGUM ÚTSÝNISSTAÐ Í ÁSLANDINU HAFNARFIRÐI. Húsið skiptist eftirfarandi; efri hæð er 178 fm. og skiptist í 133,8 fm. íbúð og 36 fm. bílskúr. Neðri hæð er 171,1 fm. að stærð og er þar meðtalin ca. 50 fm. gluggalaust rými (samþykkt) sem býður upp á mikla möguleika. Á efri hæð er gert ráð fyrir anddyri, gestabaðherbergi og 13,7 fm. forstofuherbergi. Hol, geymsla, alrými stofa og eldhús. Á neðri hæð gert ráð fyrir alrými 4 herbergjum, gangi, þvottaherbergi og baðherbergi og svo ca. 50 fm. gluggalausu rými. Möguleiki á að setja glugga þar). Húsið er úr forsteyptum einingum og er því búið að einangra alla útveggi og einnig eru raflagnir komnar í útveggi. Þak verður fullklárað en þó á eftir að klára þakkant. Að innan er húsið rúmlega fokhelt, þ.e. búið að einangra útveggi og rafmagnslagnir komið í útveggi. Gert er ráð fyrir hitalögnum í gólfi. Húsið er fyrir neðan götu og stendur mjög vel, efst í Áslandinu með glæsilegu útsýni yfir höfuðborgina, Bláfjöllin, Helgafell, Esjuna og Akrafjall



Gunnar Sverrir
Sölufulltrúi
**8622001**
gunnar@remax.is

Ástþór Reynir
Lögg. fasteignasali
**899 6753**
arg@remax.is

## Eskihlið 11
105 Reykjavík
Glæsileg endurnýjuð íbúð

**Stærð: 188,9 fm**
**Fjöldi herbergja: 5-7**
**Byggingarár: 1946**
**Fasteignamat: 34.450.000**
**Bílskúr: Já**

RE/MAX Senter




**Sunnudaginn kl. 17.00-17.30**

**Verð: 49.900.000**



RE/MAX Senter kynnir stórglæsilega og endurnýjaða íbúð í Hlíðunum.
Um er að ræða 157 fm. íbúð á tveimur hæðum með sér-inngangi og bílskúr (32 fm).
Aðal-hæð; komið er inn í hol, litlar svalir í austur, opnast inn í aðrar vistaverur, tvær stórar stofur með fallegum gluggum, svalir í suður, elshús með hvítri innréttingu, vel búið tækjum og borðkrók. Baðherbergi með steyptum sturtuklefa og innréttingum í antík-stíl. Hjónaherbergi er rúmgott með skápum, herbergi með góðum skápum er í dag nýtt sem skrifstofa - gæti verið barnaherbergi.
Ris hæð; Endurgerð 2008, tvö stór herbergi með fataskápum og skápum undir súð, baðherbergi, flísalagt með baðkari, innréttingu og þvottavél/þurrkara aðstöðu í sérsmíðuðum skáp. Sjónvarpshol er fyrir framan herbergin. Húsið er í góðu ástandi, nýir gluggar, nýlega yfirfarið þak, rennur og endursteinað (ca. 12 árum). Íbúðin er öll uppgerð, rafmagn, lagnir, gluggar, gólfefni og innréttingar eru síðan 2007/2008.
Allar frekari upplýsingar veitir Þóra í s. 777-2882 eða thora@remax.is eða Ástþór Reynir í s. 414-4700



Þóra Birgisdóttir
Sölufulltrúi
**7772882**
thora@remax.is

Ástþór Reynir
Lögg. fasteignasali
**4144700**
arg@remax.is

**RE/MAX Senter - Skútuvogur 11a - 101 Reykjavík - Sími: 4144700 - www.remax.is**

## Hrefnugata
105 Reykjavík
Góð íbúð í hjarta Reykjavíkur

**Stærð: 67,3 fm**
**Fjöldi herbergja: 3**
**Byggingarár: 1939**
**Fasteignamat: 13.950.000**

RE/MAX Alpha



**Verð: 16.900.000**

Remax Alpha kynnir góða íbúð í kjallara við Hrefnugötu í Reykjavík.
Íbúðin er mjög vel staðsett í hjarta Reykjavíkur. Sér inngangur. Í stofu og svefnherbergi er mjög skemmtilegt plankagólf. Holið og eldhúsið er með plastparketi. Með íbúðinni fylgir rúmgott herbergi sem er notað sem geymsla. Fyrir laghenta er möguleiki að stækka íbúðina inn í þetta auka rými.
Baðherbergið er með lökkuðu gólfi og sturtuklefa. Dýrahald er leyft í húsinu. Óverðtryggt lán hvílir á íbúðinni. Stutt í helstu skóla.



Davíð Ólafsson
Sölufulltrúi
**897 1533**
david@remax.is

Reynir Logi Ólafsson
Lögg. fast. hdl.
**4777777**
reynir@remax.is

**RE/MAX Alpha - Skeifan 17 - 108 Reykjavík - Sími: 4777777 - www.remax.is**

## Naustabryggja
112 Reykjavík
Sjávarútsýni við Naustabryggju

**Stærð: 86,2 fm**
**Fjöldi herbergja: 3**
**Byggingarár: 2005**
**Fasteignamat: 19.150.000**

RE/MAX Alpha



**Verð: 26.500.000**

Remax / Alpha kynnir: Íbúð við sjávarbakkann hjá Naustabryggju.
Eldhús og stofa eru samliggjandi. Útgengt er út á litlar útsýnissvalir úr stofu. Í eldhúsi er hvíttuð eikarinnrétting með gaseldavél og ofni.Gengið er inn í þvottahús úr eldhúsi. Baðherbergi er parketlagt að hluta og flísalagt með dökkum flísum. Gott skápapláss er í svefnhverbergi og þar er útgengt út á mjög rúmgóðar suður svalir. Fallegt hnotuparket er á gólfum. Geymsla í kjallara og bílastæðahús fylgja eingninni.



Davíð Ólafsson
Sölufulltrúi
**897 1533**
david@remax.is

Reynir Logi Ólafsson
Lögg. fast. hdl.
**4777777**
reynir@remax.is

**RE/MAX Alpha - Skeifan 17 - 108 Reykjavík - Sími: 4777777 - www.remax.is**

## 17.júnítorg
210 Garðabær
Falleg íbúð á jarðhæð

**Stærð: 74,7 fm**
**Fjöldi herbergja: 2**
**Byggingarár: 2006**
**Fasteignamat: 18.200.000**

RE/MAX Alpha




**Opið hús sunnudag milli kl 14:00-14:30**

**Verð: 22.900.000**

Falleg 2ja herbergja íbúð á jarðhæð með sólpalli við sjávarsíðuna í Garðabæ.
Íbúðin er með eikarparket á gólfi nema á baðherbergi og þvotthúsi en þar eru flísar. Vandaðar, sérsmíðaðar innréttingar frá Brúnás eru á eldhúsi, baðherbergi og þvottahúsi.

Allar nánari upplýsingar veitir Eydís Eir Björnsdóttir s: 843-6636 (eydis@remax.is) og Reynir Logi Ólafsson hdl. lgf s: 477 7777 (reynir@remax.is)



Eydís Eir
Sölufulltrúi
**843-6636**
eydis@remax.is

Reynir Logi Ólafsson
Lögg. fast. hdl.
**4777777**
reynir@remax.is

**RE/MAX Alpha - Skeifan 17 - 108 Reykjavík - Sími: 4777777 - www.remax.is**

## Háberg 3
111 Reykjavík
TIL SÖLU .. Falleg 4ra herb.íbúð

**Stærð: 91 fm**
**Fjöldi herbergja: 4**
**Byggingarár: 1980**
**Fasteignamat: 15.250.000**

RE/MAX Lind




**SUNNUDAGUR 13.nov. frá kl. 14 - 14.30**

**Verð: 20.900.000**

Falleg 4ra herbergja íbúð á 3ju hæð, í Hábergi, með stórum suð/austur svölum og sérinngangi.
Björt og rúmgóð stofa, fallegar innréttingar í eldhúsi, baðherbergi flísalagt og tré, upphengt salerni og baðkar með sturtuaðstöðu, tvo góð svefnherbergi og stórt hjónaherbergi með góðu skápaplássi, tengi fyrir þvottavél og þurkara á baðherbergi. Rúmlega 6 fm2. sérgeymsla á hæðinni.
Stórar svalir með fallegu útsýni til fjalla.



Edwin Árnason
Sölufulltrúi
**893 2121**
edwin@remax.is

Þórarinn Jónsson
Lögg. fast. hdl.
**5107900**
thorarinn@remax.is

**RE/MAX Lind - Hlíðasmára 6 - 201 Kópavogur - Sími: 5107900 - www.remax.is**

# FORSTJÓRI

Bankasýsla ríkisins er ríkisstofnun með sjálfstæða stjórn sem heyrir undir fjármálaráðherra. Bankasýsla ríkisins fer með eignarhluti ríkisins í fjármálafyrirtækjum, stofnuninni er í starfsemi sinni ætlað að leggja áherslu á endurreisn og uppbyggingu öflugs innlends fjármálamarkaðar og stuðla að virkri og eðlilegri samkeppni á þeim markaði, tryggja gagnsæi í ákvarðanatöku varðandi þátttöku ríkisins í fjármálastarfsemi og tryggja virka upplýsingamiðlun til almennings. Stofnunin starfar á grundvelli laga nr. 88/2009. Bankasýslan skal hafa lokið störfum eigi síðar en 5 árum eftir að hún er sett á fót. Nánari upplýsingar má finna á vef Bankasýslunnar www.bankasysla.is

Ímyndunarafl / BR / FBR1111

**Stjórn Bankasýslu ríkisins auglýsir laust til umsóknar starf forstjóra Bankasýslu ríkisins. Forstjóri skal uppfylla hæfisskilyrði 2. og 3. mgr. 6 gr. laga nr. 88/2009.**

**Starfs- og ábyrgðarsvið:**
- Stjórnun og rekstur
- Stefnumótun og vinna vegna sölu á eignarhlutum ríkisins í fjármálafyrirtækjum
- Samskipti við fjármálafyrirtæki sem ríkið á eignarhlut í
- Samningagerð
- Eftirlit með framkvæmd eigandastefnu ríkisins
- Samskipti við fjölmiðla

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Háskólapróf sem nýtist í starfi
- Sérþekking á banka- og fjármálum
- Stjórnunarreynsla
- Leiðtogahæfileikar
- Framúrskarandi samskiptahæfileikar
- Frumkvæði
- Hæfni til tjáningar í ræðu og riti á íslensku og ensku

Kjararáð ákvarðar starfskjör forstjóra.

Nánari upplýsingar um hlutverk forstjóra er að finna í starfsreglum stjórnar, þær má finna á heimasíðu stofnunarinnar www.bankasysla.is, en auk þess veitir Guðrún Ragnarsdóttir, stjórnarformaður Bankasýslunnar (gudrun@bankasysla.is) frekari upplýsingar um starfið.

Umsækjendur eru vinsamlega beðnir um að senda ítarlega ferilskrá, ásamt kynningarbréfi þar sem hæfni umsækjanda er rökstudd, á netfangið **umsoknir@bankasysla.is**. Umsóknarfrestur er til og með **27. nóvember nk.**

Borgartún 3
105 Reykjavík
Sími 550 1700
www.bankasysla.is

BANKASÝSLA RÍKISINS

Capacent Ráðningar

# FRAMKVÆMDASTJÓRI STARFSMANNASVIÐS

Landsvirkjun

**Landsvirkjun óskar eftir að ráða framkvæmdastjóra starfsmannasviðs.**
Framkvæmdastjóri starfsmannasviðs mun gegna veigamiklu hlutverki í að móta og aðlaga innra starfsumhverfi til samræmis við nýja framtíðarsýn fyrirtækisins með það að leiðarljósi að Landsvirkjun verði eftirsóknarverður og atorkusamur vinnustaður þar sem hæfileikar og frumkvæði starfsmanna nýtast sem best. Starfið heyrir beint undir forstjóra fyrirtækisins.

**Helstu verkefni:**
- Stefnumótun og áætlanagerð
- Ráðningar og ráðningarferli
- Ábyrgð á fræðslu og starfsþróun
- Ábyrgð á launavinnslu
- Ráðgjöf til stjórnenda í starfsmannatengdum málum
- Mat á hæfni og frammistöðu starfsmanna
- Þátttaka í gerð kjarasamninga og samskipti við stéttarfélög

**Menntun og reynsla:**
- Háskólapróf sem nýtist í starfi
- Reynsla af innleiðingu og stjórnun breytinga
- Reynsla af stjórnun, rekstri og mannauðsmálum
- Reynsla af stefnumótunarvinnu og áætlanagerð
- Þekking og reynsla af kjaramálum
- Hæfni til að tjá sig í ræðu og riti á íslensku og ensku

**Leitum að einstaklingi sem hefur:**
- Leiðtogahæfileika
- Skapandi hugsun
- Framúrskarandi samskiptahæfileika
- Hæfni til að vinna undir álagi
- Frumkvæði og metnað

Landsvirkjun er eitt stærsta fyrirtæki landsins með efnahagreikning upp á 4,8 milljarða dala. Helstu viðskiptavinir hennar eru alþjóðleg fyrirtæki og breytingar á raforkumörkuðum skapa fyrirtækinu ný sóknarfæri. Á síðasta ári setti Landsvirkjun sér nýja stefnu sem leggur áherslu á að hámarka afrakstur af þeim auðlindum sem fyrirtækinu er trúað fyrir með sjálfbærni og hagkvæmni að leiðarljósi. Landsvirkjun stefnir að því að verða eitt af leiðandi orkufyrirtækjum Evrópu á sviði endurnýjanlegra orkugjafa.
Hjá Landsvirkjun og dótturfélögum hennar starfa um 350 manns með fjölbreytta menntun. Áhersla er lögð á jafnrétti og tækifæri til starfsþróunar.

Umsjón með starfinu hafa Auður Bjarnadóttir (audur.bjarnadottir@capacent.is) og Hilmar G. Hjaltason (hilmar.hjaltason@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum.
Umsóknarfrestur er til og með 27. nóvember nk. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, **www.capacent.is**.
Umsóknum eiga að fylgja ítarlegar starfsferilsskrár og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Capacent Ráðningar
Borgartúni 27
Sími 540 1000

capacent

Capacent Ráðningar

# VÉLAVERKFRÆÐINGUR

TELEDYNE GAVIA ehf.
A Teledyne Technologies Company

Teledyne Gavia er hönnuður og framleiðandi Gavia djúpfarsins sem notað er við pípueftirlit, sjávarbotnsrannsóknir, sjávarrannsóknir og fleira. Djúpfarið Gavia er rannsóknartæki í fremstu röð og er markaðssett víðs vegar um heim. Nánari upplýsingar er að finna á www.gavia.is

**Teledyne Gavia óskar eftir að ráða vélaverkfræðing. Leitað að einstaklingi sem hefur frumkvæði og sýnir metnað til að ná árangri í starfi.**

**Starfssvið:**
- Eftirlit með mekanískum íhlutum frá birgjum
- Frágangur teikninga
- Gerð handbóka
- Hönnun mekanískra íhluta
- Rýnivinna
- Ýmis verkefni og aðstoð við framleiðsludeild

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Háskólagráða í vélaverkfræði og/eða önnur sambærileg menntun sem nýtist í starfi
- Haldgóð þekking á notkun hönnunarforrita (Solidworks eða sambærilegt) er nauðsynleg
- Góð enskukunnátta er algjört skilyrði, þar sem öll gögn eru á ensku og mikil erlend samskipti
- Nákvæmni í vinnubrögðum, skipulagshæfni og frumkvæði
- Færni í samskiptum og samvinnu

**Boðið er upp á krefjandi og spennandi umhverfi hjá alþjóðlegu fyrirtæki á vaxandi markaði.**

Umsjón með starfinu hafa Helga Jónsdóttir (helga.jonsdottir@capacent.is) og Tómas Oddur Hrafnsson (tomas.hrafnsson@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum.
Umsóknarfrestur er til og með 20. nóvember nk. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, **www.capacent.is.**
Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá á **íslensku og ensku.**

Capacent Ráðningar
Borgartúni 27
Sími 540 1000

capacent

Capacent Ráðningar

# BRAMMER ÍSLAND EHF.

BRAMMER

Brammer starfar í 16 löndum með 3000 starfsmenn og hefur sl. 5 ár starfað á Íslandi með Alcoa Fjarðaál. Frá því í nóvember 2010 hefur Brammer auk þess starfað með stóriðjufyrirtækjum í Reykjavík og nágrenni. Brammer er eitt af leiðandi fyrirtækjum í Evrópu sem dreifingaraðili á rekstrarvöru iðnaðar, með yfir 50 ára reynslu. Brammer er þekkt fyrir hágæða vörur og sveigjanlega þjónustu. Brammer Ísland ehf. starfrækir skrifstofur á Reyðarfirði og í Reykjavík. www.brammer.biz

**Brammer er rótgróið alþjóðlegt fyrirtæki sem leitar að starfsmönnum sem hafa áhuga á að taka þátt í uppbyggingu og rekstri fyrirtækisins á Íslandi og í Noregi. Brammer Ísland ehf. hefur getið sér gott orð fyrir trygga þjónustu við tvö álver í Noregi og aðstoðað þau við efnisöflun, veitt tæknilegan stuðning og vöruhúsaþjónustu. Brammer Norge AS verður stofnað í lok ársins, undir forystu íslenska hópsins og munu því skapast 15 ný störf á næsta ári. Atvinnumöguleikarnir verða bæði á Íslandi og í Noregi.**

## FRAMKVÆMDASTJÓRI INNKAUPA- OG VÖRUSTÝRINGA FYRIR ÍSLAND OG NOREG

**Starfssvið:** Umsjón og ábyrgð á innkaupum og vörustjórnun fyrir Ísland og Noreg. Samningar við erlenda og innlenda birgja, þátttaka í stefnumótun, birgðastýring, eftirlit með framlegð og veltuhraða, greininga- og ferlavinna.

**Menntunar- og hæfniskröfur:** Viðkomandi þarf að hafa meira en 4 ára reynslu af innkaupum og vörustjórnun - þekking og/eða reynsla af rekstrarvörum fyrir iðnað er kostur. Mikil reynsla af samningagerð við birgja og af alþjóðlegum viðskiptasamböndum er skilyrði auk mjög góðrar stjórnunarreynslu. Haldgóð þekking og reynsla af vörustjórnun og ferlagreiningu, auk hæfni til að leita lausna til hagræðinga sem leiða til aukins árangurs.

## INNKAUP/SALA - NOREGUR

**Starfssvið:** Samskipti við birgja, umsjón með birgðamálum, innkaupum og sölu á vörum innan fyrirtækisins, náin samvinna við sölumenn fyrirtækisins og vörustjóra. Svörun fyrirspurna og þjónusta, eftirlit með birgðastöðu og veltuhraða ásamt yfirmanni, vinna samkvæmt gæðakerfi fyrirtækisins.

**Hæfniskröfur:** Reynsla af sambærilegu starfi er æskileg, þekking á rekstarvörum í iðnaði er kostur, mjög góð samskiptahæfni, áreiðanleiki, samviskusemi auk góðrar ensku- og íslenskukunnáttu. Mjög góð tölvukunnátta.

## TÆKNILEGUR RÁÐGJAFI - ÍSLAND

**Starfssvið:** Tækníleg ráðgjöf til viðskiptavina, miðlun upplýsinga til samstarfsfólks, greining á vandamálum, skráningar og skýrslugerð.

**Menntunar- og hæfniskröfur:** Vélfræði-, tækni- eða vélvirkjamenntun æskileg, reynsla af sambærilegu starfi kostur, mikil greiningarhæfni, hæfni í mannlegum samskiptum, góð tölvukunnátta, mjög góð ensku- og íslenskukunnátta. Þekking á iðnrekstrarvöru tengdri stóriðju er kostur.

## TÆKNILEGUR RÁÐGJAFI - NOREGUR

**Starfssvið:** Tækníleg ráðgjöf til viðskiptavina, miðlun upplýsinga til samstarfsfólks, greining á vandamálum, skráningar og skýrslugerð.

**Menntunar- og hæfniskröfur:** Vélfræði-, tækni- eða vélvirkjamenntun æskileg, reynsla af sambærilegu starfi kostur, mikil greiningarhæfni, hæfni í mannlegum samskiptum, góð tölvukunnátta, mjög góð ensku- og íslenskukunnátta - norskukunnátta er kostur. Þekking á iðnrekstrarvöru tengdri stóriðju er æskileg.

Umsjón með störfunum hafa Agla S. Björnsdóttir (agla.bjornsdottir@capacent.is) og Jónína Guðmundsdóttir (jonina.gudmundsdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum.
Umsóknarfrestur er til og með 20. nóvember nk. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um störfin á heimasíðu Capacent Ráðninga, **www.capacent.is.**
Umsóknum eiga að fylgja ítarlegar starfsferilskrár og kynningarbréf á **ensku og íslensku,** þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Capacent Ráðningar
Borgartúni 27
Sími 540 1000

capacent

Capacent Ráðningar

# LEITUM VIÐ AÐ ÞÉR?

### GÆÐASTJÓRI

Fyrirtæki í Grindavík, sem framleiðir ferskar sjávarafurðir, óskar eftir gæðastjóra. Starfið felur í sér eftirlit með framleiðsluafurðum, gæðum, störfum starfsfólks og aðbúnaði. Vinnutími er frá kl. 6:30 til 15:30, ásamt tilfallandi yfirvinnu. Viðkomandi hefur talsverð mannaforráð og mun leysa framleiðslustjóra af þegar þarf. Reynsla og þekking af sjávarútvegi og gæðamálum skilyrði. Góð almenn tölvukunnátta er nauðsynleg. Starf nr. 111110-01.

### VERK- EÐA TÆKNIFRÆÐINGUR

Alcan á Íslandi hf. óskar eftir að ráða verk- eða tæknifræðing til að sinna fjölbreyttum störfum í viðhaldsmálum fyrirtækisins. Í starfinu felst umsjón með ástandsgreiningum s.s. titringsgreiningum og hitamyndun, ástands- og bilanagreiningum á framleiðslubúnaði, gerð verklýsinga fyrir viðhaldsverkefni og uppfærslu gagna, undirbúningi og verkefnastjórn viðhaldsverkefna auk samskipta við framleiðsludeildir fyrirtækisins. Leitað er að verk- eða tæknifræðingi af vélasviði sem er sjálfstæður í vinnubrögðum, sýnir frumkvæði í starfi og býr yfir hæfni til að vinna í hópi. Góðir samskiptahæfileikar, góð kunnátta í íslensku og ensku ásamt almennri tölvuþekkingu eru nauðsynlegir eiginleikar. Starf nr. 111111-01.

### VÖRUMERKJASTJÓRI

Spennandi fyrirtæki í sölu á tölvu- og fjarskiptatækjum óskar eftir að ráða vörumerkjastjóra. Í starfinu felst meðal annars uppbygging, þróun og markaðssetning vörumerkja ásamt áætlanagerð og umsjón með birgjum. Leitað er eftir framsæknum og öflugum aðila sem einnig er fær í mannlegum samskiptum. Gerð er krafa um háskólamenntun sem nýtist í starfi og reynslu af vöruþróun eða sambærilegu starfi. Þekking á sölu- og markaðsmálum er kostur. Viðkomandi þarf að geta tjáð sig á ensku í ræðu og riti vegna mikilla samskipta við erlenda birgja. Geta til að vinna undir álagi er kostur sem og þjónustulund og jákvæðni. Starf nr. 111111-02.

### UPPGJÖR

Latibær óskar eftir starfsmanni til að vinna við mánaðarleg uppgjör samstæðu og sjá um skýrslugjöf til stjórnenda. Starfinu fylgja mikil samskipti við Turner fjölmiðlafyrirtækið sem er eigandi Latabæjar. Viðskiptafræðimenntun er skilyrði og löggilding sem endurskoðandi er mikill kostur. Auk þess þarf viðkomandi að hafa að minnsta kosti fjögurra ára starfsreynslu frá endurskoðunarskrifstofu. Góð enskukunnátta er kostur. Starf nr. 111104-02.

### METNAÐARFULLUR FORRITARI

Vegna aukinna verkefna óskar Tölvumiðlun eftir að ráða metnaðarfullan forritara sem langar að takast á við krefjandi verkefni í skapandi og skemmtilegu starfsumhverfi. Starfið felst annars vegar í þróun eigin hugbúnaðarlausna félagsins og hins vegar í sérverkefnum fyrir hina ýmsu viðskiptavini. Gerð er krafa um háskólapróf í tölvunarfræði eða kerfisfræði sem og haldgóða starfsreynslu á sviði hugbúnaðargerðar. Æskilegt er að viðkomandi hafi þekkingu á Microsoft.NET – WPF og hafi haldbæra þekkingu á Oracle eða MSSQL gagnagrunnum. Í boði er spennandi starf á fjölskylduvænum vinnustað, gott starfsumhverfi og traustir samstarfsaðilar. Starfið mun jafnt reyna á þekkingu og samstarfshæfileika. Áhersla er lögð á fagmannleg vinnubrögð. Starf nr. 110923-05.

### VERKFRÆÐINGAR - NOREGUR

Við leitum að öflugum verkfræðingum fyrir norskt fyrirtæki sem starfar á sviði offshore verkefna og svokölluðum seabed to surface verkefnum. Um stórt og framsækið fyrirtæki er að ræða. Viðkomandi mun sinna hefðbundnum störfum á sviði verkfræði. Háskólamenntun á sviði véla-, iðnaðar- eða rafmagns- og tölvuverkfræði er skilyrði og framhaldsmenntun kostur. Æskilegt er að viðkomandi hafi 3-5 ára viðeigandi starfsreynslu sem og reynslu af verkefnastjórnun ásamt reynslu af starfi við útreikninga. Þekking og reynsla af offshore verkefnum er kostur. Góð enskukunnátta er skilyrði og góð kunnátta í Norðurlandamáli er mikill kostur. Viðkomandi þarf að búa yfir skipulagshæfileikum og öguðum vinnubrögðum ásamt frumkvæði og sjálfstæði í starfi sem og hæfni til að vinna í teymi. Áhugasamir eru vinsamlegast beðnir að senda ferilskrá á ensku eða Norðurlandamáli. Starf nr. 111111-04.

**Umsóknarfrestur er til og með 20. nóvember nk.**
**Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um störfin á www.capacent.is**



Capacent Ráðningar
Borgartúni 27
Sími 540 1000

capacent

FLUGMÁLASTJÓRN ÍSLANDS
Icelandic Civil Aviation Administration



## Flugmálastjórn Íslands óskar eftir að ráða eftirlitsmann á sviði flugverndar

Starfið felst einkum í undirbúningi eftirlits, vettvangsheimsóknum, úttektum, prófunum og skoðunum á framkvæmd flugverndar.

**Menntunar- og hæfnikröfur**
Gerð er krafa um a.m.k. þriggja ára háskólanám eða sambærilega menntun, svo og mjög góða íslensku- og enskukunnáttu. Góð tölvukunnátta er nauðsynleg sem og gott vald á úrvinnslu og framsetningu upplýsinga. Æskilegt er að viðkomandi hafi reynslu af gæðaakerfum og eftirlitsstörfum.

**Við leitum að** starfsmanni sem á auðvelt með að setja sig inn í reglur og nýjar aðstæður og sem er tilbúinn að vinna í öguðu umhverfi. Hann þarf að vera sjálfstæður, skipulagður, sýna frumkvæði í starfi og búa yfir góðum samskiptahæfileikum. Áhugi á flugmálum er kostur sem og þekking á flugvernd.
Í boði er áhugavert og fjölbreytt starf hjá Flugmálastjórn Íslands þar sem hæfileikar og frumkvæði fá notið sín. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um liggur fyrir. Launakjör eru samkvæmt samningum fjármálaráðherra og viðkomandi stéttarfélags. Umsóknir geta gilt í allt að sex mánuði. Flugmálastjórn áskilur sér rétt til að hafna öllum umsóknum.

Nánari upplýsingar veitir Ágústa R. Jónsdóttir deildarstjóri flugvalla- og flugvernardeildar sími 569 4181/ agusta@caa.is og Halla S. Sigurðardóttir framkvæmdastjóri stjórnsýslusviðs sími 569 4305/hallas@caa.is .

**Vinsamlegast sendið umsóknir til Flugmálastjórnar Íslands, Skógarhlíð 12, 105 Reykjavík fyrir 29. nóvember n.k. merktar: „Flugmálastjórn – umsókn um starf eftirlitsmanns með flugvernd“**

*Flugmálastjórn Íslands er ríkisstofnun með rúmlega 40 starfsmenn. Hlutverk Flugmálastjórnar er að fara með stjórnsýslu á sviði flugmála og hafa eftirlit með hvers konar flugstarfsemi á vegum íslenskra aðila til að tryggja öryggi í flugi innanlands og utan. Flugmálastjórn leggur áherslu á jafnan rétt kvenna og karla til starfa.*

## SÖLUSTARF – Heildverslun Hfj.

Öflug heildverslun leitar að sölumanni/konu í einkar fjölbreytt og krefjandi sölustarf.

Hæfniskröfur og starfssvið:
O Reynsla og þekking af sölumennsku skilyrði
O Frumkvæði og góð mannleg samskipti.
O Hugmyndavinna og vöruþróun.
O Samskipti og eftirfylgni við viðskiptavini.

Æskilegt er að viðkomandi sé eldri en 25 ára.
Fullt starf – Ráðning strax

Umsóknir sendist til á box@frett.is

ALÞINGI

## Sérfræðingur í ríkisfjármálum, ritari fjárlaganefndar.

Skrifstofa Alþingis auglýsir eftir sérfræðingi í ríkisfjármálum, ritara fjárlaganefndar, í fullt starf. Sjá nánari upplýsingar á starfatorg.is.

# LEITUM AÐ ÖRUGGU FÓLKI

## SECURITAS LEITAR AÐ HÆFILEIKARÍKU FÓLKI TIL MIKILVÆGRA STARFA.

Í boði er góð vinnuaðstaða og skemmtilegur vinnustaður.

### ÞJÓNUSTUSTJÓRI Á TÆKNISVIÐI

**Helstu verkefni:**

- Stjórnun tæknimanna
- Samskipti við viðskiptavini
- Reikningagerð og afkomumælingar
- Gæðastjórnun og eftirlit verkefna

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Rafmagnsiðnmenntun, framhaldsmenntun kostur
- Marktæk reynsla á sviði verkefnastjórnunar
- Nákvæm og skilvís vinnubrögð
- Rík þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum

### LAUNAFULLTRÚI

**Helstu verkefni:**

- Útreikningur launa og bókun í fjárhagsbókhald
- Afstemningar og uppgjörsvinna
- Skýrslugerð
- Ýmis tilfallandi verkefni

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Menntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af sambærileguum störfum
- Reynsla af Navision
- Brennandi áhugi á launavinnslu og bókhaldi

### UMSJÓNARMAÐUR BIFREIÐA

**Helstu verkefni:**

- Umsjón með viðhaldi bifreiða Securitas
- Smáviðgerðir
- Skráning í bílaumsjónarkerfi
- Samskipti við þjónustusala

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Iðnmenntun á sviði bílgreina æskileg
- Rík þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum
- Tölvufærni
- Áhugi á bílum og bílaviðgerðum

Um er að ræða 100% starfshlutfall en störfin henta jafnt körlum sem konum.
Umsóknir óskast fylltar út á heimasíðu okkar, www.securitas.is, en þar er einnig að finna nánari upplýsingar um störfin.
Upplýsingar veitir Kristín Dögg Höskuldsdóttir, fulltrúi á starfsmannasviði. Hreint sakavottorð er skilyrði.
*Umsóknarfrestur er til 19. nóvember.*

**Securitas hf. er stærsta fyrirtæki landsins á öryggismarkaði með um 450 starfsmenn.**
**Hjá Securitas starfar metnaðarfullt starfsfólk sem leggur áherslu á að veita frábæra þjónustu.**
**Securitas rekur útibú og starfsstöðvar víða um land en höfuðstöðvarnar eru í Skeifunni 8 í Reykjavík.**

SECURITAS

**Skeifan 8 | 108 Reykjavík | 580 7000 | securitas.is**

VR FYRIRMYNDAR FYRIRTÆKI 2011

# Geysir - Skrifstofustarf

GEYSIR

**565916**
**Geysir óskar eftir að ráða starfsmann á skrifstofu sína í Reykjavík. Geysir rekur 3 verslanir á höfuðborgarsvæðinu ásamt veitingastað og verslun í Haukadal.**

Í starfinu felst flokkun á pósti, skráning reikninga, afstemming lánadrottna, umsjón með innflutningi, stofnun vörunúmera og önnur tilfallandi störf.

Leitað er að skipulögðum, nákvæmum og sjálfstæðum einstaklingi sem er vanur skrifstofustörfum. Viðkomandi þarf að hafa haldbæra reynslu af bókhaldi og góða þekkingu á Excel. Reynsla af bókhaldsforritunum DK og Navision er æskileg.

Um 100 % starf er að ræða og þarf viðkomandi að geta hafið störf sem fyrst.

SKRÁNING OG UPPLÝSINGAR EINGÖNGU Á WWW. VINNA.IS

vinna.is
S: 511 1144

# Bílaumboðið ASKJA

ASKJA

**Bílaumboðið ASKJA er umboðsaðili Mercedes-Benz og KIA Motors á Íslandi. Starfsemi Öskju fer fram að Krókhálsi 11, Reykjavík. Starfsmenn félagins eru ríflega 60 talsins og er lögð rík áhersla á góðan starfsanda og framúrskarandi þjónustu við viðskiptavini. Unnið er samkvæmt stöðlum birgja sem eru meðal öflugustu bílaframleiðenda heims.**

**VERKSTJÓRN - VERKSTÆÐI 565919**
ASKJA óskar eftir að ráða verkstjóra á fólksbílaverkstæði.

Í starfinu felst dagleg verkstjórn á verkstæði, tæknilegur stuðningur við bifvélavirkja, útdeiling verkefna og tímanýting verkstæðis. Í starfinu eru mikil samskipti við starfsmenn annarra deilda og viðskiptavini. Verkstjóri tekur þátt í mótun fræðslumála starfsmanna en rík áhersla er lögð á tæknilega þekkingu og fagmennsku starfsmanna bílaverkstæðis.

Leitað er að einstaklingi með meistararéttindi í bifvéla- eða vélvirkjun, reynslu af stjórnun og mikla hæfni í mannlegum samskiptum. Reynsla af sambærilegu starfi er kostur. Um framtíðarstarf er að ræða. Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.

**ÞJÓNUSTURÁÐGJAFI - VERKSTÆÐISMÓTTAKA 565920**
ASKJA óskar eftir að ráða þjónusturáðgjafa til starfa í þjónustumóttöku fólksbifreiða.

Í starfinu felast mikil samskipti við viðskiptavini, framleiðendur og bifreiðaverkstæði. Einnig þjónusta, ráðgjöf og annað sem tilheyrir starfinu.

Leitað er að einstaklingi sem hefur hug á að vinna í góðum hópi starfsmanna hjá traustu og framsæknu fyrirtæki. Viðkomandi þarf að vera heiðarlegur, sérstaklega þjónustulipur og samviskusamur og með tæknilegan áhuga og/eða tæknimenntun, t.d. bifvélavirkjun, rafeindavirkjun eða vélvirkjun. Góð enskukunnátta er mikilvæg, sem og góð almenn tölvuþekking. Um framtíðarstarf er að ræða. Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.

**FULLTRÚI Í ÁBYRGÐARDEILD 565921**
ASKJA óskar eftir að ráða metnaðarfullan starfsmann í starf fulltrúa í ábyrgðardeild.

Í starfinu felst meðhöndlun ábyrgðamála hjá þjónustuaðilum hér á landi gagnvart viðskiptavinum og rafræn samskipti við framleiðendur. Ábyrgðafulltrúi hefur það hlutverk að þekkja kröfur framleiðenda og íslensk neytendalög. Hann sér um að samskipti milli viðskiptavina, þjónustuaðila og framleiðenda gangi greiðlega, auk þess að finna úrlausnir sem uppfylla markmið um góða þjónustu og fagleg vinnubrögð.

Leitað er að einstaklingi með bifvéla- eða vélvirkjamenntun og/eða yfirgripsmikla þekkingu á bílaviðgerðum.
Viðkomandi þarf að búa yfir góðri tölvu- og tungumálakunnáttu, samningahæfni, þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum. Einnig frumkvæði, metnaði og vilja til að ná árangri. Um framtíðarstarf er að ræða. Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.

Mercedes-Benz KIA

SKRÁNING OG UPPLÝSINGAR EINGÖNGU Á WWW. VINNA.IS

vinna.is
S: 511 1144







Laus störf í Arion banka

# Arion banki leitar að starfsfólki í áhættustýringu

Áhættustýring gegnir lykilhlutverki í nýju skipulagi **Arion banka** og innan hennar starfar metnaðarfullur og árangursdrifinn hópur með mikla þekkingu á bankarekstri. Áhættustýring mælir og hefur eftirlit með helstu áhættuþáttum **Arion banka** ásamt því að veita öðrum sviðum bankans ráðgjöf.

Við óskum eftir hæfileikaríkum einstaklingum sem eiga auðvelt með að vinna í hópi, sýna frumkvæði í starfi og hafa hæfni til að vinna sjálfstætt.

**Eftirfarandi störf eru laus innan áhættustýringar:**

## Starf forstöðumanns eignasafnsáhættu

**Helstu verkefni**

- Mat á áhættuþáttum vegna ójafnaðar milli eigna og skulda bankans
- Umsjón með lausafjár- og markaðsáhættu
- Áhættustýring á eignastýringarsviði bankans
- Ráðgjöf til annarra deilda bankans

**Hæfniskröfur**

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Leiðtogahæfni og stjórnunarreynsla
- Frumkvæði í starfi og framúrskarandi hæfni í samskiptum
- Þekking á bankarekstri sem og markaðs- og lausafjáráhættu kostur

## Sérfræðingur í deildinni eignasafnsáhætta

**Helstu verkefni**

- Þróun og umsjón með líkani til að meta lánshæfi viðskiptavina Arion banka
- Innleiðing og eftirlit með árangurs- og áhættumælikvörðum fyrir eignastýringarsvið
- Almenn verkefni tengd áhættustýringu

**Hæfniskröfur**

- Háskólamenntun í verkfræði, raunvísindum eða hagfræði
- Sérþekking í tölfræði mikill kostur

## Sérfræðingur í deildinni eiginfjárgreining:

**Helstu verkefni**

- Umsjón með útreikningum á innra mati á eiginfjárþörf
- Innleiðing og eftirlit með áhættumælikvörðum tengdum áhættustefnu bankans
- Vinnsla á áhættuskýrslum fyrir stjórnendur og opinbera aðila
- Almenn verkefni tengd eiginfjárgreiningu og áhættustýringu

**Hæfniskröfur**

- Háskólamenntun í verkfræði, raunvísindum, hagfræði eða viðskiptafræði
- Reynsla af greiningarvinnu og gott vald á úrvinnslu og framsetningu upplýsinga

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin. Fullum trúnaði er heitið.

**Umsóknarfrestur er til og með 21. nóvember 2011.**

Nánari upplýsingar veitir **Jónas Hvannberg** starfsmannastjóri sími **444 6376**, netfang **jonas.hvannberg@arionbanki.is.**
Umsækjendur sæki um starfið á vefsíðu bankans **www.arionbanki.is**

arionbanki.is — 444 7000

Arion banki

---

Veitingastaðurinn **SUSHISAMBA** er að opna í lok nóvember og við erum að leita eftir skemmtilegu og hæfileikaríku fólki til að vinna í hressandi og krefjandi umhverfi.

**Við erum að ráða starfsfólk í eftirfarandi stöður:**

- Þjónar í sal
- Barþjónar
- Sushi kokkar
- Matreiðslumenn
- Aðstoð í eldhús

sushi samba

Vinsamlegast sendið atvinnuumsóknir ásamt ferilskrá á
**sushisamba@sushisamba.is**

---

EFNAHAGS- OG VIÐSKIPTARÁÐUNEYTIÐ

## Efnahags- og viðskiptaráðuneytið - eftirlitsnefnd með framkvæmd sértækrar skuldaaðlögunar.

Efnahags- og viðskiptaráðuneytið auglýsir eftir starfsmanni fyrir eftirlitsnefnd með framkvæmd sértækrar skuldaaðlögunar. Um er að ræða tímabundið starf. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst. Starfsmaðurinn mun að mestu starfa á starfsstöðvum fjármálafyrirtækja í aðstöðu sem fjármálafyrirtæki leggja nefndinni til. Laun greiðast samkvæmt samkomulagi.

**Starfssvið**
Gagnaöflun, vinnsla upplýsinga og eftirfylgni.
Könnun, greining og mat á rekstrar- og viðskiptaáætlunum.
Könnun, greining og mat á verð- og virðismötum.
Yfirferð gagna og úrvinnsla, skýrslugerð til nefndar og ráðuneytis.
Önnur tilfallandi verkefni.

**Menntunar- og hæfniskröfur**
Viðeigandi háskólamenntun, t.d. viðskiptafræði, hagfræði eða verkfræði.
Framhaldsnám áskilið helst á sviði endurskoðunar og reikningsskila en einnig verður horft til framhaldsnáms á sviði viðskiptafræði, hagfræði eða verkfræði.
Viðeigandi starfsreynsla á sviði endurskoðunar eða fjármála með vísan til lýsingar starfssviðs.
Rík greiningarhæfni.
Frumkvæði, sveigjanleiki og góð samskiptahæfni.
Góð skipulagshæfni, hæfni til að vinna sjálfstætt sem og í hópi.
Gott vald á íslensku.

Eftirlitsnefndin starfar samkvæmt lögum nr. 107/2009, um aðgerðir í þágu einstaklinga, heimila og fyrirtækja vegna banka- og gjaldeyrishrunsins. Eftirlitsnefndin hefur tímabundið eftirlit með framkvæmd sértækrar skuldaaðlögunar, en í því felst að nefndin skal fylgjast með og kanna að eigin frumkvæði hvort eftirlitsskyldir aðilar á fjármálamarkaði framfylgja samræmdum reglum sem settar hafa verið á grundvelli laganna.

Umsóknum skal skila til efnahags- og viðskiptaráðuneytis. Umsókn um starfið þarf að fylgja starfsferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni í starfið.

**Umsóknarfrestur er til og með 28. nóvember nk.**
Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin. Nánari upplýsingar veitir María Thejll, formaður eftirlitsnefndarinnar (mariath@hi.is)

STÖRF Í BOÐI

## Bílamálari & bifreiðasmiður

Hjá okkur eru tvö laus störf á vönduðu verkstæði sem sérhæfir sig í bílasprautun og réttingum. Bílnet leggur áherslu á fagleg og snögg vinnubrögð og óskar því eftir reglusömum og vandvirkum snillingum á sínu sviði til vinnu.

**Starfssvið:**

- Almennar viðgerðir við bíaréttingar
- Almenn vinna við bílasprautun
- Önnur tilfallandi verkefni vegna undirbúnings og frágangs bíla

**Hæfniskröfur:**

- Próf í bifreiðasmíði eða áralöng reynsla af bifreiðasmíði
- Próf í bílamálun eða áralöng reynsla í bílamálun
- Góð þekking á bílum
- Hæfni í mannlegum samskiptum

Nánari upplýsingar og umsókn ber að skila til Gunnars Ásgeirssonar á netfangið **gunnar@bilnet.is** eða hafa samband í **GSM 698 5693**

Bílnet
BÍLASPRAUTUN & RÉTTINGAR

**Bílnet ehf. - 420 0020 -** Brekkustíg 38 - 260 Reykjanesbæ - www.bilnet.is

MENNTA- OG MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ

## Sérfræðingur á skrifstofu menningarmála

Mennta- og menningarmálaráðuneytið auglýsir laust til umsóknar starf sérfræðings á skrifstofu menningarmála. Um er að ræða fullt starf.

Leitað er að háskólamenntuðum einstaklingi með staðgóða þekkingu á málefnum fjölmiðla og lista. Frumkvæði, sjálfstæð vinnubrögð, góð kunnátta í ensku og einu norðurlandamáli og þekking á nýtingu upplýsingatækni eru nauðsynlegir kostir ásamt ritfærni og hæfni í mannlegum samskiptum. Starfsreynsla innan stjórnsýslunnar er kostur.

Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst. Laun greiðast samkvæmt launakerfi Félags háskólamenntaðra starfsmanna stjórnarráðsins. Nánari upplýsingar veitir Jens Pétur Hjaltested á upplýsinga- og fjármálasviði.

Umsóknir með upplýsingum um menntun og starfsferil sendist mennta- og menningarmálaráðuneyti, Sölvhólsgötu 4, Reykjavík. Umsóknarfrestur er til 30. nóvember 2011.



TOYOTA

## Toyota Kópavogi

**óskar að ráða bifvélavirkja á Hraðþjónustu**

### Starfssvið

- Almennar bílaviðgerðir

### Hæfniskröfur

- Próf í bifvélavirkjun
- Starfsreynsla æskileg
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Mikil þjónustulund

Vinnutími er frá
kl. 8.00 - 17.00 mánudaga til fimmtudaga
og 8.00 - 15.30 föstudaga.

Leitað er að drífandi starfskrafti með þægilegt viðmót og ríka þjónustulund. Í boði er spennandi framtíðarstarf hjá framsæknu fyrirtæki sem hefur á að skipa metnaðarfullu og samhentu starfsfólki.

Áhugasamir sendi umsókn fyrir 20. nóvember ásamt ferilskrá á netfangið atvinna@toyota.is, merkt „bifvélavirki á Hraðþjónustu".

Nánari upplýsingar veitir Metta K. Friðriksdóttir á netfanginu metta@toyota.is

**Toyota Kópavogi**
**Nýbýlavegi 4**
**Sími: 570-5070**
**www.toyotakopavogi.is**

Today Tomorrow Toyota

FÉLAG ÍSLENSKRA HJÚKRUNARFRÆÐINGA
Orlofssjóður

## Umsjónar- og eftirlitsmaður eigna

Orlofssjóður Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga auglýsir eftir einstaklingi til að hafa umsjón og eftirlit með íbúðum og orlofshúsum sjóðsins. Viðkomandi þarf að vera handlaginn og geta sinnt ýmsum viðvikum tengdum eignunum, auk þess að vera með ríka þjónustulund, lipur í samskiptum og búa yfir tölvukunnáttu. Um 30% starf er að ræða. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.
Umsóknir ásamt ferilskrá skal senda á tölvupósti til hjukrun@hjukrun.is merkt „Umsjónarmaður" eða í pósti til Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga, Suðurlandsbraut 22 108 Reykjavík fyrir 25. nóvember.



Laust starf hjá Arion banka

# **Arion banki** leitar að **leiðtoga** til að stýra þróunar- og markaðssviði

Við leitum að **reynslumiklum og metnaðarfullum** einstaklingi sem er reiðubúinn til að takast á við **krefjandi verkefni** og hefur **metnað til að ná árangri í starfi**. Framkvæmdastjóri heyrir undir bankastjóra. Hann annast stefnumótun og þróun sviðsins í samráði við bankastjóra og samstarfsmenn og ber ábyrgð á daglegum rekstri.

Þróunar- og markaðssvið heldur utan um stefnumótun og innleiðingu stefnu Arion banka. Sviðið ber ábyrgð á viðskiptaog vöruþróun, verkefnastýringu, markaðs- og kynningarstarfi, samfélags- og styrktarmálum, samhæfir markaðsstarf bankans og þróar rafræn samskipti og boðleiðir fyrir viðskiptavini með rekstri vefsins. Þróunar- og markaðssvið skiptist í markaðsdeild, netviðskipti, verkefnastofu og viðskiptaþróun.

**Menntunar- og hæfniskröfur**

- Háskólapróf.
- Reynsla af stjórnunarstörfum skilyrði.
- Reynsla af markaðsmálum og starfi í fjármálafyrirtæki æskileg.
- Framúrskarandi leiðtogahæfni.
- Hæfni til sjálfstæðrar ákvörðunartöku.

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin. Fullum trúnaði er heitið.

**Umsóknarfrestur er til og með 21. nóv. 2011.**

Nánari upplýsingar veitir **Jónas Hvannberg** starfsmannastjóri sími **444 6376**, netfang **jonas.hvannberg@arionbanki.is.** Umsækjendur sæki um starfið á vefsíðu bankans **arionbanki.is**



arionbanki.is — 444 7000

Arion banki

HÁSKÓLINN Á BIFRÖST

# Spennandi störf við Háskólann á Bifröst



## Umsjónarmaður meistaranáms

Háskólinn á Bifröst óskar eftir að ráða umsjónarmann meistaranáms í fullt starf sem jafnframt sinnir verkefnum á sviði alþjóðamála og símenntunar. Leitað er að einstaklingi með ríka samskiptahæfni og áhuga á akademískri stjórnun.

### Starfssvið

- Náið samstarf með kennslustjóra, aðstoðarrektor, starfsfólki stjórnsýslu og akademískum starfsmönnum skólans
- Samskipti við nemendur
- Skipulagning námslína og einstakra námskeiða
- Skipulagning kennslu, prófa og meistaravarna
- Þátttaka í áframhaldandi þróun og uppbyggingu meistaranáms

### Reynsla og hæfniskröfur

- Meistarapróf eða sambærileg menntun
- Góð enskukunnátta
- Starfsreynsla á sviði akademískrar stjórnunar eða kennslu
- Frumkvæði og lipurð í mannlegum samskiptum
- Sjálfstæð hugsun og skipulagshæfileikar

## Sviðsstjóri viðskiptafræðisviðs

Háskólinn á Bifröst óskar eftir að ráða sviðsstjóra Viðskiptafræðisviðs Háskólans á Bifröst í fullt starf. Leitað er að einstaklingi sem er tilbúinn til að taka að sér forystuhlutverk í líflegu akademísku umhverfi.

### Starfssvið

- Leiðandi hlutverk í áframhaldandi þróun og uppbyggingu kennslu á sviði viðskiptafræði
- Leitun tengsla við innlendar og erlendar stofnanir um nám og rannsóknir
- Umsjón, ásamt aðstoðarrektor, með námskeiðum og kennslu á sviði viðskiptafræði
- Kennsla og rannsóknir á sérsviði umsækjanda

### Reynsla og hæfniskröfur

- Reynsla af rannsóknum og kennslu á háskólastigi
- Reynsla úr atvinnulífi
- Frumkvæði, forystueiginleikar og lipurð í mannlegum samskiptum

**Umsóknir ásamt upplýsingum, þ.á m. starfsferils- og ritaskrá, sendist til Háskólans á Bifröst, 311 Borgarnesi, merkt „Umsjónarmaður meistaranáms“ eða „Sviðsstjóri“ fyrir 5. desember nk. Umsóknum má einnig skila rafrænt til Jóns Ólafssonar aðstoðarrektors á netfangið jonolafs@bifrost.is**

www.bifrost.is

HÁSKÓLINN Á BIFRÖST
BIFRÖST UNIVERSITY

---

REYKJALUNDUR
endurhæfing

## Iðjuþjálfun

Laus er til umsóknar staða sviðsstjóra í iðjuþjálfun í starfsendurhæfingu. Sviðsstjóri ber ábyrgð á skipulagi og framkvæmd iðjuþjálfunar á sviðinu í samráði við forstöðuiðjuþjálfa.
Hæfnikröfur: Próf í iðjuþjálfun frá skóla viðurkenndum af Heimssamtökum iðjuþjálfa (WFOT) og með íslenskt starfsleyfi og löggildingu. Æskilegt er að sviðstjóri hafi að lágmarki 3 ára starfsreynslu, góða skipulagshæfileika og færni í samskiptum.
Launakjör samkvæmt kjarasamningi Iðjuþjálfafélags Íslands og fjármálaráðherra auk stofnanasamnings Iðjuþjálfafélags Íslands og Reykjalundar.
Nánari upplýsingar veitir Lilja Ingvarsson forstöðuiðjuþjálfi í síma 585-2153 liljaing@reykjalundur.is

## Sjúkraliði

Laus er til umsóknar 100% staða sjúkraliða. Viðkomandi þarf að hafa starfsleyfi sem sjúkraliði á Íslandi.
Starfið felst í umönnun sjúklinga af öllum sviðum stofnunarinnar og er æskilegt að viðkomandi hafi því víðtæka og yfirgripsmikla þekkingu og reynslu. Um vaktavinnu er að ræða.
Laun samkvæmt kjarasamning Sjúkraliðafélags Íslands og fjármálaráðherra.
Upplýsingar um störfin veita Sigurlaug Arngrímsdóttir, hjúkrunarstjóri (sigurlauga@reykjalundur.is) og Lára M. Sigurðardóttir, framkvæmdastjóri hjúkrunar (laras@reykjalundur.is)
Umsóknir um störfin ásamt ferilskrá berist til Láru M. Sigurðardóttur, framkvæmdastjóra hjúkrunar (laras@reykjalundur.is)

**Umsóknarfrestur er til 26.11.2011**
Umsóknarform og upplýsingar um Reykjalund má finna á heimasíðunni www.reykjalundur.is
Á Reykjalundi er unnið í þverfaglegir teymisvinnu þar sem áhersla er lögð á skjólstæðingsmiðaða nálgun og heildræna sýn. Krafist er góðrar hæfni í mannlegum samskiptum, frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum.

---

LANDSPÍTALI
HÁSKÓLASJÚKRAHÚS



## Hjúkrunardeildarstjóri Réttargeðdeild að Kleppi

Hjúkrunardeildarstjóri er yfirmaður hjúkrunar á deild, stjórnar daglegum rekstri, ber ábyrgð á uppbyggingu og þróun hjúkrunar. Hann stuðlar að þekkingarþróun í hjúkrun og nýtir niðurstöður rannsókna. Næsti yfirmaður er framkvæmdastjóri geðsviðs.
Á deildinni eru 9 rými fyrir sjúklinga. Réttargeðdeildin er sérhæfð deild sem sinnir ósakhæfum geðsjúkum einstaklingum og endurhæfir þá aftur út í samfélagið. Réttargeðdeildinni tilheyrir einnig göngudeild sem sérstaklega sérhæfir sig í eftirfylgd þessa skjólstæðingahóps. Deildin er nú að Sogni í Ölfusi en mun flytjast á Klepp 1. mars 2012.

### Helstu verkefni og ábyrgð

» Fagleg ábyrgð
» Fjárhagsleg ábyrgð
» Starfsmannaábyrgð

### Hæfnikröfur

» Hjúkrunarmenntun
» A.m.k. 5 ára starfsreynsla
» Reynsla í starfsmannastjórnun æskileg
» Framhaldsnám í réttargeðhjúkrun æskilegt
» Framsækinn og dugmikill leiðtogi
» Góð samskiptahæfni

### Nánari upplýsingar

» Umsóknarfrestur er til og með 26. nóvember 2011.
» Starfshlutfall er 100%.
» Starfið veitist frá 1. desember 2011, til 5 ára í samræmi við stefnu Landspítala um ráðningu yfirmanna.
» Upplýsingar veita María Einisdóttir, mannauðsráðgjafi, mariaein@landspitali.is, sími 824 5404 og Páll Matthíasson, framkvæmdastjóri, pallmatt@landspitali.is, sími 543 4413.
» Umsókn skal fylgja ítarleg náms- og starfsferilskrá. Jafnframt skal leggja fram afrit af prófskírteinum og hjúkrunarleyfi, ritgerðum, þróunarverkefnum og vísindastörfum sem umsækjandi hefur unnið, tekið þátt í að vinna eða birt.
» Gögn sem ekki er hægt að senda rafrænt skulu berast Maríu Einisdóttur, mannauðsráðgjafa, Stjórn geðsviðs 34A við Hringbraut.
» Mat á hæfni umsækjenda byggist á innsendum gögnum, umsögn stöðunefndar hjúkrunarráðs Landspítala og viðtölum við umsækjendur.
» Umsækjendum er bent á leiðbeiningar stöðunefndar hjúkrunarráðs Landspítala á vef spítalans varðandi frágang umsókna um stjórnunarstöður í hjúkrun.

Laun samkvæmt gildandi samningi viðkomandi stéttarfélags og fjármálaráðherra. Sótt er um starf rafrænt á heimasíðu Landspítala, www.landspitali.is, undir „laus störf“. Ef ekki eru tök á að sækja um rafrænt má nálgast umsóknareyðublöð í upplýsingum Fossvogi og Hringbraut og hjá mannauðssviði, Eiríksgötu 5. Tekið er mið af jafnréttisstefnu LSH við ráðningar í störf á Landspítala. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

**Landspítali er reyklaus vinnustaður**

Umhyggja • Fagmennska • Öryggi • Framþróun

# Góð ráð fyrir græn jól



# Góð ráð fyrir græn jólainnkaup

**1. VELDU GÆÐI FREKAR EN MAGN**
Forðumst óvandaðar eftirlíkingar sem bila oftast fljótt og enda í staðinn í ruslinu.

**2. LEITAÐU AÐ SVANI!**
Svansmerktar vörur fást í öllum helstu verslunum og úrval þeirra fer stöðugt vaxandi. Svanurinn klikkar ekki.

**3. GERÐU KRÖFUR SEM NEYTANDI**
Það má spyrja í búðum. Máttur neytandans er mikill því hann getur aukið eftirspurn eftir umhverfisvænni vörum og þá mun markaðurinn auka framboðið.

**4. VERTU UPPLÝSTUR NEYTANDI**
Skoðaðu www.grænn.is.



Jólunum fylgja mikil innkaup og þá er um að gera að velja rétt.



# Notum hugmyndaflugið við innpökkunina!

Hefðbundinn jóla- og gjafapappír er ekki endurvinnanlegur vegna efnainnihalds í litum og annarrar sérmeðhöndlunar við framleiðslu. Ef marka má tölur frá nágrannaþjóðum okkar fara fleiri tonn af jólapappír í ruslið um jólahátíðarnar sem leiðir til mengunar og mikils álags á umhverfið.

Ýmsir valkostir eru í stöðunni sem geta dregið úr mengun þegar pakka á inn jólagjöfum:

- Veljið pappír sem hægt er að endurvinna, t.d. pappír sem er merktur þannig eða einfaldan maskínupappír.
- Búið til gjafaöskjur úr endurvinnanlegum pappír, t.d. skókassa, sem hægt er að skreyta á persónulegan hátt
- Dagblöð, tímarit eða plakót geta komið vel út sem gjafapappír og útkoman getur orðið mjög frumlegur jólapakki
- Útbúið gjafapoka úr efnisafgöngum sem síðan er hægt að nota áfram til annarra hluta þegar búið er að taka utan af pakkanum.
- Endurnýtið gjafapappír sem er heill og endurnýtanlegur
- Stilltu notkun gjafaborða í hóf. Hægt er að nota garn í staðinn eða skreyta pakkann á annan máta. Notaðu hugmyndaflugið! Hægt er að flétta garn úr ýmsum litum.
- Það er góð hugmynd er að setja tvær gjafir saman í eina með því að nota sjálfa gjöfina í innpökkunina, t.d. tauinnkaupapoka, trefla, sjöl og dúka. Margar frábærar innpökkunaraðferðir er hægt að nálgast á veraldarvefnum, eins og t.d. á www.recyclenow.com og www.furoshiki.com. Þar eru tillögurað flottum lausnum sem eru skemmtileg tilbreyting frá hefðbundnum jólapökkum. Það er ekkert kjánalegt eða asnalegt að nota síðan taudúkinn bara aftur til innpökkunar fyrir næsta gjafapakka; bara smart hugsun og gaman að fylgjast með ferðalagi dúksins næstu jólin.




**Útgefandi:** Umhverfisstofnun | **Heimilisfang:** Suðurlandsbraut 24 |
**Ritstjóri:** Bergþóra Hlíðkvist Skúladóttir | **Ábyrgðarmaður:** Kristín Linda Árnadóttir |
**Forsíðu- og opnumynd:** Edda Hrönn Kristinsdóttir | **Vefsíða:** www.ust.is |
**Sími:** 591 2000



Á hverju ári eru búin til mörg ný efni sem langflest eru til gagns en sum geta verið varasöm og þá sérstaklega fyrir þá sem eru viðkvæmir," segir Kristín Lind Árnadóttir forstjóri Umhverfisstofnunar.

# **Mikilvægt** að allir geti tekið upplýstar ákvarðanir

**Umhverfisstofnun vinnur að velferð almennings með því að beita sér fyrir heilnæmu umhverfi, öruggum neysluvörum og verndun og sjálfbærri nýtingu náttúruauðlinda. Stofnunin sinnir stjórnsýslu, eftirliti, fræðslu og þjónustu við fyrirtæki og almenning. Kristín Linda Árnadóttir er forstjóri Umhverfisstofnunar.**

*Nú eru jólin á næsta leiti og innkaup jólagjafa fram undan. Á sama tíma berast reglulega fréttir af skaðlegum efnum í alls kyns vörum. Hvernig stendur á því að það eru varasöm efni í neytendavörum?*

Mörg efni eru notuð við framleiðslu á vörum og stundum kemur í ljós síðar að efni sem í upphafi var talið í lagi er það ekki eða að þegar blandað er saman ákveðnum efnum þá geta hin svokölluðu kokteiláhrif gert efni varasöm. Á hverju ári eru búin til mörg ný efni sem langflest eru til gagns en sum geta verið varasöm og þá sérstaklega fyrir þá sem eru viðkvæmir, eins og börn og fólk með ofnæmi eða óþol.

*Hvaðan koma þessi hættulegu efni og hvar enda þau?*

Fáar vörur sem fást á Íslandi eru framleiddar hér. Eins og umbúðirnar bera með sér eru þær oft framleiddar í til dæmis Kína eða öðrum fjarlægum löndum sem ekki hafa jafn stranga löggjöf og við hér. Mikilvægt er að athuga hvort vara sé CE merkt sem þýðir að hún er framleidd í samræmi við evrópska staðla og uppfylli þær kröfur sem við gerum. Að velja umhverfisvottað er líka auðveld leið fyrir neytendur sem vilja velja betri kostinn fyrir heilsu og umhverfi. Neytendur þurfa hins vegar að vara sig sérstaklega á fölsuðum vörum þar sem þá er algjör óvissa fyrir því hvaða efni eru í vörunni. Þegar við ræðum um hvar efnin enda er mikilvægast að huga að sorpflokkun. Í mínum huga er ljóst að það sem endar í urðun mun hafa í för með sér mengun en það sem er flokkað felur í sér verðmætasköpun.

*Af hverju geta yfirvöld ekki fjarlægt allar vörur með hættulegum efnum af markaðnum?*

Yfirvöld hafa eftirlit með merkingum vara sem fluttar eru inn og seldar í verslunum. Erfitt er að skoða innihaldsefni í hlutum því það kallar á dýrar rannsóknir. Þar höfum við þó tekið þátt í samevrópskum verkefnum eins og til dæmis greiningu innihaldsefna í flugeldum. Annars leggjum við áherslu á að fylgjast vel með niðurstöðum rannsókna frá nágrannaþjóðum okkar. En það eru ýmsar leiðir til að flytja vörur inn til landsins og jafnframt kaupa margir vörur erlendis frá, sumir jafnvel beint í gegnum veraldarvefinn. Því tel ég mikilvægt að koma upplýsingum á framfæri til almennings, eins og til dæmis með www.grænn.is, svo að allir hafi næga vitneskju til að geta tekið upplýstar ákvarðanir um kaup á vörum. Þannig getur hver og einn verndað sig og sína fjölskyldu fyrir varasömum efnum. Jafnframt verður að hafa í huga að efni sem fullorðnir þola mjög vel geta verið varasöm fyrir börn. Þetta á til dæmis við hormónaraskandi efni.

*4. Hvað er verið að gera til að bæta ástandið, bæði á Íslandi og á alþjóðavísu?*

Efni berast með veðri og hafstraumum á milli heimsálfa og virða ekki landamæri. Efni sem eru þrávirk og brotna ekki niður ná síðan að safnast fyrir í fæðukeðjum náttúrunnar. Því er mikilvægt að vinna að þessum málaflokki á alþjóðlegum vettvangi. Þar er markmiðið að tryggja að efni sem eru hættuleg séu ekki sett á markað eða tekin af markaði ef rannsóknir leiða í ljós að efni eru varasöm. Við höfum innleitt svokallaða REACH löggjöf sem nær til allrar Evrópu og miðar að því að láta framleiðendur efna sýna fram á að þau séu ekki hættuleg áður en þau eru sett á markað í stað þess, eins og verið hefur, að það sé á ábyrgð stjórnvalda að sýna fram á að efni séu hættuleg. Ábyrgðin á að sjálfsögðu að vera hjá þeim sem framleiðir efnið.

**● HVAÐ LEYNIST UNDIR RÚMINU?** Nýlega var unnin rannsókn sem fólst í því að efnagreina ryk undir rúmi í tólf löndum um allan heim. Fjöldi skaðlegra efna fannst í rykinu eins og t.d. blý, kadmíum og þalót sem eru plast-mýkingarefni. Þau lönd sem tóku þátt í rannsókninni voru Svíþjóð, Belgía, Ítalía, Tékkland, Þýskaland, Ungverjaland, Filippseyjar, Kenía, Malasía, Suður-Afríka, Tansanía og Úganda og kom ekkert land betur út en annað.




Láttu skynsemina ráða
Decubal ecological eru lífrænt vottaðar
og Svansmerktar húðvörur
• Body Cream rakagefandi líkamskrem
• Hand Cream mýkjandi handáburður
• Body Lotion létt húðmjólk
• Face Cream nærandi andlitskrem
Decubal Ecological húðvörurnar henta sérlega
vel þurri og viðkvæmri húð og fást í apótekum
DECUBAL
ECOLOGICAL
Án:
• parabena
• ilmefna
• litarefna
DECUBAL ECOLOGICAL
BODY CREAM
DECUBAL ECOLOGICAL
HAND CREAM
DECUBAL ECOLOGICAL
BODY LOTION
DECUBAL ECOLOGICAL
FACE CREAM
NORDISK MILJØMÆRKNING
ECO CERT

# Íslendingar eiga met í neyslu



Sigurður Eyberg Jóhannesson, leikari og söngvari, er umhverfisfræðingur og starfar sem verkefnisstjóri Garðarshólms, sem er fræða- og menningarmiðstöð með sjálfbærnisþema sem er nú í smíðum á Húsavík.
FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

**Frá örófi alda hefur maðurinn lifað af gæðum náttúrunnar, nýtt sér hana og aðlagað umhverfið að þörfum sínum. Með sívaxandi fólksfjölda, vaxandi neyslu almennings og framleiðslu á vörum sem hannaðar eru til að endast sífellt styttra er álag á vistkerfi jarðarinnar orðið meira en nokkru sinni.**

Sigurður Eyberg Jóhannesson er leikari og söngvari hljómsveitarinnar Deep Jimi and the Zep Creams. Sigurður er einnig menntaður umhverfisfræðingur og starfar nú sem verkefnisstjóri Garðarshólms, sem er fræða- og menningarmiðstöð með sjálfbærniþema sem er nú í smíðum á Húsavík. Hann hefur skoðað áhrif mannsins á umhverfið á ýmsan hátt, til dæmis með tilraunum á eigin skinni.

### TAKMARKAÐAR AUÐLINDIR

„Íbúar jarðarinnar eru um 7 milljarðar og við höfum takmarkað landsvæði til að framfleyta okkur, ekki bara með mat heldur með alla neyslu. Í raun og veru er hægt að rekja alla neyslu til einhverra náttúrauðlinda, því allt sem mannkynið nýtir kemur frá jörðinni. Ein aðferðanna sem notaðar eru til að mæla ágang mannkyns á náttúruauðlindir jarðar er svokallað Vistspor. Útreikningar á Vistsporinu ganga því út á að rekja neysluna niður í þá náttúruauðlind sem við á. Með því er hægt að mæla hversu stórt landsvæði þarf til að framfleyta manninum, með allri hans neyslu, allt frá matnum sem hann borðar til kaupa á fatnaði, rafmagnstækjum og orku og eldsneytis sem notað er til húshitunar og ferðalaga – og allt þar á milli,“ útskýrir Sigurður.

„Algengast er að mælieiningin sé sett á þjóð og þá er mældur ágangur þeirrar þjóðar á náttúruauðlindir jarðar. Með því að taka allt landsvæði jarðarinnar og deila með heildarfólksfjölda á jörðinni, getum við reiknað hversu mikið land hver einstaklingur hefur til afnota til að standa undir eigin neyslu svo að við séum ekki að ganga of mikið á auðlindirnar og minnka getu þeirra til að sjá fyrir okkur.“

„Vistsporið hefur verið reiknað út fyrir margar þjóðir og hefur komið í ljós að almennt á Vesturlöndum erum við talsvert langt yfir þessum mörkum. Ef allir jarðarbúar myndu lifa á sama hátt og við þá myndi það sennilega ekki taka okkur nema nokkrar vikur að rústa allt vistkerfi jarðar.“ Sigurður gerði meistaraverkefni sitt einmitt um Vistspor Íslands.

### ÍSLENDINGAR EIGA MET Í NEYSLU

„Við Íslendingar erum samkvæmt þessari rannsókn minni, miðað við höfðatölu, neyslufrekasta þjóð heims. Meðal Íslendingur tekur meira til sín af auðlindum jarðar en meðal íbúi nokkurrar annarrar þjóðar og höfum við þá meiri áhrif á umhverfið miðað við höfðatölu en nokkur annar,“ segir Sigurður.

„Aðalástæðan er að sjálfsögðu sú að við erum afskaplega miklir neytendur. Vissulega kemur það líka inn í að lega landsins er þannig að langt er að flytja vörur að og ferðast en fyrst og fremst er það neysla okkar sem hefur svona gríðarleg áhrif á umhverfið, þó að húshitun og rafmagn hér á landi sé mun umhverfisvænna en gengur og gerist erlendis.“

### ERFITT AÐ MINNKA NEYSLU MIKIÐ

„Ég hef einnig reiknað mitt eigið Vistspor. Ég skoðaði mína eigin neyslu og hélt að ég væri mjög umhverfisvænn þegar ég byrjaði. Mér fannst neysla mín vera svo lítil miðað við það sem ég sá í kringum mig og ég hélt að ég væri í um það bil á þessum sjálfbærnimörkum, en það kom í ljós að ég var með fimm sinnum meiri neyslu en þessi viðmið segja til um.“

„Seinna gerði ég svo markvisst tilraun til að lifa innan þessara neysluviðmiða, mig langaði að vita hvað ég þurfti að minnka mína neyslu mikið til að falla innan þeirra. Við tókum þetta upp og erum búin að gera heimildarmynd sem kemur út bráðlega. Þetta var gríðarlega erfitt fyrir mig, mjög erfitt vegna þess að við erum búin að móta samfélag sem gerir okkur illa kleift að draga úr neyslu þannig að við föllum innan þessara marka. Það sem mér þótti erfiðast var að minnka bílnotkun og líka að breyta mataræðinu, til dæmis að minnka kjötneysluna. Það þarf mjög mikið landsvæði til að framleiða kjöt. Það kom mér einnig á óvart hvað rafmagnstæki hafa mikil áhrif. Í einn farsíma getur farið meira en tonn af hráefni sem að mestu endar á haugunum, a.m.k. ekki í farsímanum.“

### ÞURFUM NÝTT MÓDEL

„Til að þetta gangi upp þurfum við að skipta út þessu módeli sem við erum með. Sem er þetta, módel hagvaxtar, sem snýst um að það þarf alltaf að vera að auka neyslu almennings til að halda hjólum hagkerfisins rúllandi, sem kallar á meiri notkun á nánast einnota hlutum, sem svo er hent og svo kaupir þú meira til að halda neyslunni uppi og þú heldur áfram að fylla jörðina af drasli sem er ekkert annað en hráefni á villigötum. Þannig að við erum að nýta auðlindirnar of mikið og illa. Við erum að búa eitthvað til sem er illa framleitt og hendum því svo bara strax á haugana og þar erum við með tugi hráefna í einni vöru og af því að þeim er öllum blandað saman þá er ekki hægt að nýta þær aftur, og þá eru þær bara sorp.

### HVETUR FÓLK TIL AÐ VERA MEÐVITAÐ

„Allt það sem við erum að tala um er náttúrulega eitthvað sem fólk verður bara að ákveða sjálft hvort það vilji taka til sín. Fyrst og fremst snýst þetta um að horfa í eigin barm og skoða sína neyslu. Að spyrja sjálfan sig, þarf ég á þessu að halda? Ekki bara fara að versla til að fara að versla. Það er konsept sem meikar engan sens, en ef þig vantar eitthvað, t.d. eldhúsborð, þá myndi ég segja að þú ættir að kaupa gott eldhúsborð sem gæti enst þér jafnvel alla ævina. Þá er það ekkert endilega óumhverfisvænt, heldur þinn eðlilegi hluti af kökunni sem eru þessar sameiginlegu auðlindir jarðar. Það er náttúrulega alveg sjálfsagt að fólk vanti eldhúsborð – við megum ekki vera einhverjir píslarvottar og leyfa okkur ekki neitt. En þegar þú ert farinn að taka meira af kökunni en er þinn eiginlegi hluti: átta sjónvörp, tveir bílar? Hvað þarf maður til dæmis margar eldhúsinnréttingar um ævina, þarftu að skipta út gamalli eldhúsinnréttingu? Kjarninn í þessu er að kaupa það sem maður þarf og kaupa vandaða vöru sem endist og ef þú vilt vera ennþá betri, að kaupa notaða vöru. Þá skrifast engin neysla á þig – þá er búið að framleiða vöruna, hún er ekki framleidd sérstaklega fyrir þig og þú ert að lengja líftíma hennar, og neyslan á henni skrifast á einhvern annan. Einnig að gera við bilaða hluti. Þetta eru allt hlutir sem minnka álag á okkar sameiginlegu auðlindir.“

### GRÆN JÓL

„Varðandi jólagjafir, er mitt ráð að gefa þjónustu! Ég held að þetta geti verið svolítið kjarni þess hvernig við breytum hagkerfinu. Gefa nudd til dæmis. Eitthvert dekur. En burtséð frá gjöfum, þá er það líka að vera með eldabusku, að vera með einhvern sem þrífur hjá þér og svona, þetta eru bara toppmál. Þetta er neysla, þarna ertu að nota peningana þína í að gera líf þitt betra og okkur finnst þetta mikill munaður, en þetta er miklu betra fyrir umhverfið, betra fyrir samfélagið í heild en að vera alltaf að kaupa sér einhverja hluti. Að nota betur þá hluti sem maður á en nota peningana til þess að eiga meiri frítíma. Verja tíma með börnunum, vinunum, að ferðast eða hvernig svo sem maður vill verja sínum frítíma.

En lykilatriði í þessu öllu er að vera ekki þjakaður af samviskubiti vegna þessara mála. Við, mannkynið, erum búin að vera gríðarlega dugleg og skapandi síðustu áratugi og aldir og eigum að vera stolt af því. Hins vegar megum við ekki loka augunum fyrir því að aðstæður hafa breyst á jörðinni vegna athafna okkar og við því verðum við að bregðast ef ekki á að fara illa. En í þessu liggja tækifæri og spennandi tímar fram undan þar sem við greiðum úr þessu og sættum aftur samfélag manns og náttúru.







blettahreinsir · baðherbergishreinsir · yfirborðshreinsir · glerhreinsir · sturtuhreinsir




uppþvottalögur · uppþvottaefni · mýkingarefni · þvottaefni og mýkingarefni · þvottaefni

icepharma

Hagkaup • Víðir • Þín Verslun Seljabraut • Fjarðarkaup

## Græn jólagjafahugmynd!

**Gefðu heimatilbúna gjöf! Hvar liggja hæfileikarnir? Í prjónaskap, sultugerð eða listum?**



# Hvaða jólatré er „grænast?"



**EKTA TRÉ?**

Þegar skoðuð er efnanotkun við ræktun jólatrjáa og orku- og auðlindanotkun við flutning þeirra þá kemur í ljós mikill munur á íslenskum og innfluttum trjám. Við ræktun íslenskra jólatrjáa er notað lítið sem ekkert af varnarefnum, en víða erlendis eru bæði notuð illgresis- og skordýraeitur. Einnig ber að nefna þá hættu sem stafar af sjúkdómum sem geta borist með trjám þegar þau eru flutt hingað til lands. Þegar orkunotkun vegna flutninga er skoðuð þá hefur íslenska tréð augljóslega forskot; því styttri flutningsleið – því minni eldsneytisnotkun og útblástur. Íslensk jólatré hafa því yfirburði fram yfir innflutt tré þegar horft er á efna- og orkunotkun. Nú gefst fjölskyldum kostur á að fara út í skóg og höggva sér jólatré sem er bæði góð og skemmtileg samvera.

**PLASTTRÉ?**

Við framleiðslu á plastjólatrjám er notað mun meira af orku og auðlindum en við ræktun ekta trjáa. Plastið er upphaflega framleitt úr olíu og auk þess er framleiðslan orkufrek og vegalengdin löng frá framleiðslu til markaðar, þar sem langflest plastjólatré eru framleidd í Asíu. Mikið af úrgangi myndast síðan þegar þessum trjám er hent, ef þau eru ekki flokkuð og endurunnin. Ef plasttré er notað í mörg ár má segja að neikvæðu umhverfisáhrifin þynnist út. Hins vegar þarf að nota plastjólatréð í 20 ár svo það verði að betri kosti en ekta tré.

**● ÞÚ ÁTT RÉTT Á AÐ FÁ UPPLÝSINGAR UM HÆTTULEG INNIHALDSEFNI** Samkvæmt nýjum evrópskum reglum varðandi efni sem kallast REACH þá hefur neytandinn rétt á að fá upplýsingar um hvort viðkomandi vara innihaldi varasöm efni sem eru á svokölluðum kandídatlista Efnastofnunar Evrópu. Varan getur verið alls kyns, t.d. íþróttaskór, húsgögn eða leikföng. Hægt er að spyrja í búðum og hjá framleiðanda og skal svarið afhent án endurgjalds innan 45 daga. Þetta á að gefa neytandanum betra tækifæri til að taka upplýsta ákvörðun um sín innkaup og setur aukna ábyrgð á seljandann að vita hvað hann er með í höndunum. Á kandídatlistanum eru nú 53 efni sem geta verið krabbameinsvaldandi, valdið stökkbreytingum, raskað frjósemi auk þess að brotna ekki niður í náttúrunni en safnast í staðinn fyrir og valda þannig skaða.



# Grænt og vænt – kíktu á www.grænn.is

**www.grænn.is er ný fræðslusíða Umhverfisstofnunar um grænan lífsstíl. Þar má meðal annars finna upplýsingar um varasöm efni í neytendavörum og hvernig hægt er að sniðganga þau, ásamt umfjöllun um öryggismál, samgöngur, garðinn o.fl. Einnig er lögð áhersla á endurvinnslu en með því að flokka sorpið á réttan hátt leggur þú þitt af mörkum til að koma í veg fyrir að hættuleg efni endi í umhverfinu og hafi þannig áhrif á þig síðar. Bergþóra Hlíðkvist Skúladóttir er ritstjóri www.grænn.is.**



Bergþóra Hlíðkvist Skúladóttir er ritstjóri www.grænn.is sem er ný fræðslusíða Umhverfisstofnunar. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

*Hvert er markmiðið með nýju síðunni?*

Fyrst og fremst að bjóða almenningi upp á að fræðast um hvað hægt er að gera, skref fyrir skref til að tileinka sér umhverfisvænni lífsstíl. Við leggjum áherslu á að gefa góð ráð sem auðvelt er að fara eftir í amstri nútímans. Við vonum að fólk taki vel í þessi ráð og að samfélagið þokist í rétta átt, t.d. með aukinni eftirspurn með umhverfisvottuðum vörum og þjónustu en slíkt hefði í för með sér minni mengun og þar með betri lífsgæði fyrir okkur öll. Við viljum jú öll búa í heilsusamlegu umhverfi.

*Er þörf fyrir svona vef?*

Já, það finnst okkur alveg tvímælalaust. Til dæmis hefur umræða um efni í neytendavörum aukist gríðarlega í nágrannalöndum okkar og fylgjum við í fótspor þeirra með www.grænn.is. Fylgifiskur þess nægtasamfélags sem við búum í er að í kringum okkur er allt fullt af vafasömum efnum eins og til dæmis í snyrtivörum, raftækjum, málningu, húsgögnum og fötum. Reglulega berast síðan fréttir af skaðlegum áhrifum þessara efna eins og að geta valdið krabbameini eða raskað hormónajafnvægi líkamans. Málið er flókið því að þó svo eitt varasamt efni hafi lítil áhrif á heilsu og umhverfi þá er lítið vitað um samanlögð áhrif efna í kringum okkur, svokölluð kokteiláhrif. Ef ekki er hugað að flokkun og endurvinnslu þá enda þessi skaðlegu efni úti í náttúrunni þegar við hættum að nota vöruna og geta þannig haft áhrif á okkur síðar.

*Þetta hljómar ekki vel. Á maður þá að sleppa jólagjöfunum í ár fyrst allt er svona hættulegt?*

Nei, það er nú ekki boðskapur síðunnar. Hins vegar vonum við að www.grænn.is auðveldi almenningi að velja það sem er betra fyrir heilsuna og umhverfið. Við getum tekið sem dæmi leikföng, sem því miður geta innihaldið skaðleg efni. Þar er hægt að hafa sem viðmið að kaupa ekki leikföng með sterka lykt því ilmefnin geta valdið ofnæmi, velja eingöngu CE-merkt sem þýðir að framleiðandinn uppfyllir grunnkröfur Evrópu og að sniðganga óvönduð leikföng eða eftirlíkingar sem oftast eru framleidd í risaverksmiðjum í Asíu undir litlu eftirliti. En það má líka benda á að hægt er að gleðja ástvini með ýmsu öðru en hlutum sem oftast enda í ruslinu og valda mengun. Hægt er að gefa einhverja upplifun eins og t.d. leikhúsmiða eða nudd eða jafnvel eitthvað sem gefandinn skipuleggur sjálfur. Í hraða nútímans er oft mesta gleðin fólgin í því að gera eitthvað skemmtilegt saman.




LEITAÐU AÐ SVANSMERKINU!
FJÖLBREYTT VÖRUÚRVAL
Sápur, snyrtivörur, handklæði, sængurföt, fatnaður, bleiur, dömubindi, þvotta- og hreinsiefni, örtrefjaklútar, eldhús- og salernispappír, ljósritunarpappír, tölvur, sjónvörp, prentarar, þvottavélar, málning, parket, húsgögn, bíla- og bátahreinsiefni, leikföng, hótel, prentun, ræstiþjónusta, verslanir, veitingastaðir & margt margt fleira
BETRA FYRIR UMHVERFIÐ OG HEILSUNA
SVANURINN
ER Á FACEBOOK
OG Á SVANURINN.IS
UMHVERFISSTOFNUN
Umsjónaraðili Svansins á Íslandi

# Varasöm efni í vörum og hlutum

**Allt í kringum okkur eru efni og því miður eru sum þeirra skaðleg heilsu okkar og umhverfi. Þessi varasömu efni koma til dæmis frá iðnaði, samgöngum og sorpi sem ekki er meðhöndlað á réttan hátt, en geta einnig verið í vörum og hlutum sem við notum dags daglega. Mörg þessara efna eyðast ekki heldur safnast fyrir í umhverfinu og geta endað í matnum sem við borðum, vatninu sem við drekkum og loftinu sem við öndum að okkur. Þú getur lagt þitt af mörkum við að minnka magn skaðlegra efna í umhverfi þínu með því að velja vörur án efna sem hafa skaðleg áhrif á heilsu og umhverfi.**

## SNYRTIVÖRUR

Snyrtivörur eru ómissandi hluti af daglegu lífi okkar og flest notum við margar og mismunandi tegundir á degi hverjum. Vanda skal valið því ýmsar snyrtivörur innihalda efni sem geta haft skaðleg áhrif á heilsu okkar og umhverfi. Þessi varasömu efni eru til dæmis rotvarnarefni, ilmefni, litarefni eða önnur efni sem geta valdið ofnæmi. Vert er að hafa í huga að snyrtivörur geta borist með frárennslisvatni út í umhverfið. Framleiðendum snyrtivara er skylt að gefa upp öll innihaldsefni á umbúðum. Þannig er hægt að forðast verstu efnin og efni sem þú ert með ofnæmi fyrir. **Hægt er að kaupa snyrtivörur án skaðlegra efna.**




## SNUÐ OG PELAR

Pelar og harði hluti snuðsins (ekki sjálf túttan) geta verið úr polykarbonatplasti sem inniheldur skaðlega efnið BisfenolA (BPA). BPA getur valdið ertingu og ofnæmi í húð og raskað hormónajafnvægi. Þetta er umdeilt efni og hafa Danir bannað sölu á pelum sem innihalda BisfenolA. Það sama var gert hér á landi í ágúst 2011. **Því er mikilvægt að skoða innihaldslýsingu þegar pelar og snuð eru keypt.**

## LEIKFÖNG

Reglur um leikfangaframleiðslu eru mjög strangar en þrátt fyrir það innihalda sum leikföng efni sem geta verið skaðleg bæði heilsu barnsins og umhverfinu. Flest leikföng á heimsmarkaði í dag eru framleidd í Asíu. Á þessum mörkuðum ríkir mikil samkeppni og sumir framleiðendur fara ekki eftir settum reglum um efnainnihald. Því finnast reglulega leikföng á markaði sem innihalda of mikið af varasömum efnum eins og t.d. þungmálma og plastmýkingarefni sem kallast þalöt. Auk þess ber að varast leikföng sem búa til mikinn hávaða. **Við val á leikföngum skal velja CE-merkt leikföng sem er yfirlýsing framleiðandans um að leikfangið uppfylli grunnkröfur Evrópu um öryggi leikfanga.**

## ÞVOTTA- OG EFNAVÖRUR Á HEIMILUM

Til eru margvíslegar þvotta- og efnavörur á heimilum eins og t.d. þvottaefni, hreinsiefni, málning og lökk. Mörg þessara efna geta verið ertandi og jafnvel ætandi og haft skaðleg áhrif á heilsu. Því skal ætíð lesa vel varúðarupplýsingar á umbúðum, geyma efnin þar sem börn ná ekki til og flokka á réttan hátt þegar umbúðum og afgöngum er hent. Hreinsiefni fara með frárennslisvatni út í umhverfið. **Með því að velja umhverfisvottaðar vörur lágmarkar þú notkun þína á varasömum efnum og því magni sem berst frá þér út í umhverfið.**

**MATUR**
Á Íslandi gilda strangar reglur um matvælaframleiðslu og matur má ekki innihalda efni sem eru skaðleg heilsu eða umhverfi, hvort sem hann er framleiddur hér eða innfluttur. Hins vegar inniheldur margt af því sem við borðum örlítið af varasömum efnum úr umhverfinu sem hafa safnast fyrir í lífkeðjunni. Þó er sjaldnast hættulegt að borða slíka matvöru, en á löngum tíma geta efnin sem koma úr ýmsum áttum safnast fyrir í okkur og valdið veikindum.




**RAFTÆKI**
Á hverju heimili má finna ýmiss konar raftæki sem við teljum til sjálfsagðra þæginda eins og t.d. þvottavél, sjónvarp, tölva og farsími. Raftæki innihalda ýmis efni og eru sum þeirra skaðleg heilsu og umhverfi, eins og t.d. brómeruð eldtefjandi efni. Þau hafa fundist í ryki innanhúss og eru talin koma frá raftækjum. Efnin geta líka losnað út í umhverfið við framleiðslu raftækisins eða ef raftækinu er ekki fargað á réttan hátt. Þá geta efnin borist út í umhverfið og haft þannig skaðleg áhrif á bæði umhverfið og okkur sjálf. **Skila skal öllum raftækjum til viðurkenndra móttökustöðva þegar notkun á þeim er hætt og kostar það ekkert.** Þar eru tækin meðhöndluð þannig að þau valdi ekki mengun.

**FÖT OG SKÓR**
Það er oft efnalykt af nýjum fötum því við framleiðslu á fatnaði og skóm eru notuð ýmis efni sem sum sitja eftir í vörunni þegar hún er tilbúin til sölu. Sum þessara efna eru skaðleg heilsu og umhverfi og geta t.d. verið ofnæmisvaldandi. Veljum Svansmerkt föt ef slíkt er í boði. Margir framleiðendur hafa fengið Svansvottun á hluta af sinni framleiðslu og því er vert að skoða föt með tilliti til umhverfismerkja. **Góð regla er að þvo föt áður en þau eru notuð í fyrsta skiptið því við þvottinn hverfa langflest þeirra skaðlegu efna sem notuð voru við framleiðsluna.**

**HÚSGÖGN**
Húsgögn eins og stólar, borð og skápar eru jafnan framleidd úr tré, málmi og/eða plasti og geta innihaldið efni sem eru skaðleg fyrir umhverfið og heilsuna á ýmsan hátt. Þessi efni geta gufað upp í litlu magni frá húsgögnunum við notkun, en einnig við framleiðslu og förgun. Húsgögn geta líka innihaldið ofnæmisvaldandi efni. **Látum lofta vel um ný húsgögn í nokkra daga eftir að þau eru tekin í notkun.**

## Græn jólagjafahugmynd!

**Gefðu áskrift. Þekkirðu sjónvarpssjúkling – gefðu honum áskrift að góðri sjónvarpsrás og tónlistarunnandinn fær áskrift að tónlistarvefverslun.**

**● MÓÐIRIN** Ákveðin efni í snyrtivörum, sápum og sjampói o.fl. geta borist með brjóstamjólkinni eða frá húð móður til blóðrásarinnar og þannig til barnsins. Því ættu ófrískar konur og mjólkandi mæður að huga vel að því hvaða vörur þær nota fyrir sjálfar sig.



Það er oft erfitt að átta sig á innihaldslýsingum á umbúðum og upplýsingar um innihaldsefni geta verið misvísandi. Þumalputtareglan ætti því að vera sú að nota sem minnst af snyrtivörum á þessum mikilvæga tíma lífs þíns og velja Svansmerktar vörur þegar þær eru í boði.

Sem dæmi má nefna að Svansmerkt brjóstainnlegg innihalda ekki ofnæmisvaldandi eða heilsuskaðleg efni. Það eru jafnframt lítil neikvæð umhverfisáhrif af framleiðslu þeirra.



**● BÖRN OG EFNI** Börn eru mun viðkvæmari fyrir skaðlegum efnum í umhverfinu heldur en fullorðnir. Þau eru lítil, með viðkvæma húð og ónæmiskerfið er ekki fullþroskað. Börn þola minna magn af skaðlegum efnum en fullorðnir.

Börn komast í snertingu við meira magn af efnum en fullorðnir. Þau setja hluti upp í sig og skríða um á gólfinu þar sem eru leifar af efnum.

Skaðleg efni geta leynst í öllum vörum og þess vegna er mikilvægt að vera meðvitaður um áhætturnar og velja skynsamlega. Með því að velja umhverfisvottaðar vörur tryggir þú að barnið þitt verði ekki fyrir neikvæðum áhrifum vegna hættulegra efna. Svanurinn auðveldar þér valið.

EU Ecolabel
www.ecolabel.eu

**● HVAÐ ER UMHVERFISMERKI?** Norræna umhverfismerkið Svanurinn og Evrópublómið eru dæmi um áreiðanleg umhverfismerki. Þessi merki byggja á ströngum umhverfis-, heilsu og gæðakröfum sem ná til alls lífsferils vörunnar frá framleiðslu til förgunar. Óháður aðili hefur vottað að kröfur umhverfismerkisins séu uppfylltar og eru kröfurnar endurskoðaðar og hertar reglulega.

Framleiðendur hafa sjálfir frumkvæði að því að sækja um vottun og geta einungis þeir bestu uppfyllt kröfur og fengið vottun. Því er umhverfisvottuð vara og þjónusta ávallt besti kosturinn fyrir umhverfið og heilsuna. Nánari upplýsingar um umhverfismerki er að finna á www.grænn.is.

## „Slow food“ og „Fast food“

„Slow food“ er hugmyndafræði sem er upprunnin á Ítalíu og kom fram fyrir 25 árum. Hún varð til sem mótvægi við „fast food“ byltinguna þegar McDonalds-keðjan opnaði skyndibitastað við spænsku tröppurnar í Róm. Slow food-hreyfingin leggur áherslu á mat úr heimabyggð, af plöntum ræktuðum af innlendum fræjum og bústofni sem er einkennandi fyrir heimahéraðið. Hreyfingin leggur áherslu á sjálfbæra fæðuframleiðslu og hvetur til neyslu framleiðsluvara frá framleiðendum heima í héraði, til mótvægis við hnattvædda landbúnaðarframleiðslu.





Svandís Svavarsdóttir afhendir nýbökuðum foreldrum fyrsta Svanspokann. Í honum er bæklingur sem fjallar um umhverfismerkið Svaninn og mikilvægi þess að velja umhverfisvottað fyrir ungbörn.

# 5.000 börn um land allt fá Svanspoka!

**„Ágætis byrjun“ er verkefni sem Umhverfisstofnun stendur fyrir til þess að kynna Svaninn og hvetja foreldra til að nota umhverfismerki sem hjálpartæki við vöruval.**

Í daglegu lífi komast allir í snertingu við óteljandi efni sem mörg hver eru varasöm. Ekki ætti þó að láta sér fallast hendur því neytandi hefur alltaf val og það er ekki síst mikilvægt að nýta sér það þegar valdar eru vörur fyrir ungbörn og mjólkandi mæður. Með því að velja umhverfisvottaðar vörur fram yfir aðrar tekur maður sjálfur stjórnina og velur í auknum mæli hvaða efni maður kemst í snertingu við. Verkefnið Ágætis byrjun gengur út á að dreifa Svanspokum til nýbakaðra foreldra. Verkefnið er unnið að norskri fyrirmynd en þar hefur sambærilegt verkefni verið í gangi síðan árið 2005. Í pokunum er bæklingur sem fjallar um umhverfismerkið Svaninn og mikilvægi þess að velja umhverfisvottað fyrir ungbörn. Í pokanum eru einnig vöruprufur en tilgangurinn er ekki að kynna einstök vörumerki heldur að varpa ljósi á að Svanurinn hefur vottað breitt úrval af ungbarnavörum og því hafa foreldrar raunverulegt val um vöru sem er betri fyrir umhverfi og heilsu. Verkefninu er ætlað að ná til alls landsins og er miðað við að öll börn fædd á Íslandi á tímabilinu nóvember 2011 til nóvember 2012 fái pokann.



**„Mér er hvarvetna mjög vel tekið,“ segir Elva Rakel Jónsdóttir sem nú kynnir verkefnið.** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Pokunum er dreift á fæðingardeildum á landsbyggðinni og heilsugæslu á höfuðborgarsvæðinu. Starfsmaður Svansins, Elva Rakel Jónsdóttir, segir að hjúkrunarfræðingar og ljósmæður taki vel í verkefnið. „Ég er þessa dagana að kynna verkefnið fyrir hjúkrunarfræðingum á höfuðborgarsvæðinu og mér er hvarvetna mjög vel tekið. Ég held að heilbrigðisstarfsfólk sjái þörfina fyrir fræðslu af þessu tagi en með verkefninu er í raun verið að sameina umhverfismál og lýðheilsumál.“ Yfirhjúkrunarfræðingur heilsugæslunnar í Miðbæ, Jóhanna Eiríksdóttir, telur verkefnið brýnt. „Hér tökum við því fagnandi að styðja við umhverfishugsun, ekki veitir af.“



**● BLEYJUR OG BLAUTÞURRKUR** Hvert ár fæðast um það bil 5.000 börn á Íslandi. Samtals nota þessi börn líklega 50.000 bleyjur dag hvern! Bleyjur eru eitt af því mikilvægasta sem nýfædd börn nota. Þær eru í sífelldri snertingu við viðkvæm svæði á veigamesta þroskatímabili barnsins.

Svansmerkt bleyja er mild fyrir húð barnsins. Hún inniheldur engin húðkrem eða ilmefni og í hana er notuð lífrænt ræktuð bómull. Svansmerkt bleyja er laus við PVC plast og er ekki bleikt með klórsamböndum.

**● VEFNAÐARVARA** Börn eru í sífelldri snertingu við vefnaðarvöru eins og fatnað, sængurföt eða handklæði. Vefnaðarvara getur innihaldið leifar af varnar- og litarefnum eða öðrum efnum sem eru skaðleg umhverfi og heilsu.

Svansmerktar vefnaðarvörur eru framleiddar á ábyrgan hátt. Þær eru án ofnæmisvaldandi litarefna og annarra heilsuskaðlegra efna. Umhverfisáhrif af framleiðslunni eru lítil, sérstaklega þegar miðað er við notkun á skordýraeitri og öðrum varasömum efnum.

Svanurinn vinnur stöðugt að því að fá meira úrval af Svansmerktri vefnaðarvöru á markaðinn. Þú getur lagt þitt að mörkum – með því að velja Svansmerktan fatnað, sængurföt og handklæði þegar þú sérð þau.





Þóra Sigurðardóttir gaf í fyrra út bók sem heitir Foreldrahandbókin. Í henni fá foreldrar ráðleggingar og reynslusögur um allt milli himins og jarðar sem tengist því að eignast barn.

# Þú þarft ekki að kollvarpa lífinu þó þú veljir það **besta fyrir barnið**

**Rithöfundurinn Þóra Sigurðardóttir á tvö ung börn, eins árs og þriggja ára. Í fyrra gaf hún út bók sem heitir Foreldrahandbókin en í henni fá foreldrar ráðleggingar og reynslusögur um allt milli himins og jarðar sem tengist því að eignast barn. Elva Rakel Jónsdóttir hjá Umhverfisstofnun settist niður með Þóru og spjallaði við hana um efni í umhverfi barna okkar.**

*Hvað dettur þér í hug þegar talað er um efnainnihald í vörum?*

Þegar ég var að skrifa bókina þá blöskraði mér því mér fannst ég uppgötva það sem ég vil kalla skort á neytendavernd. Ég hélt að framleiðendur bæru hag okkar fyrir brjósti og það var rosalegt áfall þegar ég fattaði að svo er ekki. Ég áttaði mig á því að þessi takmarkaða neytendavernd nær til barnanna okkar líka, til að mynda með BPA í pelum. Mér brá alveg svakalega, þá sérstaklega þegar ég fór að kynna mér þetta betur. Þegar ég var ólétt af mínu fyrsta barni var varla hægt að fá BPA lausa pela á Íslandi. Ég pantaði mér þetta allt saman, pela og snuð, að utan og þá laust við BPA. Svo hélt maður að BPA væri eina skaðlega efnið en fer smám saman að velta fyrir sér; hvað með öll hin efnin. Þetta er bara eitt af mörgum. Eins fór ég að velta fyrir mér bleyjum og blautþurrkum, því þegar maður uppgötvar að blautþurrkur eru fínasta hreinsiefni fyrir eldhúsinnréttingar þá fer maður að hugsa sig um. Það virðist engum vera umhugað um okkur. Pabbi var til dæmis að hita sér núðlusúpu í bolla um daginn. Ég stoppaði hann og sagði að hann mætti ekki setja duftið ofan í því það innihéldi MSG og svo mætti alls ekki hita súpuna í þessu frauðplasti því það væri stútfullt af eiturefnum sem losna við hita. Hann bara horfði á mig og sagði: „Af hverju er þá verið að framleiða þetta“. Það er þetta sem mér blöskrar svo mikið.

*Þekkirðu einhver varasöm efni?*

Ég er alveg skíthrædd við öll E-efni. Ég trúi því að öll þessi unna matvara í kringum okkur sé orsakavaldur margra nútíma heilsuvandamála. Ég er mjög passasöm upp á þetta með krakkana mína og viðurkenni alveg að ég verð stundum mjög tortryggin. Mér finnst óhugnanlegt þegar fólk tekur þá ákvörðun að gefa barninu sínu bara krukkumat frá Kína. Það er líka ótrúlega óumhverfisvænt að fljúga matnum alla þessa leið, það er eitthvað ekki alveg rétt við það. Ég hætti líka fyrir lifandis löngu að nota sjampó og sápu í börnin mín því ég sé ekki tilganginn, þau eru með hreinasta og fallegasta hár í heimi. Ég er líka búin að minnka mikið hreinsiefnanotkun á heimilinu. Ég á alveg til hreinsiefni á sterka bletti en ég er ekki að nota mikið af þeim því börnin mín eru í stöðugri snertingu við gólfið og allt yfirborð á heimilinu. Ég nota líka þvottaefni í mjög litlu magni og þá helst Svansmerkt.

*Af ungbarnavörum, velurðu þá eitthvað ákveðið fyrir börnin þín?*

Ég hef mestmegnis notað einnota bleyjur í gegnum tíðina og dauðskammast mín fyrir það. En ég er mjög meðvituð um hreinsiefni og hef verið að búa til mínar eigin blautþurrkur. Eins notaði ég líka ilmkjarnaolíur og setti til dæmis piparmyntudropa á fötin hjá börnunum til að fæla flugur í burtu. Þú þarft ekki að spreyja allt með eitri. Mannkynið lifði af áður en öll þessi efni voru til staðar. Við erum búin að færast svo langt í burtu frá náttúrunni en mér finnst vera mikil vitundarvakning þessa dagana.

*Hefurðu verið að skoða umhverfismerki? Þekkirðu til dæmis Svaninn?*

Ég skal viðurkenna að ég er ekkert rosalega sleip, en ég samt er mjög veik fyrir öllu sem er umhverfismerkt og ég vel það frekar. Mér finnst það mætti vera meiri fræðsla um merkin því það er mín reynsla að fólk sækir frekar í umhverfismerkt heldur en hitt.

*En hvernig er það í þínum vinahóp, eru menn meðvitaðir um að vera gagnrýnir í vali á vörum fyrir börnin sín?*

Já og það er aukast gríðarlega mikið og sérstaklega þegar kemur að næringu. Vinkonur mínar spá mikið í þetta og af þeim hef ég lært mikið og þrátt fyrir að vera ekki sú sleipasta í eldhúsinu er þetta að hafast hjá mér. Þetta tekur smá tíma en skilar sér margfalt.

*Heldurðu að það sé næsta skrefið, eftir að menn hafa byrjað að velta fyrir sér mataræði, að fara að velta fyrir sér vöruvali og efnainnihaldi í vörum?*

Engin spurning. Mér hefur fundist mest fræðsla hafa verið um E-efni og mataræði og mikil bylting á Íslandi á undanförnum árum varðandi matinn en nú er það mikið til komið. Mér finnst hreinlætisvörurnar vera að koma mikið inn núna og skilaboðin eru einmitt að lausnin getur verið svo einföld. Þú þarft ekki að kollvarpa lífi þínu heldur getur með einföldum aðgerðum hreinsað margt út. Ég las um daginn að í blóði nýfædds barns mælist alveg gríðarlegt magn af efnarusli. Mér finnst þetta hræðileg tilhugsun og vona að við séum að komast yfir á næsta stig þar sem við erum orðin meðvitaðri og gerum meiri kröfur. Við erum farin að standa meira með sjálfum okkur og missum okkur síður yfir hvað allt er stórkostlegt svo lengi sem það er í fallegum umbúðum.

*Hvað getur maður gert sem foreldri þegar kemur að því að velja fyrir börnin sín?*

Það vilja allir foreldrar það allra besta fyrir börnin sín. Stundum held ég að þessi togstreita myndist á milli þæginda og þess sem er það besta. En maður veit alveg að þetta er ekkert mál. Við erum bara svo mikill vani. Maður getur ekki tekið 180 gráðu beygju einn tveir og tíu. Þetta eru svo litlar breytingar sem við þurfum að gera til að breyta miklu og þó það sé enginn heilagur þá er betra að gera pínulítið gott en að gera ekkert. Til dæmis að taka út sterk hreinsiefni á heimilinu og minnka þvottaefnið. Sólarvörnin er annað gott dæmi því þá ertu að maka á húðina, stærsta líffæri líkamans, mikið af óæskilegum efnum. Með einföldum aðgerðum getur maður örugglega tekið í burtu 60% af þessu óæskilega sem börnin eru í snertingu við dags daglega. Síðan getur þú tekist á við hin litlu atriðin en maður gerir það bara í rólegheitunum. Það eru þessi stóru atriði sem skipta máli.

*Hvað finnst þér um úrvalið á umhverfisvottuðum vörum?*

Það er næsta stóra sprengingin og því fyrr sem framleiðendur fatta það því betra. Við vitum að það eina sem knýr þá áfram er gróðavon þannig að ef þeir uppgötva að fara inn á þessar brautir þá erum við í mun betri málum. En svo er það líka þessi tvískinnungur, oft ertu með fínar vörur sem eru svo kannski í einhverjum baneitruðum umbúðum og maður veit aldrei hverju á að treysta. Þess vegna er þetta svo mikilvægt með umhverfisvottanirnar, það skiptir svo miklu máli að þú getir bara litið á vöruna, séð merkið og þú veist að þú getur verið öruggur. Ef það kæmi til betri kynning á Svaninum og fyrir hvað hann stendur þá er hægt að stimpla það rækilega inn hjá okkur og þá mun fólk sjálfkrafa seilast í vottaðar vörur.

# Úrval af Svansmerktum vörum og þjónustu aldrei meira

**Norræna umhverfismerkið Svanurinn var stofnað árið 1989 og hefur náð gífurlegum árangri. Alls er búið að veita yfir 2.000 Svansleyfi fyrir 6.000 vörur, sem þýðir að úrvalið af umhverfisvænni vörum er orðið mjög gott. Íslenskar verslanir bjóða sífellt breiðara úrval af Svansmerktum vörum, enda fer eftirspurnin vaxandi. En hvað gerir Svansmerkta vöru betri fyrir umhverfið og heilsuna? Anne Maria Sparf frá Umhverfisstofnun stendur fyrir svörum.**



Úrvalið af Svansmerktum vörum er mjög fjölbreytt.

### VIÐ GETUM HAFT ÁHRIF

Það getur verið vandasamt að finna upplýsingar um hvernig vörur eru framleiddar og hvort þær innihaldi vafasöm efni. En hvernig getur hinn almenni neytandi lagt sitt af mörkum í umhverfismálum og valið skaðlausar vörur? „Ein leið er að velja umhverfisvottað. Með því að velja Svansmerktar vörur og þjónustu lágmörkum við mengun, tryggjum betri hráefnis- og orkunýtingu og verndum náttúruna. Svansmerkta varan er öruggt val fyrir umhverfið og heilsuna,“ segir Anne brosandi.



Anne Maria Sparf

### STRANGAR KRÖFUR

Svanurinn hefur þróað kröfur fyrir meira en 60 mismunandi vöru- og þjónustuflokka, allt frá hreinsiefnum og hjólbörðum til hótela og prentsmiðja. Kröfurnar ná ávallt yfir allan lífsferil vörunnar, allt frá hráefnum yfir í framleiðsluferlið, notkun og úrgang. Til að mynda þarf viður í Svansmerktum vörum að vera úr sjálfbærri ræktun, lágmarka þarf orkunotkun við framleiðslu, notkun hættulegra efna er takmörkuð og tryggja þarf rétta meðhöndlun úrgangs. „Svansmerktar vörur og þjónusta hafa farið í gegnum óháð vottunarferli sem tryggir að þær uppfylla ströngustu mögulegu umhverfis- og heilsukröfur. Einungis þær bestu geta fengið vottun,“ lofar Anne.

### AF HVERJU ER SVANSMERKTA TÖLVAN BETRI?

Oft heyrist spurt af hverju umhverfismerkta varan sé betri en önnur. Getur vara, svo sem tölva eða dekk, verið umhverfisvæn? „Í sjálfu sér er ekkert sem við framleiðum beinlínis umhverfisvænt, en umhverfismerktar vörur hafa minnstu mögulegu áhrifin á umhverfið. Svansmerktar tölvur nota minni orku, eru endurvinnanlegar og án hættulegra eldvarnarefna. Svansmerkt dekk eru endingargóð, hljóðlaus og menga minna. Strangar kröfur Svansins tryggja að varan er ávallt besti mögulegi kosturinn fyrir umhverfið og heilsuna.“

### ER UMHVERFISMERKTA VARAN DÝRARI?

Margir halda að umhverfismerktar vörur séu dýrari en aðrar sambærilegar vörur, er það rétt? „Nei, Svansmerktar vörur eiga ekki að vera dýrari, þvert á móti. Könnun sem Neytendasamtökin gerðu árið 2010 sýndi fram á að Svansmerktar vörur voru í flestum tilfellum ekki dýrari, og yfirleitt fær maður meira fyrir peninginn þegar maður kaupir Svansmerkt. Þvottaefnið dugar í fleiri þvotta, pappírinn þurrkar betur eða tölvan endist lengur. Svanurinn gerir nefnilega einnig gæðakröfur á vörur,“ staðfestir Anne.

> **„Svansmerkta varan er öruggt val fyrir umhverfið og heilsuna. Með því að velja Svansmerkt geta allir haft áhrif.“**

### ÍSLENDINGAR VELJA SVANSMERKT

Yfir 70% Íslendinga þekkja Svansmerkið skv. könnun frá árinu 2010. Um 40% velja Svansmerkt stundum eða alltaf. „Þetta eru sterk skilaboð til verslana. Ekkert annað merki nær þessum árangri,“ bendir Anne á. „Könnunin staðfestir einnig að margir treysta því ekki að almennar vörur sem seldar eru í verslunum séu lausar við hættuleg efni. Nær 80% treysta því hins vegar að Svansmerkt vara sé gott val fyrir umhverfið og um 50% tengja merkið við strangar kröfur.“

### VARIST GRÆNÞVOTT – EKKI ER ALLT GRÆNT SEM SÝNIST

„Það er ljóst að almenningur leitast í auknum mæli við að kaupa umhverfisvænt, ekki síst vegna eigin heilsu,“ segir Anne. „Margir framleiðendur notfæra sér þessa eftirspurn og auglýsa sig sem græna eða umhverfisvæna, þótt ekkert standi á bak við það. Þess vegna hvet ég fólk til að forðast vörur sem lokka neytendur með fullyrðingum á borð við eco-friendly, green eða chemical free. Öruggasti kosturinn er ávallt að velja vörur sem eru merktar með traustu umhverfismerki, svo sem Svaninum eða Evrópublóminu.“

### FJÖLBREYTT ÚRVAL Í VERSLUNUM

Úrval Svansmerktra vara hefur stóraukist á Íslandi á undanförnum árum. Margir kvarta þó enn yfir því að það sé erfitt að finna Svansmerktar vörur í verslunum. „Flestar íslenskar dagvöruverslanir hafa bætt úrvalið af Svansmerktum vörum með aukinni eftirspurn. Yfirleitt er hægt að finna allt það helsta sem mann vantar í hillunum, svo sem þvottaefni og uppþvottatöflur, eldhúsrúllur og salernispappír, sápur og sjampó, snyrtivörur svo sem svitalyktareyði, bleiur, dömubindi, blautklúta og jafnvel servíettur. Við hvetjum verslanir til þess að merkja vörurnar betur í hillunum til að auðvelda fólki að finna vörurnar.“

Nýlega hafa apótekin einnig stórbætt úrval Svansmerktra vara. „Það er ánægjulegt að sjá hversu gott úrvalið er orðið. Fyrir nokkrum árum var erfitt að finna umhverfismerktar snyrtivörur án ofnæmisvaldandi efna, nú er hægt að velja á milli margra vörumerkja,“ lýsir Anne.

Sumar verslanir leggja meiri áherslu á Svansmerktar vörur en aðrar. „Ég hef heyrt um fólk sem velur verslun eftir því hversu gott úrval umhverfismerktra vara er. Þetta verður eflaust þróunin á næstu árum þegar Íslendingar verða meðvitaðri um vafasöm efni í neytendavörum,“ bætir hún við. „Veldu vel og veldu Svansmerkt næst þegar þú verslar.“






**Ert þú tilbúinn fyrir 2012?**

Dagatalakubbarnir vinsælu hafa verið framleiddir hjá GuðjónÓ í rúman áratug. Hefðin er sterk og útlit kubbsins hefur haldist eins frá því að elstu menn muna. Hægt er að velja milli átta spjalda sem öll skarta landslagsljósmyndum. Einnig bjóðum við upp á mánaðartöl og borðalmanök.

**Við elskum umhverfið – allan ársins hring**

Svansmerktir síðan árið 2000

GUÐJÓNÓ
VISTVÆN PRENTSMIÐJA




**Ferð þú nokkuð í jólaköttinn?**

Okkur finnst við hæfi að bjóða upp á umhverfisvænni jólapappír. Pappírinn er prentaður báðumegin. Á annarri hliðinni skoppar jólakötturinn um örkina og vitnað er í vísur Jóhannesar úr Kötlum um Jólaköttinn. Hin hliðin skartar litríkum teikningum af fatnaði og minnir á að sá fer í jólaköttinn sem ekki fær nýja flík!

Þverholti 13 · 105 Reykjavík · sími 511 1234 · gudjono@gudjono.is · www.gudjono.is



## ● HVAÐ ER PARABEN?

Paraben eru flokkur efna sem eru m.a. notuð sem rotvarnarefni í snyrti- og hreinsivörum fyrir bæði börn og fullorðna. Rotvarnarefni viðhalda gæðum vörunnar til lengri tíma. Rannsóknir á dýrum hafa sýnt að paraben raska hormónastarfsemi og að áhrifin aukast með stærð sameindarinnar. Svansmerktar snyrtivörur innihalda ekki paraben.

## ● HUGMYNDIR AÐ SVANSMERKTUM JÓLAGJÖFUM

- Dekraðu við ástina þína með heilnæmum Svansmerktum snyrti- og húðvörum
- Hannaðu þína eigin myndabók, dagatal, spil eða veggspjald fyrir ömmu og afa hjá Svansmerktri prentsmiðju
- Gleddu vinkonuna með gjafakorti á Svansmerkt kaffihús
- Kauptu Svansmerktan fatnað eða ritfangasett fyrir barnabörnin
- Gefðu frænkunni Svansmerkt handklæði eða sængurver
- Verðlaunaðu fjölskylduna með helgarferð á Svansmerkt hótel úti á landi





**Um þessi jól skulum við hugsa okkur vel um við matarinnkaupin og kaupa bara það sem við ætlum að nota.**

# Notum matvælin okkar **betur** um jólin

Við vitum öll að matvörur spretta ekki tilbúnar fram í hillum verslana en að öllu jöfnu veltum við framleiðslu á matvörum lítið fyrir okkur. Fæstir vita til dæmis að um 24.000 lítra af vatni þarf til að framleiða 1 kg af súkkulaði (www.brugmerespildmindre.dk). Áætla má að í ruslatunnu á meðalheimili séu í það minnsta 20% úrgangsins matvæli. Það má líklega álykta sem svo að almenn vanþekking okkar á framleiðsluaðferðum matvæla sé ein af ástæðum þess að við hendum svo gífurlega miklu af matvælum árlega.

Um þessi jól skulum við hugsa okkur vel um þegar kemur að matarinnkaupum og reyna að kaupa bara það sem við ætlum að nota. Gleymum ekki afgöngum í ísskápnum heldur gerum ráð fyrir þeim og skipuleggjum matseðil vikunnar með þá í huga eða frystum þá og tökum fram seinna. Einhverju þarf samt alltaf að fleygja og þá er upplagt að kynna sér heimajarðgerð á vef Umhverfisstofnunar um grænan lífsstíl (www.grænn.is). Höldum grænni jól í eldhúsinu.

## Græn jólagjafahugmynd!

**Gefðu bágstöddum. Öll þekkjum við fólk sem allt á og ekkert vantar. Gefðu til góðs málefnis í þeirra nafni og sendu þeim kort sem útskýrir hvernig gjöfin mun nýtast til góðs.**


# Verndar viðkvæma húð

Einstaklingum sem hafa ofnæmi fyrir ilmefnum fjölgar nú stöðugt. Neutral vill ekki eiga þátt í því. Þeir sem einu sinni fá ofnæmi fyrir ilmefnum losna nefnilega aldrei við það. Þess vegna inniheldur Neutral engin ilmefni eða önnur ónauðsynleg aukaefni. Flýttu þér á ilmefnalaust svæði.




NORDISK MILJØMÆRKNING
527 040

Neutral vörurnar eru viðurkenndar af dönsku astma- og ofnæmissamtökunum.

Neutral®
verndar viðkvæma húð



**Tobba Marinós**

**1.** Ekki nægilega en ég hendi ekki gleri, plasti, áldósum eða pappír og stefni á að flokka enn frekar á næstu árum enda er það staðreynd að flokkun verður sett í lög fljótlega. Við erum ákaflega sein í þessum efnum en ég vandist því að flokka þegar ég bjó í Bretlandi og fannst það lítið mál.

**2.** Já. Ég kann því miður ekki nóg á þessa hluti en er að lesa mér til og forðast því til dæmis msg og paraben. Ég reyni að versla sem náttúrulegast.

**3.** Já en mér finnst umhverfisvottunin oft ekki vera nægilega sjáanleg á vörunni.

**4.** Því miður er ég enn að kaupa plastpoka. Skal bæta mig í því!



**Gillz**

**1.** Nei ég er með allt lóðrétt niðrum mig. Ég hendi öllu í einn poka. Nema dósir, ég geymi þær og gef síðan krökkunum sem koma reglulega að safna dósum!

**2.** Ég velti því fyrir mér já. Charles Poliquin, sem er einn af mínum uppáhalds styrktarþjálfurum, skrifaði grein um efnið BPA sem er í plasti. Þar sagði hann að efnið geti líkt eftir hormóninu estrógen og þar sem ég er vöðvasmiður þá er estrógen ekki það hormón sem ég hef mikinn áhuga á! Ég er nógu kvenlegur fyrir og þarf ekki meira af því!

**3.** Nei ég hef aldrei pælt í því!

**4.** Ég kaupi plastpoka í búðum. Ég hef aldrei keypt fjölnota poka. Ég er með allt niðrum mig.



**Svandís Svavarsdóttir**

**1.** Já – ég flokka sorp.

**2.** Já – það geri ég.

**3.** Kaupi alltaf Svansmerkt þegar ég kem því við. Svanurinn er örugg leiðsögn fyrir neytendur sem vilja vera ábyrgir gagnvart umhverfinu.

**4.** Sitt á hvað, en á nokkra mjög góða fjölnota poka sem eru líka mikið notaðir. Fer eftir því hversu vel dagurinn er skipulagður og innkaupin þar með.



**Katrín Júlíusdóttir**

**1.** Já ég flokka heimilissorp í fernt og allt stærra sorp fer ég með í Sorpu.

**2.** Já ég reyni alltaf að kaupa sem hreinastan mat. Ég kaupi sjaldan unna matvöru.

**3.** Mínar áherslur þegar kemur að innkaupum eru hollusta, íslensk framleiðsla og lífrænt þegar það er hægt.

**4.** Ég kaupi yfirleitt plastpoka.



**Bragi Valdimar Skúlason**

**1.** Ég flokka sorp í: mögulega ekki sorp, hugsanlega sorp, sorp, pottþétt sorp og frekar óþægilega lyktandi dót sem sennilega er sorp.

**2.** Stundum velti ég því fyrir mér hvort t.d. sjampóbrúsinn minn sé vitsmunavera, og gæti þar af leiðandi innihaldið úraníum eða jafnvel andefni.

**3.** Örugglega, en ég fer ekki í svansgreinarálit á vörum sem ég þarf að umgangast daglega.

**4.** Ég kaupi alla þá poka sem að mér eru réttir. Stundum jafnvel einn poka fyrir hverja vöru, til að henni líði eins og hún sé sérstök.



**Jón Gnarr**

**1.** Já, ég flokka bæði lífrænan úrgang og pappír frá öðru sorpi. Við erum með moltukassa fyrir lífrænan úrgang úti í garði og bláa tunnu frá Reykjavíkurborg fyrir pappír og pappa.

**2.** Ég velti því mikið fyrir mér hvort vörur geti innihaldið varasöm efni og reyni að sneiða hjá slíkum vörum ef þess er kostur.

**3.** Já, ég reyni að kaupa umhverfisvottaðar vörur eins og hægt er.

**4.** Ég verð að viðurkenna að ég kaupi plastpoka í búðum.

## Samviskuspurningar!

Sex þjóðþekktir einstaklingar svara nokkrum spurningum

1. **Flokkar þú sorp?**
2. **Veltir þú því fyrir þér hvort neytendavörur geti innihaldið varasöm efni?**
3. **Kaupir þú umhverfisvottaðar / Svansmerktar vörur?**
4. **Kaupir þú plastpoka í búðum eða notar þú fjölnota poka?**





Hannaðu persónulega myndabók fyrir þessi jól á **oddi.is**

ODDI

**Oddi – umhverfisvottuð prentsmiðja.** Höfðabakka 7, 110 Reykjavík, sími 515 5000, www.oddi.is

# Standast flugeldarnir kröfur um efnainnihald?



Íslendingar eru frægir fyrir að skjóta upp ósköpunum öllum af flugeldum á nýársnótt. Áhrifin á andrúmsloftið eru öllum ljós en þau eru skammvinn og oftast nær er loftið orðið hreint á nýársdag. Það er hins vegar ekki allt sem sýnist. Í flugeldum geta verið efni sem berast út í umhverfið, safnast þar upp og geta jafnvel haft alvarleg áhrif á heilbrigði dýra efst í fæðukeðju. Fólk ætti þó ekki að láta áhyggjur af umhverfinu eyðileggja fyrir sér áramótin en þó er um að gera að spyrja seljendur hvort flugeldarnir standist kröfur um efnainnihald .

Þrávirka efnið HCB (hexaklórbensen) er að finna í sumum flugeldum, en það er notað til þess að magna upp litina við sprengingu. Notkun þess er með öllu bönnuð hvort sem er í flugeldum eða í öðrum tilgangi. Það greindist í andrúmsloftinu í Reykjavík um síðustu áramót í margfalt hærri styrk en eðlilegt þykir. Auk þess hefur það mælst í meira magni í umhverfinu hér við land en hægt er að útskýra með mengun frá fjarlægum uppsprettum.

Umhverfisstofnun tekur nú þátt í samevrópsku verkefni sem miðar að því að fyrirbyggja þessa notkun í framtíðinni þannig að hægt verði að njóta ljósadýrðarinnar á nýársnótt án þess að hafa of miklar áhyggjur af mengun af völdum skaðlegra efna.

## Græn jólagjafahugmynd!

**Gefðu upplifun. Bjóddu í leikhús, á námskeið eða í ferð með útivistarfélagi.**


Græna tunnan frítt!

-Jólagjöfin okkar til þín og umhverfisins!

Í grænu tunnuna má setja endurvinnanleg hráefni.
Sparaðu þér sporin og fáðu þér Græna tunnu.
Græna tunnan frítt í 2 mánuði
og 1.090 eftir það.
Engin skuldbinding!

Jólapappír
Plastumbúðir
Bylgjupappi
Málmhlutir
Pappír/tímarit
Fernur og sléttur pappi

ÍSLENSKA GÁMAFÉLAGIÐ 577-5757
www.gamur.is - gamur@gamur.is




Úrgangur er ekkert annað en hráefni sem við þurfum ekki lengur á að halda og mætti því kalla afgangs hráefni.

# Úrgangur eða afgangs hráefni?

## Hvað verður um flokkaðan úrgang?

Um leið og við ákveðum að henda einhverri vöru erum við búin að segja að hún sé okkur einskis virði. En ef til vill gleymum við þá að hún gæti haft virði í augum annarra, því hún missir ekki eiginleika sína við það eitt að vera hent í ruslið. Úrgangur er ekkert annað en hráefni sem við þurfum ekki lengur á að halda og mætti því kalla afgangs hráefni. Þegar maður flokkar og skilar til endurvinnslu er maður að tryggja að afgangs hráefni fær að lifa áfram og nýtast til annarra hluta. Kannanir sýna að um 30% af almennum heimilisúrgangi eru blandaður pappír en það er einmitt sá flokkur sem hvað einfaldast er fyrir almenning að skila til endurvinnslu og því ætti enginn pappír að rata óflokkaður í ruslatunnuna hjá okkur. Einnig eru umbúðir hvers konar fyrirferðarmiklar í ruslatunnunni okkar. Við endurvinnslu verða dagblöðin að eldhúspappír, pakkar utan af morgunkorni og mjólkurfernur verða að nýjum, sams konar pappaumbúðum, úr plastumbúðum má búa til pólíester ull sem nýtist í fataiðnaði og úr málmdósum má búa til nýjar málmafurðir (www.sorpa.is). Þegar allt er skoðað þá er afskaplega fátt sem ekki er hægt að endurvinna eða endurnýta með einhverjum hætti.

### KVEÐUM NIÐUR DRAUGINN

Kominn er tími til að biðla til æðri máttarvalda um aðstoð við að kveða endanlega niður það-fer-allt-í-sömu-holuna drauginn, þann lífseiga púka. Stundum hafa komist á kreik sögur um að það sé ekki til neins að flokka úrgang því hann endi hvort sem er allur í sömu holunni. Það er þó engan veginn rétt að halda slíku fram. Í dag er alþjóðlegur markaður fyrir endurvinnsluúrgang sem íslensk fyrirtæki og sveitarfélög hafa aðgang að. Auk þess er bannað að urða suma úrgangsflokka og mikil pressa á að draga úr urðun lífræns



Á jólunum fellur til heilmikill úrgangur.

úrgangs og auka endurvinnslu og endurnýtingu umbúðaúrgangs. Um það bil 46% af öllum úrgangi sem fellur til frá hvers konar starfsemi eða heimilum á landinu fara nú til endurvinnslu og um 21% til annarrar endurnýtingar. Þessi hlutföll hækka stöðugt á kostnað urðunar. Það er því heilmargt sem verið er að endurvinna og endurnýta en það er ennþá hægt að gera betur. Forsenda fyrir endurvinnslu og endurnýtingu er að flokkun úrgangsins sé sem best á þeim stað sem hann verður til. Sem neytendur getum við því átt stóran þátt í að tryggja að afgangs hráefni fái að lifa áfram og nýtast til annarra hluta. En fyrir þá sem ennþá efast þá gæti gefist best að benda á að flokkaður úrgangur er hráefni sem úrgangsfyrirtækin geta selt á endurvinnslumarkaði. Að urða hefur hins vegar eingöngu kostnað í för með sér. Af hverju ættu úrgangsfyrirtæki þá að urða það sem þeim er afhent sem flokkað og söluvænlegt hráefni? Látum drauginn ekki rugla okkur í ríminu heldur leggjum okkar af mörkum og flokkum um jólin. Til að fá upplýsingar um flokkunarmöguleika í þinni heimabyggð er einfaldast að hafa samband við skrifstofu sveitarfélagsins.

### KAUPIR ÞÚ ÚRGANG?

Það ætti að vera sjálfsagt mál að flokka úrgang á hverju heimili eða fyrirtæki. Allra best er þó að reyna að draga úr myndun úrgangs. Þá kann einhver að spyrja hvernig maður eigi að fara að því, flest okkar reka ekki framleiðslufyrirtæki og búa ekki til vörur. Það er vissulega rétt en við erum öll neytendur og ráðum sjálf hverslags vörur við kaupum og þar af leiðandi hversu mikinn úrgang við þurfum að burðast með út af heimilinu okkar aftur. Við getum dregið úr úrgangsmyndun með því að vera meðvituð þegar við kaupum inn og velta því fyrir okkur hversu stór hluti vörunnar sem við ætlum að kaupa endar sem úrgangur. Afleiðingar stanslausrar framleiðslu á úrgangi eru alvarlegar eins og sjá má á sístækkandi plasteyjum sem fljóta um í Kyrrahafinu og víðar. Við höfum val um að notast við endurnotanlegar umbúðir, kaupa minni og færri umbúðir og að flokka til endurvinnslu – nýtum okkur það.

Þegar vara er framleidd fellur til mikið magn úrgangs, til að mynda er talað um að það þurfi 1,5 tonn af hráefnum til að framleiða eina fartölvu. Varan sjálf endar svo alltaf fyrr eða síðar sem úrgangur. Í öllum vörum er mikið magn af misvarasömum efnum sem eru ekki kyrr í vörunni heldur losna út í loft, vatn og jarðveg. Sum þessara efna setjast að í vefjum lífvera og geta valdið skaða til langframa. Þess vegna skulum við vera meðvituð um að með vali okkar á vöru höfum við áhrif, því vöruval okkar í dag hefur áhrif á úrgangsmagn á morgun og lýðheilsu til langs tíma.

## VISSIR ÞÚ AÐ...



● Til þess að framleiða einn stuttermabol þarf að nota 1/2 -1 kg af kemískum efnum. Þvoum ný föt áður en við notum þau og veljum Svansvottaðan klæðnað.



● Svansmerktir hjólbarðar lágmarka eldsneytisnotkun og hljóðmengun við akstur.

● Svansmerktar snyrtivörur mega hvorki innihalda paraben né önnur hormónaraskandi efni.

● Svansmerktar tölvur eru sparneytnar, innihalda engin skaðleg eldvarnarefni og hafa langan líftíma því auðvelt er að skipta út íhlutum.



● Svansmerkt leikföng innihalda ekki þungmálma eða þalöt.

● Svansmerkt hús eru með skilvirka orkunotkun og notuð eru byggingarefni sem innihalda eins lítið af óæskilegum efnum og mögulegt er.

● Í dag eru fimm ræstingafyrirtæki á Íslandi með Svansmerkingu. Það skilar sér í heilnæmara starfsumhverfi, þar sem unnið er með umhverfisvottaðar hreinlætisvörur.

● Hægt er að fá Svansmerkt prentverk frá sex prentsmiðjum hér á landi. Svansmerkt prentun mengar minna, sparar og notar pappír úr sjálfbærri skógrækt.



## ● VILTU FÁ FJÖLPÓSTINN INN UM LÚGUNA?

*Ef ekki þá er einfalt að segja nei takk með því að:*

- fara inn á www.postur.is
- undir fyrirsögninni „Heimilisfang“ neðst á síðu er valinn hlekkurinn „Engan fjölpóst takk“
- Þar eru skráðar upplýsingar, nafn og heimilisfang þar sem ekki er óskað eftir fjölpósti
- Þegar skráningu er lokið berst límmiði á áður tilgreint heimilisfang sem eigandi setur upp til upplýsingar fyrir póstburðarfólk.



**● EFNASÚPA Í BARNAHERBERGINU?** Vissir þú að þegar skoðuð er efnasamsetning innilofts þá er það barnaherbergið sem kemur verst út með mestu af skaðlegum efnum? Þetta er niðurstaða rannsóknar sem unnin var í Danmörku þar sem reiknaður var samanlagður styrkur ýmissa efna í innilofti. Efnin koma frá ýmsum vörum, hlutum, raftækjum og húsgögnum.

**● FÆRÐ ÞÚ NÝJAN FARSÍMA Í JÓLAGJÖF?** Ekki henda gamla símanum þínum í ruslið! Í farsímum og öðrum raftækjum eru býsnin öll af endurvinnanlegum hráefnum svo sem málmum en einnig spilliefni sem alls ekki mega fara í urðun. Í farsímum eru til að mynda mjög öflugar rafhlöður sem eru mun skaðlegri en venjulegar rafhlöður og brýnt er að komist inn í faglegt endurvinnsluferli. Hægt er að skila raftækjum á allar endurvinnslustöðvar og svo eru einnig til söfnunaraðilar sem senda notaða síma erlendis þar sem gert er við þá og þeir notaðir áfram.



SVANSVOTTAÐIR
GÆÐINGAR

Vissir þú að Lenovo leggur áherslu á að lágmarka umhverfisáhrif, bæði við framleiðslu tölvanna og eins fyrir notendur þeirra.

Fjöldi Lenovo tölva hefur hlotið norræna umhverfismerkið Svaninn, sem tryggir að þær eru orkusparandi auk þess sem búið er að lágmarka notkun hættulegra efna, svo sem þungmálma og eldvarnarefna.

- Lenovo tölvur frá 99.900 kr.
- 3 ára ábyrgð
- Frí heimsending úr netverslun.is



lenovo
ThinkPad.
Nýherji hf. Borgartúni 37 Kringlunni Kaupangi, Akureyri Sími 569 7700 www.netverslun.is
NÝHERJI
BETRI LAUSNIR

SAMHENTIR
UMBÚÐALAUSNIR

Samhentir - Kassagerð er þjónustufyrirtæki um heildarlausnir í umbúðum og öðrum rekstrarvörum.Viðskiptavinir fyrirtækisins eru matvælaframleiðendur um allt land og um borð í togurum. Vinnan fer ýmist fram á verkstæði Samhentra eða hjá viðskiptavinum. Viðkomandi þarf að ferðast um landið til að þjóna viðskiptamönnum og eitthvað til birgja erlendis vegna námskeiða eða til að afla sér þekkingar. **www.samhentir.is.**

# Viðgerðarmaður

Samhentir óska eftir að ráða viðhaldsmann til starfa með almenna vélbúnaðar-, rafmagns-, rafeinda- og tölvuþekkingu.

**Starfssvið:**
- Viðgerðir og upptektir á vélbúnaði
- Uppsetning á nýjum tækjum
- Viðhald á tækjabúnaði og fasteignum félagsins

**Hæfniskröfur:**
- Vélfræðingur eða sambærileg tæknikunnátta
- Gott vald á ensku, skrifaðri og talaðri
- Hæfni í mannlegum samskiptum og þjónustulund
- Úrræðagóður og geta til að vinna sjálfstætt

**Upplýsingar veitir:**
Elísabet Sverrisdóttir
elisabet@hagvangur.is

**Umsóknarfrestur er til og með 20. nóvember.**

**Umsóknir óskast fylltar út á www.hagvangur.is.**

HAGVANGUR
SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700
**www.hagvangur.is**

Empower yourself
to save energy
and the environment

**MARORKA**



# Tæknistörf

Vegna aukinna verkefna leitar Marorka að metnaðarfullum starfskröftum til starfa í tæknideild fyrirtækisins.

## Tæknifræðingur

**Starfslýsing:**
- Þáttaka í framleiðslu á orkustjórnunarkerfum Marorku
- Hönnun kerfa, samsetning vélbúnaðar, skjölun og prófun
- Iðntölvuforritun
- Þjónusta við viðskiptavini
- Val á vélbúnaði (mæli- og samskiptabúnaður)

**Hæfniskröfur:**
- Háskólapróf í tæknifræði
- Þekking á samskiptareglum vélbúnaðar kostur
- Þekking á iðntölvum og iðnstýringum kostur

Mikilvægt er að viðkomandi hafi til brunns að bera skipulagshæfni og nákvæmni í vinnubrögðum, sýni frumkvæði í starfi og sé jákvæður og drífandi. Ferðalög erlendis geta verið hluti af starfinu.

## Microsoft sérfræðingur

**Starfslýsing**:
- Uppsetningar á tölvubúnaði orkustjórnunarkerfa Marorku
- Stuðningur við samstarfsaðila og þjónusta við viðskiptavini
- Samskipti við birgja og innkaup á tölvubúnaði
- Þróun á framleiðslulínu Marorku

**Hæfniskröfur:**
- Framúrskarandi þekking á Microsoft hugbúnaði
- Góð þekking á netkerfum
- Þekking á uppsetningu vélbúnaðar
- Þekking og reynsla af rekstri netþjóna og gagnagrunna

Mjög mikilvægt er að viðkomandi hafi tamið sér öguð og vönduð vinnubrögð og eigi auðvelt með hópvinnu.

## Verkfræðingur

**Starfslýsing:**
- Innleiðing á orkustjórnunarkerfum Marorku
- Verkefnastjórnun
- Ráðgjöf og greining á orkukerfum skipa
- Gagnagreiningar og gagnavinnsla
- Þróun á vörum Marorku

**Hæfniskröfur:**
- Háskólapróf í verkfræði
- Þekking á skiparekstri og vélbúnaði um borð í skipum kostur
- Sjálfstæð vinnubrögð
- Góð enskukunnátta

Mikilvægt er að viðkomandi hafi til brunns að bera skipulagshæfni og nákvæmni í vinnubrögðum, sýni frumkvæði í starfi og sé jákvæður og drífandi. Ferðalög erlendis geta verið hluti af starfinu.

Umsóknir ásamt ferilskrá sendist á **marorka@marorka.com fyrir 21. nóvember.**
Nánari upplýsingar veitir Heiða Lára Heiðarsdóttir starfsmannastjóri, heida@marorka.com.

Marorka er leiðandi í þróun hugbúnaðar og lausna fyrir orkustjórnun skipa. Marorka starfar í alþjóðlegu umhverfi og eru lausnir Marorku í notkun um allan heim.
Hjá Marorku starfa nú um 50 manns. www.marorka.com

## MECHANICAL ENGINEERS, ELECTRO ENGINEERS, PROGRAMMERS/SOFTWARE DEVELOPERS

Jobconnect

*Jobconnect is a Norwegian staffing and recruiting agency. We are successfully recruiting qualified personnel from abroad, offering exciting job opportunities in Norway within large international companies. We are now searching for staff on behalf of several customers. Send us your CV and we will make the connection happen.*

General qualifications and skills:
We are looking for efforts willing employees with the ability to work independently and at the same time contribute to positive teamwork. Good communication skills in English are very important. Applicants for engineering positions should have an educational background as BSc. or MSc.

***One or more of the following points is a plus:***

- *Experience from the offshore -, engineering- or mechanical industry.*
- *Knowledge of hydraulic systems and components.*
- *Work experience from oil-related or other relevant technical fields.*
- *Experience and knowledge of steering systems, integrated control systems, drilling related equipment or systems for offshore drilling rigs.*

***We can offer:***

- *Good conditions and exciting career opportunities in Norway and worldwide.*
- *Interesting and challenging duties in an international environment with good opportunities for professional development.*
- *Competitive salary terms and good insurance.*

Please send your CV and transcript of grades within the 30th of November to the contact person below. Applications without transcripts of grades will not be considered.

Exciting job opportunities are waiting in Norway!

*Contact: Karianne Haugom, Staffing Advisor Jobconnect*
*E-mail: karianne@jobconnect.no Web-page: www.jobconnect.no*

SAMSÝN

## SAMSÝN ÓSKAR EFTIR AÐ RÁÐA TIL SÍN FORRITARA

**FORRITARI C#**

**Starfssvið:**

- Forritun stórra rauntímakerfa fyrir neyðarþjónustu
- Þróun og forritun á kerfum Samsýnar

**Menntunar - og hæfniskröfur:**

- Háskólamenntun í tölvunar- eða verkfræði
- Reynsla í C# forritun
- Reynsla í forritun gagnagrunnskerfa
- Frumkvæði, sjálfstæði og góðir samskiptahæfileikar

**Nánari upplýsingar** um starfið veitir Kristinn Guðmundsson, framkvæmdastjóri, í síma 570 0570. Áhugasamir vinsamlegast sendið umsókn og ferilskrá á **atvinna@samsyn.is.** Öllum umsóknum verður svarað.
Umsóknarfrestur er til og með **26. nóvember**.

Samsýn er öflugt og framsækið fyrirtæki á sviði landupplýsinga-kerfa, kortagerðar og stjórnkerfa fyrir vaktstöðvar á Íslandi. Fyrirtækið veitir fjölbreytta þjónustu og meðal verkefna má nefna stjórnkerfi fyrir neyðarlínuna 1-1-2, Securitas, Borgarvefsjá og kortavefsjá fyrir Já.is.

Samsýn ehf. | Háaleitisbraut 58-60 • 108 Reykjavík | Sími 570 0570 • Fax 5700503 | www.samsyn.is

# Laust starf hjá Hagstofu Íslands

## Starfsmaður við gagnavinnslu

Hagstofa Íslands óskar eftir að ráða metnaðarfullan og áhugasaman starfsmann í Launa- og kjaramáladeild. Launa- og kjaramáladeild Hagstofu Íslands framkvæmir launarannsókn á íslenskum vinnumarkaði jafnframt því að sinna hagskýrslugerð. Starfið felur í sér söfnun og gæðaprófun á gögnum úr launarannsókn Hagstofunnar, undirbúning á gagnasafni til tölfræðilegrar úrvinnslu auk annarra starfa við framkvæmd á launarannsókn.

**Hæfniskröfur**

- ✓ Góð þekking og mikil reynsla af launavinnslu.
- ✓ Nákvæm og skipulögð vinnubrögð.
- ✓ Góð almenn tölvuþekking.
- ✓ Góðir samstarfs- og samskiptahæfileikar.
- ✓ Reynsla af gagnavinnslu er kostur.

Um er að ræða fullt starf og er æskilegt að sá sem ráðinn verður geti hafið störf sem fyrst. Laun eru samkvæmt kjarasamningi fjármálaráðuneytisins og hlutaðeigandi stéttarfélags.

Borgartúni 21a
150 Reykjavík
Sími 528 1000

Umsóknarfrestur er til og með **28. nóvember 2011**. Umsóknir skulu sendar á eftirfarandi póstfang: *Hagstofa Íslands, starfsumsókn, Borgartúni 21a, 150 Reykjavík*. Einnig má senda umsóknir rafrænt á netfangið *starfsumsokn@hagstofa.is*. Öllum umsóknum verður svarað og umsækjendum tilkynnt um ráðstöfun starfsins þegar ákvörðun hefur verið tekin. Nánari upplýsingar veitir Ólafur Arnar Þórðarson í síma 528 1000 eða á netfanginu *olafur.thordarson@hagstofa.is*.

Hagstofa Íslands



# Viltu starfa á Sólheimum?

**Finnst þér gaman að vinna fjölbreytta vinnu með skemmtilegu fólki í fallegu umhverfi? Þá er þetta starf fyrir þig!**

Okkur vantar fólk í 100% starf og í afleysingar . Unnið er á vöktum í sjö daga og frí sjö daga. Frítt fæði og húsnæði á vaktatíma.
Um er að ræða vinnu með fötluðu fólki til stuðnings í athöfnum daglegs lífs.
Menntun sem nýtist í starfi, almenn færni í mannlegum samskiptum og jákvætt viðhorf er það sem við erum að leita eftir.

## Garðyrkja













## Málarar

**Þarf að mála ?**
Málari getur bætt við sig verkefnum. Uppl. í s. 773 0317.

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is

## Húsaviðhald




Við hreinsum allar gerðir loftræstikerfa. Pantaðu fría ástandsskoðun í síma: 568-3063 eða inná www.k2.is

**Húsaviðgerðir - Nýbyggingar Tilboð ókeypis**
Múrarar, málarar, háþrýstiþvottur, smiðir- gluggar og hurðir, rafvirkjar og píparar með mikla reynslu í viðhaldi fasteigna geta bætt við sig verkum. Nýbyggingar og allt viðhald fasteigna inni og úti. Viðhaldsverk ehf S. 699 0712 & 618 7712 verk@vidhaldsverk.is







ERU RENNURNAR FARNAR AÐ LEKA OG KOMINN TÍMI Á AÐ LAGA ÞÆR. Tek að mér Lagfæringar, Upppsetningar, Þakviðgerðir, Viðgerðar á Bárjárnsklæðningu og alla aðra Blikksmíðavinnu. Uppl. s. 694 8448 Ólafur.










Sími 896 4947 Netfang: hamraborg @ simnet.is

**Topp Verktakar ehf**
Flísar - parket - mála - múrarar - steinslípun - smiðir setjum upp eldhúsinnréttingar og margt fleira sem viðkemur húsaviðhaldi að utan sem innan. Frábært verð! Uppl. í s. 774 4449 topp.verktakar.ehf@gmail.com

Smiður getur bætt við sig verkefnum, utan sem innanhúss. Áratuga reynsla. S. 867 7753.

K.R.S. ELDON MÚRVERKTAKAR. Múrviðgerðir og flísalagnir. Vönduð vinna Tilb./tímav. S. 899 4254.

## Þjónusta




Tökum að okkur allskyns járnsmíði, s.s. handrið, girðingar ofl.
Látið reyna á þjónustuna og leitið verðtilboða hjá okkur.

KRAFTVÉLAR

Dalvegi 6-8
201 Kópavogur
Sími 535 3500
www.kraftvelar.is
kraftvelar@kraftvelar.is

# Kjötmiklar og fitulitlar kalkúnapylsur

*Holl og ljúffeng máltíð*





## Hefur þú prófað kalkúnapylsur?

Kalkúnapylsurnar frá Ísfugli eru kjötmiklar, bragðmiklar og fitulitlar. Pylsurnar eru frábærar sem staðgóð hversdagsmáltíð með kartöflumús eða kartöflusalati. Það er einnig gott að dýfa þeim í sinnep eða tómatsósu og fá sér kaldan pilsner með. Það má nota þær í eggjakökur og pottrétti og fleira.






**Smakkaðu kalkúnapylsurnar frá Ísfugli og myndaðu þér skoðun!**

Íslensk framleiðsla

ÍSFUGL

Reykjavegi 36, Mosfellsbæ
Sími: 566 6103, Fax: 566 6762
isfugl@isfugl.is, www.isfugl.is




Fáðu þér tyggjó eftir hverja máltíð

WRIGLEY'S Extra®

Gott bragð fyrir heilbrigðar tennur...

Tannlæknafélag Íslands mælir með notkun xylitols sem aðalsætuefnis í tyggigúmmíi

Rannsóknir sýna að notkun sykurlauss **Extra** eykur munnvatnsframleiðslu, jafnar sýrustig, heldur tönnunum hreinum og stöðvar sýklaárásir á þær. **Extra** minnkar upptöku hitaeininga og dregur það úr streitu í amstri hversdagsins.



HAM BORGAR HRYGGUR

Sérblað um hamborgarhrygg kemur út þann 23. nóvember.

FRÉTTABLAÐIÐ 10 ÁRA

BÓKIÐ AUGLÝSINGAR TÍMANLEGA:

ÍVAR ÖRN HANSEN
S: 512 5429, GSM: 615 4349
ivarorn@365.is






Disovery Channel er fáanleg í FJÖLVARP ALLT FJÖLVARP FRÆÐSLA FJÖLVARP TOPPUR FJÖLVARP LANDSBYGGÐ


## jólatónlistin

*leikum og lesum ...*



**BORGARBÓKASAFNIÐ** hefur nú tekið fram jólatónlistina og gestir safnsins geta því gengið að jólageisladiskum vísum.



**Ánægð með afraksturinn** Kristjana Friðbjörnsdóttir með nýútkomna bók sína, Dagbók Ólafíu Arndísar. Nemendur hennar í Hamraskóla eru ekki síður stoltir enda hafa þeir fylgst með ritun bókarinnar af áhuga. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Nemendurnir fylgjast með af áhuga

**Kristjana Friðbjörnsdóttir er rithöfundur og kennari í Hamraskóla. Nýverið kom út önnur bók hennar um ævintýri hinnar uppátækjasömu Ólafíu Arndísar. Nemendur Kristjönu fylgjast spenntir með skrifum hennar og fengu að lesa söguna í handriti.**

Nemendur mínir eru mjög uppteknir við að hvetja mig áfram," segir Kristjana Friðbjörnsdóttir rithöfundur sem kennir í fimmta bekk í Hamraskóla og sinnir skriftum meðfram kennslustörfum. Nýverið kom út fimmta bók Kristjönu, Dagbók Ólafíu Arndísar, sem er önnur bók um Ólafíu Arndísi sem steig fram á sjónarsviðið í verðlaunabókinni Flateyjarbréfunum sem kom út í fyrra.

„Ólafía Arndís er uppátækjasöm stelpa, fjörug og með ríkt ímyndunarafl. Í fyrra lenti hún í ævintýrum í Flatey, nú er hún flutt til Dalvíkur," segir Kristjana sem segir nemendur sína eiga stóran hlut í söguhetjunni. „Þau lögðu inn ósk um ævintýri stelpu. Og ég verð að viðurkenna að hún byggir að hluta til á fjölmörgum skrautlegum nemendum sem ég hef kynnst um dagana. Og svo er ég í henni líka," segir Kristjana.

> **ÓLAFÍA ARNDÍS** er uppátækjasöm stelpa, fjörug og með ríkt ímyndunarafl. Í fyrra lenti hún í ævintýrum í Flatey, nú er hún flutt til Dalvíkur.

Kristjana segir áhuga nemenda sinna afar gefandi. „Þau spá og spekúlera mikið í bókunum mínum. Hér hitti ég líka kríli á göngunum sem spjalla reglulega við mig og spyrja mig hvort ég sé að skrifa bók og hvað komi út næst. Ég las líka þessa nýjustu bók fyrir nemendur mína í handriti. Þau fylgjast afar spennt með því þegar bækurnar fara í prentun. Það má því segja að þau eigi töluvert í bókinni með mér. Og svo eru þau strax komin með skoðanir á því í hverju Ólafía Arndís á að lenda næst og hvernig form bókarinnar á að vera. Flateyjarbréfin voru sögð í bréfaformi, nýja bókin í dagbókarformi og það eru þegar komnar uppástungur um að næsta bók verði sögð í sms-skilaboðum," segir Kristjana og hlær.

Kristjana er áhugasöm um bóklestur barna og segir einn hvata þess að hún settist við skriftir hafa verið að hún fann í gegnum starf sitt að áhugi á bóklestri var að minnka. „Börn þurfa að hafa aðgang að nýjum barnabókum. Ég byrjaði að skrifa fyrir nemendur mína og í framhaldinu urðu til sögurnar um Fjóla Fífils. En ég er líka svo mikið barn, á kafi í fantasíum og ævintýraheimum þannig að það hentaði mér vel að fara að skrifa fyrir börn," segir Kristjana að lokum.

## LEGO-hönnunarkeppni á Háskólatorgi

Hátt í 100 krakkar á aldrinum 10-15 ára hafa skráð sig til leiks í LEGO-hönnunarkeppni grunnskólabarna, First Lego League, sem haldin verður í dag á Háskólatorgi.



Markmiðið með keppninni er að vekja áhuga grunnskólanema á vísindum og tækni ásamt því að byggja upp sjálfstraust þeirra, leiðtogahæfni og lífsleikni. Á hverju ári er keppninni valið ákveðið þema. Í ár verður þemað fæðuöryggi.

Keppnin felst í fimm mismunandi verkefnum. Í fyrsta verkefni smíða keppendur vélmenni úr tölvustýrðu LEGO-i sem er forritað til að leysa tiltekna þraut. Í öðru lagi eiga keppendur að gera vísindalega rannsókn á ákveðnu efni. Í þetta sinn snýst verkefnið um fæðuöryggi (e. food factor) og eiga þátttakendur að flytja tiltekna vöru frá einum stað til annars á sem hagkvæmastan hátt. Í þriðja lagi halda keppendur ítarlega dagbók um undirbúning fyrir keppnina og í fjórða lagi eiga þeir að flytja frumsamið skemmtiatriði. Í fimmta lagi þurfa liðin að gera grein fyrir því hvernig þau forrituðu vélmennið sitt en þar reynir á þekkingu þátttakenda á eigin búnaði.

Níu lið frá jafnmörgum skólum víðs vegar á landinu hafa skráð sig til leiks. Dagskrá keppninnar hefst klukkan 9 en sigurvegarar verða krýndir klukkan 15. Öllum er velkomið að fylgjast með keppninni á Háskólatorgi.



EDGE hornsófi 200x250 cm kr. 264.400
tveir litir í boði - takmarkað magn

LAUGARDAGSTILBOÐ kr. 199.980

gildir aðeins í dag



Simone 3ja sæta kr. 199.800 / 2ja sæta kr. 171.400





Vorum að taka inn stóra púðasendingu - einlitir og munstraðir púðar í miklu úrvali



Hera 3ja sæta kr. 218.900 / 2.5 sæta kr. 193.800



Manchebo 3ja sæta kr. 226.800



Wildlife teppi



Kertaluktir



Allegro 3ja sæta leðursófi kr. 435.800



Birmingham 3ja sæta kr. 247.800



Kertaluktir



Kúruteppi kr. 9.980



Avignon 3ja sæta kr. 211.600 / 2.5 sæta kr. 178.000



Gyro armstóll á snúningsfæti



Cooper armstóll á snúningsfæti
Litir: svart - brúnt - hvítt



gildir aðeins í dag

Eterna 3ja sæta kr. 192.300 / 2ja sæta kr. 159.900
Teflonhúðað áklæði sem hægt er að taka af og þvo.

LAUGARDAGSTILBOÐ 3ja sæta kr. 153.800 / 2ja sæta kr. 127.900

LÍNAN

Bæjarlind 16 - 201 Kópavogur - Sími 553 7100 - www.linan.is - Opið mán til fös 12 - 18 Laug 11 - 16

## GAGN&GAMAN

**Í kjallara** Norræna hússins er að finna barnabókasafn sem er í daglegu tali nefnt Barnahellirinn. Þar er ekki aðeins að finna gott úrval barnabóka heldur litla ævintýraveröld þar sem börn í fylgd fullorðinna geta haft gaman, leikið sér og litað myndir. Nánar um bókasafnið á www.nordice.is.





**Barnaafmæli** er hægt að halda víðar en í heimahúsi og það hefur verið vinsælt að halda þau á eftirtöldum stöðum: í Veröldinni okkar í Smáralind, Barnagæslunni í Kringlunni, Keiluhöllinni Öskjuhlíð, Heilsuakademíunni, Skautahöllinni og Ævintýragarðinum svo nokkrir staðir séu nefndir.



**Fyrirtækjasmiðjan** er þrettán vikna námskeið fyrir framhaldsskólanema sem miðar að því að efla skilning þeirra á fjölbreyttum fyrirtækjarekstri. Félagasamtökin Ungir frumkvöðlar, sem heyra undir alþjóðasamtökin Young enterprise-Junior Achievement, standa fyrir námskeiðinu. Sjá www.ungirfrumkvodlar.is.



**Á vefsíðunni umhuga.is** geta foreldrar og aðrir uppalendur nálgast upplýsingar um helstu þætti í uppeldi og aðstæðum barna og unglinga sem hafa áhrif á geðheilsu þeirra. Þar er líka safn tengla inn á vefsíður annarra stofnana með nytsömum upplýsingum.




FORSÍÐA | VIÐSKIPTI | ÍÞRÓTTIR | LÍFIÐ | UMRÆÐAN

ÍÞRÓTTIR Á ÞÍNUM HEIMAVELLI

Meira sjónvarp, meira útvarp, meiri fréttir, meiri upplýsingar, meiri umræða, meira líf, meiri íþróttir, meiri virkni, meira úrval. Þú færð meira af öllu á Vísi.

Meiri Vísir.

vísir

# DOMUSNOVA
## Fasteignasala

Domusnova sérhæfir sig í framúrskarandi þjónustu, vönduðum vinnubrögðum og markaðsetningu sem skilar árangri.



**Axel Axelsson**
Löggiltur fasteignasali
Sími: 7706666



**Albert Bjarni Úlfarsson**
Löggiltur fasteignasali
Sími: 8210626



**Lárus Óskarsson**
Sölufulltrúi
Sími: 823 5050



**Bjarnheiður Hannesdóttir**
Sölufulltrúi
Sími: 849 0491



**Þorgeir Símonarson**
Viðskiptafr. /sölufulltrúi
Sími: 696 6580



**Sölvi Þór Sævarsson**
Sölufulltrúi
Sími: 618 0064



**Sverrir Einar Eiríksson**
Sölufulltrúi



**Heimir Bergmann**
Sölufulltrúi
Sími: 8223600




### Fischersund 3
101 RVK | 253.8 fm

Fallegt og virðulegt einbýlishús í hjarta miðbæjarins í Grjótaþorpinu. Húsið var byggt árið 1874 og uppgert á einstaklega glæsilegan og vandaðan hátt af núverandi eigendum sem eignuðust húsið 1995. Opið hús sunnudaginn 13 nóv kl 13:00–13:30

**Uppl:** Sverrir Einar Eiríksson




### Vesturvangur 11
220 HFN | 352,4 fm

OPIÐ HÚS, SUNNUD. 13/11 MILLI 10:30 - 11:00 Vel staðsett 7-8 herb. einbýlishús í góðum botnlanga sem er að mestu á einni hæð. 33,3 fm bílskúr. Möguleiki f. útleiguíbúð á n.hæð. Stór lóð á þessum vinsæla stað í hrauninu í Hafnarfirði, við opið svæði. Gott áhvílandi lán.

**Uppl:** Albert Bjarni Úlfarsson




### Miðhús 7
112 RVK | 210,2 fm

OPIÐ HÚS, laugard 12/11 13:00 - 13:30. Fallegt og vel skipulagt einbýlishús á góðum stað í Húsahverfinu í Grafarvogi. Húsið er á tveimur hæðum og bílskúrinn er frístandandi. Fjögur rúmgóð svefnherbergi. Skipti á ódýrari eign koma til greina.

**Uppl:** Lárus Óskarsson




### Vesturfold 27
112 RVK | 249 fm

Einstaklega vel staðsett og glæsilegt einbýlishús með tvöföldum bílskúr á góðum útsýnisstað í Grafarvogi. Frábært útsýni yfir Snæfellsjökul og sjóinn. Stór tæplega 1000 fm vel gróinn lóð með holtagrjóti og berjalyngi. Möguleiki á að útbúa sér 3ja herb. íb.

**Uppl:** Sölvi Þór Sævarsson




### Logafold 25
112 RVK | 245.3 fm

Einbýli á góðum stað í Grafarvogi, 5 svefnherb. Bílskúr 46,4 fm. Að auki er 20 fm herbergi. Glæsilegt og vel við haldið einbýlishús á einstaklega skjólgóðum stað þar sem veðursæld er mikil og stutt í þjónustu, skóla og leikskóla á einum betri stað Grafarvogs.

**Uppl:** Sölvi Þór Sævarsson




### Espigerði 4
108 RVK | 104,8 fm

3ja herbergja íbúð á annari hæð í lyftuhúsi við Espigerði 4 108 Reykjavík. Íbúðin getur verið laus fljótlega. Áhvílandi um 15 millj, frá L.S.R

**Uppl:** Heimir Bergmann




### Tröllakór 16
203 KÓP | 97.9 fm

Falleg nýleg 3ja herbergja íbúð á jarðhæð með sérinngangi. Sér þvottaherbergi.

**Uppl:** Heimir Bergmann




### Vættaborgir 31
112 RVK | 256,9 fm

Einbýlishús á tveimur hæðum, 5-6 svefnherb. Bílskúr 46,5 fm. Skipti á minni eign. Tilboð óskast.

**Uppl:** Heimir Bergmann




### Hátún 5B
225 ÁLFT | 182.6 fm

Parhús á einni hæð, þar af 35,1 fm bílskúr. Húsið hefur mikinn karakter og er teiknað og hannað af Vífli Magnússyni.

**Uppl:** Heimir Bergmann




### Víkurás 6
110 RVK | 57.6 fm

2ja herb. endaíbúð á efstu hæð í góðu fjölbýli auk stæðis í bílageymslu. Áhvílandi ILS ca 12 milj, verð 14,9 millj. Góð fyrstu kaup.

**Uppl:** Heimir Bergmann




### Vatnagarðar 12
104 RVK | 1314,9

Vel staðsett atvinnuhúsnæði með góðum bílastæðum og miklu útisvæði, Byggingarmöguleikar á lóðinni. Gott áhvílandi lán. Góð fjárfesting. Eigninni er í útleigu. 126 fm skrifstofupláss LAUST. Teikningar og nánari uppl. á skrifstofu.

**Uppl:** Albert Bjarni Úlfarsson




### Reyrengi 6
112 RVK | 81.9 fm

Vel skipulögð og falleg 3ja herb. íb. á 2. hæð í góðu fjölbýli með sér inngangi á þessu vinsæla stað í Grafarvogi. Bílastæði í opnu bílskýli. SKIPTI MÖGULEG Á STÆRRI EIGN Í HVERFINU.

**Uppl:** Albert Bjarni Úlfarsson




### Hamradalur 14
260 KEF | 221,7 fm

Einbýlishús á fallegum stað með góðum bílskúr. Fjögur góð svefnherbergi. Stór pallur en þar hefur verið gert ráð fyrir heitum potti. Á eigninni hvíla um 42 milljónir. Yfirtaka er samkomulagsatriði. Bókið skoðun í síma 823 5050

**Uppl:** Lárus Óskarsson




### Vallarás 5
110 RVK | 57.4 fm

Vel skipulögð, björt og falleg 2ja herbergja íbúð með góðum palli. Vel staðsett í húsinu. Snyrtileg sameign. Áhvílandi lán c.a. 15 milljónir á 4,15% vöxtum.

**Uppl:** Lárus Óskarsson




### Hraunbær 9
110 RVK | 160,6 fm

Fallegt 139,9 fm 5-6 herbergja raðhús á einni hæð með glæsilegum sólpalli með heitum potti auk 20,7 fm bílskúrs á þessum góða gróna stað í árbæ.

**Uppl:** Albert Bjarni Úlfarsson




### Drekavellir 41
221 HFN | 188,7 fm

Fallegt einbýli á einni hæð í enda á lokuðum botnlanga, vel skipulagt, 3-4 svefnherb. Bílskúr, fallegri lóð við opið svæði. Gott áhvílandi lán.

**Uppl:** Albert Bjarni Úlfarsson




### Aðalþing 7
203 KÓP | 249.8 fm

Glæsileg 274-282 fm raðhús með EINSTÖKU ÚTSÝNI YFIR ELLIÐAVATN, HEIÐMÖRK OG BLÁFJÖLL. 5 svefnherbergi. Tilbúin til innréttinga. Verð. 56,8 - 61 millj

**Uppl:** Sölvi Þór Sævarsson




### Bjartahlíð 11
270 MOS | 127.5 fm

Vel skipulögð og rúmgóð 4ra herb. íb. á 2.h í þriggja hæða vönduðu fjölbýli á barnvænum stað í Mosfellsbæ. Mjög hagstæð óverðtryggð lán upp á kr. 12,6 milljónir. Opið hús sunnudaginn 13/11 kl. 15 - 15:30

**Uppl:** Sölvi Þór Sævarsson




### Álfaskeið 32
220 HAFN | 84 fm

OPIÐ HÚS mánud. 14/11 kl: 17:30-18:00. Falleg 3ja herbergja íbúð á fyrstu hæð. Íbúðin er í þríbýli með sérinngang og er 84,0 fm.

**Uppl:** Þorgeir Símonarson




### Klukkuberg 27
220 HAFN | 60.3 fm

Snyrtileg 2ja herb. íb. á 1.h með stæði í bílageymslu. MIKIÐ OG FALLEGT ÚTSÝNI. Íbúðin er með sérinngang og sérverönd út af stofu sem snýr í suðvestur.
Opið hús sunnudaginn 13. nóv. kl. 16 -16:45 að Klukkubergi 27, 1 hæð h

**Uppl:** Sölvi Þór Sævarsson




### Logafold 22
112 RVK | 70.1 fm

OPIÐ HÚS, sun 13/11 14:00 - 14:30. Tveggja herbergja íbúð á 1. hæð með sérgarði. Gæludýr leyfð að sögn seljanda. Góð áhvílandi lán frá Íbúðalánasjóði c.a. 15,3 milljónir. Eign sem vert er að skoða.

**Uppl:** Lárus Óskarsson




### Sléttahraun 25
220 HAFN | 84.4 fm

OPIÐ HÚS, sunnud. 13 nóv. kl 15:00-15:30
Sérlega fallega þriggja herbergja íbúð á 1.hæð í snyrtilegu fjölbýli á góðum stað. Eigandi skoðar skipti á eign á svæði 101, 105 og 107

**Uppl:** Sverrir Einar Eiríksson




### Efstasund 71
104 RVK | 78.5 fm

OPIÐ HÚS MÁNUDAGINN 14/11 kl:16:00-16:30
Skemmtileg og vel skipulögð 3ja herbergja íbúð á þriðju hæð í vel staðsettu þríbýli.Eignin er mjög björt og getur verið laus fljótlega.

**Uppl:** Þorgeir Símonarson




### Laufásvegur 17
101 RVK | 101 fm

OPIÐ HÚS, sunnud. 13/11 kl 14:00-14:30 Glæsilega 3ja herbergja íbúð með sérinngangi á jarðhæð alls 101 fm í Þingholtunum. Áhvílandi ca. 30. milljónir frá ÍLS og Landsbanka á 4,15 % vöxtum.
***Eigandi skoðar skipti á stærri eign á

**Uppl:** Sverrir Einar Eiríksson

Domusnova er með mikinn fjölda af kaupendum á skrá, hafðu samband og skráðu eignina hjá okkur. KÍKTU Á HEIMASÍÐUNNA OKKAR. WWW.DOMUSNOVA.IS

# Átök, njósnir og námsferðir

Saga íslensku kommúnista- og vinstrihreyfingarinnar er rakin í nýútkominni bók dr. Hannesar Hólmsteins Gissurarsonar Íslenskir kommúnistar 1918-1998. Hér er gripið niður í köflum sem segja meðal annars frá fjárstuðningi Rússa við Sósíalistaflokkinn, íslenskum námsmönnum í Ráðstjórnarríkjunum og njósnum austur-þýsku leyniþjónustunnar Stasi hér á landi.

Hafin var hörð barátta um yfirráð yfir þessum vísi að nýjum flokki. Þar þurftu sósíalistar ekki að óttast fjárskort. Í desember 1966 ákvað kommúnistaflokkur Ráðstjórnarríkjanna að veita Sósíalistaflokknum rausnarlegan fjárstyrk, 25 þúsund Bandaríkjadali, úr sjóði þeim, sem ætlaður var vestrænum kommúnistaflokkum. Jafngilti þetta um einni milljón króna á þáverandi gengi, en mánaðartekjur verkamanns voru þá á bilinu 10-15 þúsund krónur. Eflaust hefur starfsmaður leynilögreglu Ráðstjórnarríkjanna, KGB, verið sendur með féð til Íslands og Einar Olgeirsson tekið við því í reiðufé í sendiráði Ráðstjórnarríkjanna í Reykjavík, eins og venja var. KGB-maðurinn Aleksandr F. Krassílov starfaði þá enn í sendiráðinu, en auk hans var hér fulltrúi leyniþjónustu Rauða hersins, GRÚ, Vladímír N. Lagúnín, sem sendur var hingað 1966 til starfa í þrjú ár. Fleiri gætu þó vitaskuld hafa sinnt njósnum og undirróðri hér fyrir Kremlverja þessi árin en þeir Krassílov og Lagúnín, jafnt innan sendiráðsins sem utan. Níkolaj P. Vazhnov varð sendiherra Ráðstjórnarríkjanna á Íslandi haustið 1966, en hann hafði gegnt sendiherraembætti í Mongolíu á Stalínstímanum og síðar starfað í Kína og Póllandi. Kremlverjar veittu Sósíalistaflokknum ekki aðeins styrki í beinhörðum peningum, heldur fékk flokkurinn líka árlega að úthluta nokkrum eftirsóttum boðsferðum á hressingarhæli í Ráðstjórnarríkjunum. Þar létu dyggir flokksmenn fara vel um sig með „hinni nýju stétt“, sem Milovan Djilas hafði skrifað um.

### Nær 30 námsmenn á vegum Sósíalistaflokksins

Sósíalistaflokkurinn úthlutaði líka námsstyrkjum, aðallega í Ráðstjórnarríkjunum og Austur-Þýskalandi. Félagar í Æskulýðsfylkingunni, sem dvöldust samkvæmt spjaldskrá austantjalds veturinn 1963-1964, voru samtals 28, og stunduðu þeir flestir nám á styrkjum frá þarlendum stjórnvöldum. Enn má nefna, að haustið 1965 stunduðu átta Íslendingar háskólanám í Moskvu, meðal annarra Ingibjörg Haraldsdóttir í kvikmyndagerð og Eyvindur Eiríksson í leikstjórn. Ingibjörg hafði sótt um opinberan styrk, en ekki fengið. Þá bað hún Einar Olgeirsson ásjár. „Einar hafði góð sambönd austur fyrir járntjald. Hann gekk þegar í málið og fyrr en varð fékk ég loforð um sovéskan styrk.“ Auk námsmannanna átta voru þrír félagar í Æskulýðsfylkingunni haustið 1965 á skóla Komsomol, æskulýðsfylkingar Ráðstjórnarríkjanna, þar á meðal Leifur Jóelsson. Úlfur Hjörvar, Guðmundur Þ. Jónsson og ýmsir aðrir höfðu áður sótt þann skóla. Enn er ótalið, að Kremlverjar greiddu fréttaritara Þjóðviljans í Moskvu laun og veittu honum fríðindi. Rússagullið tók á sig ýmsar myndir.

### Átök um uppstillingu

Þegar leið að þingkosningum 1967, var hart tekist á um þau tvö þingsæti Alþýðubandalagsins, sem losnuðu í Reykjavík, er Einar Olgeirsson og Alfreð Gíslason hættu á þingi, en Eðvarð Sigurðsson sat í hinu þriðja. Fylgismenn Hannibals Valdimarssonar sættu sig við, að Magnús Kjartansson yrði í fyrsta sæti framboðslista Alþýðubandalagsins og Eðvarð Sigurðsson í hinu þriðja, en kröfðust þess, að Einar Hannesson fulltrúi yrði í öðru sæti og Jón Baldvin Hannibalsson kennari í hinu fjórða. Þessu vildu sósíalistar ekki una og lögðu til, að í fyrstu fjórum sætunum yrðu Magnús Kjartansson, Eðvarð Sigurðsson, Jón Snorri Þorleifsson og Ingi R. Helgason. Kosið var um uppstillinguna á átakafundi mánudagskvöldið 10. apríl 1967 í Tónabíói, og voru tillögur sósíalista samþykktar með 254 atkvæðum gegn 81. Lá við handalögmálum á fundinum, og rifu Einar Bragi skáld og Guðrún Helgadóttir flokksskírteini sín í bræði fyrir framan fundarmenn.

„Ég hræðist það, að nú sé búið að ganga af Alþýðubandalaginu dauðu,“ þrumaði Hannibal Valdimarsson í fundarlok. Eftir fundinn gekk Alfreð Gíslason úr Alþýðubandalaginu, og Hannibal, sem hafði setið á þingi fyrir Vestfirði frá 1959, ákvað að bjóða sérstaklega fram í Reykjavík. Annar maður á lista Hannibals í Reykjavík, Vésteinn Ólason, sagði, að „eitt helsta mein Alþýðubandalagsins í Reykjavík væri óútræddur ágreiningur um afstöðuna til hagkerfis og stjórnkerfis svokallaðra kommúnistaríkja og samtvinnuð því mismunandi skoðanir á sósíalisma og kommúnisma“.

Skömmu eftir átakafundinn í Tónabíói var Guðmundur Ágústsson, sem þá var skrifstofustjóri Alþýðusambands Íslands, en fyrrum Stasi-njósnari, kjörinn formaður Alþýðubandalagsfélagsins í Reykjavík í stað Magnúsar Torfa Ólafssonar.

### Svavar fer á æðsta flokksskóla Austur-Þýskalands

Á meðan Svavar Gestsson var starfsmaður Alþýðubandalagsins, hafði hann ásamt Kjartani Ólafssyni, framkvæmdastjóra Sósíalistaflokksins, skipulagt liðsafnað sósíalista á Tónabíósfundinum vorið 1967, þar sem þeir tryggðu sér tökin á Alþýðubandalaginu. Þá um haustið hélt Svavar fyrir milligöngu Einars Olgeirssonar til Austur-Berlínar. Samþykkti miðstjórn austur-þýska kommúnistaflokksins að taka við honum til einstaklingsnáms í sérstaka rannsóknarstofnun miðstjórnar flokksins, Institut für Gesellschaftswissenschaften beim ZK der SED (þar sem ZK var skammstöfun á miðstjórn og SED á kommúnistaflokknum), í Austur-Berlín, veita honum 700 marka styrk á mánuði og húsnæði fyrir sig og fjölskylduna.

Kona Svavars og dóttir komu til hans í ársbyrjun 1968, og var dótturinni, Svandísi, síðar ráðherra, fengin vist í leikskóla barna miðstjórnarmanna og starfsfólks flokksins. Í samþykkt austur-þýsku miðstjórnarinnar sagði, að Svavari væri „ætlað hlutverk í forystu flokksins í náinni framtíð“. En í ljós kom, að Svavar var þess alls vanbúinn að stunda nám í marxískum fræðum á háskólastigi. Þess vegna var ákveðið að færa hann í annan skóla og auðveldari á vegum flokksins, Parteihochschule Karl Marx. Skyldi hann stunda þar nám í þrjú ár. Þennan vetur í Austur-Berlín las Svavar Gestsson jafnframt prófarkir af Úrvalsritum Karls Marx og Friedrichs Engels, sem Heimskringla hugðist gefa út á 150 ára afmæli Marx 1968, en þau átti að prenta í Austur-Þýskalandi.

### Sendimaður grennslast fyrir um fortíð Svavars

Eftir hrun Berlínarmúrsins hrökkluðust kommúnistar frá völdum í allri Mið- og Austur-Evrópu. Þýska alþýðulýðveldið hvarf þegjandi og hljóðalaust úr sögunni, og þau austurhéruð Þýskalands, sem myndað höfðu þetta ríki, runnu inn í Þýska sambandslýðveldið. Starfsmenn austur-þýska öryggismálaráðuneytisins, Stasi, reyndu eftir megni að eyðileggja skjöl frá valdatíð kommúnista, en margt varðveittist. Komst þá margt upp, sem leynt hafði farið lengi, til dæmis um þá fjölmörgu uppljóstrara og erindreka, sem Stasi hafði haft á sínum snærum. Samráðherrar Svavars Gestssonar, Steingrímur Hermannsson forsætisráðherra og Jón Baldvin Hannibalsson utanríkisráðherra, treystu honum ekki betur en svo, að í desember 1989 fengu þeir Róbert Trausta Árnason, varafastafulltrúa Íslands hjá Atlantshafsbandalaginu í Brussel, til að kanna í kyrrþey, hvort gögn sýndu, að Svavar eða einhverjir aðrir Íslendingar hefðu haft tengsl við Stasi, öryggismálaráðuneyti Austur-Þýskalands.

Tóku þeir sérstaklega fram, að Árni Sigurjónsson hjá útlendingaeftirlitinu, sem sinnti öryggismálum fyrir lögregluna, mætti ekki af þessu vita. Embættismenn í Vestur-Þýskalandi og Bandaríkjunum voru tregir til að veita Róberti Trausta upplýsingar, en eftir talsvert þóf kváðust þeir loks geta sagt, að engin gögn fyndust um, að neinir Íslendingar hefðu gerst erindrekar Stasi. Þetta reyndist að vísu ekki nákvæmt, því að 1995 var það leitt í ljós, sem fyrr segir, að Guðmundur Ágústsson njósnaði fyrir Stasi árin 1963-1964, en hætti því sennilega eftir það, þótt hann yrði sérstakur trúnaðarmaður Austur-þýsku sendiskrifstofunnar.

Einnig játaði Helga Novak, sem var íslenskur ríkisborgari, að hafa rekið erindi Stasi, eins og hér hefur líka verið getið. En fleiri voru tregir til að veita nákvæmar upplýsingar en þýskir og bandarískir embættismenn. Svavar Gestsson sagði jafnan sjálfur, þegar hann þurfti að rekja æviferil sinn, að hann hefði stundað nám í Berlín veturinn 1967-1968, en sannleikurinn var sá, að hann gekk þá á skóla í Austur-Berlín. Sögðu gárungarnir, að munurinn á þessu tvennu væri svipaður og á því að hafa dvalist á Hrauni og Litla-Hrauni.

MILLIFYRIRSAGNIR ERU BLAÐSINS









**VIÐBURÐARÍK SAGA** Austur-Þýskaland kom mjög við sögu hjá íslenskum vinstrimönnum. Guðmundur Ágústsson (til vinstri) var njósnari fyrir hið illræma Öryggismálaráðuneyti Austur-Þýskalands. Svavar Gestsson var í æðsta flokksskóla ríkisins veturinn 1967-68. Róbert Trausti Árnason sendiherra var síðar sendur af Jóni Baldvin Hannibalssyni og Steingrími Hermannssyni til Þýskalands að grennslast fyrir um, hvort eitthvað fyndist um Svavar í skjölum Stasi. En skjölum um hann hafði verið eytt sunnudaginn 25. júní 1989, nokkrum mánuðum fyrir hrun Berlínarmúrsins.

## ÁRATUGA SAGA RAKIN




Í bókinni Íslenskir kommúnistar segir dr. Hannes Hólmsteinn Gissurarson, prófessor í stjórnmálafræði, sögu íslensku kommúnista- og vinstrihreyfingarinnar, frá því að tveir ungir Íslendingar taka þátt í óeirðum á Grænatorgi í Kaupmannahöfn í nóvember 1918 og til þess er forystusveit Alþýðubandalagsins fer til Kúbu í boði kommúnistaflokksins þar í nóvember 1998. Bókin skiptist í fjóra hluta, Aðdraganda 1918-1930, kommúnistaflokkinn 1930-1938, Sósíalistaflokkinn 1938-1956 og Alþýðubandalagið 1956-1998. Hér er gripið niður í köflunum „Einar Olgeirsson nær í Rússagull“ og „Berlínarmúrinn hrynur“.


Kristniboðsdagurinn
13. nóvember 2011

Starf Kristniboðssambandsins byggir á góðum undirbúningi kristniboða, þekkingu á menningu, hugsunarhætti, tungumáli heimamanna og siðareglum í starfi.



Boðun og kærleiksþjónusta í rúm 100 ár.



Starfssvæði í Kína, Eþíópíu, Keníu, Japan og Mið-Austurlöndum.



Áhersla á menntun og heilsugæslu. Lestrarverkefni.



70 grunnskólar, 9 framhaldsskólar og háskóli í Pókothéraði, Keníu.



Af götu í skóla, stutt við börn HIV smitaðra, færri stúlkur umskornar.



Innlendar kirkjur komnar í hendur heimamanna.

Í 75 ár hefur þjóðkirkjan haldið kristniboðsdag og hvatt til samskota fyrir starfinu. Einnig er tekið við gjöfum á eftirtalda gjafareikninga:

| | | | |
|---|---|---|---|
| Landsbankinn | 117-26-2800 | MP banki | 701-26-2800 |
| Arion | 328-26-2800 | Sparisj. Byr | 1195-26-2800 |
| Íslandsbanki | 515-26-2800 | Kennitala | 550269-4149 |

Hér á landi er unnið að boðun, fræðslu, kynningu og vitundarvakningu með heimsóknum, útgáfu fréttabréfs, vefsíðu, námskeiðum og vikulegum samkomum.

Fjáröflun: Minningarspjöld, jólakort, kaffisölur, jólabasar, nytjamarkaðurinn Basarinn, mynt- og frímerkjasöfnun.

Basarinn, nytjamarkaður Kristniboðssambandsins, er í Austurveri, Háaleitisbraut 68, 103 Reykjavík. Opið mán. til fös. kl. 11-18. Opið á laugardögum í des. Tekið er á móti munum á sama stað.

Skrifstofa Kristniboðssambandsins er flutt á Háaleitisbraut 58-60. Opið hús á kristniboðsdaginn kl. 15-17 og húsblessun í umsjá sr. Kristjáns Vals Ingólfssonar vígslubiskups kl. 15:30.

Kristniboðssambandið
Í trú, von og kærleika
www.sik.is facebook.com/kristnibod

BASARINN NYTJAMARKAÐUR KRISTNIBOÐSSAMBANDSINS Austurveri, Háaleitisbraut 68


OPNUNARTILBOÐIN
HALDA ÁFRAM UM HELGINA!
KOMDU Á OPNUNARHÁTÍÐ UM HELGINA
OPNUNARTÍMI:
LAUGARDAG 11-16
SUNNUDAG 13-17
FRÁBÆRT VERÐ
ASUS
Asus K53E-SX213V
• 15,6" WideScreen LED skjár
• Létt og meðfærileg - 2.6 kg.
• Dual Core Sandy Bridge örgj.
• Intel HD Graphics 3000
79.990
VERÐ ÁÐUR
84.990
5000 kr. AFSLÁTTUR
acer
Acer V223HQBObd
• Flottur 21,5" skjár
• VGA/DVI tengi
• HD 1080P upplausn
• 5 ms svartimi
19.990
VERÐ ÁÐUR
24.990
acer
Acer Aspire X1920
• Lítil og nett á borði
• Intel Pentium E6700 örgjörvi
• 4GB minni - 500 GB diskur
• Lyklaborð og mús fylgir
59.990
VERÐ ÁÐUR
89.990
GEGGJAÐ VERÐ
BRJÁLAÐUR HASAR
ACTIVISION
Call of Duty - MW 3
Einn stærsti PC leikur ársins !
8.490
VERÐ ÁÐUR
9.990
ÞRÁÐLAUS PRENTARI OG SKANNI
EPSON
Epson SX235W
• Þráðlaus prentari og skanni
• Einn prentari fyrir heimilið
• Góð upplausn (5760 x 1400)
• 1200 x 2400 skannaupplausn
9.990
VERÐ ÁÐUR
10.990
EPSON
Epson SX130
• Öflugur prentari og skanni
• Hraðvirkur - allt að 28 bls. á mín.
• 600 x 1200 skönnunaruppl.
• Windows og Mac
5.990
VERÐ ÁÐUR
8.490
30% AFSLÁTTUR
tl.is
TÖLVU LISTINN
TÖLVULISTINN
Heimilistæki
ht.is
SUÐURLANDSBRAUT 26
2. HÆÐ
FLUTTIR ÚR NÓATÚNI 17




# Lambið er besti vinur mannsins

**Við Íslendingar erum stoltir af lambakjötinu okkar og segjum gjarnan að það sé best í heimi. Það er hins vegar misgott eftir því hvaðan það er, hvernig það er meðhöndlað og af hverjum. Jón Þór Finnbogason hvetur til þess að fólk verði sér úti um heilan skrokk beint frá býli og skeri hann sjálft niður. Þannig fáist betra kjöt en í stórverslunum auk þess sem kjötið er mun ódýrara.**

Fullyrðingin „íslenskt lambakjöt er best í heimi" hljómar nokkuð kunnuglega í eyrum landans en hvað býr að baki henni? Veltum við því fyrir okkur hvaðan af landinu lambið kom, í hvaða flokki það er, hvaða meðferð það hefur fengið eftir slátrun? Horfum við á kílóverðið? Skiptir það máli ef lambið er alið á Suðurlandsundirlendinu, í austfirsku ölpunum, á norðlensku heiðunum eða hvort það hefur endrum og sinnum baðað sig í vestfirsku sjóroki? Sannleikurinn er sá að þegar við stöndum fyrir framan kjötborðið eða frystinn í versluninni höfum við yfirleitt lítið sem ekkert val.

## Stofnum til frekari kynna

Lambakjöt er flokkað niður samkvæmt kerfi sem inniheldur 30 flokka, og fá bændur greitt samkvæmt því. Þetta eru annars vegar fimm flokkar sem segja til um vöðvahlutfall og sex flokkar sem mæla fitumagn. Þrátt fyrir allan þennan fjölda dreifir kjötið sér þó ekki jafnt á flokkana og fellur meirihluti kjöts í fimm algengustu flokkana. Þvert á það sem margir myndu ætla skiptir það meira máli að velja kjöt sem er hæfilega feitt frekar en horfa einvörðungu á vöðvahlutfallið. Með öðrum orðum: Það er misskilningur að magurt kjöt sé endilega besta kjötið.

## Slátrun

Bóndinn afhendir afurð sína sláturhúsinu, fær hana metna og gefst svo kostur á að leggja hana inn fyrir greiðslu sem miðast við áðurnefnt flokkakerfi. Við tekur svo eftirvinnsla sem er miðuð við að koma skrokkunum í frost á sem stystum tíma. Í raun má segja að þarna mætist tvær ólíkar stefnur í matvælaframleiðslu. Annars vegar þáttur bóndans sem gengur út á að framleiða sem best kjöt og þáttur sláturhússins sem gengur út á að framleiða sem mest magn, oft á kostnað eftirvinnslunnar. Fyrir þá sem þekkja til væri hægt að líkja þessu við „slow food" og „fast food" sem ganga annars vegar út á hráefni, uppruna, náttúrulegar og bragðaukandi aðferðir og hins vegar út á framleiðslu af sem mestum mat í ásættanlegum gæðum á sem stystum tíma.

## Seigt kjöt

Seigt kjöt er að öllum líkindum afrakstur ófullnægjandi eftirvinnslu eða slátrunar. Eftir að kjöti er slátrað eru orkubirgðir vöðva enn til staðar og niðurbrot heldur áfram án súrefnis. Myndast þá mjólkursýra sem safnast upp í vöðvunum og veldur því að sýrustig fellur. Samtímis sýrustigsfalli fellur skrokkhiti vegna kælingar í kjötsalnum. Við þetta stirðnar kjötið og vöðvarnir dragast saman. Ef þetta gerist of hratt verður kjötið seigt fyrir tilstilli svokallaðrar kæliherpingar. Of hröð kæling eða frysting dilkakjöts stuttu eftir slátrun er því meginástæða stífni. Þarna stangast aftur á hagsmunir neytenda og framleiðanda. Ósáttur neytandi seigs kjöts gæti því vel reynt að komast að hvar kjötinu var slátrað og beint viðskiptum sínum annað næst.

## Er kjötið þitt rafórvað?

Nokkur sláturhús hafa síðustu ár tekið upp svokallaða raförvun sem gengur út á að gefa skrokkum rafpúlsa með ákveðinni spennu, straumi og tíðni fljótlega eftir slátrun. Með því eiga vöðvarnir í skrokkunum að brjóta hraðar niður orkubirgðir sínar. Þetta er gert til að hægt sé að byrja að kæla skrokkana fyrr og hraðar. Áhöld eru um hvort þetta sé til bóta fyrir neytendur.

## Þarf kjöt að hanga?

Kjöt sem selt er í búðum hefur undantekningarlaust ekki fengið að hanga eftir stirðnun. Fyrst eftir slátrun er kjötið hengt upp svo allir vöðvar séu teygðir meðan kjötið stirðnar. Eftir það er kjöt látið hanga áfram til að auka meyrni og bragð. Það sem gerist þá er að mjólkursýrur leysa úr læðingi ensími er verka á prótínin í vöðvunum. Algengt er að lambaskrokkar þurfi að hanga í 5-7 daga og jafnvel allt upp í 12 daga. Því eldri sem skepnan er, þeim mun lengur er æskilegt að hún hangi. En löng geymsla við bestu skilyrði er kostnaðarsöm og þess vegna fær kjöt ekki að hanga. Markaðshagkerfið virkar þannig að á meðan neytandinn setur ekki fram ákveðna kröfu, leggur framleiðandinn ekki í óþarfa kostnað. Sennilega er eitt mesta tækifærið í íslensku lambakjöti hér að finna, því bragðmunurinn og meyrni á kjöti sem hefur fengið að hanga samanborið við óhangið, er verulegur. Skrokkurinn á meðfylgjandi myndum kom ófrosinn til borgarinnar, er ættaður úr Grýtubakkahreppi, féll í flokk R3+ og hékk í sjö daga.

## Hagstætt að kaupa beint frá býli

Það er skynsamlegt að gera samninga sem báðir aðilar hagnast á. Setjum þetta aðeins upp. Ef við horfum á 17 kg skrokk úr flokknum DR3+, þá fengi bóndi greiddar um 460kr/kg úr afurðastöð sem gera 7.800 krónur. Á þessum skrokk eru tvö læri sem vega um 4,5 kg en búðarverð á þeim er um 2.200 kr/kg eða 10.000 krónur. Ef þú leggur saman afganginn af skrokknum og margfaldar hann með búðarverði þá gæti þetta endað í um 26.000 krónum. Heimtökugjald bænda er um 2.200 krónur og því væri lágmarksverð frá bónda um 10.000 krónur fyrir umræddan skrokk. Segjum sem svo að þú værir til í að borga bóndanum 20% álag gegn því að þú fengir að velja þér skrokk ófrosinn sem hefði fengið að hanga, bættir svo 2.000 krónum í flutning ofan á það og endaðir í 14.000 krónum. Samanborið við gæðin og verðið á því sem þú fengir úr kjötborðinu þá ætti það að vera öllum ljóst að milliliðalausir samningar við bændur hljóta að vera hagstæðir fyrir báða aðila. Hafa ber í huga að hlutur ríkisins er undanskilinn í þessu dæmi.

## Fáðu þér heilan skrokk

Einn af þeim kostum sem lamb hefur fram yfir önnur húsdýr sem við leggjum okkur til munns, er að stærð þess gerir okkur auðvelt með að meðhöndla heila skrokka. Það eina sem þú þarft er gott borðpláss, þokkalegur hnífur og lítil timbursög.

## Skrokkurinn úrbeinaður

Aðskiljið síðurnar frá með því að skera og saga í beina stefnu frá afturlærinu gegnum rifin að axlarliðamótunum. Skerið framlegginn frá, fjarlægið rifjabeinin og takið slögin til hliðar. Skerið rétt fyrir framan mjaðmarbeinið til að aðskilja afturhlutann frá og skiptið í læri. Hérna er einnig hægt að skera skankana af lærunum fyrir þá sem vilja. Skerið hrygginn frá milli fimmta og sjötta rifbeins ef talið er frá hálsinum. Skerðu lundirnar undan hryggnum. Þeir sem ekki ætla sér að elda allan hrygginn í einu ættu að skipta honum í tvennt við fyrsta rifbeinið. Þá erum við annars vegar komin með spjaldhrygg sem inniheldur fillet m/fiturönd og rifjahrygg sem svo er hægt að skipta niður í tvírifjur. Frampartinn er t.d. hægt að skera í sneiðar, úrbeina og rúlla upp eða hafa heilan. Sjálfur sker ég alltaf hálsinn frá og skipti afganginum í tvennt með því að skera hann frá hryggnum. Öllum afskurði skal safna í hakk. Eftir sitja þá lundir, fillet, hækill, rifjahryggur, frampartur, læri, slög, hakk og bein.

## Það er ekkert til sem heitir súpukjöt

Íslensk kjötsúpa er úrvalsmatur en „súpukjöt" er samnefnari yfir kjöt sem inniheldur mikið magn af sinum, vöðvafestingum og háu hlutfalli beina. Yfirleitt er um að ræða frampart. Þetta kjöt er því úrvalskjöt en þarfnast einfaldlega lengri eldunar en hinir einfaldari vöðvar. Oft er hægt er að gera góð kaup í þessum flokki.

## Best í heimi?

Ef við legðum það á okkur að kynnast lambinu okkar aðeins betur ættum við án minnsta samviskubits að geta sagt að við ættað íslenskt lambakjöt úr góðum flokki sem hefur fengið viðeigandi meðferð, sé best í heimi.







**LAMBAKJÖT Á DISKINN MINN** Jón Þór Finnbogason meðhöndlar lambaskrokk úr flokki R3+. Hann hvetur fólk til að kaupa kjöt beint frá býli. Kjötið sé bæði betra og ódýrara en ella. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

## AÐ ELDA LAMB

Þegar kemur að því að elda lamb, og flest annað kjöt, þarf að byrja á að gera sér grein fyrir því hvað maður er með í höndunum. Það er oft sagt í matargerð að gott hráefni sé helmingurinn af góðri máltíð. Standist þetta þarf litlar áhyggjur að hafa af uppskriftunum. Til einföldunar getum við sagt að í flestum tilvikum séum við annars vegar með kjöt sem þarfnast eldunar í lengri tíma og hins vegar meyra vöðva sem þurfa tiltölulega litla eldun. Fillet og lundir brúnum við á pönnu og bökum þar til æskilegu hitastigi er náð. Frampartur, háls, hækill eða leggir þurfa langa eldun en þó ber að varast að kjötið þorni. Þetta gerum við með því að elda bitana í lokuðum þéttum potti inni í ofni með þunnt lag af vökva í botninum.

**Uppskrift:**
½ frampartur, háls eða skankar
Vatnsglas
Nokkur hvítlauksrif
Lárviðarlauf
Salt og pipar

*Setjið allt í pott, látið suðuna koma upp og lokið. Bakið í 150° heitum ofni í 3 klst. Stundum er líka ágætt að opna pottinn eftir eldun og setja hann undir grillið í nokkrar mínútur. Þeir sem þekkja ekki kjötið sitt nógu vel geta hent með handfylli af jurtum og jafnvel breytt vatninu í vín. Þeir sem eru búnir að sjá í gegnum „súpukjötið" geta auðveldlega komist yfir þessa bita ódýrt úr kjötborðinu en þá er vissara að hafa nokkrar jurtir og vín við hönd.*

• FRÁBÆR VERÐ Á FLOTTUM MERKJUM •

# JÓLAGJAFIRNAR
# FÁST Í SPORT-OUTLET

**BRÁÐUM KOMA BLESSUÐ JÓLIN**
**BIÐJUM SPENNT UM JÓLASNJÓ**
**ÞÚ KAUPIR EKKI JÓLAKJÓLINN**
**EN KANNSKI GÓÐA HLAUPASKÓ**

## Á FRÁBÆRU VERÐI HJÁ OKKUR



PUMA
FATNAÐUR Á KARLA, KONUR,
STRÁKA OG STELPUR

speedo
SUNDFÖT Í ÚRVALI
FYRIR KARLA, KONUR,
STRÁKA OG STELPUR



**SOKKAR NÆRBUXUR TÖSKUR PEYSUR BELTI BAKPOKAR SUNDGLERAUGU GÖTUSKÓR HÚFUR SUNDSKÝLUR KORKAR SVITABÖND BOLTAR STUTTBUXUR SUNDBOLIR HANDKLÆÐI SUNDHETTUR HLAUPASKÓR SUNDSPAÐAR OG FLEIRA OG FLEIRA OG FLEIRA**

## NÚ ER SPORT-OUTLET Á 2 NÝJUM STÖÐUM
Í TAKMARKAÐAN TÍMA Í NÓVEMBER

SPORT OUTLET
Glerártorgi
AKUREYRI

SPORT OUTLET
Hafnargötu 18
REYKJANESBÆ

ÉG ÆTLA AÐ SKREPPA Í SPORT-OUTLET OG KAUPA EITTHVAÐ SKEMMTILEGT



SPORT OUTLET

Vínlandsleið 6-8 113 Reykjavík

Opið: Virka daga kl. 11-18
Laugardaga kl. 11-16
Sunnudaga kl. 13-17






# BÓKAMESSA Í

## UM HELGINA Í RÁÐHÚSINU OG IÐNÓ

*Laugardagur 12. nóvember*

### TJARNARSALUR RÁÐHÚSSINS

**11:00 – 18:00**
**Bókakynningar**
Íslenskir bókaútgefendur kynna glóðheitar bækur af öllum toga sem koma út nú fyrir jólin.

*Kaffihúsið Öndin, Ráðhúsi*
**14:30 – 15:00**
**Hvað segja stjörnurnar?**
Gunnlaugur Guðmundsson stjörnuspekingur spjallar um ást, heilsu og uppeldi í ljósi stjörnuspekinnar.

**16:00 – 16:30**
**Húmor og gleði!**
Kátir sagnamenn sem koma alla leið frá Vestfjörðum skemmta gestum Andarinnar með vestfirskum skemmtisögum og fyndni.

### IÐNÓ, SALUR Á 1. HÆÐ

**11:30 – 13:00**
**Barnadagskrá**
Leynifélagskonurnar Brynhildur og Kristín Eva sjá um dagskrá fyrir krakka og fjölskyldur þeirra. Sveppi, Gerður Kristný, eldfjöll o.fl.

**13:00 – 14:00**
**Græni sófinn – Ferðalög og náttúra.**
Ari Trausti Guðmundsson spjallar við Jónas Kristjánsson og Sigrúnu Helgadóttur í tilefni útkomu bóka þeirra 1001 þjóðleið og Þingvellir: Saga – náttúra – útivist. Bók Ara Trausta, Umbrot Íslands, kemur nú út í nýrri og uppfærðri útgáfu og hann mun einnig kynna hana.

**14:00 – 15:00**
**Græni sófinn – Skáldverk**
Egill Helgason spjallar við nokkra af okkar þekktustu höfundum, þau Hallgrím Helgason, Vigdísi Grímsdóttur, Steinunni Sigurðardóttur og Jón Kalman.

**15:00 – 16:00**
**Kynjamyndir, drottningar, englar, öfgar og fjarlægar slóðir**
Þrír ljósmyndarar kynna splunkunýjar og ólíkar ljósmyndabækur sínar í máli og myndum. Einar Falur Ingólfsson: Án vegabréfs. Ferðasögur, Jónatan Grétarsson: Icelandic Queens og Sigurgeir Sigurjónsson: Yfirsýn.

**16:00 – 17:00**
**Græni sófinn – Ævisögur**
Umræður um nýjar ævisögur með þátttöku höfundanna Viðars Hreinssonar ( Bjarni Þorsteinsson: Eldhugi við ysta haf) Óskars Guðmundssonar (Brautryðjandinn – ævisaga Þórhalls Bjarnasonar), Jóns Yngva Jóhannssonar (Landnám – ævisaga Gunnars Gunnarssonar) og Margrétar Gunnarsdóttur (Ingibjörg).

### IÐNÓ, 2. HÆÐ

**13:00 – 13:50**
**Eldum saman** – íslensk matreiðslubók handa krökkum, Guðmundur Finnbogason kynnir samnefnda bók sína og útbýr drykki, ís og fleira góðgæti fyrir krakka. Þeir sem fylgjast með fá að smakka!

**14:00 – 15:00**
**Föndursmiðja - Búum til sögupersónur!**
Myndlistarkonan og rithöfundurinn Kristín Arngrímsdóttir aðstoðar börn og fylgdarfólk þeirra við að föndra þekktar sögupersónur úr barnabókum. Allt efni frítt á staðnum og að sjálfsögðu geta allir tekið sína sögupersónu með sér heim eftir föndurstundina.

**15:00 – 15:30**
**Ævar vísindamaður**
úr Stundinni okkar kynnir glósubókina sína, framkvæmir spennandi tilraunir og leyfir krökkum að taka þátt.

**15:30 – 16:30**
**Glóðvolgar og spennandi!**
Höfundar lesar úr og kynna nýjar bækur fyrir eldri börn og unglinga. Höfundarnir eru Ragnheiður Gestsdóttir, Harpa Dís Hákonardóttir, Kristín Helga Gunnarsdóttir og Margrét Örnólfsdóttir.

**BÓKATÍÐINDI ERU Á LEIÐINNI**



# BÓKMENNTABORG

## *Sunnudagur 13. nóvember*

### TJARNARSALUR RÁÐHÚSSINS

**11:00 – 18:00**
**Bókakynningar**
Íslenskir bókaútgefendur kynna glóðheitar bækur af öllum toga sem koma út nú fyrir jólin.

*Kaffihúsið Öndin, Ráðhúsi*
**15:00 – 15:30**
**Stelpur A – Ö**
Kristín Tómasdóttir spjallar um bók sína **Stelpur A-Ö. Upplýsingabrunnur fyrir forvitnar stelpur** og svarar spurningum frá forvitnum áheyrendum á öllum aldri.

### IÐNÓ, SALUR Á 1. HÆÐ

**13:00 – 14:00**
**Græni sófinn – Þýðingar**
Jórunn Sigurðardóttir spjallar um þýðingar við Þuríði Maggý Magnúsdóttur, félagsráðgjafa og ástríðufullan lesenda skáldverka og þýðendurna Pál Valsson og Sigrúnu Ástríði Eiríksdóttur.

**14:00 – 15:00**
**Græni sófinn – Druslubókadömur og kvenrithöfundar**
Druslubókadömurnar Kristín Svava Tómasdóttir, Salka Guðmundsdóttir og Hildur Knútsdóttir spjalla við rithöfundana Auði Övu Ólafsdóttur, Bryndísi Björgvinsdóttur og Sigríði Víðis Jónsdóttur um nýútkomin verk þeirra.

**15:00 – 16:00**
**Græni sófinn – Matur er mannsins megin**
Sigurlaug M Jónasdóttir fær til sín matgæðingana og höfunda bókanna Jólamatur Nönnu, Stóra bókin um villibráð, Góður matur, gott líf og Hollt nesti að heiman.

**16:00 – 16:50**
**Listasagan á 50 mínútum**
Jón Proppé listheimspekingur stiklar á stóru í íslenskri listasögu í tilefni af útkomu bókarinnar Íslensk listasaga, sem spannar tímabilið frá síðari hluta 19. aldar til upphafs þeirrar 21.

**17:00 – 18:30**
**Ljóðadagskrá**
Ljóðskáldin Kristín Svava Tómasdóttir, Sindri Freysson, Ingunn Snædal, Sigmundur Ernir Rúnarsson, Steinunn G. Helgadóttir, Eyþór Árnason, Unnur Guttormsdóttir og Anton Helgi Jónsson lesa úr nýútkomnum bókum sínum.

### IÐNÓ, 2. HÆÐ

**13:00 – 13:30**
**Barnanudd**
Þórgunna Þórarinsdóttir kynnir bók sína Barnanuddbókin og sýnir hvernig, hvernig á að nudda börn frá fæðingu til fimmtán ára aldurs.

**13:30 – 14:00**
Eva Rún Þorgeirsdóttir og Stella Sigurgeirsdóttir kynna bók sína Auður og gamla tréð, jógabók fyrir börn og Eva Rún leiðir jógaæfingar með börnunum. Allir krakkar velkomnir!

**14:00 – 15:00**
**Föndursmiðja –**
**Búum til sögupersónur!**
Myndlistarkonan og rithöfundurinn Kristín Arngrímsdóttir aðstoðar börn og fylgdarfólk þeirra við að föndra þekktar sögupersónur úr barnabókum. Allt efni frítt á staðnum og að sjálfsögðu geta allir tekið sína sögupersónu með sér heim eftir föndurstundina.

**SÖGUBÍLLINN ÆRINGI** – *fyrir utan Iðnó*
**14:00 – 16:00**
**Sögustundir með höfundum**
Höfundar lesa úr nýútkomnum bókum fyrir börn á aldrinum 4ra til 8 ára. Meðal annars verður lesið úr eftirtöldum bókum: Íslensku húsdýri n og Tröllí eftir Bergljótu Arnalds, Hávamál eftir Þórarinn Eldjárn, Keli minn sem hvarf eftir Ingibjörgu Kr. Ferdinandsdóttur, og Agnar Smári – tilþrif í tónlistarskólanum eftir Höllu Þórlaugu Óskarsdóttur.

**Sjá ítarlegri dagskrá á www.bokmenntaborgin.is**

Reykjavík Bókmenntaborg UNESCO

FÉLAG ÍSLENSKRA BÓKAÚTGEFENDA

Amundi

# Krossgáta

**Lárétt**
**1:** Gríp til taltaugar svo fái ég mælt (8)
**5:** Gargútgáfa af verki E. Ensler? (11)
**11:** Furðu lostnar eru ringlaðar og illa fengnar (7)
**12:** Fjallgarður og fljótsendi gefa blóm (7)
**13:** Sé stubbana þrátt fyrir tóbaksbann í landi þeirra (6)
**14:** Segir jörð allt sem hann á, rukkar rentuna af húseigendum (11)
**15:** Sendi þér glaðlega tóninn uppúr svefni (6)
**16:** Guðdómlegar gera glappaskot (7)
**17:** Andlitslaus ökuþór gefur prik (4)
**20:** Þegar áfengi botnar rennurnar hefst vakningin (8)
**21:** Á hátíðum gekk fé þar sjálfala því enginn var hirðirinn (11)
**25:** Af kindarlegum sómamanneskjum (7)
**27:** Miklar skammir ef hún stækkaði (8)
**29:** Bylgjunnar blær, ókind og ævintýramær (6)
**33:** Betra að hafa bæði sverð og stiga á þessum slóðum (10)
**35:** Farða frávita og flaumósa (7)
**36:** Fæddi fyrst, bíar svo og vaskar (6)
**37:** Rámar í kastalana sem nafnlaus maður byggði (10)
**38:** Sjónvarpsstjóri kemur óorði á virðulega samkomu (10)
**39:** Leysa þau sem ekki eru föst enda hafa þau ekki glóru (8)

**Lóðrétt**
**1:** Áverki tengir þá við málið en þá hlæja þeir, enda ekki til (10)
**2:** Tvífætt hófdýr spænir í sig Auði Jóns og afa hennar líka (13)
**3:** Setur geimferðastofnun hálft nef á sínar skutlur? (8)
**4:** Hæðast að smáræði milli bæja (10)
**5:** Tek kúst til lérefts, notkun þess linar sótt (10)
**6:** Finn tættar greinar og reyni að raða í lurk (8)
**7:** Doði minn var slíkur að ég rétt náði að forða mér fyrir spil (10)
**8:** Þvældist hús úr húsi og páraðir eitthvert rugl (7)
**9:** Þrár eins og þjóðkirkjan þar (12)
**10:** Bók Björns er ekki um ljómandi himneskt náttúrufyrirbæri (10)
**18:** Koma sér úr þjálfun í mótmælaskyni (6)
**19:** Það er sem Ægir kúgi oss með þessu frussi (7)
**22:** Lánlaus hópur mótvægi við Besta flokkinn? (11)
**24:** Drápa um mann sem drepur menn (8)
**23:** Beitugoð eru örlítið brotabrot (8)
**26:** Stúlknaburður er kraftaverk (9)
**28:** Utanokkar.is, gleypist (9)
**30:** Mun breskt sjónvarp granda andalúsískri borg? (7)
**31:** Meira sjóbragð af sálmakveri en sódavatni (7)
**32:** Vesenast, þetta eru nú dósir að norðan (6)
**34:** Jóð og tin og er þá bættur skaðinn (6)





L A N D V E R N D

Lausnarorð síðustu viku var landvernd.

## Vegleg verðlaun



Vikulega er dregið er úr innsendum lausnarorðum og fær vinningshafi gjafakörfu frá Te og kaffi að verðmæti 5.000 kr.. Vinningshafi síðustu viku var **Jóhann Þórarinsson**.

## Lausnarorð

Ef bókstöfunum í skyggðu reitunum er raðað rétt saman birtist nafn á fallegu friðlandi. Sendið lausnarorðið fyrir 16. nóvember næstkomandi á **krossgata@frettabladid.is** merkt „12. nóvember“.

Í ÞÁ TÍÐ: Árið 1982

# Verklalýðshetja leyst úr haldi

**Andófsmaðurinn Lech Walesa leystur úr haldi kommúnistastjórnarinnar í Póllandi.**

Á þessum degi fyrir réttum 29 árum, hinn 12. nóvember árið 1982, var pólska verkalýðsleiðtoganum Lech Walesa sleppt úr haldi eftir 11 mánaða fangavist.

Walesa var rafvirki við skipasmíðastöðina í Gdansk, stofnaði verkalýðsfélagið Samstöðu tveimur árum áður, en það var fyrsta óháða verkalýðsfélagið í Póllandi.

Hann var um árabil óþægur ljár í þúfu fyrir kommúnistastjórnina í Varsjá og var hann undir sífelldu eftirliti og var margoft hnepptur í varðhald.

Samstöðu óx ásmegin og barátta þeirra naut stuðnings víða um heim, meðal annars hjá Jóhannesi Páli páfa. Eftir víðtækt verkfall var gengið að kröfum verkalýðshreyfingarinnar, meðal annars um félagafrelsi og verkfallsrétt almennings.

Walesa var kjörinn formaður félagsins í september 1981, en gleðin reyndist skammvinn því að í desember sama ár lýsti stjórnin, undir forystu Jarúselskís hershöfðingja, yfir herlögum.

Nýfengin réttindi borgaranna voru afnumin, Samstaða var lýst ólögleg og Walesa var tekinn höndum og geymdur í stofufangelsi á afskekktum sveitabæ.

Ýmislegt kallaði á þessar hörðu aðgerðir Jarúselskís, meðal annars hafði hann áhyggjur af því að Sovétríkin sæju ástæðu til þess að hafa afskipti af þróuninni í Póllandi, jafnvel beita hervaldi.

Verkalýðsöflin voru hins vegar ekki þögguð niður þar sem mótmælaalda braust út í Varsjá og öðrum borgum þar sem óeirðalögregla beitti táragasi og vatnsbyssum til að dreifa fjöldanum.

Walesa var því sleppt skömmu síðar þar sem hann „var ekki talinn ógna lögum og reglu“ að sögn stjórnvalda. Eftir að Walesa losnaði úr haldi hélt hann áfram andófsstarfi sínu og leiddi Samstöðu, sem starfaði neðanjarðar vegna banns stjórnvalda.



**SIGURVISS** Lech Walesa var bjartsýnn eftir að stjórnvöld létu undan kröfum verkalýðshreyfingarinnar árið 1981. Nokkrum vikum síðar var hann handtekinn og settur í stofufangelsi í tæpt ár. Hann slapp úr vistinni fyrir réttum 29 árum. NORDICPHOTOS/AFP

Baráttan skilaði sínu því herlögin voru afnumin í júlí árið 1983 og í október sama ár hlaut Walesa Friðarverðlaun Nóbels.

Næstu ár hélt þessi þróun áfram og í júní 1989 vann Samstaða mikinn kosningasigur og myndaði eftir það ríkisstjórn.

Járntjaldið féll skömmu síðar og Walesa var kjörinn forseti Póllands árið 1990. Hann gegndi því embætti til 1995 og hætti í stjórnmálum árið 2000.

Hans verður þó ávallt minnst sem persónugervings frelsisbaráttunnar í Póllandi.

- þj

*Heimildir: Nobelprize.org, BBC, Britannica*




Soffía Sæmundsdóttir
Veruleikans hugarsvið
Opnun kl. 15
laugardag 12. nóvember
Allir velkomnir



Þorvaldur Skúlason

Vefuppboð 16 – myndlist
12. - 28. nóvember
Listaverk eftir marga af helstu listamönnum þjóðarinnar eru á uppboðinu.

Vefuppboð 15 – bækur
12.11. - 3.12. 2011
Rúmlega 200 bækur verða boðnar upp, m.a. frumútgáfa af God rest you merry Gentlemen eftir Hemingway.

uppbod.is



John Lennon

Vefuppboð 14 – erlendir listamenn
Lýkur 14. nóvember

Listmunauppboð
Erum að taka á móti verkum á næstu uppboð
Áhugasamir geta haft samband í síma 551-0400

LISTMUNASALA fold
Rauðarárstígur 14, sími 551 0400 · www.myndlist.is
Opið virka daga 10–18, laugardaga kl. 11–16 og sunnudaga kl. 14–16



**LE KLINT** Joker loftljós, stórt. Svart, hvítt, rautt, fjólublátt. Kr. **24.990** fullt verð kr. ~~29.990.~~

**LE KLINT** Joker loftljós, lítið. Svart, hvítt, rautt, fjólublátt. Kr. **18.990** fullt verð kr. ~~24.990.~~

**HÚSGAGNAHÖLLIN**

*Jólin koma...*

# FALLEGAR JÓLAVÖRUR

## JÓLAVÖRURNAR ERU KOMNAR – MIKIÐ ÚRVAL – FRÁBÆRT VERÐ!



**JÓLASVEINAR**
Lítill Kr. **1.290**
Stór Kr. **3.990**

**SNJÓKARL**
Kr. **1.990**

**JÓLASTELPUR**
Lítill Kr. **2.690**
Stór Kr. **3.490**

**JÓLASVEINN**
Kr. **2.690** stk.

**JÓLAKERLING**
Kr. **2.690**

**JÓLAKARL**
Kr. **2.690**

**JÓLASVEINAR**
Kr. **990** stk.

**EPLAKERTI**
Kr. **1.290** 4 stk.

**JÓLASVEINAR**
Kr. **990** stk.

**HANGANDI JÓLASKRAUT**
verð frá Kr. **990**.



*Jólatilboð kaupauki*

PAVINA POSTULÍNSGLÖS FRÁ BODUM 0,45L 2. Í PK. FYLGJA MEÐ HVERRI 8 BOLLA BODUM PRESSUKÖNNU.

**KAUPAUKI BODUM** Pavina postulínsglös 0,45L 2. í pk.

**BODUM** 8 bolla pressukönnur. Verð frá kr. **5.990**.



*Jólatilboð*
**2000 KR. AFSLÁTTUR**

**LUKT** Kr. **4.990**
fullt verð kr. ~~6.990.~~



**KJ** skálar, 13 cm. 4 stk.
Kr. **990** fullt verð kr. ~~1.190.~~



**INTERIOR** kanna, margar gerðir
Kr. **390**



**ARISTO** kertastjaki stjarna. 2 stk.
Kr. **990** fullt verð kr. ~~1.490.~~

**ARISTO** kertastjaki. Fyrir 4 ljós.
Kr. **1.590** fullt verð kr. ~~1.990.~~

**HÚSGAGNAHÖLLIN** • Bíldshöfða 20 • Reykjavík • sími 585 7200 **OPIÐ:** Virka daga 10-18 • Laugardaga 12-18 • Sunnudaga 13-17

Verð eru birt með fyrirvara um prentvillu og/eða myndabrengl.
EXPO • www.expo.is

# tímamót

timamot@frettabladid.is



**ÞÓRBERGUR ÞÓRÐARSON** (1888-1974) rithöfundur lést þennan dag.

*„Ég er eins sannfærður um líf eftir dauðann eins og lífið fyrir dauðann."*

## Merkisatburðir

1905 Ný kirkja er vígð á Grund í Eyjafirði.
1905 Stækkun Fríkirkjunnar í Reykjavík er vígð.
1906 Blaðamannaávarpið er sett fram af ritstjórum sex helstu dagblaða á Íslandi.
1944 Þúsund manns farast þegar þýska skipið Tirpitz sekkur utan við Tromsø í Noregi.
1965 Hvassaleitisskóli er settur í fyrsta skipti.
1991 Íslenska stálfélagið hf. er tekið til gjaldþrotaskipta.
1994 Guðmundur Árni Stefánsson biðst lausnar sem félagsmálaráðherra og við tekur Rannveig Guðmundsdóttir.

**ÞETTA GERÐIST:** 12. NÓVEMBER 1967

## Flatey á Skjálfanda fer í eyði

Síðustu tíu íbúarnir í Flatey á Skjálfanda fluttu úr eyjunni þennan dag fyrir 44 árum.

Hundrað manns manns höfðu búið í Flatey fáum árum áður en þegar fólki fór að fækka þar fjaraði fljótt undan byggðinni af ýmsum ástæðum. Misserin áður en síðustu íbúarnir yfirgáfu eyjuna má segja að straumurinn lægi upp á land. Flestir fyrrverandi íbúar eyjarinnar settust að á Húsavík.

Þrátt fyrir fólksflóttann úr Flatey hafði verið unnið þar að hafnarbótum fram á síðasta dag og því var verkamönnum við þá iðju haldið samsæti á Akureyri þennan sama dag og síðustu íbúarnir yfirgáfu eyjuna.

Þrátt fyrir að heilsársbúseta í Flatey heyrði sögunni til frá þessum degi héldu margir Flateyingar áfram að nota eyna sem sumardvalarstað og vera þar með báta sína.




**Útfararþjónusta**
**Davíðs Ósvaldssonar ehf**



Davíð Ósvaldsson
*Útfararstjóri*
S. 551 3485/896 8284 (24 tíma vakt)
Óli Pétur Friðþjófsson
*Útfararstjóri* - S. 892 8947


Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **512 5000.**



**LISTAKONAN Í SÝNINGARSALNUM Í HÆÐARGARÐI 31** „Það er alltaf hægt að hafa fullt að gera og ekki sjálfgefið að hafa heilsu til að sinna því á þessum aldri," segir hún. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

KRISTJANA ÞÓRÐARDÓTTIR: 87 ÁRA MEÐ FYRSTU MÁLVERKASÝNINGUNA

# Fór að mála fyrir fimm árum

Það liggur nærri að panta verði viðtalstíma hjá hinni 87 ára Kristjönu Þórðardóttur, fyrrverandi matráðskonu hjá Skeljungi, svo mikið er um að vera hjá henni í félagslífinu. Nýlega opnaði hún sína fyrstu málverkasýningu í félagsmiðstöðinni að Hæðargarði 31 í Reykjavík. „Já, ég veit ekki hvað ég er að gera, svona gamalmenni, að vera að halda sýningu," segir hún hlæjandi. „Ég er nýflutt á dvalarheimili aldraðra í Seljahlíð og finnst þetta ekki alveg ríma saman." Viðurkennir samt að auðvitað sé þetta gaman. „Ég hef alltaf haft svo mikla ánægju af allri handavinnu og listiðnaði, þó ég hafi ekki getað sinnt því af alvöru fyrr en ég hætti að vinna utan heimilis. Ég byrjaði til dæmis ekki að mála með olíulitum fyrr en fyrir fimm árum, þegar ég var áttatíu og tveggja ára. Áður málaði ég mikið á postulín."

Allt eru það olíumálverk sem Kristjana sýnir. Hún kveðst hafa málað þau í félagsmiðstöðinni að Hæðargarði með yndislegum leiðbeinanda, Selmu Jónsdóttur og í frábærum hópi. „Annars hefði ég ekki haft svona gaman af þessu og enst svona lengi," segir hún. En þurfti ekki hugrekki til að fara að meðhöndla olíuliti á níræðisaldri? „Nei, það kom svolítið af sjálfu sér. Ég var farin að titra aðeins og það hentaði ekki í postulíninu en í olíumálun eru lengri strokur og ekki alveg eins mikil nákvæmni."

Kristjana átti heima í Viðey fram yfir fermingu en flutti þaðan árið 1939. „Afi minn og amma fluttu til Viðeyjar 1916 og foreldrar mínir og þeirra börn voru þau síðustu af þeirra fjölskyldu til að búa þar," segir hún og kemur með smá söguskýringu. „Það var svo mikil atvinnustarfsemi í Viðey á fyrri hluta síðustu aldar, stór útgerðarstöð og pabbi vann við bensínafgreiðslu því engin höfn var í Reykjavík og dönsk olíuskip skipuðu upp olíu í Viðey sem svo var sett á tunnur og flutt í land."

Spurð um aðsókn á sýninguna svarar Kristjana: „Það var mjög góð aðsókn þegar hún var opnuð, 74 skrifuðu sig þá í gestabókina og þó vissi ég um marga sem ekki gátu komið þann dag." Þegar hún er beðin um að stilla sér upp á mynd í sýningarsalnum segir hún. „Æ, það er búið að taka svo margar. Ég er ekki vön svona athygli og finnst þetta frekar óraunverulegt. Auðvitað er ég samt ánægð með þessar góðu viðtökur við sýningunni."

Nú heyrist kallað: „Bingó klukkan hálf tvö," fyrir aftan Kristjönu. „Já, það er alltaf hægt að hafa fullt að gera og auðvitað er ekki sjálfgefið að hafa heilsu til að sinna því á þessum aldri," eru lokaorð hennar í spjallinu.

gun@frettabladid.is



†

*Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi, langafi og bróðir,*

**Grétar Guðjónsson**

áður til heimilis að Melabraut 26, Seltjarnarnesi,

lést á heimili sínu, Hrafnistu, Hafnarfirði, miðvikudaginn 9. nóvember. Útför auglýst síðar.

**Guðjón Grétarsson**
**Gauti Grétarsson** **Hildigunnur Hilmarsdóttir**
**Sigrún María B. Guðjónsdóttir**
**Hildur B. Guðjónsdóttir** **Robert J. Riley**
**Arnold B. Cruz** **Erin Y. Cruz**
**Aron Gauti Gautason** **Kristina Nilssen**
**Tinna Laxdal Gautadóttir** **Hjalti Friðriksson**
**Daði Laxdal Gautason**
**langafabörn.**



†

*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,*

**Svanhildur Snæbjarnardóttir**

Áður til heimilis Hellu, Hellissandi,

lést á Hrafnistu í Reykjavík fimmtudaginn 10. nóvember. Útför hennar fer fram frá Ingjaldshólskirkju laugardaginn 19. nóvember kl. 14.00.

**Gunnar Már Kristófersson** **Auður Jónsdóttir**
**Steinunn J. Kristófersdóttir** **Lúðvík Lúðvíksson**
**Sigurjón Kristófersson** **Sigurlaug Hauksdóttir**
**Snæbjörn Kristófersson** **Kristín S. Karlsdóttir**
**Svanur K. Kristófersson** **Anna Bára Gunnarsdóttir**
**Þröstur Kristófersson** **Sigurbjörg E. Þráinsdóttir**
**Kristinn Valur Kristófersson** **Guðríður A. Ingólfsdóttir**
**ömmubörn, langömmubörn og langalangömmubörn.**



†

*Hjartans þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför elskulegrar móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,*

**Bryndísar Sveinsdóttur**

Sunnuvegi 9, Selfossi.

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki Fossheima fyrir góða umönnun.

**Ingvar Jónsson** **Þórdís Kristjánsdóttir**
**Þórir Jónsson**
**Pálmi Jónsson** **Guðrún Elíasdóttir**
**Guðmundur Jónsson** **Áslaug Pálsdóttir**
**Haukur Jónsson** **Aldís Anna Nielsen**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



†

*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Gyðríður Þorsteinsdóttir**

áður á Hlíðarbraut 8, Hafnarfirði,

sem lést laugardaginn 5. nóvember, verður jarðsungin frá Hafnarfjarðarkirkju mánudaginn 14. nóvember kl. 13.00.

**Þórir Ingvarsson** **Edda Jónasdóttir**
**Hjördís Edda Ingvarsdóttir** **Jón Vignir Karlsson**
**Sigríður Ólöf Ingvarsdóttir**
**Þuríður Guðný Ingvarsdóttir** **Árni Pálsson**
**Ingveldur Ingvarsdóttir** **Benedikt Jónasson**
**barnabörn og langömmubörn.**




**TILBOÐSDAGAR**

Frí uppsetning á höfuðborgarsvæðinu og frí sending út á land á legsteinum sem pantaðir eru í nóvember.

***MOSAIK***
Hamarshöfða 4 • 110 Reykjavík
sími 587 1960 • www.mosaik.is

# Eldhugar í lífi og starfi



BJÖRG ÁRNADÓTTIR
SKRÁÐI




JPV ÚTGÁFA
www.forlagid.is

Hjónin og prestarnir Bjarni Karlsson og Jóna Hrönn Bolladóttir eru lífsglaðir og ærslafullir húmoristar, eldheitt trúfólk sem fer ótroðnar slóðir. Hér segja þau í einlægni frá sjálfum sér, viðhorfum sínum, lífi og trú.

*www.forlagid.is – alvöru bókaverslun á netinu*



*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Oddný Pétursdóttir**

andaðist á hjúkrunardeild Hrafnistu í Hafnarfirði fimmtudaginn 10. nóvember. Útförin fer fram frá Víðistaðakirkju, Hafnarfirði, fimmtudaginn 17. nóvember kl. 15.00.

| | |
|---|---|
| Sigurður Ólafsson | Ásdís Finnbogadóttir |
| Örn Ólafsson | Margrét Gledhill |
| Ólafur Þröstur Ólafsson | Agnes Sigurðardóttir |
| Valur Ólafsson | Auður Arna Guðfinnsdóttir |

barnabörn og barnabarnabörn



*Innilegar þakkir sendum við öllum þeim sem sem sýndu okkur samhug og hlýhug við andlát og útför ástkærs eiginmanns, föður okkar, tengdaföður og afa,*

**Haraldar Bergþórssonar.**

Guðrún I. Magnúsdóttir

| | |
|---|---|
| Magnús Haraldsson | Heiða Pálmadóttir |
| Björn Haraldsson | |
| Sverrir Haraldsson | Guðrún Guðbjörnsdóttir |
| Bergþór Haraldsson | María Guðrún Jónsdóttir |

og barnabörn



*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,*

**Matthías Á. Mathiesen**

lést á Hrafnistu, Hafnarfirði, 9. nóvember. Útförin fer fram frá Hafnarfjarðarkirkju fimmtudaginn 17. nóvember kl. 13.00.

Sigrún Þ. Mathiesen

| | |
|---|---|
| Árni M. Mathiesen | Steinunn K. Friðjónsdóttir |
| Halldóra M. Mathiesen | Frosti Bergsson |

Þorgils Óttar Mathiesen

Matthías Árni, Bergur, Sigrún, Kristín Unnur, Halla Sigrún, Einar Páll og Arna Steinunn.



*Elskuleg systir okkar,*

**Þórhildur Hrefna Jóhannesdóttir**

frá Garði á Skagaströnd, Dvalarheimilinu Sæborg, Skagaströnd,

lést á Heilbrigðisstofnuninni á Blönduósi miðvikudaginn 9. nóvember.

Guðmundur Jóhannesson
Guðrún Jóhannesdóttir
og aðrir aðstandendur.



*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Dómhildur Ástríður Guðmundsdóttir**

Hrafnistu í Reykjavík, áður Rauðalæk 25,

lést á Hrafnistu þriðjudaginn 8. nóvember. Útför hennar fer fram frá Grafarvogskirkju miðvikudaginn 16. nóvember kl. 13.00.

| | |
|---|---|
| Sigríður Árnadóttir Bernhöft | Birgir Bernhöft |
| Magnús Árnason | Guðný Guðmundsdóttir |
| Marta Árnadóttir | Hafsteinn Daníelsson |

barnabörn og barnabarnabörn



*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Dorothea Helga Hjaltadóttir**

Suðurgötu 17, Sandgerði,

lést á Garðvangi mánudaginn 24. október. Útför hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

| | |
|---|---|
| Elenora Margrét Sigurðardóttir | Sighvatur Sigurðsson |
| Hjalti Ástþór Sigurðsson | Guðbjörg María Guðlaugsdóttir |
| Margeir Sigurðsson | Hafdís Þórhallsdóttir |

barnabörn og barnabarnabörn.



*Innilegar þakkir fyrir hlýhug og samúðarkveðjur við andlát og útför ástkærs eiginmanns míns, föður okkar og tengdaföður, afa og langafa,*

**Ólafs Pálssonar**

verkfræðings, Brekkugerði 4,

sem lést á hjúkrunarheimilinu Eir 4. október 2011.

Anna Sigríður Björnsdóttir

| | |
|---|---|
| Björn Ólafsson | Helga Magnúsdóttir |
| Sigríður Ólafsdóttir | Björn Már Ólafsson |
| Marta Ólafsdóttir | Sigurður Stefánsson |
| Unnur Ólafsdóttir | Þórarinn Eldjárn |
| Páll Ólafsson | Elínborg Guðmundsdóttir |
| Kjartan Ólafsson | Álfrún G. Guðrúnardóttir |
| Sveinn Ólafsson | Auður Gyða Ágústsdóttir |

barnabörn og barnabarnabörn



*Innilegustu þakkir til allra þeirra sem sýndu samúð og hlýhug við andlát og útför okkar ástkæra*

**Þorsteins Steingrímssonar**

Eyjabakka 14, Reykjavík.

| | |
|---|---|
| Kristrún Ellertsdóttir | |
| Kolbrún Þorsteinsdóttir | Matthías Loftsson |
| Þorsteinn Rúnar Kjartansson | Arna Huld Sigurðardóttir |
| Lilja Björg Kjartansdóttir | Erlendur Ingi Jónsson |

og barnabarnabörn.



*Ástkær móðir okkar, tengdamamma, amma og langamma,*

**Kristjana Gísladóttir**

sem lést laugardaginn 5. nóvember á Landspítalanum, Hringbraut, verður jarðsungin frá Hallgrímskirkju þann 23. nóvember kl. 13.00.

| | |
|---|---|
| Þorbjörg Steins Gestsdóttir | Guðmundur Helgi Gústafsson |
| Magdalena Lára Gestsdóttir | Pétur Haukur Helgason |

barnabörn og barnabarnabörn

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is**.

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **512 5000**.



**NEMENDUR Í HOLTASKÓLA** Kátir krakkar í frímínútum í nóvember 2009. MYND/REYKJANESBÆR

# Saga barna hluti af sögu þjóðar

Leikir barna eru í brennidepli í farandsýningunni Ekki snerta jörðina sem verður opnuð í geymsluhúsnæði Byggðasafns Reykjanesbæjar, Rammanum, í Innri-Njarðvík í dag. Sýningin segir sögu um leiki barna á 21. öldinni og er opin í dag og á morgun frá 13 til 16. Ekkert kostar inn.

Byggðasafn Reykjanesbæjar tók þátt í rannsóknarverkefni á leikjum 10 ára barna ásamt sjö öðrum söfnum víðs vegar um landið árið 2009. Rannsóknin fór þannig fram að einn tíu ára bekkur í Holtaskóla var heimsóttur og börnin spurð hvaða leiki þeim þætti skemmtilegast að fara í og með hvaða leikföng þau léku sér. Í ljós kom að fótbolti var langvinsælasti leikurinn þar sem annars staðar.

Auk farandsýningarinnar eru ýmsir gripir til sýnis úr safneigninni sem snerta sögu barna, svo sem leikföng og húsgögn.

Ramminn er í Innri-Njarðvík, rétt hjá húsi Kaffitárs við Reykjanesbraut. Í Rammanum er líka flóamarkaður. **- gun**

# Klassískar myndir

Ákveðið hefur verið að halda sýningum Mánudagsbíós í Háskólabíói áfram. Klassískar kvikmyndir frá ýmsum tímum hafa verið sýndar á mánudögum klukkan 20 í tilefni aldarafmælis Háskóla Íslands og hálfrar aldar afmæli Háskólabíós.

Kvikmynd næsta mánudagskvölds, Coming to America, er talin vera sú sem gerði Eddie Murphy að ofurstjörnu á 9. áratugnum en í henni bregður Murphy sér í gervi fjölda ólíkra karaktera. Myndin er frá árinu 1988. **- jma**



**COMING TO AMERICA** Er ein af þekktari kvikmyndum 9. áratugarins.



*Innilegar þakkir til allra sem sýndu okkur samúð og hlýhug vegna andláts og útfarar elskulegs eiginmanns, föður, tengdaföður, afa og langafa,*

**Guðmundar S. Jónssonar**

Ærlæk.

| | |
|---|---|
| Guðný Jóna Tryggvadóttir | |
| Guðrún Guðmundsdóttir | Gísli Halldórsson |
| Jón Halldór Guðmundsson | Guðný María Sigurðardóttir |
| | Kristján Þráinsson |
| Tryggvi Arnsteinn Guðmundsson | Guðrún Torfadóttir |

afabörn og langafabörn.



*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Jóhanna R. Jóhannesdóttir**

Asparholti 3, Álftanesi,

sem lést á líknardeild Landspítalans á Landakoti þann 3. nóvember 2011, verður jarðsungin frá Bessastaðakirkju mánudaginn 14. nóvember kl. 15.00.

| | |
|---|---|
| Jóhannes Stefánsson | Guðný Guðmundsdóttir |
| Ingvar Stefánsson | |
| Kristín Stefánsdóttir | Lárus Rúnar Ástvaldsson |

barnabörn og barnabarnabörn.

Alþjóðleg athafnavika á Íslandi
www.athafnavika.is



# HR Í ALÞJÓÐLEGRI ATHAFNAVIKU

## FÖGNUM ALÞJÓÐLEGRI ATHAFNAVIKU – TÖKUM VIRKAN ÞÁTT

**MÁNUDAGUR 14. NÓVEMBER**
**HRV-ENGINEERING OG NÝSKÖPUN Í ÍSLENSKRI VERKEFNASTJÓRNUN**

Málstofan er samstarfsverkefni MPM-námsins (Master of Project Management) og HRV-Engineering sem er fyrirtæki sem helgar sig verkefnastjórnun í stórum alþjóðlegum verkefnum.

- **Draumur í dós** – Dr. Haukur Ingi Jónasson, lektor við tækni- og verkfræðideild Háskólans í Reykjavík og forstöðumaður MPM-námsins
- **Nýsköpun í verkefnastjórnun** – Dr. Helgi Þór Ingason, dósent við tækni- og verkfræðideild Háskólans í Reykjavík og forstöðumaður MPM-námsins
- **HRV-Engineering og nýsköpun í íslenskri verkefnastjórnun** – Dr. Þröstur Guðmundsson, framkvæmdastjóri Þekkingarkjarna HRV-Engineering
  Fundarstjóri: **Dr. Haukur Ingi Jónasson**.
  **Stund:** Kl. 11:30–12:30. **Staður:** Háskólinn í Reykjavík, M209.

**MIÐVIKUDAGUR 16. NÓVEMBER**
**SIMULATION AND ARTIFICIAL INTELLIGENCE RESEARCH AT THE ICELANDIC INSTITUTE FOR INTELLIGENT MACHINES**

- **Robust Continuous Machine Learning** - Dr. J. Deon Garrett, IIIM and Assistant Professor, School of Computer Science at RU
- **Building Artificial Economies** - Dr. Jacky Mallett, IIIM and Postdoctoral Researcher, School of Science and Engineering at RU
- **Socially Intelligent Characters** - Claudio Pedica, IIIM
  Moderator: **Dr. J. Deon Garrett**.
  **Time:** 12:00–13:00. **Place:** Reykjavik University, V102.

- **LÖGFRÆÐIÞJÓNUSTA LÖGRÉTTU** | Lögfræðiþjónusta Lögréttu, félags laganema við Háskólann í Reykjavík, veitir endurgjaldslausa lögfræðiráðgjöf á ýmsum réttarsviðum sem snúa m.a. að stofnun fyrirtækja og nýsköpun | **Stund:** Kl. 17:00–20:00. **Staður:** Háskólinn í Reykjavík, Sólin.

**FIMMTUDAGUR 17. NÓVEMBER**
**TÆKNIÞRÓUN OG NÝJUNGAR Í NOTKUN FARSÍMA**

- **Veskið – NFC og Mobile Apps** – Steinar Guðmundsson, sérfræðingur hjá Valitor
- **Öryggi símtækja og viðkvæmar upplýsingar** – Theódór Ragnar Gíslason, sérfræðingur í tæknilegum öryggismálum og öryggisveikleikum í kerfum og hugbúnaði
  Fundarstjóri: **Guðmundur Sveinsson,** formaður Tvíundar, félags tölvunarfræði-, stærðfræði- og hugbúnaðarverkfræðinema við HR.
  **Stund:** Kl. 08:30–09:30. **Staður:** Háskólinn í Reykjavík, V102.

**NÝSKÖPUN Í ORKUGEIRANUM – TÆKIFÆRI Í JARÐVARMA**

- **Framtíð í frumkröftum jarðar** – Óli Grétar Blöndal Sveinsson, framkvæmdarstjóri þróunarsviðs Landsvirkjunar
- **Að temja borholu** – Steindór Hjartarsson, meistaranemi REYST hjá HR
- **Hvernig búum við til prótín úr brennisteinsvetni** – Arnþór Ævarsson, framkvæmdarstjóri Prókatín
  Fundarstjóri: **Guðrún Sævarsdóttir**, dósent og sviðsstjóri véla og rafmagnssviðs við tækni- og verkfræðideild HR.
  **Stund:** Kl. 12:00–13:00. **Staður:** Háskólinn í Reykjavík, V101 – ANTARES.

**VINNUSTOFA:** TÆKNIÞRÓUN Í JARÐVARMA – TÆKIFÆRI Á HEIMSVÍSU | **Stund:** Kl. 13:45–16:15. **Staður:** Háskólinn í Reykjavík.
Ath. takmarkaður sætafjöldi er á vinnustofuna – Skráning á vinnustofu fer fram á **skraning@hr.is**.

**FÖSTUDAGUR 18. NÓVEMBER**
**TÆKIFÆRI OG ÁSKORANIR Í ÍSLENSKUM FATAIÐNAÐI**

- Katrín María Káradóttir, aðjúnkt við hönnunar- og arkitektúrdeild Listaháskóla Íslands
- Rúnar Ómarsson, einn stofnenda og eigenda Nikita
- Fulltrúi frá Samtökum iðnaðarins
- Björn H. Reynisson, verkefnastjóri í markaðsþróun hjá Íslandsstofu
- Ingibjörg Gréta Gísladóttir, framkvæmdastjóri Reykjavik Runway
- Elínrós Líndal, forstjóri ELLU og MBA frá HR
  **Stund:** Kl. 14:00–16:00. **Staður:** Háskólinn í Reykjavík, M103.

Sjá nánar á:
www.athafnavika.is
www.hr.is/athafnavika

HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVIK UNIVERSITY



**Y8.COM** er leikjasíða þar sem hægt er að spila ókeypis leiki. Þar eru dýraleikir, bílaleikir og fótboltaleikir svo dæmi séu nefnd. Sjá nánar á www.y8.com

## Fjallabúinn Róbert fer til byggða

8

Bragi Halldórsson

Eftir alla þessa fræðslu var Róbert mjög feginn þegar bjallan hringdi út í frímínútur. Hann fór því með Lísuloppu og Konráði út í góða veðrið að hvíla sig frá náminu og viðra sig aðeins. „Nei sjáið þið," hrópaði Lísaloppa upp yfir sig. „Það er allt fullt af litríkum fallegum fiðrildum flögrandi hér um skólalóðina." „Þetta eru nú bara eins og málningarslettur fyrir mér," sagði Róbert og gladdist lítið yfir fiðrildunum. „Mikið eru þetta margar tegundir," sagði Konráð. „Ég sé bara engin tvö eins." „Jú Konráð," sagði Lísaloppa. „Ég sé tvö sem eru eins."

Getur þú séð hvaða tvö fiðrildi eru eins?







## BRANDARAKISTAN

**Sjúklingur: „Læknir, konan mín segir að ég éti eins og hestur."**
**Læknir: Heyrðu góði, taktu grasið út úr þér, ég heyri varla hvað þú segir."**

**Sjúklingur: „Ég hef ekki sofið í marga daga."**
**Læknir: „Af hverju ekki?"**
**Sjúklingur: „Ég sef á næturnar."**

**Pabbinn: „Heldur þú að sonur okkar hafi allar gáfurnar frá mér?"**
**Mamman: „Það hlýtur að vera. Ég hef mínar enn þá."**

**Svo var það Skotinn sem var svo nískur að hann hló eingöngu á kostnað annarra.**

**Heimild: Hlæjum hátt með Hemma Gunn. 1000 brandarar og gamansögur.**

*Þú getur sent brandara til* ***krakkar@frettabladid.is***

# BEINAGRINDUR OG GULL

**Bjarni F. Einarsson fornleifafræðingur hefur fundið alls kyns spennandi hluti um ævina. Einu sinni gróf hann upp gullhring frá 14. öld og í annað skipti heilar 180 beinagrindur. Hann var samt ekkert hræddur.**

***Fornleifar, hvað er nú eiginlega það?*** „Öll mannvirki, eins og hús, grafir, sel, fornleiðir og yfirgefnir kirkjugarðar svo að eitthvað sé nefnt og eru eldri en 100 ára teljast til fornleifa."

***Eru þær eitthvað merkilegar?*** „Já, vegna þess að í þeim er fólgin saga um fólk sem er löngu dáið og skildi ekkert annað eftir sig en mannvirki og hús."

***Flokkast ryðgað hjól eða myglaður ostur sem fornleifar?*** „Ryðgað hjól getur verið forngripur ef það er eldra en 100 ára en myglaður ostur sem finnst í búri yrði talin til sýna, en ekki forngripa."

***Af hverju ákvaðst þú að verða fornleifafræðingur?*** „Þegar ég var sjö ára fór ég oft á Þjóðminjasafnið þegar veðrið var leiðinlegt og enginn vildi vera í indíánaleik eða bófahasar. Þar sá ég beinagrind af konu frá Hafurbjarnarstöðum rétt hjá Sandgerði. Ég var heillaður af þessari konu vegna þess að hún var fædd á svipuðum slóðum og ég. Svo komst ég að því að sá sem réði öllu á safninu væri fornleifafræðingur og þar með voru örlög mín ráðin. Í dag liggur beinagrindin ofan í gólfinu á Þjóðminjasafninu, undir gleri."

***Hefurðu sjálfur fundið beinagrind?*** „Ég hef fundið margar beinagrindur, þó aðallega erlendis. Einu sinni gróf ég ásamt nokkrum öðrum fornleifafræðingum og nemendum um 180 beinagrindur. Elsta beinagrindin var frá því um 1000 fyrir Krist. Yngsta beinagrindin var af stelpu frá víkingaöld, eða frá því um 800-900 eftir Krist. Ég hef líka grafið í gröf þar sem kallinn á bænum hafði sett sínar eigin tennur á meðal hinna tannanna í gröfinni. Upp komst um kall fljótt og platið mistókst."

> Ég hef líka grafið í gröf þar sem kallinn á bænum hafði sett sínar eigin tennur á meðal hinna tannanna í gröfinni. Upp komst um kall fljótt og platið mistókst.

***Varstu hræddur?*** „Ég var ekki hræddur, en nemi sem var með í för öskraði af hræðslu þegar hauskúpa datt út úr sandbakka sem hann var að hreinsa."

***En hefurðu einhvern tímann grafið upp risaeðlubein eða risaeðluegg?*** „Risaeðlubein eða egg hef ég aldrei fundið vegna þess að Ísland var ekki til þegar risaeðlur gengu um jörðina."

***En gull eða falinn fjársjóð?*** „Gull hef ég fundið, til dæmis gullhring í búrinu á Bæ í Öræfasveit. Hann var bara átta karöt, en hefur þótt flottur árið 1362."

***Máttu eiga eitthvað sjálfur af því sem þú finnur?*** „Allt sem ég finn við rannsóknir er eign þjóðarinnar, okkar sem búum í landinu."

***Hvert fara þá fornleifarnar þegar búið er að rannsaka þær, á Sorpu eða í sjóinn kannski?*** „Allir forngripir fara að lokum á Þjóðminjasafn Íslands til framtíðar varðveislu eða á annan stað sem hlotið hefur samþykki til þess að geyma þá."

***Hvar er hægt að skoða þá?*** „Forngripi er til dæmis hægt að skoða á flestöllum söfnum út um allt land, á Þjóðminjasafninu, Landnámssýningunni í Aðalstræti í Reykjavík, Minjasafni Akureyrar, á Skógarsafni undir Eyjafjöllum, Minjasafni Austfjarða á Egilstöðum og Víkingaheimum í Reykjanesbæ. Svo hafa sum sveitarfélög skráð sínar fornleifar. Best er að kynna sér skrárnar til að fá upplýsingar um hvers kyns fornleifar er að ræða."








## KRAKKARÝNI

Hólmfríður Hafliðadóttir

LEIKHÚS ★★★★½

### Töfraflautan

Hólmfríður Hafliðadóttir er 12 ára nemandi í Laugalækjarskóla. Hún fór að sjá Töfraflautuna í Hörpunni um síðustu helgi og skemmti sér hið besta. Allavega væri hún alveg til í að fara aftur.

„Já, sýningin var fyndin, skemmtileg og tónlistin frábær," segir Hólmfríður en hún fór með mömmu sinni og pabba og systur á sýninguna. En skemmtu þau sér jafn vel og hún?

„Já, þau hlógu mikið."

Spurð hvaða lag Hólmfríði hafi fundist skemmtilegast í sýningunni er hún ekki lengi að svara, lag Næturdrottningarinnar.

Henni fannst ekkert lag leiðinlegt á allri sýningunni en þegar hún er spurð hvort einhver persóna í sýningunni hafi verið leiðinleg dettur henni helst í hug Sarastró. Papagenó hafi hins vegar verið skemmtilegastur.

En hvernig fannst henni leikmyndin? „Hún var skrýtin en á flottan hátt," segir Hólmfríður og bætir við að flestir krakkar ættu að geta haft gaman af Töfraflautunni. „Þeir sem kunna að lesa og þekkja söguna pínu ættu að hafa gaman af sýningunni, en þetta skýrist allt á endanum. Ég gef henni fjórar og hálfa stjörnu."



Hólmfríður Hafliðadóttir, nemandi í Laugalækjarskóla, gefur Töfraflautunni fjórar og hálfa stjörnu.
FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN


BT
allt að verða klárt fyrir jólin
DVD
5.999
Simpsons sería 14
2.699
Transformers 3
2.699
Cars 2
leikir
11.999
Battlefield 3
11.999
Modern Warfare 3
11.999
Uncharted 3
tónlist
2.599
Hjálmar
2.999
Ingimar Eydal
2.599
Ingó
SAMSUNG
10.000 kr. afsláttur
89.999
áður 99.999
Samsung LCD D455
1366x768 - HD Ready
32"
SAMSUNG
20.000 kr. afsláttur
109.999
áður 129.999
Samsung LCD D555
1920x1080 - Full HD
32"
SAMSUNG símar
Galaxy Mini
27.999
Galaxy Gio
37.999
Galaxy SII
109.999
mp3 spilarar
Coby 620 4gb
10.999
Coby 827 4gb
13.999
Snertiskjár
Coby 828 8gb
Snertiskjár
18.999
ION Tape Express
gömlu kassetturnar yfir í tölvu
Nýtt
7.999
ION Trommusett
59.999
29.999
ION
Discover DJ Pro
ION AnyRoom þráðlaus hátalari fyrir Ipod
29.999
Nýtt
17.999
ION
Key49 hljómborð
komdu og kynntu þér fartölvurnar frá
SAMSUNG
SAMSUNG
19.999
ES70 stafræn myndavél
12.2 megapixlar
SAMSUNG
22.999
PL120 stafræn myndavél
14.4 megapixlar
SAMSUNG
79.899
EX1 stafræn myndavél
10 MP - 3" hreyfanlegur skjár
þú getur verslað allan sólarhringinn á www.bt.is
BT Skeifan - BT Glerártorg - S: 550-4444 // www.bt.is - alltaf opið

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

LAUGARDAGUR **OPNUM KLUKKAN TÍU** LA




**1998** KR. PK.

**ARIEL ÞVOTTAEFNI 50 SKAMMTAR**




**259** KR. STK.

**ÞVOTTAMÝKIR 750 ML**




**259** KR. 650ML

**UPPÞVOTTALÖGUR**




**98** KR. 180 G

**GRÆNT PESTÓ**

BEST FYRIR JAN 2012




**129** KR. DS

**BÓNUS SÝRÐUR RJÓMI**

10 EÐA 18% 185 ml



**129** KR. STK.

BÓNUS **NÝBAKAÐ BAGUTTE**




**298** KR. 500 G

**DOLMIO SPAGHETTISÓSUR**



**SPAGHETTI BOLOGNESI**

Ósvikna ítalska uppskrift finnur þú á heimasíðunni bonus.is/uppskriftir: Spaghetti Bolognese




**249** KR. 1 KG.

1 KG. **BARILLA SPAGHETTI**

NAUTA Veisla NAUTA Veisla NAUTA Veisla NAUTA Veisla NAUTA Veisla NAUTA Veisla NAUTA Veisla




**1198** KR. KG

**FERSKT 100% NAUTAHAKK**




**1598** KR. KG

**FERSKT NAUTAGÚLLAS**




**1898** KR. KG

**FERSK NAUTAPIPARSTEIK**




**1598** KR. KG

**FERSKT NAUTASNITSEL**




**598** KR. PK

**FJÓRIR NAUTABORGARAR 80G MEÐ BRAUÐI**

BÓNUS BÝÐUR BETUR

Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA VISA Vildarklúbbur

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

UGARDAGUR **OPNUM KLUKKAN TÍU**




**ROBIN CLEMENTÍNUR 2.3 KG. KASSI 798 KR.**



398 KR. KG.

BEINT FRÁ NÝJA SJÁLANDI **LÍFRÆN EPLI**



398 KR. PK.

700 GRÖMM PÖKKUÐ **HONEY EPLI**




398 KR. PK

1.3 KG. AMERÍSK **MACHINTOSH EPLI**



195 KR. KG.

**PAKKAÐAR APPELSÍNUR**






598 KR. 1 KG

1 KG. FRÁ DANMÖRKU **FROSNIR MANGÓBITAR**




359 KR. 500 G

FRÁ AKURSELI 500 GRÖMM

**LÍFRÆNT RÆKTAÐAR GULRÆTUR**




498 KR. 1.2 KG

1.2 KG. FRÁ DANMÖRKU **JARÐARBER FROSIN**

BÓNUS BÝÐUR BETUR

Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA

VISA Vildarklúbbur

## krossgáta



**LÁRÉTT**
**2.** íþróttafélag, **6.** kyrrð, **8.** slagbrandur, **9.** svelg, **11.** berist til, **12.** veisla, **14.** hestur, **16.** nafnorð, **17.** skaut, **18.** utanhúss, **20.** á fæti, **21.** sjúkdómur.

**LÓÐRÉTT**
**1.** hald, **3.** í röð, **4.** hvítingi, **5.** þrot, **7.** æðibunugangs, **10.** dýrahljóð, **13.** fjör, **15.** slæma, **16.** nudda, **19. 999.**

**LAUSN**
**LÁRÉTT: 2.** fram, **6.** ró, **8.** slá, **9.** iðu, **11.** bt, **12.** partí, **14.** gráni, **16.** no, **17.** pól, **18.** úti, **20.** il, **21.** asmi.
**LÓÐRÉTT: 1.** grip, **3.** rs, **4.** albínói, **5.** mát, **7.** óðagots, **10.** urr, **13.** táp, **15.** illa, **16.** núa, **19.** im.


# Íbúðahúsalóðir í Kópavogi

## Rjúpnahæð, Hnoðraholt, Smalaholt, Þing og Kópavogsbrún.

**Úthlutun á byggingarrétti**
Kópavogsbær auglýsir til úthlutunar byggingarrétt á lóðum samkvæmt nýju deiliskipulagi á Rjúpnahæð. Um er að ræða fjölbreytt úrval lóða fyrir einbýlishús, parhús, raðhús, fjórbýlishús, klasahús og fjölbýlishús. Frá Rjúpnahæð er glæsilegt útsýni til allra átta. Einstök útivistarsvæði eru í næsta nágrenni svo sem Elliðavatn, Vífilsstaðavatn, Guðmundarlundur, Heiðmörk og glæsilegur golfvöllur. Enn fremur eru lausar til umsóknar lóðir í Hnoðraholti, Smalaholti, Þingum og í Kópavogsbrún. **Lóðirnar eru nú þegar byggingarhæfar.**

**Skipulagsuppdrættir, skilmálar, umsóknareyðublöð, úthlutunarreglur og upplýsingar um verð eru aðgengilegar á vefsíðu Kópavogsbæjar www.kopavogur.is.**

Nánari upplýsingar eru einnig veittar hjá umhverfissviði Kópavogsbæjar.

Umsóknum skal skilað á rafrænu formi á þar til gerðum eyðublöðum á heimasíðu bæjarins. Þeir sem ekki hafa tök á að sækja um rafrænt geta nálgast umsóknareyðublöð í þjónustuveri Kópavogsbæjar, Fannborg 2, Kópavogi, 1. hæð og skilað umsóknum á sama stað.

**Vakin er athygli á reglum Kópavogsbæjar um úthlutun á byggingarrétti fyrir íbúðahúsnæði.**

Þá er jafnframt vakin sérstök athygli á því að umsóknum einstaklinga um byggingarrétt þarf að fylgja staðfesting banka eða lánastofnunar á greiðsluhæfi. Lágmarksviðmið um greiðsluhæfi er kr. 40.000.000 fyrir einbýlishús og kr. 35.000.000 fyrir rað- og parhús. Skattframtal síðasta árs skal enn fremur fylgja umsókn. Fyrirtækjum ber að skila ársreikningi sínum fyrir síðasta framtalsár árituðum af löggiltum endurskoðanda.

Umsóknir eru teknar fyrir á fundum framkvæmdaráðs einu sinni í mánuði að jafnaði. **Umsóknir ásamt öllum fylgigögnum þurfa að berast a.m.k. 2 dögum fyrir fund.** Nánari upplýsingar um fundartíma fást hjá umhverfissviði Kópavogsbæjar.

**Bæjarstjórinn í Kópavogi**



FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

FÁÐU BEITTUSTU BRANDARANA Í SÍMANN

m.visir.is
Fáðu Vísi í símann!

Skopmyndir Halldórs Baldurssonar eru á Vísi

Meira sjónvarp, meira útvarp, meiri fréttir, meiri upplýsingar, meiri umræða, meira líf, meiri íþróttir, meiri virkni, meira úrval. Þú færð meira af öllu á Vísi.

Meiri Vísir.

vísir


# Ályktunargáfa Hæstaréttar

**BAKÞANKAR**
**Davíðs Þórs Jónssonar**



Stundum rekur maður augun í fréttir sem verða þess valdandi að maður rekur upp stór augu og hristir höfuðið. Þetta eru ekki alltaf stórfréttir. Í síðustu viku var t.d. smáklausa á bls. 2 í Fréttablaðinu undir fyrirsögninni „Mildari refsing ofbeldismanns“. Forsaga málsins er sú að maður nokkur gekk svo í skrokk á fyrrverandi sambýliskonu sinni að hún sá sér þann kost vænstan að fleygja sér fram af svölum til að flýja ofbeldið. Hæstiréttur komst að þeirri niðurstöðu að ofbeldismaðurinn væri ekki ábyrgur fyrir áverkunum sem konan hlaut af fallinu, aðeins áverkunum af barsmíðunum. Refsing mannsins var því milduð úr tveggja ára fangelsi í 18 mánuði og skaðabæturnar sem honum var gert að greiða henni voru lækkaðar úr 860.000 kr. í 300.000 kr.

**MIKIÐ** hlýtur að vanta upp á að nógu ítarlega sé greint frá öllum málavöxtum í þessu greinarkorni til að nokkrum óbrjáluðum manni geti fundist heil brú í þessari niðurstöðu. Á kona þessi sér langa sögu af áráttukenndri hegðun sem lýsir sér í því að hún er sýknt og heilagt að fleygja sér fram af svölum og því bendi ekkert til þess að sú ákvörðun hennar að láta vaða hafi staðið í einhverju sambandi við barsmíðarnar sem hún sætti alveg þangað til hún stökk? Iðkaði konan „base-jump“ af slíkri ástríðu að hún lét það ekki aftra sér frá því að stunda íþrótt sína að verið væri að lúberja hana? Ég hef ekki hugmyndaflug til að láta mér detta í hug fleiri skýringar sem gætu réttlætt þessa niðurstöðu. Hvernig í ósköpunum getur það talist ósannað að maðurinn beri ábyrgð á fallinu?

**AUÐVITAÐ** breytir það ósköp litlu í hinu stóra samhengi hvort maðurinn kemur sex mánuðum fyrr eða síðar úr fangelsi til að halda uppteknum hætti, sem rannsóknir sýna að allar líkur eru á að hann geri fái hann ekki meðferð við ofbeldishegðun sinni í afplánuninni. En hægt er að berja allmargar konur á sex mánuðum og þessi dómur getur því skipt sköpum í lífi þeirra sem verða á vegi hans þessa sex mánuði sem hann öðrum kosti hefði verið á bak við lás og slá.

**SAMT** fæ ég ekki betur séð en að Hæstiréttur hafi með þessum úrskurði sett fram uppskrift að því hvernig drepa megi mann og komast upp með það: Hrekja hann fram af klettum. Sé Hæstiréttur sjálfum sér samkvæmur þyrfti hann að komast að þeirri niðurstöðu að það hefðu ekki verið hrakningarnar sem drápu manninn, heldur lendingin.

## myndasögur

**Pondus** Eftir Frode Øverli




**Gelgjan** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**Handan við hornið** Eftir Tony Lopes




**Barnalán** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



Tónlist ★★★

**Sinfóníuhljómsveit Íslands**
Einleikari: Jósef Ognibene.
Stjórnandi: Petri Sakari.

**Eldborg í Hörpu**

## Hefði þurft hraðspólun

Vinkona mín spurði mig í hléinu á Sinfóníutónleikunum á fimmtudagskvöldið hvort níunda sinfónían eftir Mahler væri ekki eins konar dauðarokk.

Það er nokkuð til í því. Svona í mjög óeiginlegri merkingu! Í dauðarokkinu er farið lengra en í annarri rokktónlist, og Mahler var svo sem ekkert að hemja sig heldur. Níunda sinfónían er tröllaukin, nánast helmingi lengri en sambærileg stórvirki eftir Beethoven og Brahms. Rétt eins og í dauðarokkinu er stemningin líka myrk, enda var Mahler heilsutæpur þegar hann samdi sinfóníuna. Hann vissi að hann átti ekki langt eftir ólifað.

Vissulega er sinfónían falleg. Það eru í henni hrífandi augnablik; hún er magnað skáldverk. En hún er svo stórbrotin og löng að flutningurinn þarf að vera innblásin snilld ef hún á ekki að virka óþolandi langdregin.

Hljómsveitin spilaði jú vel, tæknilega séð. Leikur hennar kom ágætlega út í hljómburði Eldborgarinnar. Örveikir kaflar heyrðust alveg skýrt. Strengirnir voru silkimjúkir og notalega breiðir, málmblásturinn skær og fallegur. Tréblásararnir voru pottþéttir og heildartónninn var almennt fágaður og flottur.

Túlkun hljómsveitarstjórans, Petri Sakari, var líka smekkleg og ágætlega mótuð. En það vantaði andagiftina. Sinfónían komst aldrei almennilega á flug. Í staðinn varð hún skelfilega langdregin. Mann langaði hálfpartinn til að hraðspóla yfir marga kaflana.

Í rauninni var meira varið í fyrri tónsmíðina á efnisskránni, hornkonsert eftir Áskel Másson, sem hér hljómaði í fyrsta sinn. Tónmálið var skemmtilega látlaust, einleikarinn, Jósef Ognibene, spilaði fullt af sjarmerandi hendingum sem höfðu hæverskt, allt að því feimnislegt yfirbragð.

Í kringum þetta spann hljómsveitin dularfullan tónavef. Og yfir öllu sveif einhver þjóðleg nostalgía, eða fortíðarþrá. Hún kristallaðist í þjóðlagi sem var kynnt til sögunnar í upphafi og heitir því skondna nafni Píp upp með sætum söng og tón. Það er að finna í söngvasafni frá 17. öld. Einnig varð maður var við hendingar sem byggðust á náttúrulegri röð yfirtóna. Og áberandi pákuleikur skapaði sérstakt andrúmsloft.

Úr þessum efnivið varð framvinda sem var þægilega afslöppuð, en samt tilfinningaþrungin. Hún var nánast rómantísk. Og einleikarinn, ásamt hljómsveitinni, spilaði glæsilega. Útkoman var sérlega skemmtileg upplifun. Sennilega er þetta með bestu verkum Áskels. **Jónas Sen**

**Niðurstaða:** Stórbrotin níunda sinfónía Mahlers var ágætlega flutt, en túlkunina skorti innblástur. Hornkonsert eftir Áskel Másson var hins vegar heillandi.







**! OPINN DAGUR Í LHÍ** Listaháskóli Íslands stendur fyrir opnum degi í húsakynnum sínum við Laugarnesveg 91 frá klukkan 11 til 16 í dag. Fatahönnunarnemar sýna fatnað, tískuteikningar og fleira, nemendur í vöruhönnun sýna teikningar og arkitektúrnemar kynna rannsóknarverkefni sín, auk þess sem nemendur á tónlistarbraut flytja tónverk og nemendur á leikarabraut og samtímadansbraut verða með kynningardagskrá á klukkutíma fresti.

# ÉG HELD AÐ ÞAÐ BLUNDI ILLSKA Í ÖLLUM

**Glæsir eftir Ármann Jakobsson er ein umtalaðasta skáldsaga haustsins og hefur höfundinum verið hrósað í hástert fyrir frumleg efnistök og frásagnaraðferð. Sjálfur gefur hann lítið fyrir hugmyndina um frumleika en telur aftur á móti að það sem sé satt um tíundu öld sé líka satt um okkar tíma.**

Skáldsagan Glæsir sækir efnivið sinni í Eyrbyggju. Sagan er sögð frá sjónarhóli Þórólfs bægifótar, sem eftir dauða sinn verður draugur sem tekur sér bólfestu í nautinu Glæsi. Dagana langa harmar hann hlutskipti sitt, hugsar samferðamönnum sínum þegjandi þörfina og hyggur á hefndir. Ármann er dósent í íslenskum bókmenntum fyrri alda og þekkir Eyrbyggju vel, enda las hann hana á barnsaldri. Hann segir þann lestur þó ekki hafa verið kveikjuna að bókinni.

„Allar sögur sem maður hefur heyrt lifa með manni en það var ekki þannig að ég fyndi hjá mér þörf til að endurskrifa Eyrbyggju. Alls ekki. Mér fannst Bægifóturinn áhugaverður og sagan kemur til af einlægum áhuga á draugum og illsku mannanna. Þar er efni í þessari sögu, sem mér fannst sjálfsagt að nota til handagagns. Höfundur getur annaðhvort fundið upp söguþéttur eða tekið þær traustataki, mér hentar að gera hið síðarnefnda, taka söguþéttur úr umhverfinu og vinna með þær. En kannski gerir höfundur sem skáldar upp fléttu hið sama þegar betur er að gáð. Í rauninni held ég að frumleiki sé varla til heldur aðeins misaugljós þjófnaður. Ég kýs að hafa þjófnaðinn allan á yfirborðinu þannig að allir sjái hvaða efnivið ég nota og hvernig. Allir höfundar sem nota eldra efni eru að endursemja það í einhverjum skilningi, draga eitthvað fram sem ekki var í eldri textanum. Ég lagði upp með drauginn, ekki með Eyrbyggju, það sögusvið blandaðist inn í vegna þess að ég þekkti það.“

Að segja söguna frá sjónarhóli manns sem er jafnframt naut er harla óvenjuleg frásagnaraðferð. Ármann segir að frá sínum bæjardyrum hafi hún svo gott sem blasað við.

„Í Eyrbyggju er hvergi sagt berum orðum að Glæsir sé Þórólfur bægifótur afturgenginn, en það er gefið svo skýrt í skyn að það hlýtur að vera. Að því leyti er túlkun mín hefðbundin, mér finnst augljóst að Glæsir sé á einhvern hátt andi Þórólfs og tek það bókstaflega.“



**ÁRMANN JAKOBSSON** Saga hans um Þórólf bægifót, sem gengur aftur í líki nautsins Glæsis, er margslungin frásögn um illsku, ójöfnuð og rótgróna meinfýsni, sem birtist til dæmis í viðurnefnum Íslendingasagnanna. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**Einelti í Íslendingasögum**

Ýmislegt í bókinni má heimfæra á okkar tíma: valdabrölt, ójöfnuð og meinfýsni í garð náungans. Ármann kveðst þó ekki hafa verið hugsað sérstaklega til nútímans þegar hann skrifaði söguna; hann álítur einfaldlega að margt sem var satt um 10. öldina sé jafn satt um nútímann.

„Samfélög hafa lengst af verið ójafnaðarsamfélög og eru það enn. Á hinn bóginn er ég kannski að taka stöðu gegn rómantískum hugmyndum um jafnaðarsamfélag hér á þjóðveldistímanum. Þetta er goðsögn sem fáir trúa lengur á nema þeir sem ekki þekkja til, en þeir eru reyndar ansi margir. Afstaðan í þessari sögu er sú að þetta hafi verið algjörlega lagskipt samfélag.“

Inn í þetta fléttast leikur höfundarins með viðurnefni. Söguhetjan Þórólfur hlýtur örkuml á fæti tiltölulega ungur og uppsker viðurnefnið bægifótur fyrir vikið, sér til talsverðrar armæðu.

„Auknefni Íslendingasagna eru auðvitað vel þekkt en furðu fáum dettur í hug að tengja þau við einelti,“ segir Ármann. „Þó blasir við þegar maður skoðar þetta nánar að mörg þessara viðurnefna eru fundin upp viðkomandi til háðungar. Það gildir bæði um Íslendingasögurnar og smáþorp á 20. öld, þar sem fólk fær auknefni sem það er ekkert endilega þakklátt fyrir. Einhverja hluta vegna hefur fólk stundum rómantíska og sjarmerandi mynd af þessu. Fyrir nokkrum árum kom til dæmis út bók um viðurnefni í Vestmannaeyjum. Glæsir er allt eins tilbrigði við þá bók og Eyrbyggju, því hér er því eiginlega andæft að þetta sé saklaust grín.“

**Hvernig verður fólk illt?**

Annað leiðarstef í bókinni er illskan. Glæsir er heltekinn af hatri og hefndarþrá.

„Ég er með sögumann sem er í rauninni illur; djöfull eða demon einhvers konar. Þá hlýtur maður að takast á við það einhvern veginn, hvernig verður fólk illt? Ég reyndi að forðast einfaldar skýringar á því en auðvitað geta lesendur séð eitthvað úr því að hann á tiltölulega óhamingjusama æsku og verður hann fyrir fötlun á unga aldri, sem hefur sín sálrænu áhrif. Þá nær hann aldrei að lifa hamingjusömu fjölskyldulífi. Ég reyni að setja fram vísbendingar um hvað veldur þessari illsku en í rauninni er ekkert af þessu fullnægjandi skýring. Illskan einfaldlega kemur og nær smám saman tökum á honum.

Ég held að það blundi illska í öllum og það sé ástæðan fyrir því að fólk getur lesið bók sem er skrifuð frá sjónarhóli manns sem er illur; það tengir sig við hana á einhvern hátt. Í þessu tilviki nær illskan algjörlega tökum á persónunni og mér sýnist helst orsökin vera hversu sjálfhverfur maðurinn er. Í raun og veru nálgast hann öll mál frá eigin hlið og er blindur á annarra sjónarmið.“

**Er dálítið eins og kvenrithöfundur**

Ármann er fæddur 1970. Hann lauk doktorsprófi í miðaldabókmenntum 2003 og hefur ritað allmörg fræðirit og greinar. Fyrir þremur árum söðlaði hann hins vegar um og gaf út sína fyrstu skáldsögu, Vonarstræti. Ármann segir það hafa verið sér eðlilegt að fikra sig yfir í skáldskap.

„Sá sem hefur áhuga á bókmenntum hefur oft áhuga á þeim frá ýmsum hliðum. Mig hefur lengi langað að skrifa skáldsögur en var seinn að gefa út og er að því leyti dálítið eins og kvenrithöfundar. Karlrithöfundar byrja oftar en ekki snemma að gefa út, kannski 25 ára, en kvenrithöfundur byrjar stundum ekki fyrr en undir fertugt. Oft byrja kvenrithöfundar nokkuð sterkt því þeir hafa ekki gefið út allar slöku bækurnar frá æskuárunum. Að því leyti er ég dálítið eins og kvenrithöfundar og þá einkum fyrri áratuga, frekar en þeirra seinustu, að því leyti að ég fór ekkert að huga að útgáfu fyrr en ég var orðinn nokkuð öruggur með mig. Manni sýnist stundum að sumir höfundar byrji á því að hugsa um sig sem skáld og ákveða svo að skrifa eitthvað. Hjá mér og gömlu kvenrithöfundunum er þetta öfugt, við erum sein að hugsa um okkur sem skáld og byrjum að skrifa seint og síðar meir. Draumurinn verður ekki kæfður.“ bergsteinn@frettabladid.is




# Hryllingur á hálendinu

Bækur ★★★★★

**Hálendið**

Steinar Bragi

**Mál og menning**

Tvö pör, Hrafn og Vigdís, Anna og Egill, eru stödd á hálendi Íslands í jeppaferð þegar hlutirnir byrja að fara illilega úrskeiðis. Þau aka á hús, svo bíllinn verður ónothæfur, og þau komast hvorki lönd né strönd. Háski vofir yfir, náttúran er framandleg og ógnandi og allar tilraunir vinanna til þess að reyna að kanna aðstæður og bjarga sér út úr ógöngunum verða einungis til þess að þau sökkva enn lengra niður í fen óskiljanlegs hryllings.

Strax í upphafi sögunnar skynjar lesandi að það eru sprungur í vináttu þessa fólks. Græðgi, öfund og óuppgerð mál úr fortíðinni lita samskipti þeirra, sem fara sífellt versnandi eftir því sem á líður. Pörin eru sannkallað „2007-lið“ og þeim eru töm orð og frasar eins og „samkeppni“ og „tengslanet“ og „að láta peningana vinna fyrir sig“ þó að vitaskuld hafi aðstæður þeirra breyst í kjölfar hrunsins.

Sagan fjallar að stórum hluta um ofdramb manneskjunnar, en líka getuleysi hennar. Það er t.a.m. kaldhæðnislegt að ein sögupersónanna hefur fyrir ferðina keypt sér Flóru Íslands og nokkrar handbækur sem hún hyggst nota til þess að „læra á náttúruna“. En náttúran í Hálendinu er sögupersónunum óvinveitt; þær geta hvorki stjórnað henni né lagt hana undir sig, þrátt fyrir jeppann sinn fína, GPS-tækið og gemsana. Á þessum stað gilda önnur lögmál, þó að náttúran sé að hluta til „manngerð“, þar sem risavaxin stífla verður að hálfgerðu völundarhúsi sem þau rata ekki út úr.



Aukapersónur sögunnar eru Kjartan og Ása, fólkið sem á húsið sem pörin tvö keyra á í upphafi og leyfir þeim að gista, en er þeim ekki sérlega vinveitt að öðru leyti. Pörin skilja lítið meira í athæfi þeirra en náttúrunni á hálendinu, þó að þau reyni í hroka sínum að skilgreina Kjartan og Ásu og ákveða hver saga þeirra sé.

Alkóhólismi og stjórnleysið sem honum fylgir er miðlægur í sögunni. Persónurnar eru allar á einhvern hátt laskaðar, en hafa fæstar nokkuð til að „fylla sig“ með nema áfengi, sem eykur á grimmd og reiði og kallar fram hefndarhugsanir og brjálsemi.

Frá fyrstu síðu Hálendisins liggur einhver heimsendastemning yfir öllu og andrúmsloftið er mettað beyg. Dýr og dýrahræ, vísanir í hrollvekjandi þjóðsögur, og hatur og heift manndýranna eru meðal þess fjölmarga sem vekur viðbjóð, en fyrst og síðast er það stjórnleysið sem skelfir – og á endanum verður það algert. Hinn þekkjanlegi heimur liðast í sundur og breytist í botnlausan óhugnað.

Höfundur Hálendisins er reiður og hann er það af góðri ástæðu. Reiðin beinist að heimsku og græðgi þeirra sem allt vilja leggja undir sig, hvort sem það eru peningar, annað fólk eða náttúra. Og svo þegar allt hrynur, þá er skýringanna leitað í því ytra, ekki hinu innra.

Steinar Bragi er frábærlega djúpur, frumlegur og heillandi höfundur, sem hefur einhver ofurmannleg tök á því sem hann gerir. Fáir geta haft slík áhrif á tilfinningar lesenda sinna. Sá lesandi sem hér skrifar fór t.a.m. valhoppandi inn í sófa með Hálendið, gat ekki hætt að lesa fyrr en bókin var á enda, staulaðist þá í rúmið eitt taugaveiklað skar og dreymdi verulega illa um nóttina. Nú gæti einhver spurt: „Er það eftirsóknarvert?“ Svarið er „JÁ!“

Þórunn Hrefna Sigurjónsdóttir

**Niðurstaða:** Gríðarflott, frumlegt og hyldjúpt skáldverk.

JÓJÓ EFTIR STEINUNNI SIGURÐARDÓTTUR

# UNDUR VINÁTTUNNAR



Ný og áhrifamikil skáldsaga eftir einn ástsælasta höfund þjóðarinnar um ást og uppgjör, glæp og refsingu – og órannsakanlega vegi vináttunnar.

★★★★★

„Mjög flott – reyndar mjög, mjög flott.“
– KRISTJÁN HRAFN GUÐMUNDSSON, DV

★★★★★

„ ... útkoman nálgast fullkomnun.“
– FRIÐRIKA BENÓNÝSDÓTTIR, FRÉTTABLAÐIÐ

„Einstakur höfundur.“
– LE MONDE

„Vel skrifuð skáldsaga.“
KOLBRÚN BERGÞÓRSDÓTTIR




„Vandaður skáldskapur, vel hugsaður, höfundinum til mikils sóma.“
PÁLL BALDVIN BALDVINSSON

„Bókmenntaleg stjarna yfir himni eldfjallaeyjunnar.“
– NEUE ZÜRCHER ZEITUNG

BJARTUR

DYNAMO REYKJAVÍK

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**Laugardagur 12. nóvember 2011**

### ➜ Tónleikar

**12.00** Björn Steinar Sólbergsson organisti leikur verk eftir Johann Sebastian Bach og César Franck á tónleikum í Hallgrímskirkju. Aðgangur er ókeypis en tekið er á móti frjálsum framlögum sem renna til Listvinafélags Hallgrímskirkju. Allir eru hjartanlega velkomnir.

**15.00** Karlakórinn Hreimur efnir til tónleika í Hofi þar sem þemað er rússnesk karlakóratónlist. Kórnum til halds og trausts eru söngvararnir Hera Björk Þórhallsdóttir og Gissur Páll Gissurarson, píanistinn Sólveig Anna Jónsdóttir, mandólín- og gítarleikarinn Borgar Þórarinsson. Miðaverð er kr. 2.500.

**21.00** Trúbadorarnir síkátu, þeir Skúli mennski, HEK og Gímaldin leika í Landnámssetrinu í Borgarnesi. Aðgangseyrir er kr. 1.500.

**21.00** Einleikstónleikar Dóra Pella í Sláturhúsinu á Egilsstöðum. Sögur, Tónlist, Gjörningar. Aðgangur ókeypis.

**22.00** Hljómsveitin Fuzzfest stígur á svið á Bar 11. Aðgangur er ókeypis. Strax að tónleikum loknum mætir Matti af Rás 2 og spilar bestu Bar 11 tónlist sem völ er á fram á nótt.

**22.00** Hljómsveitin A Band on Stage treður upp á Café Rosenberg. Aðgangseyrir er kr. 1.000.



**22.00** Tónlistarhúsið Nasa við Austurvöll fagnar tíu ára afmæli með stórtónleikum. Fram koma vinir staðarins í Gus Gus, **FM Belfast** og gleðipinninn Páll Óskar. Plötusnúðarnir DJ Margeir og Danni Deluxe spila tónlist sem mun koma öllum í dansgírinn. Miðaverð er kr. 2.500.

**22.00** Hljómsveitin Sixties leikur smelli fyrri ára á Úrillu Górillunni að Stórhöfða 17. Aðgangseyrir er kr 1.500.



**22.00** Blúsband **Jóhönnu Guðrúnar** og Elvars kemur fram á tónleikum á Græna hattinum. Miðaverð er kr. 2.000.

**22.00** Kormákur Bragason leikur á tónleikum á Obladí Oblada, Frakkastíg 8. Honum til aðstoðar verður Tómas Magnús Tómasson. Aðgangur ókeypis.

**22.00** Rapparinn Gísli Pálmi heldur tónleika ásamt góðum gestum á Gauki á Stöng. Miðaverð er kr. 1.000.

### ➜ Leiklist

**14.00** Hitt húsið stendur fyrir skemmtilegustu framhaldsskólakeppni ársins, Leiktu betur. Þar munu leikarar framtíðarinnar keppa í spuna. Aðgangur er ókeypis og allir velkomnir.

**16.00** Einleikur Þórs Tulinius, Blótgoðar – uppistand um heiðingja, verður sýndur á Söguloftí Landnámssetursins í Borgarnesi. Miðaverð er kr. 3.500.



**19.00** Bændur úr Hörgárdal fækka fötum í Iðnó í leikritinu **Með fullri reisn**. Tvær sýningar fara fram í dag. Sú fyrri hefst kl. 19 og síðari kl. 22. Miðaverð er kr. 2.900.

**20.00** Leikritið Fjalla Eyvindur verður sýnt í Norðurpólnum. Miðaverð er kr. 2.900.

**20.00** Leikritið Eftir lokin í leikstjórn Stefán Halls Stefánssonar verður sýnt í Tjarnarbíói. Miðaverð er kr. 3.200.

**20.00** Hin sprenghlægilega leiksýning Alvöru menn verður sýnd í Austurbæ. Miðaverð er kr. 3.500.



**22.00** **Lára Sveinsdóttir** leik- og söngkona flytur ásamt Djasshljómsveit Úlfs Eldjárns vinsæl lög Judy Garland og leiðir áhorfendur inn í stormasamt líf hennar í Þjóðleikhúskjallaranum. Miðaverð er kr. 2.900.

### ➜ Opnanir

**13.00** Sýningin Úlfur Úlfur opnar í Listasal Mosfellsbæjar. Sýningin er samsýning sjö listamanna og er haft að leiðarljósi að sýna börnum hvað list sé skemmtileg og hrífandi. Karamellubréf á flugi, varðeldur, risa kíkir og listaverk sem sýningargestir geta tekið þátt í.

**13.00** Sýningin Móðan gráa samanstendur af olíumálverkum, vatnslitamyndum og tölvuunnum ljósmyndum af því górótta fljóti, Jökulsá á Fjöllum eftir Sigtrygg Bjarna Baldvinsson. Sýningin opnar í dag í Listasafni ASÍ og eru allir velkomnir. Aðgangur er ókeypis.

**14.00** Perlur, sýning Magdalenu Margrétar Kjartansdóttur opnuð í Menningarmiðstöðinni Gerðubergi. Allir velkomnir.

**15.00** Soffía Sæmundsdóttir opnar einkasýningu á nýjum verkum í Baksal Gallerí Foldar.

### ➜ Heimildarmyndir



**20.00** Heimildarmyndin **Nowhere in Europe** verður sýnd á (Ó)sýnileg, kvikmyndadögum Amnesty International, í Bíói Paradís. Myndin segir frá áhrifum evrópskrar innflytjendastefnu á fjóra flóttamenn frá Tsjetsjeníu. Miðaverð er kr. 750.

### ➜ Hönnun og tíska



**14.00** Afmælissýningu Fatahönnunarfélags Íslands, Áratugur af tísku, lýkur um helgina. Í dag verður efnt til stefnumóts við fatahönnuðinn **Sonju Bent** þar sem gestum gefst kostur að fræðast um störf hennar og fá innsýn inn í heim fatahannaðarins. Viðburðurinn fer fram í Gerðarsafni, Listasafni Kópavogs.

### ➜ Opið hús

**11.00** Opinn dagur í Listaháskóla Íslands við Laugarnesveg 91. Áhugasömum er boðið að koma í skólann og kynnast starfsemi hans. Nemendur og kennarar verða til viðtals og upplýsingagjafar og til sýnis verða inntökumöppur og kynningar á inntökuferli, verkstæðum og aðstöðu skólans.

**12.00** Norræni skjaladagurinn verður haldinn hátíðlegur hjá Þjóðskjalasafni Íslands með opnu húsi í skrifstofubyggingu safnsins að Laugavegi 162. Sýning á margvíslegum skjölum sem tengjast viðskiptum fyrri alda og sagnfræðingar flytja áhugaverð erindi. Allir velkomnir.

**17.00** Hinn 13. nóvember næstkomandi verður Árni Gærdbo, klæðskerameistari, áttræður. Að því tilefni verður opið hús í samkomusalnum á Skúlagötu 40 á milli kl. 17 og 19 í dag. Allir velunnarar velkomnir.

### ➜ Bókmenntir

**17.00** Bókaútgáfan Crymogea heldur útgáfufögnuð vegna bókar Einars Fals Ingólfssonar Án vegabréfs - Ferðasögur í húsakynnum Crymogeu að Barónsstíg 27.

### ➜ Málræktarþing

**11.00** Málræktarþing Íslenskrar málnefndar og Mjólkursamsölunnar, Æska í ólestri - mál okkar allra, verður haldið í Skriðu, sal Menntavísindasviðs HÍ við Stakkahlíð. Allir velkomnir.

### ➜ Ljósmyndasýningar

**14.00** Ljósmyndasýningin Málshættir í fókus opnar í Menningarmiðstöðinni Gerðubergi. Félagsmenn í Fókusi, félagi áhugaljósmyndara, sýna verk sín.

### ➜ Tónlist

**22.00** Jónas stýrir tónlistinni á Austur.

**22.00** Dj Omar og Dj Bjarni Töframaður spila tónlist fyrir dansþyrsta gesti Barböru.

**22.00** Dj Who's that girl þeytir skífum á Trúnó.

**22.00** Simon FKNHNDSM stýrir tónlistinni á Kaffibarnum.

**22.00** Benni spilar dansvæna tónlist á Vegamótum.

**22.00** Dj Steindór stýrir tónlistinni á Bakkusi.

**23.00** Dansþátturinn Party Zone heldur sérstakt kvöld á Faktorý. Már & Nielsen og Casanova þeyta skífum á efri hæð staðarins á meðan Rvk Soundsystem tryllir lýðinn á neðri hæð.

### ➜ Fyrirlestrar



**15.00** **Ólafur Gunnarsson** rithöfundur spjallar um Fjodor Dostojevskíj, ævi hans og verk í MÍR, Hverfisgötu 105. Nú eru liðin 100 ár frá fæðingu þessa mikla rússneska sagnameistara. Hluti af nýlegri rússneskri sjónvarpskvikmynd um skáldið sýndur. Aðgangur ókeypis.

### ➜ Myndlist

**14.00** Vinningshafar í teiknimyndasamkeppni Listasafns Reykjavíkur verða tilkynntir í Hafnarhúsinu.

**21.00** Listamenn kalla fram eina hrinu ljóða, tóna og myndverka í Populus Tremula á Akureyri. Aðgangur ókeypis.

**20.00** Hin óborganlegu Edda Björgvins og Laddi koma fram í Hjónabandssælu í Gamla bíói. Miðaverð er kr. 4.300.



**20.00** Stúdentaleikhúsið sýnir verkið **Hreinn umfram allt** í leikstjórn Þorsteins Bachmann í Norðurpólnum, Sefgörðum 3. Miðaverð er kr. 1.500 en nemar greiðar einungis 1.000. Ótrúlegur gamanleikur eftir Oscar Wilde.

### ➜ Félagsvist

**14.00** Félagsvist verður spiluð í Breiðfirðingabúð, Faxafeni 14.

### ➜ Heimildarmyndir



**20.00** Heimildarmyndirnar The Mobil Cinema og **The Jungle Radio** verða sýndar á (Ó)sýnileg, kvikmyndadögum Amnesty International, í Bíói Paradís. Fyrri myndin er fremur stutt og verða myndirnar því sýndar saman. Miðaverð er kr. 750.

### ➜ Hönnun og tíska

**15.00** Afmælissýningu Fatahönnunarfélags Íslands, Áratugur af tísku, lýkur í dag í Gerðarsafni, Listasafni Kópavogs. Í tilefni þess verður Inga Björk Andrésdóttir, fatahönnuður, með leiðsögn um sýninguna.

### ➜ Kvikmyndir

**15.00** Sovéska kvikmyndin Fávitinn frá 1958, verður sýnd í MÍR, Hverfisgötu 105. Myndin er byggð á fyrsta hluta samnefndrar skáldsögu Dostojevskíjs. Leikstjóri Ivan Pyriev. Aðgangur ókeypis.

### ➜ Uppákomur



**12.00** Menningarhúsið Hof efnir til barnamenningarhátíðar. Heimir Ingimarsson og Hjalti Jónsson stjórna söng og leikjum fyrir börn á leikskólaaldri. **Skotta úr Stundinni okkar** kíkir í heimsókn og Rodrigo Lopes stýrir trommuhring. Miðaverð er kr. 500 og rennur allur ágóði til Barnadeildar FSA.

### ➜ Uppistand

**20.30** Hugleikur Dagsson heldur uppistand á Café Rosenberg.

### ➜ Dansleikir

**20.00** Dansleikur Félags eldri borgara í Reykjavík fer fram í Stangarhyl 4. Hljómsveitin Klassík leikur fyrir dansi. Aðgangseyrir er kl 1.500 en kr 1.300 fyrir félagsmenn FEB.

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**Sunnudagur 13. nóvember 2011**

### ➜ Tónleikar

**15.15** Duo Harpverk, skipað Katie Buckley hörpuleikara og Frank Aarnink slagverksleikara, ríður á vaðið í 15:15 tónleikasyrpunni í vetur með spennandi efnisskrá nýrra verka. Tónleikarnir fara fram í Norræna húsinu og er miðaverð kr. 2.000. Eldri borgarar, öryrkjar og nemendur greiða kr. 1.000.



**20.00** **Sveinn Dúa Hjörleifsson** fagnar útgáfu fyrstu einsöngsplötu sinnar með tónleikum í Menningarhúsinu Hofi. Miðaverð er kr. 2.500.

**20.30** Tónlistarmaðurinn Bubbi Morthens spilar tóna af plötunni Ég trúi á þig í Hlégarði í Mosfellsbæ. Miðaverð er kr. 2.500.

### ➜ Leiklist

**20.00** Leikverkið Endalok alheimsins eftir Berg Þór Ingólfsson og Guðmund S. Brynjólfsson verður sýnt í Kvikunni, Hafnargötu 12a í Grindavík. Miðaverð er kr. 2.900.

### ➜ Dans

**14.00** Dansverkið Svanurinn eftir Láru Stefánsdóttur verður sýnt í Tjarnarbíói kl. 14 og kl. 16 í dag. Miðaverð er kr. 1.800.

### ➜ Tónlist

**21.00** Líflegur djass verður leikinn á Faktorý.

### ➜ Leiðsagnir

**14.00** Jón Proppé listheimspekingur verður með leiðsögn um sýninguna Þá og nú í Listasafni Íslands við Fríkirkjuveg.

**14.15** Boðið verður upp á leiðsögn á pólsku um grunnsýningu Þjóðminjasafnsins Þjóð verður til - saga og menning í 1200 ár. Leiðsögnin er ókeypis og fer fram í Þjóðminjasafni Íslands.

**15.00** Ingólfur Arnarson og Helgi Þorgils Friðjónsson taka þátt í leiðsögn um sýninguna Hraðari og hægari línur í Hafnarhúsi Listasafns Reykjavíkur. Á sýningunni má skoða hið víðfeðma fyrirbæri teikninguna og eiga báðir listamennirnir verk á sýningunni.

**Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is**




**Skraut- og listmunaviðgerðir**

Geri hluti eins og nýja (úr hvaða efni sem er)
Geri líka við málverk

Jón Vilhjálmsson
Sími 690-8069
*Geymið auglýsinguna*



**Sígræna jólatréð -eðaltré ár eftir ár!**

SÍGRÆNA JÓLATRÉÐ



Skátahreyfingin hefur um árabil selt sígræn eðaltré í hæsta gæðaflokki og prýða þau þúsundir heimila og fyrirtækja.

**Frábærir eiginleikar:**

10 ára ábyrgð
12 stærðir (90-500 cm)
Stálfótur fylgir
Ekkert barr að ryksuga
Veldur ekki ofnæmi
Eldtraust
Þarf ekki að vökva
Íslenskar leiðbeiningar

*prýðum & plöntum*

Við gróðursetjum lifandi tré í skógrækt skáta að Úlfljótsvatni fyrir hvert **Sígrænt jólatré** sem keypt er. Þú prýðir híbýli þín með **Sígrænu jólatré** og stuðlar að skógrækt um leið!

Sígrænu jólatrén eru seld í Skátamiðstöðinni Hraunbæ 123 í Reykjavík, s: 550 9800 og á skátavefnum: www.skatar.is

Skátarnir

# Kósýkvöld með Eyfa 2011



Kósýkvöldin með Eyjólfi (Eyfa) Kristjánssyni á Caruso eru orðin árviss viðburður sem aðdáendur Eyfa tengja við jól og góðar stundir.

Eyfi flytur öll sín þekktustu lög í bland við aðrar íslenskar og erlendar dægurperlur yfir þriggja rétta gómsætri máltíð að hætti Caruso á hinni notalegu 3. hæð okkar.

Kósýkvöldin fara fram
17. og 24. nóvember
og
1. og 8. desember

## Matseðill

**Forréttir**

- Humarsúpa Caruso.
- Sveppahattar fylltir með gráðaosti og hvítlauk.
- Hvítlauksristaðir sniglar.
- Nauta Carpaccio með klettasalati, ólífum og parmesan.

**Aðalréttir**

- Lamba kóróna með rauðvínsósu
- Nautalund bernaise með grænmeti og kartöflum.
- Ofnbakaður saltfiskur með tómatmauki.

**Eftirréttir**

- Fljótandi súkkulaðikaka með ís.
- Panna Cotta með jarðaberjasósu.

Ristorante Caruso
www.caruso.is

Verð fyrir kvöldverð og tónleika er **6.790 kr á mann**.

Bókanir teknar í s. **562-7335** eða á **caruso@caruso.is**

Munið að bóka snemma því sætafjöldi er takmarkaður.

Grand Marnier® SD



# Fólk

folk@frettabladid.is



**6 VIKUR** þurfa hjónaleysin Vilhjálmur Bretaprins og Kate Middleton að vera án hvors annars. Í byrjun næsta árs mun prinsinn dvelja á Falklandseyjum í sex vikur ásamt herdeild sinni.



Stefanía, Hafdís og Stella mættu á The Human Centipede.



Six virtist hinn kátasti þegar hann kom í Háskólabíó og skartaði meðal annars hvítum kúrekahatti og leðurgrifflum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



Ásgeir gaf Six teikningu eftir sjálfan sig en eftir því sem Fréttablaðið kemst næst átti hún að verða Six að innblæstri fyrir þriðju myndina.



Það gerist ekki á hverjum degi að sjúkraliðar séu til taks á kvikmyndasýningu en það hefur komið fyrir á sýningu The Human Centipede að fólk hefur fallið í yfirlið.

## Mannlega margfætlan Six í Háskólabíói

**Hollenski leikstjórinn Tom Six heimsótti Ísland á fimmtudag og stóð fyrir svokallaðri spurt og svarað-sýningu í Háskólabíói. Myndin hans, The Human Centipede 2, er feykilega umdeild en hún var meðal annars bönnuð í Bretlandi. Henni var að endingu hleypt í gegn eftir að rúmar tvær mínútur höfðu verið klipptar út en íslenskir áhorfendur fengu að sjá hana eins og leikstjórinn vildi hafa hana. Eins og Fréttablaðið greindi frá voru ælupokar til staðar fyrir gesti en enginn þurfti á slíkum að halda. Umfjöllun um myndina er að finna á síðu 68.**






**HÁLFSYSTUR** Charlotte Gainsbourg og Lou Doillon eru dætur bresku leikkonunnar Jane Birkin. Charlotte er að auki dóttir franska tónlistarmannsins Serge Gainsbourg. NORDICPHOTOS/GETTY



**BEST KLÆDDAR** Tvíburasysturnar Ashley og Mary-Kate voru kosnar best klæddu systur ársins 2011.



**EFNILEGAR** Dakota og Elle Fanning þykja mjög smekklegar og hafa setið fyrir á auglýsingum fyrir stór tískuhús.

## *Best klæddu systurnar*

Vogue valdi nýverið best klæddu systurnar og kemur það líklega fáum á óvart að tvíburasysturnar og fatahönnuðurnir Mary-Kate og Ashley Olsen hafi trónað á toppi listans.

Mary-Kate og Ashley þykja afskaplega smekklegar og undanfarin ár hafa þær snúið sér frá leiklist og að hönnun og reka í sameiningu tískumerkið The Row sem fæst meðal annars í Barneys New York og Harvey Nichols í London. „Eru til smekklegri, flottari og frumlegri systur en Mary-Kate og Ashley?“ spyr blaðamaður Vogue, sem vart má vatni halda yfir persónulegum fatastíl systranna. Meðal annarra systra sem komust á listann voru Dakota og Elle Fanning, Charlotte Gainsbourg og Lou Doillon og fyrirsæturnar Ruby og Lily Aldridge.

# VÍSINDATILRAUNIR
## FYRIR FORVITNA KRAKKA

**Hinn vinsæli Ævar vísindamaður úr Stundinni okkar gerir nokkrar stórmerkilegartilraunir í Iðnó kl. 15 í dag laugardag!**

Hrikalega útblásnir hlaupbangsar!

Svakalega seðjandi slím!

Rjúkandi reyksápukúlur!

Fimbulkalt fljótandi köfnunarefni!

Allir alvöruvísindamenn eiga glósubók og nú hefur Ævar gefið út flottustu glósubók sem sést hefur!

Stútfull af tilraunum, upplýsingum um furðuleg fyrirbæri, viðtölum við íslenska vísindamenn og bréfum frá krökkum á öllum aldri.






**HITTIÐ ÆVAR Í DAG LAUGARDAG Í IÐNÓ KL. 15**

Marel styður kennslu í nýsköpun ásamt verk- og raungreinum og veitir fjölbreyttum verkefnum á þessu sviði brautargengi á hverju ári, frá leikskóla uppí háskóla.

Er ekki kominn tími til að sprengja?

Marel stendur með frábærum vísinda-mönnum eins og Ævari

marel

sögur útgáfa

www.sogurutgafa.is

# Segir Jackson hafa vætt rúmið

Conrad Murray er hvergi af baki dottinn þótt hann hafi verið sakfelldur fyrir manndráp af gáleysi í vikunni. Í gærkvöldi sýndi bandaríska sjónvarpsstöðin MSNBC heimildarmynd eftir lækninn sem nefnist Michael Jackson and the Doctor: A Fatal Friendship, en ættingjar poppgoðsins reyndu af öllum mætti að stöðva sýningu myndarinnar í allan gærdag án árangurs.

Tökur á heimildarmyndinni hófust um svipað leyti og Murray hóf störf hjá Jackson og þær héldu áfram eftir að poppstjarnan dó. Tom Roberts stýrði tökunum, en myndin er framleidd af Oktober Films og dreift af Zodiak Rights. „Við trúum því að þessi heimildarmynd sé einn nákvæmasti minnisvarði um hvað gerðist milli Jacksons og Murray þann 25. júní 2009.“ Í myndinni kemur meðal annars fram að forstjóri AEG Live, Randy Phillips, hafi tekið Murray afsíðis og spurt hann hvers konar smámunasemi þetta væri í Jackson. „Hvað er þetta með manninn, hann er að verða heimilislaus, hann er með níu lífverði, hvað er þetta eiginlega. Ég borga fyrir þetta allt.“ Phillips neitaði reyndar í réttarhaldinu yfir Murray að hafa sagt þessi orð.

Í heimildarmyndinni er einnig birt samtal tveggja lögfræðinga Jackson, þeirra Eds Chernoff og Michaels Flanagan. „Ég held að fjölmiðlar hafi gert Jackson skrýtnari en hann er í raun og veru,“ segir Chernoff en Flanagan hristir bara hausinn. „Skrýtnari en hann er? Þú ert að grínast, það er ekki hægt að vera skrýtnari en þetta.“ Murray heldur því jafnframt fram í myndinni að hann hafi skipað Jackson að þrífa svefnklefann sinn sökum þess að poppgoðið vætti enn þá rúmið sitt.



**MAKAR KRÓKINN** Murray mun að öllum líkindum maka krókinn vegna tengsla sinna við Michael Jackson. Hann var hins vegar sakfelldur fyrir að hafa valdið dauða Jacksons með gáleysi sínu. NORDICPHOTOS/GETTY




## Kann lagatexta Biebers

**Leikkonan Rachel Bilson sem sló í gegn í sjónvarpsþáttunum The OC segist kunna alla texta söngvarans Justins Bieber.**

**Bilson á tvær hálfsystur á aldrinum tíu og fjögurra ára og segir þær báðar vera mikla aðdáendur ungstirnisins Justins Bieber. „Vegna þeirra kann ég alla textana við lög Justins, Taylor Swift og Selenu Gomez. Í staðinn kynnti ég þær fyrir The Princess Bride, sem er uppáhaldskvikmyndin mín. Við eyðum helgunum í að horfa á Disneymyndir saman,“ sagði leikkonan geðþekka.**



**ÞEKKIR BIEBER** Leikkonan Rachel Bilson kann alla texta við lög Justins Bieber og Taylor Swift. NORDICPHOTOS/GETTY

## Sandler skotinn niður

**Nýjasta kvikmynd Adams Sandler, Jack and Jill, hefur verið harðlega gagnrýnd vestanhafs af bandarískum kvikmyndagagnrýnendum en leikarinn hefur ekki alltaf átt góðu gengi að fagna hjá þeim. Nú þykir hann hins vegar hafa náð botninum og er myndinni lýst sem kvikmyndalegum geðhvörfum. Sandler leikur bæði aðalhlutverkin í myndinni, tvíburasystkinin Jack og Jill. Þrátt fyrir að myndin skarti einnig röddum frá Johnny Depp og Al Pacino nægir það ekki til að bjarga Sandler, sem fær því á baukinn hjá bandarísku pressunni.**



**SKELFILEGT** Adam Sandler fær skelfilega dóma fyrir kvikmynd sína Jack & Jill.

# Gjafmildur leikari

**Leikarinn Bradley Cooper er staddur í heimaborg sinni, Philadelphiu, um þessar mundir við tökur á kvikmyndinni The Silver Linings Playbook. Cooper ákvað að láta gott af sér leiða og eyddi mörg þúsund dollurum í úlpur, húfur, vettlinga og trefla handa heimilislausum.**

**„Bradley tók eftir því að það var mikið af heimilislausu fólki að krókna úr kulda á götunum. Hann vissi að kuldinn átti aðeins eftir að verða meiri og ákvað því að kaupa kuldafatnað handa fólkinu,“ hafði The Enquirer eftir heimildarmanni. Eins og það sé ekki nóg þá hafði einn maðurinn orð á að honum þætti jakki Coopers fallegur og endaði það með því að leikarinn gaf manninum jakkann.**



**GAFJMILDUR** Bradley Cooper keypti kuldaföt fyrir heimilislausa í Philadelphia. NORDICPHOTOS/GETTY

# Rukkar meira

Það hefur ýmsa kosti að vera í sambandi með frægri Hollywood-leikkonu líkt og Justin Theroux, kærasti Jennifer Aniston, hefur komist að. Í hans tilfelli eru kostirnir aukin frægð og hærri tekjur.

Theroux er nú talinn nógu frægur til að geta farið fram á 10 milljónir dollara fyrir hverja kvikmynd sem hann leikur í. „Hann er kominn á „A-listann“ svokallaða og talinn nógu frægur til að draga að áhorfendur og það er allt Jennifer að þakka. Justin hefur verið að leika í mörg ár en það var ekki fyrr en hann byrjaði með Jennifer að fólk fór að þekkja hann,“ var haft eftir heimildarmanni.






# Billy Crystal tekur við Óskarnum

Hinn 63 ára gamanleikari Billy Crystal hefur tekið að sér að vera kynnir við afhendingu Óskarsverðlaunanna. Crystal hleypur í skarðið fyrir Eddie Murphy en hann gaf frá sér verkefnið þegar leikstjórinn Brett Ratner neyddist til að hætta sem stjóri hátíðarinnar eftir að hafa látið niðrandi orð um samkynhneigða falla á blaðamannafundi og síðar í útvarpsþætti Howard Stern.

Crystal þekkir þetta hlutverk sennilega manna best því þetta verður í níunda sinn sem hann gegnir því, síðast var það 2004. Athygli vekur að Óskarsakademían leitar alltaf til Crystal þegar eitthvað bjátar á eða þegar hátíðin hefur gengið illa en kynnarnir í ár, þau James Franco og Anne Hathaway, þóttu engan veginn standa undir nafni. „Ég er mjög ánægður því þá geta stelpurnar í apótekinu hætt að spyrja mig hversu gamall ég sé þegar ég sæki lyfin mín,“ skrifaði Crystal á twitter-síðu sína.

Brian Grazer, sem framleiddi meðal annars Óskarsverðlaunamyndina A Beautiful Mind eftir Ron Howard, hefur tekið við af Ratner sem svokallaður „framleiðandi“ en það þýðir að hann mun hanna opnunaratriðið og hafa yfirumsjón með útlitinu. Óskarinn er næstvinsælasta sjónvarpsefni Bandaríkjanna ár hvert en aðeins Superbowl, úrslitaleikurinn í bandarískum ruðningi, dregur að fleiri áhorfendur.



**Í NÍUNDA SINN** Crystal verður kynnir á Óskarnum í níunda sinn. Hann segist feginn því nú geti stúlkurnar í apótekinu hætt að spyrja hann um aldurinn. NORDICPHOTOS/GETTY




Bíó ★

**The Human Centipede 2**

Leikstjóri: Tom Six

**Leikarar:** Laurence R. Harvey, Ashlynn Yennie, Vivien Bridson

## Langdregin vessaveisla

Hollenski leikstjórinn Tom Six hefur enn ekki komist af þermistiginu og slengir hér framan í áhorfendur öðrum hluta í þríleik sínum um hina mennsku margfætlu. Í fyrstu myndinni hlífði hann okkur við grafískum skotum af blóði og hægðum, en nú er komið að skuldadögum og vessarnir hreinlega leka af tjaldinu í þessari ógeðfelldu framhaldsmynd.

Dvergvaxni málleysinginn Martin stúderar fyrstu myndina í þaula á meðan hann fullnægir sér með sandpappír utan um lókinn. Hann safnar fórnarlömbum til þess að búa til sína eigin margfætlu, en hann ætlar að sauma saman 12 manns í það heila. Minna má það nú ekki vera.

Öllu er tjaldað til svo myndin sé sem mest sjokkerandi. Við sjáum fyrrnefndu blóðugu sjálfsfróunarsenuna, óléttri konu misþyrmt, tennur slegnar úr munni með hamri, gaddavírsnauðgun, svo ekki sé minnst á alla leðjuna sem rennur afturenda og munna á milli.

Allt væri þetta tiltölulega gott og blessað ef myndin væri ekki svona hryllilega illa gerð og leiðinleg. Að misbjóða áhorfendum sínum með ofbeldi og úrkynjun er eitt, en að láta þeim drepleiðast allan tímann er ófaskanlegt. **Haukur Viðar Alfreðsson**

**Niðurstaða:** Langdregin og húmorslaus vessaveisla sem höfðar ekki einu sinni til markhóps síns, hryllingsmyndaáhugafólks.



**Í SVARTHVÍTU** Kvikmyndin Inni er svarthvít og henni er leikstýrt af Vincent Morisset.

# Tónleikaplötu Sigur Rósar vel tekið

**Fyrsta tónleikaplata Sigur Rósar er komin út. Platan hefur hlotið góðar viðtökur gagnrýnenda helstu tónlistartímarita heims.**

Sigur Rós hefur sent frá sér tónleikapakkann INNI. Í pakkanum má finna tvöfalda tónleikaplötu sem var tekin upp á tónleikum hljómsveitarinnar í Alexöndruhöll í Lundúnum í nóvember árið 2008, þá fyrstu sem hljómsveitin sendir frá sér ásamt mynd eftir Vincent Morisset um sömu tónleika.

Pakkinn kemur út í ýmsum útgáfum, á DVD, Blu-Ray, stafrænt og að sjálfsögðu á geisladiskum. Viðhafnarútgáfan fæst í gegnum vefsíðu Sigur Rósar og er aðeins seld í 6.996 eintökum, eða jafnmörgum eintökum og hægt var að búta niður sviðsfatnaðinn þeirra frá tónleikaferðinni sem fylgdi eftir Með suð í eyrum við spilum endalaust. Einn bútur fylgir hverjum pakka.

Gagnrýndur helstu tónlistartímarita heims hafa verið almennt sáttir með útgáfuna. Platan fær 75 af 100 mögulegum í meðaleinkunn á vefsíðunni Metacritic.com, sem tekur saman dóma ýmissa gagnrýnenda og fjölmiðla.

Gagnrýnandi breska tónlistarblaðsins Clash gefur pakkanum átta af tíu mögulegum og segir lögin hljóma hrá án strengjasveitarinnar Amiinu og að ákefð meðlima Sigur Rósar keyri þau áfram. Þá segir hann að lokalag plötunnar Lúppulagið, sem hefur ekki komið út áður, sé ánægjuleg viðbót en ekki ástæða ein og sér til að kaupa. „Stórkostlegur flutningar laganna, sem eru af öllum fimm breiðskífum hljómsveitarinnar, er góð ástæða til að næla sér í eintak," segir hann í niðurlagi gagnrýni sinnar.

Gagnrýnandi tímaritsins Spin er einnig sáttur og gefur pakkanum sjö af tíu mögulegum. Hann er þó ánægðastur með að fá nýtt lag í Lúppulaginu og bætir við að það sé góður endahnykkur og enda gott lag.

atlifannar@frettabladid.is


Æska í ólestri

– mál okkar allra

Málræktarþing Íslenskrar málnefndar og Mjólkursamsölunnar laugardaginn 12. nóvember 2011, kl. 11.00–14.00, í Skriðu, sal Menntavísindasviðs HÍ við Stakkahlíð (gengið inn frá Háteigsvegi).

- Setning
- Hallveig Rúnarsdóttir og Hrönn Þráinsdóttir flytja íslensk sönglög
- Guðrún Kvaran: Ályktun Íslenskrar málnefndar 2011
- Anna Ingólfsdóttir: Læsi í leikskóla
- Sigríður Sigurjónsdóttir: Málþroski og málrækt
- Upplestur: Kolbeinn Sveinsson verðlaunahafi úr Stóru upplestrarkeppninni í 7. bekk
- Hlé
- Anna Þorbjörg Ingólfsdóttir: Íslenska – til hvers?
- Þórarinn Eldjárn: Stafkrókur í orði á síðu í bók á borði
- Upplestur: Hólmfríður María Böðvarsdóttir verðlaunahafi úr Stóru upplestrarkeppninni í 7. bekk
- Viðurkenningar Íslenskrar málnefndar
- Hallveig Rúnarsdóttir og Hrönn Þráinsdóttir flytja íslensk sönglög
- Þingi slitið

Fundarstjóri: Brynhildur Þórarinsdóttir

Veitingar í boði Mjólkursamsölunnar



ENNEMM / SÍA / NM49022

ÍSLENSK MÁLNEFND

ÍSLENSKA ER OKKAR MÁL




Tónlist ★★★

**Þrjár stjörnur**

GRM

## Gamlir jálkar í góðu stuði

Þrjár stjörnur er önnur plata ofurtríósins GRM, sem skipað er Gylfa Ægissyni, Rúnari Þór og Megasi. Á fyrri plötunni sungu þeir saman nokkur af sínum þekktustu lögum og tvö ný lög. Nú endurtaka þeir leikinn, en gera að auki sína útgáfu af laginu Betri bílar yngri konur sem Rúnar Júlíusson gerði frægt með Geimsteini á áttunda áratugnum.




Fyrri platan var unnin með bræðrunum Magnúsi og Alberti Ástvaldssonum, sem einnig sáu um útsetningar. Hljómurinn á henni var ekkert sérstakur, en hráar rokkútsetningarnar virkuðu vel bæði á plötunni og á útgáfutónleikum sem haldnir voru í Austurbæ. Á Þremur stjörnum eru nýir hljóðfæraleikarar, m.a. aðrir bræður, Júlíus og Baldur synir Rúna Júl. Hljómurinn á henni er betri og útsetningarnar fágaðri og fjölbreyttari. Þannig er Í sól og sumaryl í laufléttri reggíútsetningu, Við Birkiland er kántrý og Jibbý Jei rokk. Hljóðfæraleikur er þéttur og fínn og margt gott í útsetningunum. Það eru samt persónutöfrar þessara þriggja gömlu jálka og samspil þeirra sem gerir mest fyrir Þrjár stjörnur.

Ef einhver hefði haldið því fram fyrir nokkrum árum að Megas ætti eftir að syngja Stolt siglir fleyið mitt og Fallerí, fallera og Gylfi Ægisson ætti eftir að syngja Við Birkiland þá hefði maður hrist hausinn í forundran. En það er einmitt vegna þess hvað þetta samstarf er óvænt sem það virkar svona vel. Flest þessi lög eru löngu orðin sígild, en þau fá nýtt líf hér. Nýju lögin standast ekki alveg samanburð við alla klassíkina, en þau eru ágæt viðbót í lagasöfn þessara snillinga.

Á heildina litið má segja að Þrjár stjörnur sé fín plata. Hún kemur manni í gott skap og virkar best spiluð á miklum styrk. **Trausti Júlíusson**

**Niðurstaða:** Gylfi, Rúnar og Megas syngja saman fleiri slagara.


FULL BÚÐ
AF NÝJUM VÖRUM
ÓTRÚLEG VERÐ!
SATIN JAKKI
4.990
KJÓLL
7.990
Silfur
eða gull
LEGGINGS
4.990
PEYSA
E-label
KJÓLL
6.990
Til í mörgum litum
KJÓLL
8.990
Til í fleiri litum
smárar
SMÁRALIND
KRINGLUNNI
LAUGAVEGI 25
SÍMI 571 1700

# Vill eignast fleiri börn

Jessica Simpson elskar að vera ólétt og segist ekki geta beðið eftir að eignast fleiri börn. Hún hefur sloppið við öll óþægindi á meðgöngunni, en stutt er síðan hún tilkynnti að hún ætti von á sínu fyrsta barni með kærasta sínum, Eric Johnson. Hún segist aldrei hafa verið í jafn góðum tengslum við líkama sinn og segir það mjög andlega upplifun að vita að inni í henni vaxi líf. Simpson kannast þó ekki við að allir mýtur um óléttar konur séu sannar. „Fólk talar um að óléttar konur ljómi, en í raun og veru er maður bara að svitna óhóflega.“



**HAMINGJUSÖM** Jessica Simpson segir kærasta sinn styðja sig í öllu sem tengist meðgöngunni.






**FJÖLSKYLDUMAÐUR** Johnny Depp er þekktur fyrir að reyna að fela sig frá frægðinni.

# Depp vill í Disneyland

Það er ekki alltaf tekið út með sældinni að vera frægur. Johnny Depp þráir fátt heitar en að geta verið óþekktur í heilan dag svo hann geti farið óáreittur með börnin sín í Disneyland. Leikarinn segir að frægðin komi oft í veg fyrir að hann geti gert hversdagslega hluti með börnunum sínum tveimur, Lily-Rose og Jack, sem eru tólf og níu ára og þekkja því ekki annað en að eiga frægan pabba.

„Ef ég væri óþekktur myndi ég rölta í gegnum Disneyland og fara í öll tækin með börnunum mínum, leyfa þeim að upplifa það. Venjulega, þegar pabbi þeirra fer með þeim í Disney-garðinn er upplifunin ekki svo eðlileg,“ segir Depp sem segist alltaf hafa átt erfitt með athyglina sem fylgir starfinu.

# Kjóll Amy Winehouse á uppboði

Kjóllinn sem Amy Winehouse klæddist framan á plötunni Back to Black verður boðinn upp á næstu dögum og mun allur ágóðinn renna til góðgerðarstofnunar söngkonunnar. Talið er að kjóllinn, sem er úr siffoni með áprentuðu mynstri, muni seljast á allt að 3,5 milljónir króna. Uppboðshaldarinn sem fær heiðurinn af að selja flíkina sagði í viðtali við blaðamenn: „Það sem gerir þennan kjól svona sérstakan er að hann minnir okkur á hina töfrandi rödd Amy Winehouse. Það er rödd sem heil kynslóð á aldrei eftir að gleyma.“



**SÁRT SAKNAÐ** Foreldrar söngkonunnar stofnuðu The Amy Winehouse Foundation í kjölfar fráfalls hennar í sumar.



# sport

sport@frettabladid.is



**RAGNA INGÓLFSDÓTTIR** er eina íslenska konan sem komst í átta manna úrslit á Iceland International í badminton sem fram fer í TBR-húsinu um helgina. Kári Gunnarsson og Magnús Ingi Helgason komust áfram hjá körlunum. Ragna mætir Helenu Cable frá Englandi í dag en þá spilar Kári við Tony Stephenson frá Írlandi og Magnús Ingi mætir hinum sterka Mathias Borg frá Svíþjóð. Ragna er sigurstranglegust í einliðaleik kvenna, en hún hefur unnið Iceland International fjórum sinnum, árin 2006, 2007, 2009 og 2010.

# Stjarnan upp í annað sætið

**Stjarnan vann sigur á Snæfelli í spennuleik í Garðabænum í gær og Njarðvík kom til baka og vann ÍR í Seljaskólanum þrátt fyrir að lenda 16-0 undir í upphafi leiks. Grindvíkingar eru áfram með fullt hús á toppi deildarinnar.**

**KÖRFUBOLTI** Grindavík er áfram á toppi Iceland Express-deildar karla eftir 24 stiga sigur á Haukum í Grindavík í gær, en Grindvíkingar hafa unnið alla sex leiki sína til þessa. Stjarnan er komin upp í annað sætið eftir 90-89 sigur á Snæfelli í æsispennandi leik í Garðabænum. Ótrúlegasti leikur kvöldsins var þó í Seljaskólanum, þar sem ÍR-ingar misstu frá sér að því er virtist unninn leik.

### Marvin og Cothran magnaðir

Stjarnan vann frábæran sigur gegn Snæfelli, 90-89, í sjöttu umferð Iceland Express-deildar karla í gær, en leikurinn fór fram í Ásgarði.

Snæfellingar fengu möguleika á því að gera út um leikinn í blálokin en þeir náðu ekki skoti á körfuna og því fóru heimamenn með sigur af hólmi. Stjarnan byrjaði leikinn mun betur og náði fljótlega góðri forystu en gestirnir gáfust ekki upp og komust aftur inn í leikinn í síðari hálfleik. Sigurinn gat fallið báðu megin en það voru heimamenn sem voru sterkari á endasprettinum. Marvin Valdimarsson átti frábæran leik fyrir Stjörnuna og gerði 28 stig og tók tíu fráköst. Keith Cothran átti einnig magnaðan leik fyrir Stjörnuna með 34 stig. Jón Ólafur Jónsson skoraði 23 stig fyrir Snæfell.

„Það munaði ansi litlu að við töpuðum aftur á flautukörfu en sem betur fer gerðist það ekki, svona upp á geðheilsu mína," sagði Teitur Örlygsson, þjálfari Stjörnunnar, eftir sigurinn í gær.

„Þetta lítur nokkuð vel út hjá okkur eins og staðan er og við erum að vinna virkilega sterka andstæðinga. Það hefur verið erfitt að vera án Jovan (Zdravevski) en við erum að standast það nokkuð vel. Það munar í raun bara einu frákasti til eða frá á liðunum í kvöld."

„Ég er mjög ósáttur við það hvernig við komum til leiks í kvöld," sagði Ingi Þór Steinþórsson, þjálfari Snæfells, eftir tapið í gær.

„Við náðum samt sem áður að lagfæra það og komumst aftur vel inn í leikinn en það bara dugði ekki til í kvöld. Við erum bara að gefa þeim þennan sigur í kvöld með því að misnota allt of mörg vítaskot. Við spiluðum fáránlega lélega vörn á Keith Cothran í þessum leik og á tímabili var eins og hann væri veira sem mætti ekki snerta."

„Það er æðislegt að ná þessum sigri," sagði Marvin Valdimarsson, leikmaður Stjörnunnar, eftir sigurinn, en Marvin átti frábæran leik.

„Þetta var samt bara ágæt frammistaða hjá okkur í kvöld. Við vorum í vandræðum á móti svæðisvörn þeirra, en vanalega spilum við vel gegn slíkum varnarleik. Ég hef aldrei æft eins mikið og í sumar og það er svo sannarlega að skila sér núna, það er mikill kraftur í mér þessa dagana."



**SJÓÐHEITUR ÞESSA DAGANA** Stjörnumaðurinn Marvin Valdimarsson hefur skorað 53 stig í síðustu tveimur leikjum Stjörnunnar, sem báðir hafa unnist. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

### 16-0 undir en unnu samt

Hið unga lið Njarðvíkinga sýndi mikinn styrk í Seljaskóla, en liðið kom í leikinn búið að tapa þremur leikjum í röð og byrjaði leikinn á því að lenda 16-0 undir. Njarðvíkingar unnu sig hægt og rólega inn í leikinn og voru síðan sterkari á lokasprettinum.

Staðan var vissulega ekki björt þegar ÍR var 23-6 yfir um miðan fyrsta leikhluta og Nemanja Sovic var ráðandi niður körfum. Njarðvíkingar komu sér hins vegar inn í leikinn með því að vinna þriðja leikhlutann 31-23 og minnka muninn í fjögur stig, 73-69, fyrir lokaleikhlutann. Þeir litu síðan ekki til baka eftir þeir komust yfir og tryggðu sér frábæran sigur.

Sigur Grindavíkur á Haukum var öruggur, en Ívar Ásgrímsson stýrði Haukum þarna í fyrsta sinn. Haukar héngu aðeins í heimamönnum í fyrsta leikhluta og héldu muninum í ellefu stigum fram að lokafjórðunginum. Grindvíkingar unnu hins vegar fjórða leikhlutann 29-16 og tryggðu sér 24 stiga sigur. **- sáp, óój**

## ÚRSLITIN Í GÆR

*Iceland Express karla í körfu*

**Stjarnan-Snæfell 90-89 (52-56)**
**Stig Stjörnunnar:** Keith Cothran 34, Marvin Valdimarsson 28 (10 frák.), Fannar Freyr Helgason 13 (8 fráköst/5 stoðsendingar), Justin Shouse 7 (10 stoðs.), Sigurjón Örn Lárusson 3, Dagur Kár Jónsson 3, Guðjón Lárusson 2.
**Stig Snæfells:** Jón Ólafur Jónsson 23, Quincy Hankins-Cole 16 (12 fráköst), Pálmi Freyr Sigurgeirsson 14 (7 stoðs.), Marquis Sheldon Hall 13 (6 frák./6 stoðs.), Sveinn Arnar Davidsson 11, Ólafur Torfason 7, Hafþór Ingi Gunnarsson 5.

**Grindavík-Haukar 98-74 (48-37)**
**Stig Grindavíkur:** Giordan Watson 27, Ólafur Ólafsson 15, J'Nathan Bullock 15, Þorleifur Ólafsson 14, Páll Axel Vilbergsson 11, Sigurður Gunnar Þorsteinsson 8, Ármann Vilbergsson 3, Björn Brynjólfsson 3, Jóhann Árni Ólafsson 2.
**Stig Hauka:** Jovanni Shuler 18, Chris Smith 15, Sævar Ingi Haraldsson 12, Örn Sigurðarson 11, Haukur Óskarsson 10, Davíð Páll Hermannsson 4, Óskar Ingi Magnússon 2, Helgi Einarsson 2.

**ÍR-Njarðvík 95-99 (50-38)**
**Stig ÍR:** Nemanja Sovic 31, James Bartolotta 31, Kristinn Jónasson 18, Eiríkur Önundarson 6, Níels Dungal 6 (6 frák./5 stoðs.), Ellert Arnarson 3.
**Stig Njarðvíkur:** Travis Holmes 33 (15 frák.), Cameron Echols 28 (10 frák.), Elvar Már Friðriksson 12 (5 stoðs.), Ólafur Helgi Jónsson 10, Maciej Stanislav Baginski 10, Styrmir Gauti Fjeldsted 4, Rúnar Ingi Erlingsson 2.

**STAÐAN Í DEILDINNI**

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| **Grindavík** | **6** | **6** | **0** | **534-441** | **12** |
| Stjarnan | 6 | 5 | 1 | 553-496 | 10 |
| **KR** | **6** | **4** | **2** | **529-523** | **8** |
| Keflavík | 6 | 4 | 2 | 528-486 | 8 |
| **Þór Þ.** | **6** | **3** | **3** | **538-530** | **6** |
| ÍR | 6 | 3 | 3 | 535-538 | 6 |
| **Snæfell** | **6** | **3** | **3** | **550-516** | **6** |
| Njarðvík | 6 | 3 | 3 | 514-513 | 6 |
| **Fjölnir** | **6** | **3** | **3** | **528-544** | **6** |
| Tindastóll | 6 | 1 | 5 | 482-537 | 2 |
| **Haukar** | **6** | **1** | **5** | **476-545** | **2** |
| Valur | 6 | 0 | 6 | 453-551 | 0 |

*Sænski körfuboltinn*

LF Basket - 08 Stockholm HR 89-80
Helgi Már Magnússon skoraði 17 stig fyrir 08.
Jämtland Basket - Norrköping 89-98
Brynjar Þór Björnsson skoraði 11 stig.
ecoÖrebro - Sundsvall Dragons 79-92
Jakob Örn Sigurðarson skoraði 22 stig og Pavel Ermolinskij var með 20 stig. Hlynur Bæringsson lék ekki vegna meiðsla í baki.

Þýsku dómarabræðurnir:

# Létust í bílslysi

**HANDBOLTI** Þýsku dómararnir Bernd og Reiner Methe létust í gærkvöldi í bílslysi á leið sinni til Balingen, þar sem þeir áttu að dæma leik Balingen og Magdeburg í þýsku úrvalsdeildinni. Bíll þeirra fór yfir á öfugan vegarhelming og lenti framan á vörubíl.

Bernd og Reiner voru tvíburar og 47 ára gamlir. Þeir voru í hópi fremstu dómarapara heims og höfðu dæmt saman 206 alþjóðaleiki, þar af marga með íslenska landsliðinu. **- óój**









**INGIBJÖRG KRISTÍN JÓNSDÓTTIR** Á palli með Bryndísi Rún Hansen og Ragnheiði Ragnarsdóttur. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

ÍM í sundi í 25 metra laug:

# Ingibjörg með 2 gull og eitt met

**SUND** SH-ingurinn Ingibjörg Kristín Jónsdóttir var atkvæðamikil í þriðja hlutanum á ÍM í sundi í 25 metra laug í Laugardalshöllinni í gær.

Ingibjörg Kristín vann tvær greinar og setti annað af tveimur Íslandsmetum sem féllu í þessum hluta. Ingibjörg vann 100 metra skriðsund þar sem hún hafði betur en Íslandsmethafinn Ragnheiður Ragnarsdóttir, sem náði aðeins þriðja sætinu. Ingibjörg varð síðan fyrst íslenskra kvenna til að synda 50 metra baksund undir 28 sekúndum, en hún synti þá á 27,91 sekúndu og bætti eigið met.

Skagastúlkan Inga Elín Cryer bætti sitt eigið met í 200 metra flugsundi þegar hún synti á 2:16,72 mínútum, en gamla metið hennar var 2:17,97 mínútur. Inga Elín setti einnig Íslandsmet í 800 metra skriðsundi í fyrrakvöld.

KR-ingurinn Ragnheiður Ragnarsdóttir synti 100 metra fjórsund á 1:01,72 mínútum í úrslitum í gær, sem var nákvæmlega sami tími og þegar hún bætti Íslandsmet Erlu Daggar Haraldsdóttur í undanrásunum í fyrrakvöld. **- óój**

### Íslandsmeistarar í sundi

**Í gær**
100 m fjórs. kv. - Ragnheiður Ragnarsd.
100 m fjórs. ka. - Kristinn Þórarinsson
100 m skrið kv. - Ingibjörg Kristín Jónsd.
100 m skrið ka. - Orri Freyr Guðmundss.
200 m flug kv.- Inga Elín Cryer
200 m flug ka. - Jón Þór Hallgrímsson
200 m bringa kv. - Karen Sif Vilhjálmsd
200 m bringa ka. - Jakob Jóhann Sveinss.
50 m bak kv. - Ingibjörg Kristín Jóndóttir
50 m bak ka. - Kolbeinn Hrafnkelsson
**Í fyrrakvöld**
800 m skrið kv. - Inga Elín Cryer
1500 m skrið ka. - Anton Sveinn McKee

Norðurlandaslagur á Parken:

# Danskur sigur

**FÓTBOLTI** Danir virðast vera komnir með gott tak á Svíum, en þeir unnu þá í þriðja sinn í röð í vináttulandsleik á Parken í Kaupmannahöfn í gær.

Danir unnu leikinn 2-0 en það voru þeir Nicklas Bendtner og Michael Krohn-Dehli sem skoruðu mörkin.

Danir og Svíar hafa þegar tryggt sér sæti á Evrópumótinu sem fer fram næsta sumar. **- óój**

Írland, Króatía og Tékkland standa vel að vígi en Portúgal náði ekki að skora:

# Írar fóru illa með Eistlendinga

